THOMAS MÖLLER

*Einfaldar uppskriftir fyrir alla karlmenn*

matur jól

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



TÍSKA&FEGURÐ

*Bara Hara*

Sérblað um tísku og fegurð

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



MAX Gerið verð samanburð

AUKABLAÐ í dag

OPIÐ TIL KL. 22:00 alla daga til jóla!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. desember 2007 — 333. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

### Fyrsti skólabekkur forsetans



Grunnskólinn á Þingeyri fagnar 110 ára afmæli.

TÍMAMÓT 40

### Fljótandi djúpslökun

Hægt verður að upplifa þyngdarleysi í nýrri heilsulind Ágústu Johnson.

FÓLK 56

### Illa meiddur á öxl



Handknattleikskappinn Þórir Ólafsson verður frá æfingum og keppni næstu átta vikurnar hið minnsta eftir að hafa meiðst illa á öxl.

ÍÞRÓTTIR 60

SIRKUS

### Ævintýraheimur

Edda Eyjólfsdóttir leikkona opnar dyrnar að undurfögru heimili sínu.




FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆG NORÐLÆG EÐA BREYTILEG ÁTT** um allt land. Frost 1-8 stig, kaldast inni til landsins seinnipartinn. Smá él við suðurströndina.

VEÐUR 4



**LÍFIÐ KALLAR** Dame Kiri Te Kanawa og Garðar Thor Cortes æfðu sig í gær ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir tónleikana Lífið kallar sem haldnir verða í Háskólabíói í kvöld. Ágóðinn rennur til bráðaþjónustu Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nýbúabörn koma verr út í námskönnun

**Fimmtán ára börn innflytjenda koma verr út úr PISA-könnuninni en íslensk börn. Tengist tungumálakunnáttu, segir forstöðumaður Námsmatsstofnunar.**

**MENNTUN** Mikill munur er á færni í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði milli barna innflytjenda og innfæddra barna hér á landi, samkvæmt PISA-könnuninni 2006. Börn innflytjenda eru mun lakari í þessum greinum.

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að um helmingur aðfluttra nemenda sé á hæfnisþrepi eitt eða undir því í náttúrufræði, en fimmta hvert íslenskra barna er á því þrepi.

Munurinn milli innfæddra og innflytjenda í stærðfræði er minni en í lestri og náttúrufræði og er ástæðan talin sú að íslenskan komi minna við sögu í stærðfræði. Þá skora börn sem koma ung til landsins hærra í könnuninni en þau sem eru nýkomin.

Júlíus K. Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar, segir að tveir þriðju íslensku krakkanna fái einkunn á bilinu 400-600 stig í könnuninni og innfluttu unglingarnir séu 70-100 stigum lægri. „Þetta þýðir að þeir eru að jafnaði verulega mun lakari í öllum þessum greinum og það tengist næsta örugglega tungumálakunnáttu,“ segir hann.

Júlíus bendir á að niðurstöður um innfluttu börnin séu einungis vísbending. Gæta þurfi þess að Íslendingar lendi „ekki í sömu vondu stöðu með okkar innflytjendakrakka eins og er í mörgum löndum í kringum okkur. Þar er þessi munur mjög svipaður, til dæmis á hinum Norðurlöndunum. Það tengist fyrst og fremst færni þeirra í tungumáli landsins,“ segir hann.

Rétt er að taka fram að einungis 51 innflutt barn tók þátt í könnuninni, sem er aðeins hluti aðfluttra fimmtán ára barna á Íslandi 2006. Þetta segir því ekki alla söguna um stöðu hópsins í greinunum þremur. Börnin verða að hafa búið í eitt ár í landinu til að taka þátt í könnuninni. - ghs

Rúmlega þrjú þúsund tjón urðu í umferðinni í fyrra og flest við aftanákeyrslu:

# Flest umferðarslys verða milli fjögur og fimm á föstudögum

**UMFERÐ** Ráðlegt er að hafa varann á í dag því föstudagur er mesti slysadagur vikunnar í umferðinni. Samkvæmt tölum sem Fréttablaðið hefur fengið frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hafa 146 slasast á föstudegi frá ársbyrjun til nóvemberloka. Það eru um sautján prósent þeirra sem slösuðust á tímabilinu. Sérstaklega skal aðgát höfð frá klukkan fjögur til fimm. Þá verða flest slys enda flestir á ferðinni.

Til föstudagsfriðþægingar má þó minnast þess að hlutfallslega komu einna fæst slys og tjón í höfuðborginni upp á föstudegi í fyrra samkvæmt tölum frá forvarnarsviði Sjóvár, en flest á miðvikudegi.

Þeim sem ætla að bregða sér austur fyrir fjall er þó hollt að minnast þess að nær fjórðungur slysanna á þessu ári átti sér stað á Suðurlandsveginum.

Þá er gott að halda aftur af föstudagsfiðringnum og gá vel að sér þegar bakkað er því þannig gerast flest tjónin en þau voru rúmlega þrjú þúsund á síðasta ári. Flest slysin í fyrra urðu þó við aftanákeyrslu, eða rúmlega fimm hundruð.

Síðast en ekki síst er vísast að biðja karlmenn sérstaklega um að fara sér hægt en í fyrra ollu þeir rúmlega sextíu prósentum allra slysa og tjóna.

Á höfuðborgarsvæðinu má nefna gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar sem ískyggilegustu krossgöturnar. Þar urðu um átján prósent slysa og þrettán prósent tjóna. Oftast var þar á ferð ökumaður sem klessti bíl sínum aftan á vagn grallaralauss vegfarenda sem hafði gert hlé á akstri sínum á gulu eða rauðu ljósi. - jse / sjá síðu 22



**UMFERÐ Í REYKJAVÍK** 146 slösuðust í umferðaróhöppum á höfuðborgarsvæðinu á fyrstu ellefu mánuðum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Neyðarlegt klúður hjá CCP:

# EVE rústaði fjölda tölva

**TÖLVULEIKIR** Alvarlegur galli fylgdi nýrri viðbót við leikinn EVE Online, sem kom út í fyrradag. Viðbótin eyddi mikilvægri skrá í Windows með þeim afleiðingum að tölva viðkomandi varð óvirk.

Gallinn var lagaður fljótlega og ný útgáfa sett á netið. Margir spilarar höfðu þó þegar náð í gölluðu útgáfuna. - sþs / sjá síðu 24

Taktu þátt í sælkeraleik á netinu
www.ostabudin.is



Delicatessen
OSTABÚÐIN
SKÓLAVÖRÐUSTÍG

DESEMBER
Kafbátur mánaðarins
6 tommu bátur kr. 299
TÚNFISKBÁTUR
SUBWAY
Gildir í desember2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli



## SPURNING DAGSINS



*Þorsteinn, var þetta of dýrt spaug?*

„Nei, spaugið fæst ekki keypt nema dýru verði!“

Ekkert tilboð hefur borist í sextíu sekúndna auglýsingahlé sem setja átti inn í mitt Áramótaskaupið á gamlárskvöld. Þorsteinn Þorsteinsson, markaðsstjóri RÚV ohf., segist telja að markaðnum hafi fundist verðið, þrjár milljónir króna, of hátt.

Stakk mann tvisvar í brjóstkassann með hnífi yfir fótboltaleik í apríl síðastliðnum:

# Átta ár fyrir manndrápstilraun

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri, Ari Kristján Runólfsson, hefur verið dæmdur í átta ára fangelsi í Hæstarétti fyrir tilraun til manndráps. Hann stakk mann í brjóstkassann með hnífi í apríl á þessu ári. Hæstiréttur þyngdi dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

Hnífstungan átti sér stað í íbúð í Reykjavík, þegar Ari Kristján og fórnarlambið sátu ásamt fleirum við drykkju og horfðu á fótboltaleik. Samkvæmt vitnisburði húsráðanda fóru mennirnir skyndilega að rífast, og endaði rifrildið með því að Ari stakk manninn tvisvar í brjóstkassann.

Fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur játaði Ari að hafa stungið manninn, en það hefði gerst í kjölfar ögrunar fórnarlambsins. Niðurstaðan var sex ára fangelsisdómur. Hann undi þeirri niðurstöðu ekki og áfrýjaði málinu til Hæstaréttar, þar sem hann krafðist vægari refsingar. Svar Hæstaréttar var að þyngja dóminn um tvö ár.

Bótagreiðslur Ara til fórnarlambsins voru lækkaðar í dómi Hæstaréttar. Í Héraðsdómi Reykjavíkur var hann látinn greiða eina og hálfa milljón króna, en 1,2 milljónir í Hæstarétti. Þá bættist við áfrýjunarkostnaður málsins, tæp hálf milljón króna. - sþs

### HENDING AÐ MAÐURINN LÉST EKKI

- Í dómi Hæstaréttar segir að ekkert hafi komið fram í málinu sem leitt gæti til refsilækkunar Ara Kristjáns.
- Sérstaklega var tekið fram að atlaga hans hefði verið slík að hending ein hefði ráðið því að fórnarlambið lést ekki samstundis.
- Maðurinn sem var stunginn býr enn við mikinn heilsubrest vegna árásarinnar.
- Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður var verjandi Ara Kristjáns.

Órói á jarðskjálftamælum:

# Skeiðarárhlaup hafið á ný

**NÁTTÚRA** Skeiðarárhlaup er hafið. Gunnar Sigurðsson, verkfræðingur hjá Orkustofnun, segir rafleiðni í ánni hafa aukist undanfarna daga og rennslið vaxið. Einnig hafi óróa orðið vart á jarðskjálftamælum Veðurstofunnar á Grímsfjalli í fyrrinótt, sem merki að vatn sé farið að streyma úr Grímsvötnum í Skeiðará. Því sé enginn vafi á því að hlaupið sé hafið.

„Við gerum ekki ráð fyrir stóru hlaupi, þetta ætti ekki að vera neitt til að hafa miklar áhyggjur af,“ segir hann. Síðasta Skeiðarárhlaup var í nóvember 2004, og fylgdi því eldgos í Grímsvötnum. - sþs

Rannsókn á nauðgunarmáli:

# Rauf farbann

**LÖGREGLUMÁL** Einn af fimm Pólverjum sem eru í farbanni vegna rannsóknar lögreglu Selfoss á nauðgunarmáli er farinn úr landi, að því er segir í tilkynningu sem lögreglan hefur sent frá sér. „Przemyslav Pawel Krymski, sem kært hafði farbann til Hæstaréttar, sem staðfesti það, hefur nú yfirgefið Ísland,“ segir í tilkynningunni. Lýst hefur verið eftir honum. Lögreglan á Selfossi hefur vegabréf hans og hinna fjögurra í vörslu sinni.

Rannsókn mála þessara manna er ekki lokið þar sem enn er beðið niðurstöðu úr rannsóknum lífsýna. Farbann þess sem yfirgaf Ísland átti að renna út hinn 17. desember. - jss

# Dreginn fyrir dóm út af lifrarpylsukeppi

**Lee Reynir Freer stakk á sig lifrarpylsukeppi í verslun 10-11 í mars. Starfsmaður hafði samband við lögreglu, aðallega til að koma Lee í húsaskjól. Málið verður þingfest á mánudag. „Með ólíkindum,“ segir framkvæmdastjóri 10-11.**

**LÖGREGLUMÁL** „Svona lagað gengur náttúrlega ekki,“ segir Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður og skellir upp úr þegar hann er spurður út í þjófnaðarmál sem þingfest verður í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudaginn. Hilmar er verjandi Lee Reynis Freer, heimilislauss manns sem freistaðist til að stinga inn á sig lifrarpylsukeppi.

Tildrög þess eru þau að í mars var Lee Reynir svangur og lagði leið sína í 10-11 í Austurstræti og keypti þar harðfisk, rjóma og smjör. Þá voru peningar hans uppurnir. Hann segist hins vegar hafa verið afskaplega svangur og því freistaðist hann til að stinga inn á sig lifrarpylsukeppi, sem hann langaði mikið í. Þegar hann var kominn að útgangi verslunarinnar kom ungur starfsmaður 10-11 til hans og bað hann um að koma með sér inn á skrifstofu. „Ég skilaði honum auðvitað keppnum og baðst afsökunar. Maðurinn sagði að þetta væri allt í lagi og hann hefði fullan skilning á þessu. Hann hefði þó áhyggjur af því hvað ég væri illa til reika og spurði hvort ég gæti ekki komist í gistiskýlið í skjól. Ég sagði honum að það væri fullt,“ segir Lee Reynir. Hann segir unga manninn þá hafa stungið upp á að hringja í lögregluna svo hann gæti komist út úr kuldanum. Það þótti Lee Reyni góð hugmynd.

Lögreglan tók skýrslu af Lee Reyni daginn eftir vegna málsins og sagði að keppinn yrði hann að greiða. Hann segir verslunarstjóran þó ekki hafa viljað þiggja greiðslu þar sem keppurinn hefði endað uppi í hillu og enginn skaði orðið.




**SEGIST HAFA VERIÐ AFSKAPLEGA SVANGUR** Lee Reynir hnuplaði lifrarpylsukeppi en var gripinn af starfsmanni verslunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Undarlegt að einhver vilji elta ólar við heimilislausa menn vegna svona lagaðs.
>
> GUÐJÓN KARL REYNISSON FRAMKVÆMDASTJÓRI 10-11

Hilmar furðar sig á því að ákæruvaldið hafi stefnt Lee Reyni fyrir dóm vegna málsins þótt forsvarsmenn 10-11 hafi ekki lagt fram kæru. „Þetta er svo mikið smámál og ég skil ekki hvað þeim gengur til, þetta mál kostar skattborgara svo margfalt meira en einn lifrarpylsukeppur gerir,“ segir Hilmar og kveðst steinhissa á viðbrögðum lögreglu og bætir við: „Þeir standa sig vel en það eru takmörk fyrir öllu.“

Í sama streng tekur Guðjón Karl Reynisson, framkvæmdastjóri 10-11. „Mér þykir þetta alveg með ólíkindum og finnst undarlegt að einhver vilji elta ólar við heimilislausa menn vegna svona lagaðs,“ segir Guðjón en tekur fram að málið þekki hann ekki til hlítar. karen@frettabladid.is

Hrefna eða höfrungur:

# Gæfur gestur í Grafarvoginum

**NÁTTÚRA Fólk rak upp stór augu þegar sjaldséður íbúi undirdjúpanna kom úr kafi um fjögurleytið við Grafarvogskirkju.**

**Engir dýrafræðingar voru viðstaddir til að bera kennsl á gestinn, en áhorfendur þóttust vissir í sinni sök að annað hvort hrefna eða höfrungur væri þar á ferð. Hvort sem var hélt dýrið innar í voginn og synti þar hring eftir hring, sallarólegt og vært.**



**HREFNA EÐA HÖFRUNGUR** MYND/ALBERT HAUKSSON

**Albert Hauksson, sem fylgdist með ferðum skepnunnar, segist aldrei hafa séð þetta áður, enda sé vogurinn afar grunnur á þessum slóðum og eigi til að tæmast þegar fjarar.** - kóþ



**ÞORSKUR** Niðurstöður stofnmælingarinnar staðfesta niðurskurð kvóta í haust.

Stofnmæling botnfiska:

# Nýr árgangur þorsks lélegur

**SJÁVARÚTVEGUR „Vísbendingar eru um að nýr árgangur þorsks sé lélegur,“ segir Björn Ævarr Steinarsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun.**

**„Þetta er í stórum dráttum staðfesting á niðurskurði aflamarks í haust og gefur því miður ekki tilefni að endurskoða hann,“ segir Björn.**

**„Það sem þessi niðurstaða þýðir í raun er að það mun taka enn lengri tíma að ná stofninum upp en áætlað hafði verið.“**

**Heildarvísitala þorska, eins árs og eldri, hafi lækkað um tuttugu prósent, sem sé í samræmi við stofnmat í vor.** - kóþ

Bílslys á Reykjanesbraut:

# Tveir fóru í aðgerð í nótt

**SLYS** Tveir menn slösuðust alvarlega í bílslysi nálægt álverinu í Straumsvík um fimmleytið í gær. Mennirnir fóru í aðgerð á Landspítalanum í nótt. Eftir aðgerðina var ráðgert að færa þá á gjörgæsludeild. Þá slasaðist þriðji maðurinn í slysinu minna.

Áreksturinn varð um fimmleytið í gær þegar jeppi og sendibíll skullu saman, en þeir komu hvor úr sinni átt.

Reykjanesbrautinni var lokað vegna slyssins og björgunarstarfa og varð þá annar árekstur vegna bílamergðarinnar. Enginn slasaðist í það skiptið.

Mikið annríki var í gær hjá sjúkraflutningamönnum vegna þessara og annarra óhappa. - kóþ


VÖNDUÐ HÚSGÖGN

SÓFASETT, HVÍLDARSÓFAR, BORÐSTOFUHÚSGÖGN, RÚM OG MARGT FLEIRA

BJÓÐUM MIKIÐ ÚRVAL AF HÚSGÖGNUM Á HAGSTÆÐU VERÐI



**Calia Italia Premium hvíldarsófi** (Stærð: 222 sm)
Öll sætin eru með skemli. Fæst með ljósu, dökkbrúnu eða svörtu leðri
Fæst einnig sem 2ja sæta og 4ja sæta.
**Verð kr. 179.900,-**

OPNUNARTÍMI:
MÁN. - FÖS 11:00 - 18:00
LAUGARDAGA 11:00 -16:00
SUNNUDAGA 13:00 - 16:00

SETT

SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI: 534 1400 • WWW.SETT.IS


Eiginkona mannsins sem gaf sig fram eftir að hann hvarf fyrir fimm árum:

# Vissi af eiginmanninum

**BRETLAND, AP** Eiginkona mannsins sem gaf sig fram á lögreglustöð á laugardag eftir að hann hvarf fyrir fimm árum viðurkenndi í gær að hafa vitað af því að hann væri á lífi. Áður hafði hún sagst koma af fjöllum við fregnir af endurkomu eiginmanns síns.

Anne staðfesti í viðtölum í breskum fjölmiðlum í gær að myndin sem birtist af hjónunum í blöðum daginn áður, sögð ársgömul og tekin í Panama, væri í raun af þeim.

Hjónin sæta nú rannsókn bresku lögreglunnar vegna gruns um fjársvik en Anne Darwin fékk greidda út líftryggingu John Darwin þegar dánardómstjóri lýsti hann látinn eftir hvarfið. Lögregla hóf rannsókn á málinu fyrir nokkrum mánuðum eftir að ættingi taldi sig heyra Anne tala við John í síma og tilkynnti það.

John Darwin hvarf fyrir fimm árum þegar hann var á kanósiglingu í Norðursjó. Anne segist hafa trúað því að eiginmaður sinn væri dáinn þangað til hann hafði samband við hana nokkrum árum síðar. Hún neitaði að greina nánar frá því hvernig það bar að.

Tveir synir hjónanna segjast foreldrum sínum reiðir og að þeir vilji ekki hafa neitt saman við þau að sælda reynist satt að þau hafi sviðsett dauða föður þeirra. - sdg



**JOHN DARWIN** Tveir synir John og Anne Darwin segjast reiðir föður sínum og móður og vilja ekkert samband við þau hafa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


ENNEMM / SÍA / NM31212
OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 22.00
Í SMÁRALIND ERU ALLAR VERSLANIR SNEISAFULLAR AF GLÆSILEGUM VÖRUM OG NÚ ER OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM. NJÓTTU ÞESS AÐ HAFA NÆGAN TÍMA TIL AÐ LEITA AÐ RÉTTU JÓLAGJÖFUNUM OG JÓLAVÖRUNUM ÁÐUR EN HÁTÍÐIN GENGUR Í GARÐ.
KOMDU Í SMÁRALIND OG UPPLIFÐU NOTALEGA JÓLASTEMNINGU!
SMÁRALIND
DEBENHAMS
VETRAR-
GARÐURINN
LÚXUSSTÆÐI
Allt í kringum Smáralind eru fjölmörg bílastæði. Renndu bílnum þínum inn í stærra og rúmbetra LÚXUS-stæði við Debenhams og þú færð þægilegra aðgengi að jólalegustu verslunarmiðstöð landsins.
Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA
FYRIR JÓLIN
Opið til kl. 22 til jóla. Þorláksmessu til kl. 23 / smaralind.is / 528 8000

## GENGIÐ 06.12.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,50 | 61,80 |
| Sterlingspund | 124,72 | 125,32 |
| Evra | 89,59 | 90,09 |
| Dönsk króna | 12,009 | 12,079 |
| Norsk króna | 11,141 | 11,207 |
| Sænsk króna | 9,534 | 9,590 |
| Japanskt jen | 0,5550 | 0,5582 |
| SDR | 97,04 | 97,62 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

118,7649

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tuttugu ára gömlum morknum svampdýnum hent út úr Kvennafangelsinu:

# Árni færir Kvennafangelsinu ný rúm

**FANGELSISMÁL** „Við höfum verið gleymda fangelsið. Það að Árni skuli hafa munað eftir okkur gerir hann að vinsælasta manninum hér,“ varð einum fanganum í Kvennafangelsinu í Kópavogi að orði í gær þegar Árni Johnsen mætti með flutningabíl fullan af nýjum springdýnum fyrir fangana.

Tildrög gjafarinnar eru þau að daginn eftir að Árni færði Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg sjónvörp í haust fékk hann símtal frá kvenfanga í Kópavogi. Sagði hún rúmin þar jafngömul fangelsinu, sem og svampdýnurnar sem væru orðnar morknar. Árni gekk í málið, fékk nokkur félög og einkaaðila til að styrkja málefnið og keypti síðan tólf vönduð rúm frá RB rúmum í Hafnarfirði með afslætti. „Þetta er eins og gerist á bestu hótelum borginnar,“ sagði Árni stoltur þegar hann gekk inn með fyrstu dýnuna úr flutningabílnum.

Einar Andrésson, varðstjóri í Kvennafangelsinu, segir að beðið hafi verið um ný rúm árum saman enda afar mikilvægt að fólk geti fengið góða hvíld. „Það er nú bara þannig að fangelsi eru alltaf látin sitja á hakanum,“ sagði hann og bætti við: „Ég held að þetta verði til þess að mikið dragi úr bakvandamálum og lyfjanotkun vegna verkja.“

„Æi, ég gleymdi að ryksuga gólfið fyrir nýja rúmið,“ hrökk upp úr einni konunni þegar þær fylgdust með því þegar nýju rúmin voru borin inn í herbergin og því greinilegt að þeim þótti mikið til gjafarinnar koma.

- kdk



**ÁNÆGÐ MEÐ NÝJU RÚMIN** Fangi í kvennafangelsinu var himinlifandi með nýju rúmin sem Árni kom með í fangelsið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eins og hálfs árs fangelsi:

## Kynferðisbrot gegn fjórtán ára

**DÓMSMÁL Hálfþrítugur maður hefur verið dæmdur í átján mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft samræði við stúlku, sem þá var fjórtán ára, í bifreið.**

**Maðurinn, sem er af erlendum uppruna, bauð stúlkunni og vinkonu hennar í bíltúr. Hann stöðvaði bifreiðina við ótilgreindan skóla og rak vinkonuna út. Síðan hafði hann samræði við stúlkuna.**

**Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði manninn í nóvember 2006. Hæstiréttur ómerkti þann dóm og vísaði málinu aftur í hérað. Manninum var jafnframt gert að greiða stúlkunni 900 þúsund í skaðabætur og málskostnað.**

- jss

Kosovo-þing:

## Serbar halda þingsætum

**KOSOVO, AP** Leiðtogar serbneska minnihlutans í Kosovo-héraði halda þingsætum sínum í hálft ár þrátt fyrir að þeir hafi sniðgengið þingkosningarnar í síðasta mánuði.

Þetta er gert til að tryggja að minnihlutinn fái að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

„Við verðum að verja réttindi og hagsmuni serbneska minnihlutans,“ sagði Joachim Rücker, æðsti embættismaður Sameinuðu þjóðanna í Kosovo.

Einnig skipta sex serbneskir stjórnmálaflokkar jafnt með sér þeim sextíu þingsætum sem frátekin eru fyrir serbneska minnihlutann.

- gb

## LEIÐRÉTTING

Ólafur Ólafsson var ranglega sagður formaður Félags eldri borgara í blaðinu í fyrradag. Formaður félagsins er Margrét Marteinsdóttir, sem tók við formennsku af Ólafi árið 2005.

# Engar greiðslur vegna nýs sneiðmyndatækis

**Ríkið hefur ekki greitt rekstrarkostnað vegna sneiðmyndatækis á Ísafirði í átján mánuði. Eðlilegt að aukinni þjónustu sé mætt með fjárveitingum, segir forstjóri. Sparar háar upphæðir þar sem ekki þarf að senda sjúklinga til Reykjavíkur.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Engar greiðslur hafa borist frá ríkinu vegna rekstursins sneiðmyndatækis á Heilbrigðisstofnuninni í Ísafjarðarbæ, en tæplega átján mánuðir eru liðnir frá því tækið var tekið í notkun.

Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðisráðherra var afhent tækið formlega fyrr í vikunni en það var keypt fyrir samskotafé.

„Sneiðmyndatæki er orðið nauðsynlegur þáttur í nútímalæknisfræði, til sjúkdómsgreiningar,“ segir Þorsteinn Jóhannesson, lækningaforstjóri Heilbrigðisstofnunarinnar.

„Það er klárlega dýrara fyrir ríkið að senda sjúklinga suður í rannsóknir. Ríkið þarf þá að borga flugið og rannsóknina, en með því að vinna rannsóknina hér sparast þó í það minnsta kostnaður við flugið,“ segir Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar.

Þorsteinn segir að fyrir tilkomu tækisins hafi um 200 sjúklingar á ári verið sendir suður til Reykjavíkur til rannsókna. TR greiðir lungann úr ferðakostnaðinum, hlutur sjúklingsins er að hámarki 1.500 krónur fyrir hverja ferð.

Flug fram og til baka frá Ísafirði kostar í dag rúmlega 25 þúsund krónur. Varlega áætlað greiddi TR því um fimm milljónir króna á ári vegna ferða sjúklinga suður til rannsókna. Sá kostnaður er úr sögunni með tilkomu sneiðmyndatækisins. Ferðir suður leiddu einnig til mikils vinnutaps fyrir sjúklinga, sem nú er úr sögunni.

„Þetta er aukin þjónusta og það er eðlilegt að henni sé mætt með fjárveitingum,“ segir Þröstur. Hann segir kostnað við rekstur sneiðmyndatækisins hlaupa á einhverjum milljónum króna á ári.

Tækið var tekið í notkun í júní 2006 og síðan hafa um 500 rannsóknir verið gerðar. Þorsteinn segir að það sem af er þessu ári hafi um 300 rannsóknir verið gerðar. Eðlilegt sé að notkunin sé meiri þegar ekki þurfi að senda sjúklinga suður, í því felist aukið öryggi í sjúkdómsgreiningum.

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað tók svipað tæki í notkun fyrir nokkru og frá upphafi fylgdu því 12,8 milljóna króna fjárframlög frá ríkinu til reksturs á tækinu, segir Þorsteinn.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir þetta mál í skoðun hjá ráðuneytinu en vildi ekki tjá sig frekar um það að svo stöddu.

brjann@frettabladid.is



**TÆKIÐ AFHENT** Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra tók formlega við sneiðmyndatækinu um átján mánuðum eftir að það var tekið í notkun en það var Gísli Jón Hjaltason sem afhenti það fyrir hönd þeirra sem söfnuðu fé fyrir tækinu. MYND/BB.IS

Ísraelskur ráðherra:

## Hætti sér ekki til Bretlands

**ÍSRAEL, AP** Avi Dichter, almannavarnaráðherra Ísraels, hafnaði heimboði til Bretlands vegna þess að utanríkis- og dómsmálaráðherrar Ísraels töldu hættu á að hann yrði ákærður fyrir stríðsglæpi og ráðlögðu honum að fara hvergi.



AVI DICHTER

Dichter var yfirmaður leyniþjónustunnar Shin Bet árið 2002 þegar ísraelskir hermenn vörpuðu sprengju að næturlagi á íbúðahverfi í Gazaborg sem varð Salah Shadadeh, háttsettum Hamas-liða, að bana auk níu barna.

- gb

Héraðsdómur Reykjaness:

## Tíu mánuðir fyrir kókaín

**DÓMSMÁL Hollensk kona á þrítugsaldri hefur verið dæmd í tíu mánaða óskilorðsbundið fangelsi eftir að hafa reynt að smygla inn í landið í október nær 250 grömmum af kókaíni. Konan var gripin í Leifsstöð.**

**Konan hafði falið efnið vandlega. Um 90 grömm af því faldi hún í handtösku og rúm 150 grömm faldi hún innvortis.**

**Hún játaði brot sitt skýlaust fyrir dómi.**

**Auk tíu mánaða fangelsis var konan dæmd til að greiða sakarkostnað.**

- jss

## LÖGREGLUMÁL

### Fíkniefni falin í peningaskáp

Karl og tvær konur, sem öll eru á þrítugsaldri, voru handtekin við húsleit í íbúð í miðborginni en þar fundust ætluð fíkniefni. Um nokkurt magn var að ræða en fíkniefnin voru falin í peningaskáp. Í honum var einnig lítilræði af fjármunum.






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**KÓLNAR ENN**

**Í dag má búast við frosti um allt land, við ströndina 0-2 stigu, en allt að 8 stiga frosti inn til landsins. Vindur verður áfram hægur, og áttin breytileg. Eftir því sem vindurinn er minni blandast loftið minna og þar með kólnar meira. Úrkoma er lítil sem engin, nema við suðurströndina þar sem má gera ráð fyrir smá muggu seinnipartinn.**

**Í BORGINNI DAG**

**Frost 0-3 stig, smá mugga seinnipartinn, en hægur vindur.**

*um hádegi »*




*» á morgun*




Austlæg átt, 5-10, en hvassari SV-lands.

*» sunnudagur*




N-átt á Vestfjörðum, annars breytileg.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C rigning | London | 11°C rigning | Eindhoven | 12°Cskúrir |
| Billund | 9°C rigning | París | 10°C skúrir | Basel | 7°C skúrir |
| Osló | 7°C rigning | Frankfurt | 12°C rigning | Alicante | 20° léttskýjað |
| Stokkhólmur | 8°C skýjað | Friedrichshafen | 12°C rigning | Róm | 16°C léttskýjað |
| Gautaborg | 8°C rigning | Berlín | 12°C rigning | Las Palmas | 23°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.





| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00–18.30 | 10.00–22.00 | 10.00–22.00 | 10.00–22.00 | 13.00–17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér notkun fingrafaralesara í mötuneytum grunnskóla eðlileg?*

| | |
|---|---|
| Já | 48,9% |
| Nei | 51,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu fylgjandi aðgerðum ríkisins í þágu öryrkja og aldraðra?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Átta barnslík hafa fundist í Þýskalandi:

# Tvær mæður í haldi lögreglu

**ÞÝSKALAND, AP** Tvær mæður í Þýskalandi eru í haldi lögreglu eftir að lík barna þeirra fundust falin á heimilum þeirra. Önnur þeirra virðist hafa myrt fimm syni sína nú í vikunni, en hin þrjú af fimm börnum sínum stuttu eftir fæðingu þeirra.

Lík fimm drengja, þriggja til níu ára, fundust á miðvikudag á heimili þeirra í smábænum Darry í Slesvík-Holstein eftir að móðir þeirra, sem er 31 árs, sagði lækni hvar þau væri að finna. Talið er að drengirnir hafi fyrst verið svæfðir með svefntöflum og síðan kæfðir með plastpoka, annaðhvort á þriðjudag eða miðvikudag.



**LÖGREGLAN Á VETTVANGI Í DARRY** Þýsk lögreglukona flytur rannsóknargögn í tösku út úr íbúðarhúsinu í Darry, þar sem lík fimm ungra drengja fundust á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Móðirin var einstæð og mun eiga við geðsjúkdóm að stríða.

Á miðvikudag hafði lögreglan í austanverðu Þýskalandi skýrt frá því að þrjú barnslík hefðu fundist í borginni Plauen, skammt frá landamærum Tékklands. Fyrsta líkið, af barni sem fæddist árið 2002, fannst 27. nóvember síðastliðinn í geymslurými á heimili ættingja móðurinnar, vafið inn í plast. Hin líkin tvö fundust síðan á þriðjudaginn á heimili móðurinnar, sem er 28 ára gömul, einnig vafin inn í plast, annað í frystikistu en hitt úti á svölum. Öll voru þau nýfædd þegar þau létust.

Móðirin er í haldi lögreglu, en neitar að hafa myrt börnin. Hún á tvö önnur börn, sem hafa verið færð í umsjón hins opinbera. **- gb**

Samtök atvinnulífsins:

# Veiðigjald verði alveg fellt niður

**SJÁVARÚTVEGUR** Stjórn Samtaka atvinnulífsins (SA) lýsti nýlega yfir eindregnum stuðningi við sjónarmið Landssambands íslenskra útvegsmanna að fella að fullu niður veiðigjald á sjávarútveginn. SA hvetur ríkisstjórnina og Alþingi til þess að breyta fyrirliggjandi frumvarpi um niðurfellingu veiðigjalds að hluta til þannig að gengið verði alla leið og að sjávarútvegurinn losni alfarið við þetta sérstaka gjald.

Illa horfir með afkomu sjávarútvegsins, segir á vefsíðu SA, og því telur stjórnin engin rök fyrir sérstakri skattlagningu á sjávarútveginn umfram aðrar. **- shá**

**HEILBRIGÐISMÁL**

**Soroptimistar styrkja Forma** Soroptimistaklúbbur Grafarvogs hefur styrkt Forma með 150 þúsund krónum. Klúbburinn fékk Ölmu Geirdal, framkvæmdastjóra Forma, í heimsókn á dögunum til að fræðast um vinnu samtakanna gegn átröskun og var styrkurinn afhentur við það tækifæri.

**LÖGREGLUFRÉTT**

**Árekstur í Eyjum** Hálka gerði ökumönnum í Vestmannaeyjum lífið leitt í gær. Einn árekstur varð í bænum er tveir bílar skullu saman. Engan sakaði en bílarnir skemmdust nokkuð. Að sögn lögreglu gekk umferð í bænum að öðru leyti vel, þrátt fyrir leiðindaaðstæður oft á tíðum.




**LEIGUBÍLAR** Maður sem grunaður er um að hafa ráðist á leigubílstjóra með eggvopni var handtekinn í gær. Hann á langan sakaferil að baki, meðal annars fyrir ofbeldisbrot. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hann var bara að reyna að drepa mig

**Leigubílstjóri sem varð fyrir líkamsárás í Hátúni í fyrradag telur að árásarmaðurinn hafi verið að reyna að drepa hann. Árásarmaðurinn beitti eggvopni og skar fórnarlambið í andlitið. Maður grunaður um árásina var handtekinn í gær.**

**LÖGREGLUMÁL** „Hann skipaði mér allt í einu að láta sig fá peningana. Þegar ég neitaði og sneri mér við í sætinu sá ég hvar hann reiddi hnífinn í átt að andlitinu á mér,“ segir Rögnvaldur Ólafsson, tæplega sextugur leigubílstjóri, sem varð fyrir fólskulegri árás farþega í misheppnaðri ránstilraun í fyrradag.

Rögnvaldur náði að víkja sér undan árásinni en hnífurinn hafnaði í augabrún hans. „Ég fann hvernig blóðið fossaði úr augabrúninni og augað fylltist af blóði. Það eina sem ég hugsaði var að verja mig og bar höndina fyrir andlitið á mér en hann hélt áfram að reyna að stinga mig og ég skarst á hendinni vegna þess. Ég er viss um að hann var bara að reyna að drepa mig svo hann gæti tekið peninginn,“ segir Rögnvaldur.

Auk þess að beita eggvopninu lét árásarmaðurinn höggin dynja á Rögnvaldi. „Hann sló mig tvisvar sinnum í andlitið með hinni hendinni og ég vankaðist aðeins við það. Ég náði loksins að losa beltið og komast út úr bílnum en þá hljóp hann í burtu út í myrkrið.“

Rögnvaldur ók því næst til lögreglu, sem kom honum til aðhlynningar á slysadeild. Tæknideild lögreglu rannsakaði bílinn í kjölfarið og eftir lýsingu Rögnvalds á árásarmanninum vöknuðu grunsemdir hjá lögreglu um að viss einstaklingur tengdist málinu. Í framhaldinu hófst leit að manni sem grunaður var um verknaðinn og var hann handtekinn síðdegis í gær í Kringlunni. Hann er um tvítugt og á langan sakaferil að baki, meðal annars fyrir ofbeldisbrot. Hann var yfirheyrður af lögreglu í gær.

Rögnvaldur var mættur til vinnu í morgunsárið, daginn eftir árásina. „Maður hefur nú oft lent í handalögmálum í vinnunni, en aldrei áður hefur verið ráðist á mig með eggvopni,“ segir hann. „Mér finnst þessi heimur fara harðnandi, nú eru allir svo æstir og örir að maður þorir ekki öðru en að vera sammála síðasta ræðumanni hér í bílnum.“

Rögnvaldur segist ekki hafa óttast um líf sitt enda hafi atburðarásin verið hröð. „Þetta var þaulskipulagt. Hann spurði mig hvort ég gæti skipt fimmþúsundkalli og ég sagði svo vera. Nú eftir á að hyggja veit ég að það var bara til að vera viss um að hann hefði eitthvað upp úr krafsinu,“ segir Rögnvaldur. **aegir@frettabladid.is**







Pálmi Haraldsson í Fons eignast tæp sjö prósent í FL Group:

# Keypti fyrir tíu milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Pálmi Haraldsson í Fons hefur keypt 6,9 prósent í FL Group fyrir rúma tíu milljarða króna. Hlutinn keypti hann af Hannesi Smárasyni, fyrrverandi forstjóra félagsins, Magnúsi Ármanni, Þorsteini M. Jónssyni og Kevin Stanford. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætlar Pálmi líka að taka þátt í hlutafjárútboði FL Group fyrir áramót þar sem minnst tíu milljarðar eru í boði. Hlutur Fons, sem er eignarhaldsfélag Pálma og Jóhannesar Kristjánssonar, í félaginu mun því stækka.

Gengi bréfa FL Group í þessum viðskiptum var 16,1. Hlutafjáraukningin mun fara fram á genginu 14,7. Þegar Kauphöllin lokaði í gær var gengi FL Group 15,65 og lækkaði um rúm fjögur prósent.

Samkvæmt frétt á viðskiptavef Vísis.is töpuðu Magnús, Kevin og Þorsteinn 1,9 milljörðum á því að selja 2,31 prósent í FL Group á 3,4 milljarða.

Í gær var gengið frá samkomulagi um beitingu atkvæðisréttar í FL Group á milli félaga í eigu þremenninganna og Hannesar Smárasonar. Sameiginlegt atkvæðamagn þeirra á hluthafafundinum 14. desember næstkomandi verður 25,13 prósent. Hannes á nú tæp 16 prósent í félaginu og Magnús, Kevin og Þorsteinn rúm níu prósent.



**HLEYPUR AFTUR INN Í FL GROUP** Pálmi Haraldsson fundaði með Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, stjórnarformanni FL Group, áður en hlutafjáraukning félagsins var tilkynnt. Hann opnaði dyr sínar og keypti í dag tæp sjö prósent.

Ekki náðist í Hannes í gær en í tilkynningu er haft eftir honum að hann hyggist beina kröftum sínum í auknum mæli að orkugeiranum og útrás hans samhliða því að taka sæti í stjórn FL Group. Hann ætlar sér að kaupa 23 prósent í Geysi Green Energy af FL Group. **- bg**



# STÖKK GRÍSAPURA

## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

Besta leiðin til að fá grísapöru vel stökka er að forsjóða fituna. Skerið rákir í fituna með jöfnu millibili. Leggið steikina á hvolf í ofnskúffu og hellið vatni í þannig að rétt fljóti yfir fituna. Eldið síðan við vægan hita í ofni við 100°C í 30 mínútur. Hellið vatninu af, snúið steikinni við og nuddið salti í raufarnar og á fituna. Steikið í ofni við 190°C í 20 mínútur eða þar til puran er orðin stökk.












Kjörís

Kjörís í samstarfi við Nóa Siríus kynna fjórar nýjar tegundir af sælkera ís; Pipp ís, Tromp ís, Bananasprengju ís og Konfekt ís.
Kynningarverð 449kr. stk.




**Í þessum glæsilega bæklingi höfum við fengið úrvalslið matgæðinga til að taka saman spennandi hugmyndir fyrir hátíðirnar, forréttir, aðalréttir, eftirréttir og meðlæti í margskonar útfærslum. Þú færð þitt eintak í næstu verslun Hagkaupa, þér að kostnaðarlausu.**

Matgæðingar Hagkaupa samanstanda af: Landsliði matreiðslumeistara, Leifi Kolbeinssyni – La primavera, Rúnari Gíslasyni – kokkarnir.is, Jóa Fel – bakarameistara og Sólveigu Eiríks – himneskt.is

Gildir til 9. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

TOPPSKÓR FYRIR JÓLIN

Herraskór
SPR10080
Verð:
3.597 kr.-

Stærðir 41-45

Herraskór
SPR10086
Verð:
3.597 kr.-

Stærðir 41-45

Herraskór
SPR90855
Verð:
3.597 kr.-

Stærðir 41-45

Herraskór
SPR36054301
Verð:
3.597 kr.-

Stærðir 40-46

Herraskór
SPR90855
Verð:
3.597 kr.-

Stærðir 41-45

Strákaskór
NEUR20778-01
Verð:
2.397 kr.-

Stærðir 28-37 og 39-40

Toppskórinn
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 11 - 16
SENDUM Í PÓSTKRÖFU


## Afrennslisvatn hefur blandast við drykkjarvatn í Nokia í Finnlandi:

# Veikir íbúarnir flýja bæinn

**FINNLAND** Ófremdarástand er í bænum Nokia í Finnlandi vegna mengunar í grunnvatni. Helmingur bæjarbúa er illa haldinn af magaveiki. Skólar og leikskólar eru lokaðir, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet, og bæjarbúar hafa flúið bæinn.

Ástandið hefur staðið í rúma viku og er talið verra en nokkur hefði getað ímyndað sér. Ekki bætir úr skák að bæjaryfirvöld létu ekki vita af menguninni fyrr en of seint, þegar fjöldi fólks var þegar orðinn veikur. Þau eru sögð hafa reynt að þagga málið niður. „Ég bið um fyrirgefningu. Þetta er áfall,“ segir Markku Rahikkala bæjarstjóri.

Samkvæmt Hufvudstadsbladet stóð fólk í biðröð til að fá drykkjarvatn eða til að komast að á heilsugæslustöðinni. Allt flöskuvatn er uppselt og er ekki einu sinni leyfilegt að nota kranavatnið soðið.

Ófremdarástandið í Nokia versnaði verulega á miðvikudag þegar leiðsla sprakk. Talið er að leiðslur leki, jafnvel á fleiri en einum stað, og að afrennslisvatn hafi þannig komist í kranavatnið. Enn hefur enginn dáið svo vitað sé en bæjarstarfsmenn munu banka á dyr eldri borgara næstu daga til að kanna hvernig þeim heilsast.

Íbúar Nokia eru þrjátíu þúsund talsins. - ghs



**NOKIA** Nokia er þrjátíu þúsund manna bær norðvestur af Helsinki.

# Stjórnsýsluúttekt á eignasölu í Keflavík

**Mikilli tortryggni hefur verið sáð um sölu eigna ríkisins á Keflavíkurflugvelli að mati þingflokksformanns Samfylkingarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn að selja sjálfum sér segir formaður VG. Upplýsingum ekki leynt segir forsætisráðherra.**

**ALÞINGI** Ríkisendurskoðun mun vinna stjórnsýsluúttekt á Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar. Þar verður aðferðafræðin við sölu eigna ríkisins á fyrrum varnarsvæði á Miðnesheiði rannsökuð sem og meint tengsl kaupenda við stjórnvöld. Þetta upplýsti Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, í umræðum um skýrslu forsætisráðherra um Þróunarfélagið á Alþingi í gær. Lúðvík sagði lykilatriði að allt varðandi sölu ríkiseigna á varnarsvæðinu væri uppi á borðinu. Mikilli tortryggni hefði verið sáð, og ástæða til að taka það alvarlega.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa gagnrýnt að þeir hafi ekki fengið aðgang að samningum Þróunarfélagsins. Fulltrúar í fjárlaganefnd fengu í gærmorgun að sjá umrædda samninga, en um þá ríkir trúnaður vegna viðskiptahagsmuna kaupandans.

Lúðvík sagði Ríkisendurskoðanda hafa farið yfir umrædda samninga. „Niðurstaða hans er sú að þessir samningar séu þannig úr garði gerðir að þeir séu bókunarhæfir, það er að segja að hægt sé að færa þau verðmæti sem þeir fela í sér inn í ríkisreikning.“

Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu vinnubrögð við sölu eigna harðlega á þingi í gær.

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, sagðist ítrekað hafa óskað eftir upplýsingum um mál tengd Þróunarfélaginu, en hafi verið dreginn á asnaeyrum og ekki fengið þau gögn sem brýnust séu í málinu. Þar megi nefna kaupsamninga, verðmat og ástæður þess að tiltekn-


**RÁÐAGÓÐIR** Þingmenn Framsóknarflokksins, þeir Höskuldur Þórhallsson (til hægri) og Bjarni Harðarson, gefa formanni sínum, Guðna Ágústssyni, góð ráð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

um aðilum var selt. Þá hafi hann spurt um tengsl þessara aðila við Sjálfstæðisflokkinn.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, gekk lengra og sagði sömu menn sitja beggja vegna borðsins:

„Á mannamáli sagt gerist það ósköp einfaldlega að Sjálfstæðisflokkurinn selur sjálfum sér þessar eignir, með býsna líkum hætti og annar ónefndur flokkur seldi sjálfum sér banka hérna aðeins fyrr á þessari öld,“ sagði hann.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hafnaði þessum málflutningi, og sagði Steingrím hafa orðið sér til minnkunar með orðum sínum. „Það er ekki svo að það hafi verið leynt upplýsingum í þessu máli, eða til standi að leyna upplýsingum,“ sagði Geir. brjann@frettabladid.is

### FLEIRI STÖRF GÆTU SKAPAST EN ÁÐUR

Ef vel tekst til við sölu eigna á fyrrum varnarsvæði gætu skapast fleiri störf á svæðinu en þegar varnarliðið var þar með starfsemi, sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á Alþingi í gær. Í dag starfi þar um 400 manns, en um 800 hafi misst vinnuna þegar varnarliðið hvarf á brott í fyrra.

Geir upplýsti að 135 byggingar hefðu verið seldar fimm aðilum, sem hefðu greitt fyrir samtals 15,7 milljarða króna. Nær undantekningarlaust hafi hæsta boði verið tekið og reglur um gagnsæi virtar.


Opal Seafood
Bragð sem segir sögu



Við teygjum tímann

Við nostrum við laxinn okkar til þess að tryggja einstakt bragð.

* Handflakaður úr fersku hráefni *
* Þurrsaltaður í höndum með sjávarsalti *
* Hangireyktur með birkispæni *
* Handsneiddur af sérstakri alúð *



Hangireykti laxinn okkar fæst í verslunum Nóatúns, verslunum Hagkaupa, Melabúðinni, Ostabúðinni og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í versluninni Inspired by Iceland.
www.opal.is



Er barnið þitt að safna fyrir sumarbúðaferð næsta sumar?

KFUM KFUK

Gjafakort í allar sumarbúðir KFUM og KFUK verða seld í Kringlunni á 2. hæð, laugardaginn 8. desember. Gjafaupphæð er frjáls.

Upplýsingar um heildarverð í hvern flokk er að finna á heimasíðu félagsins, www.kfum.is og í síma 588 8899.

Gjafakortin eru einnig seld virka daga á skrifstofu KFUM og KFUK, Holtavegi 28, Reykjavík.



www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 40259 11/07

## RAV4 - alveg nýr heimur

RAV4 er bíll sem boðar nýja tíma, nýjar áherslur, nýjar leiðir. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og fæst með „Integrated Active Drive System" sem eykur til muna öryggi og akstursánægju. Við hikum ekki við að fullyrða að þú færð meira út úr lífinu á nýjum RAV4, hvort sem er innanbæjar eða úti í náttúrunni.

Straumlínulöguð yfirbygging og fjöldi tækninýjunga gera RAV4 fágaðri, fjörugri og þróaðri en nokkru sinni fyrr. Fjöldi útfærslna er í boði, þar á meðal hin íburðarmikla RAV4 VX sem teflir saman framúrskarandi snerpu og afburðaþægindum í akstri svo að hefðbundin skilgreining á smájeppa á ekki lengur við. Og tómstundir með fjölskyldunni fá líka allt aðra merkingu. **Komdu og reynsluaktu RAV4 - alveg nýr heimur.**

**Verð frá 3.030.000. kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |



**JÓLALJÓS** Fólk safnaðist saman þegar kveikt var á ljósum á jólatrénu sem stendur vestan við alríkisþinghúsið í Washington. NORDICPHOTOS/AFP

Ný könnun á mútugreiðslum til opinberra embættismanna:

# Spilling mest í Afríku og Asíu

**ÞÝSKALAND, AP** Kröfur opinberra embættismanna um mútugreiðslur koma harðast niður á fátæku fólki í Afríku og Asíu, þar sem fólk neyðist víða til að greiða mútur til þess að fá lögregluvernd, menntun fyrir börn sín og sanngjarna meðferð hjá dómstólum.

Þetta kemur fram í nýrri könnun samtakanna Transparency International. Rúmlega 63 þúsund manns í 60 löndum voru spurðir út í reynslu sína af mútugreiðslum.

Verst er ástandið í Afríku. Þar segjast 42 prósent aðspurðra hafa verið krafin um mútugreiðslur á síðustu tólf mánuðum, en næst á eftir koma Asíu- og Kyrrahafsríki með 22 prósent, þá Rússland, Moldóva og Úkraína með 21 prósent, Rómanska Ameríka með 13 prósent, Suðaustur-Evrópa með 12 prósent, Evrópusambandsríki með fimm prósent og loks þótti ástandið best í Norður-Ameríku þar sem tvö prósent sögðust greiða mútur.

Af einstökum löndum reyndist ástandið verst í Kamerún, þar sem 79 prósent segjast þurfa að greiða mútur. Næst kemur Kambódía með 72 prósent, Albanía með 71 prósent og Kosovo með 67 prósent. Þar á eftir komu svo Pakistan og Makedónía með 44 prósent.

Ástandið er hins vegar best í Austurríki, Frakklandi, Íslandi, Japan, Kanada, Suður-Kóreu, Sviss og Svíþjóð þar sem eitt prósent segist hafa þurft að greiða mútur. - gb



**SPILLINGU MÓTMÆLT** Á Filippseyjum hafa undanfarnar vikur verið háværar mótmælaaðgerðir gegn spillingu stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vann ekki heimavinnuna:

# Bílalúgubankaræningi gripinn

**BANDARÍKIN** Kona á sextugsaldri var handtekin á þriðjudag eftir misheppnaða tilraun til bankaráns í bílalúgu. Hún keyrði upp að lúgu bankans, sem er í bænum Hardeeville í Flórída, rétti gjaldkeranum miða með fyrirmælum og beið róleg á meðan starfsmaðurinn hringdi á lögreglu. Hún reyndi hvorki að dulbúast né hylja númeraplöturnar á bílnum sínum.

Samkvæmt fréttavef The Beufort Gazette voru lögregluþjónar komnir á staðinn innan við mínútu eftir að símtalið barst, enda lögreglustöðin í sömu götu. Þá upphófst stutt eftirför sem lauk þegar konan gafst upp. - sþs




SMÁRALIND SÍMI 545 1550 · GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 · KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF




**ÁSKORUN ELDRI BORGARA** Brit Bieltvedt og Margrét Margeirsdóttir kynntu málefni aldraðra á fundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Búseta aðalbaráttumálið

**Félög og samtök um málefni aldraðra gagnrýna að í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar sé hvergi að finna áætlanir um fleiri hjúkrunarheimili, aukna heimaþjónustu eða hækkun daggjalda.**

**ÖLDRUNARMÁL** „Það sem við leggjum áherslu á eru búsetumál aldraðra og daggjöld,“ segir Brit Bieltvedt, formaður Félags stjórnenda í öldrunarþjónustu.

Félög og samtök um málefni aldraðra kynntu í gær áskorun til Alþingis og ríkisstjórnarinnar um að stórauka fjármagn til búsetu- og umönnunarmála aldraðra.

Brit segir að 374 hjúkrunarrými, sem byggð verða fyrir árið 2010, fullnægi ekki þörfinni í samfélaginu. Þá sé afar nauðsynlegt að flýta framkvæmdum því aldraðir sem þurfi á mikilli hjúkrun að halda geti ekki beðið í tvö ár.

Ríkisstjórnin boðaði aðgerðir til þess að bæta kjör aldraðra og öryrkja næstu tvö ár, sem kosta munu ríflega fjóra milljarða. Félögin gagnrýna að ekkert fé fari til framkvæmdasjóðs aldraðra í endurbætur og byggingu hjúkrunarheimila né til aukinnar heimaþjónustu eða hækkunar daggjalda.

Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags aldraðra í Reykjavík og nágrenni, sagði að fagna bæri aðgerðum ríkisstjórnarinnar og sagði þær vera til marks um breytt viðhorf til aldraðra.

Margrét gagnrýndi þó harðlega hjúkrunarheimili sem hún sagði vera úrelt fyrirkomulag. Fjölbýli, þar sem ókunnugt fólk deilir herbergi, væri barn síns tíma. Slíkt hefði fyrir löngu verið afnumið í nágrannalöndunum og á sambýlum fatlaðra á Íslandi.

Fimm félög aðstandenda aldraðra stóðu einnig að áskoruninni. Þeir sögðu búsetu aldraðra og heilabilaðra oft ekki mönnum bjóðandi og nauðsynlegt væri að auka þjónustu við aldraða svo hægt væri að mæta líkamlegum og andlegum þörfum þeirra. Þá hafi heimahjúkrun verið skorinn afar þröngur stakkur.

„Margar fjölskyldur þjást því þær koma ekki ástvinum sínum í þjónustu sem hæfir þeim. Oft verða til tveir sjúklingar í stað eins því aðstandandi gengur of nærri sér við stöðuga umönnun,“ segir Brit.

Brit gagnrýnir einnig óhagkvæmni þess að aldraðir og heilabilaðir séu látnir dveljast á sjúkrahúsum í stað þess að reisa hjúkrunarheimili, enda séu sjúkrahúsrými mun kostnaðarsamari.

eva@frettabladid.is


Fyrir jólin
Stór og lítil heimilistæki, símtæki og ljós í miklu úrvali.

Gæðaryksugur frá Siemens.
Virkilega þrífandi hrífandi.

Þessi er nauðsynleg við jólabaksturinn.
SIEMENS
Er ekki upplagt að fá sér ný ljós fyrir jólin?

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


Barnaheill vill að heildstæð stefna verði mótuð í kennslu:

# Hagur barna hafður að leiðarljósi

**BARNAVERND** Barnaheill leggja áherslu á að mörkuð verði heildstæð stefna í háskólum í kennslu um barnavernd og kynferðislegt ofbeldi. Háskóladeildir bjóði námskeið um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, rannsóknir um það verði efldar og útgáfa aukin. Þá gæti aukin samvinna milli háskóla og félagasamtaka nýst í kennslu á háskólastigi.

Evrópuhópur Barnaheilla leggja áherslu á að ávallt skuli hafa það sem barni er fyrir bestu að leiðarljósi þegar tekið er á mansali og að staða barnsins sem innflytjanda sé aukaatriði, að börnin fái áfallahjálp, aðhlynningu og strax aðgang að allri þjónustu. Þá fái það tilsjónarmann og fjölskylda þess verði fundin.

Þetta er meðal niðurstaðna á hádegisfundi Barnaheilla í átaki gegn kynbundnu ofbeldi. - ghs


Þriggja mánaða áskrift
að Tónlist.is á 0 kr.
Nú getur þú fengið aðgang að Tónlist.is í 3G símanum og hlustað á jólalögin, gamla standarda og splunkunýjar plötur eins og þig lystir.*
• Þú ferð einfaldlega á netið í 3G símanum þínum.
• Smellir á Tónlist.is undir „Myndir og músík“ eða slærð inn m.siminn.is.
• Velur „Nýskráning“ og svo þriggja mánaða áskrift að Tónlist.is í boði Símans.
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp
* Tilboðið gildir til 1. janúar 2008 eða á meðan birgðir endast
ENNEMM / SÍA / NM30764



*Allur matur á að fara ...*

með flutningabílum búnum sérhönnuðum kæli- og frystitækjum og geymast í þar til gerðum vörumóttökum, vottuðum af gæðaeftirlitskerfi GÁMES. Vel skipulagt flutningakerfi og reynsla í faglegum matvælaflutningum um allt land tryggja að neytandinn fær vöru sína ferska innan 24–48 tíma og alla leið

*... upp í munn og ofan í maga!*




Frekari upplýsingar um afgreiðslustaði er að finna á **landflutningar.is**

Landflutningar SAMSKIP


Maður dæmdur í þriðja sinn í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir kynferðisbrot:

# Nauðgaði veikri vinkonu sinni

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir nauðgun.

Maðurinn hefur áður hlotið ótal refsidóma, meðal annars tvisvar áður verið dæmdur fyrir kynferðisbrot.

Maðurinn kom í lok febrúar 2006 óboðinn heim til vinkonu sinnar, sem lá veik fyrir með mígreni. Konan neitaði að hleypa manninum inn en hann kvaðst vera með hluti í hennar eigu í fórum sínum.

Konan lagðist fyrir eftir að maðurinn kom inn en hann lagðist hjá henni og fór að leita á hana. Hann hætti um stundarsakir, þegar hún bað hann um það en hóf svo aftur að leita á konuna og hafði loks samfarir við hana gegn vilja hennar.

Við kærumeðferð kvaðst konan þekkja til ákærða, þau hefðu oft haft samfarir og maðurinn hefði meðal annars platað hana til þess að fá að taka af henni klámmyndir.

Maðurinn játaði sök við yfirheyrslur en dró játningu sína til baka fyrir dómi og sagði lögreglu hafa þvingað fram játningu. Hann sagðist einnig þjást af blóðtappa í höfði og ekki eiga nema tvö ár eftir ólifuð. Engin staðfesting fékkst hjá heilbrigðiskerfinu um meint veikindi mannsins.

## JÁTAÐI OG NEITAÐI

■ Þegar lögregluskýrsla var tekin af manninum játaði hann að hafa haft samfarir við konuna án hennar vilja. Þá lýsti hann atburðarásinni á mjög svipaðan hátt og konan lýsti í lögregluskýrslum.

■ Fyrir dómi dró hann játninguna til baka og þvertók fyrir að hafa haft samfarir við konuna. Lögreglumaður hefði þvingað hann til að játa brotið og hótað sér gæsluvarðhaldi ef hann játaði ekki.

Maðurinn var dæmdur til að greiða brotaþola átta hundruð þúsund krónur í skaðabætur. - æþe

# Vildi öðlast frægð

**Nítján ára piltur varð átta manns að bana í verslunarkjarna í Omaha á miðvikudaginn. Síðustu vikurnar hafði allt gengið á afturfótunum hjá honum. Hann virðist hafa ætlað að tryggja sér frægð um leið og hann svipti sig lífi.**

**BANDARÍKIN, AP** Robert Hawkins, nítján ára piltur sem varð átta manns að bana í verslunarkjarna í Bandaríkjunum á miðvikudag, virðist hafa ætlað að tryggja sér frægð um leið og hann svipti sig lífi.

Í verslun í verslunarkjarna í Omaha í Nebraska tók hann upp riffil og hóf skothríð á fólk af handahófi. Fólk reyndi að flýja inn í mátunarklefa og skrifstofur, en tveir starfsmenn verslunarinnar og sex viðskiptavinir létu lífið. Fimm manns særðust. Að lokum beindi hann rifflinum að sjálfum sér og hleypti af.

Hawkins var þunglyndur piltur sem hafði átt við erfiðleika að stríða í einkalífinu. Hann hafði nýlega skilið við kærustu sína, átti fáa vini og hafði einnig nýlega verið rekinn úr starfi hjá McDonald's-hamborgarakeðjunni. Hann hafði nokkrum sinnum komist í kast við lögin, hafði hætt í námi og var fluttur út frá foreldrum sínum. Hann hafði fengið inni hjá foreldrum vina sinna, þar sem reynt var að hjálpa honum.

„Þegar hann kom fyrst inn á heimilið var hann hlédrægur ungur maður sem átti í erfiðleikum, hann var eins og týndur hvolpur sem enginn vildi eiga," sagði Debora Maruca-Kovac, móðir vinanna sem skaut yfir hann skjólshúsi.

Hún segir hann hafa hringt í sig um það bil klukkustund áður en hann framdi voðaverkin. Þá hafi hann skrifað sjálfsvígsbréf þar sem hann sagði að sér þætti þetta allt saman leitt og nú þyrfti hann ekki lengur að vera byrði á fjölskyldu sinni. Síðan bætti hann við: „Nú verð ég frægur."

„Ég óttaðist að hann myndi reyna að fremja sjálfsvíg en mér datt aldrei í hug að hann myndi blanda svo mörgum öðrum fjölskyldum inn í þetta," sagði Maruca-Kovac.

Voðaverkin á miðvikudag eru önnur fjöldamorðin á þessu ári sem framin eru í verslunarkjarna í Bandaríkjunum. Í febrúar voru níu manns skotnir í verslunarkjarna í Salt Lake City og létust fimm þeirra. Lögreglumenn skutu til bana gerandann, átján ára pilt sem hét Sulejman Talovic. gudsteinn@frettabladid.is



**SLOPPIN ÚT** Viðskiptavinir koma út úr verslunarkjarnanum með hendur á lofti. NORDICPHOTOS/AFP



**ROBERT HAWKINS** Morðinginn er nítján ára piltur sem átti fáa vini og hafði átt í erfiðleikum í einkalífinu.





SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

www.volkswagen.is




Gæði og glæsileiki Volkswagen Passat er orðinn vel þekktur en þróunin heldur áfram. Nú bjóðum við Passat Comfortline með veglegum aukabúnaði:

- **16" álfelgur** • **Hraðastillir** • **Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan**
- **Leðurklætt stýri** • **Hiti í framsætum** • **Aðkomuljós**

**Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur**

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




## HOLTA FERSKUR KJÚKLINGUR

KJÚKLINGAVÆNGIR *239 kr/kg.* *Merkt verð 399 kr*
KJÚLINGALEGGIR *395 kr/kg.* *Merkt verð 659 kr/kg.*
KJÚKLINGALÆRI *395 kr/kg.* *Merkt verð 659 kr/kg.*
KJÚKLINGABRINGUR *1559 kr/kg.* *Merkt verð 2599 kr/kg.*




## SAMBANDS HANGIKJÖTIÐ

Úrbeinað hangilæri 35% afsláttur **1462 kr/kg.** *Merkt verð 2249 kr/kg*
Úrbeinaður hangiframp. 40% afsláttur **1139 kr/kg.** *Merkt verð 1899 k*




Bónus kryddaðir KJÚKLINGABITAR *349 kr/kg.*
**30% afsláttur.** *Merkt verð 499 kr/kg.*




Holta KJÚKL. HVERSDAGSSTEIK m/sólþurrkuðum tómötum
**455 kr/kg.** **40% afsláttur.** *Merkt verð 759 kr/kg.*




Pepsi MAX 2 ltr. 79 kr.

Pepsi 2 ltr. 79 kr.




**QUALITY STREET**
**Í KRUKKU**
**900g 998 kr.**

BÓNUS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




Ali hamborgarhryggur með beini **1252 kr/kg.** *Merkt verð 1789 kr/kg.*
Ali hamborgarhryggur úrbeinaður **1623 kr/kg.** *Merkt verð 2318 kr/kg.*




**NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK ROÐLAUS**
10% VERÐLÆKKUN. VERÐ NÚ 808 KR/KG.

## FÖSTUDAGSTILBOÐ




**Grísalundir 998 kr/kg.**
Ferskar eða kryddaðar - *1.5 tonn í boði*




BÓNUS-ÚRVALS KONFEKT 1 KG. 998 KR.




BÓNUS MALT
500 ML 59 KR.




HEIMILISBRAUÐ 1/2
375G 69 KR.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR** BÓNUS
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.

*Málþing*

**Hvað geta borgaryfirvöld gert til að sporna við ofbeldi gegn konum?**

*- málþing í tilefni af 16 daga alþjóðlegu átaki gegn kynbundnu ofbeldi*

Mannréttindanefnd Reykjavíkur boðar til málþings um hvernig borgaryfirvöld geti spornað við ofbeldi gegn konum. Málþingið verður haldið í **Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í dag föstudag 7. desember milli kl. 13.30 og 17.00**

**Spurningunni velta fyrir sér fulltrúar ýmissa félagasamtaka og stofnana:**

**kl. 13.30 Setning málþings,**
*Sóley Tómasdóttir,* formaður mannréttindanefndar Reykjavíkurborgar

**kl. 13.40 ReykjavíkurAkademían,**
*dr. Sólveig Anna Bóasdóttir*

**kl. 14.00 Stígamót,**
*Margrét Steinarsdóttir*

**kl. 14.20 Kvennaathvarfið,**
*Sigþrúður Guðmundsdóttir*

**kl. 14.40 Neyðarmóttaka vegna nauðgunarmála,**
*Eyrún B. Jónsdóttir*

**kl. 15.00 Hressing**

**kl. 15.30 Femínistafélagið,**
*Kristín Tómasdóttir* og *Kári Hólmar Ragnarsson*

**kl. 15.50 Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi,**
*Tatjana Latinovic*

**kl. 16.10 Jafningjafræðsla Hins hússins,**
*Edda Sigfúsdóttir* og *Vilhjálmur Leví*

**kl. 16.30 Samantekt og slit málþingsins,**
*Sóley Tómasdóttir*

Málþingsstjóri er *Felix Bergsson,*
fulltrúi í mannréttindanefnd

***Léttar veitingar að lokinni dagskrá***

***Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis***



**Auglýsingasími**
**512 50 50**


– Mest lesið


Almenningur hafnar undanþágum fyrir áliðnað segja Náttúruverndarsamtökin:

# Flestir vilja að stóriðjan borgi

**UMHVERFISMÁL** 94,5 prósent Íslendinga vilja að stóriðjufyrirtæki borgi fyrir losun sína á gróðurhúsalofttegundum, samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands.

Náttúruverndarsamtökin segja þetta lýsa því að almenningur hafni sérstökum undanþágum fyrir áliðnað á Íslandi. Fyrirtækin eigi sjálf að bera kostnað af menguninni.

Til samanburðar taldi þorri aðspurðra, eða 82,9 prósent, að öll fyrirtæki, ekki bara stóriðjufyrirtæki, ættu að greiða fyrir losun sína á lofttegundunum.

Að auki var spurt í könnuninni hvort almenningur ætti sjálfur að greiða fyrir sína losun á gróðurhúsalofttegundum og var ekki sami einhugur um það.

Um 49 prósent aðspurða töldu að svo ætti að vera, en 44 prósent voru því mótfallin.



**VERKSMIÐJA Á GRUNDARTANGA** Nær allir Íslendingar vilja að stóriðja borgi fyrir útblástur gróðurhúsalofttegunda, ef marka má könnun sem gerð var fyrir Náttúruverndarsamtökin. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Náttúruverndarsamtökin segja þetta benda til að ríkur vilji sé meðal almennings til að taka á sig kostnað vegna aðgerða stjórnvalda til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda. - kóþ

# Neitar leiðréttingu á þinglýstu Tívolíbréfi

**Sýslumaður neitar að leiðrétta eignarhald á Tívolílóðinni í þinglýsingarbókum eins og Hveragerðisbær krefst. Bæjarstjórinn segir Hvergerðinga ekki munu líða að verða sviptir eignarhaldi á lóðinni vegna mistaka sýslumannsins.**

**DÓMSMÁL** Sýslumaðurinn á Selfossi verður ekki við kröfu Hveragerðisbæjar um að aflétta þinglýsingu skjala sem færðu eignarhald á svokallaðri Tívolílóð frá bænum til byggingarréttarhafa á lóðinni.

Fram hefur komið í Fréttablaðinu að eigandi félags sem keypti byggingarrétt á Austurmörk 24 af Hveragerðisbæ breytti skjölum þannig að ekki aðeins var byggingarrétturinn skráður í þinglýsingarbækur á félagið heldur líka eignarhaldið á lóðinni. Þetta kom í ljós í haust þegar óskað var uppboðs á byggingarréttinum vegna vanskila á skuldabréfum sem hvíldu á Austurmörk 24. Hugðist þá sýslumaður bjóða upp saman byggingarréttinn og lóðina sjálfa. Því mótmælti Hveragerðisbær og fékk málinu frestað.

Svar frá Ólafi Helga Kjartanssyni sýslumanni var rætt í bæjarráði Hveragerðis í gær. „Litið var svo á að allar handskrifaðar innfærslur ættu heima í framsalinu og að Hveragerðisbæ væri um þær kunnugt í samræmi við undirritun bæjarstjóra á framsalið sjálft,“ segir Ólafur Helgi. Hann kveðst telja að ekki hafi verið gerð mistök í þinglýsingu og hafni því ósk um leiðréttingu.

Þá bendir sýslumaður á að nánast ómögulegt sé að skilja að byggingarrétt og eignarhald á lóð. Í lögunum sé ekkert sem skýri inntak hugtaksins byggingarréttur. „Hvor rétturinn um sig er háður hinum,“ segir Ólafur Helgi sem bendir á að Hveragerðisbær geti leitað til Héraðsdóms Suðurlands innan fjögurra vikna sætti bærinn sig ekki við ákvörðun hans.



**UPPBOÐ HJÁ SÝSLUMANNI** Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður á Selfossi bauð í gær upp byggingarrétt á lóðinni Austurmörk 24 sem var veð fyrir meira en 400 milljóna skuld. Fulltrúar Hveragerðisbæjar, f.v. Herdís Þórðardóttir oddviti minnihlutans, Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri og Guðjón Ægir Sigurjónsson lögmaður, mættu líka. MYND/EGILL

> Þetta bréf frá sýslumanni er afar sérkennilegt svo ekki sé tekið dýpra í árinni.
>
> **ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR**
> BÆJARSTJÓRI Í HVERAGERÐI

„Þetta bréf frá sýslumanni er afar sérkennilegt svo ekki sé tekið dýpra í árinni,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri. Hún kveður bæjarstjórnina munu funda í næstu viku með lögmönnum um framhald málsins. „Við líðum það náttúrulega ekki að eign okkar sé með þessum hætti frá okkur tekin. Þetta eru einfaldlega mistök í þinglýsingu hjá sýslumanni og það sjá það allir.“

Bæjarstjórinn er ósammála sýslumanni um að byggingarréttur verði ekki skilinn frá eignarrétti á lóð. „Það er verið að selja byggingarrétt hér um allt land með svipuðum ákvæðum og eru í okkar samningi,“ segir Aldís.

Fulltrúar frá Hveragerðisbæ fóru eftir hádegi í gær á skrifstofu sýslumanns til að vera viðstödd uppboð á byggingarrétti á Tívolílóðinni. „Við mættum þangað til að láta færa til bókar að það væri verið að bjóða upp byggingarréttinn án allra lóðarréttinda,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir.

gar@frettabladid.is

Rannsókn á fjárreiðum sveitarstjórans í Grímsey lýkur um helgina:

# Vísbendingar um fjárdrátt

**RANNSÓKN** „Það er töluvert sem við vitum og grunum hann um en við þurfum að fá sannanir,“ segir Alfreð Garðarsson, einn sveitarstjórnarmanna í Grímsey. „Ég vil ekkert gefa upp um hve mikið við erum að tala í peningum en hreppinn munar um hverja krónu.“

Sveitarstjórnin hefur rannsakað fjármál sveitarstjórans eftir að hann játaði fyrir dómi á dögunum að hafa dregið sér tæp þréttán tonn af olíu á meðan hann gegndi stöðu umboðsmanns Olíudreifingar. Olíuna notaði hann til að kynda heimili sitt og verslun sem hann rak í eynni.

Maðurinn hefur gegnt stöðu sveitarstjóra síðan í sumar en hann sat sem oddviti í hreppsnefndinni í tvö ár fram að því.

Skrifstofa hans var innsigluð í kjölfarið og sveitarstjórnin hratt af stað rannsókn til að kanna hvort allt væri með felldu í fjármálum hreppsins.

„Það ríkir mikil sorg hér í eynni út af þessu öllu saman. Þetta er bara einn stór harmleikur,“ segir Alfreð.

Sveitarstjórinn hefur gegnt starfi umboðsmanns Íslandspósts í Grímsey í nokkur ár og þar er hafin rannsókn á störfum hans fyrir fyrirtækið. - æþe




ÍTÖLSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ
REGNBOGANUM
6.-12. desember
NÝJAR ÍTALSKAR KVIKMYNDIR



Kiri Te Kanawa syngur fyrir lífið }
Styrktartónleikar í Háskólabíói í kvöld, föstudagskvöld.
Ein frægasta óperusöngkona heims, Kiri Te Kanawa, tekur höndum saman með Garðari Thór Cortes, Sinfóníuhljómsveit Íslands og FL Group til styrktar Barna- og unglingageðdeild Landspítala, BUGL. Allur ágóði rennur til verkefnisins Lífið kallar, sem miðar að því að byggja upp verndandi öryggisnet fyrir börn og unglinga sem misst hafa lífslöngunina tímabundið. Uppselt er á tónleikana.
FL Group og Sinfóníuhljómsveit Íslands óska tónleikagestum góðrar skemmtunar.
FL Group er styrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands og BUGL
Fíton/SÍA FI023679

## „ORÐRÉTT“

### Ekki hætt

**„Ég legg áherslu á að þetta er bara skref, við erum alls ekki hætt.“**

GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA UM AÐGERÐIR STJÓRNVALDA Í ÞÁGU ALDRAÐRA OG ÖRYRKJA.
**Fréttablaðið 6.desember.**

### Hinn mikli þjófur

**„Það er enginn meiri þjófur til, hvað lífskjör allra varðar, en verðbólgan, sem öllu vill stela.“**

GUÐNI ÁGÚSTSSON VONAR AÐ VERÐBÓLGAN HIRÐI EKKI KJARABÆTUR ÖRYRKJA OG ALDRAÐRA.
**Fréttablaðið 6. desember.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SVEINN RÚNAR HAUKSSON, LÆKNIR OG FORMAÐUR ÍSLANDS-PALESTÍNU

## *Nýkominn aftur frá Gaza-svæðinu*



„Ég var að koma aftur frá Gaza-svæðinu og get sagt þér hvað er að frétta þaðan,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og formaður Íslands-Palestínu.

„Ég varð ekki var við aðra gesti á hótelinu mínu, því ég var kominn inn í eitt stórt fangelsi. Þarna vantar allar helstu nauðsynjar, þar með talin næstum öll lyf og matvæli eru af mjög skornum skammti. Alla varahluti vantar fyrir rafeindatæki og allt þetta gerir að verkum að heilbrigðisþjónustan er lítil sem engin,“ segir Sveinn.

Ísraelsmenn hafi hótað að taka rafmagnið af svæðinu í byrjun mánaðarins en því hafi verið frestað til 21. des. með dómsúrskurði. „Og ef þeir gera það þá stöðvast rafmagnsdælurnar sem pumpa söltu drykkjarvatninu úr brunnum, fyrir utan dælurnar sem pumpa skólpi.“

Sveinn hefur ferðast öðru hvoru til Palestínu allar götur síðan 1990. Hann segir ástandið aldrei hafa verið jafn ömurlegt. „Þetta er einhvern veginn allt öðruvísi núna því það er verið að banna fólki allar bjargir. Það segir sig sjálft að þegar vatn og rafmagn er tekið af fólki þá er ekki mikið eftir. Það er alveg ótrúlegt ef heimurinn ætlar að horfa upp á þessar aðfarir án þess að gera nokkuð. Á sama tíma og menn þykjast vera að ræða frið og friðsamlegar lausnir á málunum er fólk að deyja fyrir hendi Ísraelshers. Það var alveg voðalegt að koma þarna og að sjá að ástandið er jafn ægilegt og raun ber vitni.“

Á Gaza-svæðinu er yfir 70 prósenta atvinnuleysi og 80 prósent lifa undir hungurmörkum, segir Sveinn. Fólk lifi á matargjöfum hjálparstarfsmanna, sem komast inn á svæðið öðru hvoru, eftir duttlungum hersins.

„Ég hvet fólk til að kynna sér þetta betur á www.end-gaza-siege.ps,“ segir Sveinn og kveður.

## SJÓNARHÓLL
**AÐGERÐIR Í ÞÁGU ALDRAÐRA**

### *Gott að þeir geri eitthvað*



**ÁSDÍS JÓELSDÓTTIR**
Kennari.

„Ég hef nú ekki sett mig mikið inn í þetta mál, en auðvitað er gott mál ef þeir eru að gera eitthvað í þessu,“ segir Ásdís Jóelsdóttir kennari um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þágu öryrkja og aldraðra, sem kynntar voru í fyrradag. „Ég á sjálf aldraða foreldra sem eru á hjúkrunarheimili og kannast við allt baslið í kringum það.“

Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar miðast aðgerðirnar meðal annars við að skerðing tryggingabóta vegna tekna maka verði afnumin og frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega hækki í hundrað þúsund krónur.

Ásdís segist þekkja vandamál sem tengist þessum málum, og líst ágætlega á lausnirnar. „Síðan finnst mér rétt að nefna það að heimahjálp er engin lausn, aldraðir geta fengið þessa þjónustu en hún hentar ekkert öllum. Mér finnst að aldraðir eigi að hafa rétt á að fara á hjúkrunarheimili, þeir hafa greitt fyrir það með sínum sköttum.“


OPIÐ HÚS HJÁ SVFR
Föstudaginn 7. desember

Dagskrá:
::: Séra Pálmi Matthíasson blessar vetrarstarfið
::: Bubbi Morthens kynnir nýju bókina sína
::: Guðmundur Guðjónsson kynnir 2 nýjar bækur
::: Einar Falur og Ingólfur kynna nýja bók
::: Guðmundur formaður segir frá nýjum svæðum SVFR
::: Veiðistaðalýsing, Langá á Mýrum
::: Myndagetraunin magnaða
::: Happahylurinn verður á sínum stað í boði Intersport

MIKIÐ STUÐ - HÚSIÐ OPNAR KL. 20.00

INTERSPORT SVFR









**JÓN HÁKON ÁGÚSTSSON Í HÚSASMIÐJUNNI** Það er eins gott að það sé gaman í vinnunni hjá Jóni Hákoni því hann þarf að leggja að baki eina 384 kílómetra til að komast í hana heiman frá sér úr Arnarfirðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Heim frá Arnarfirði til vinnu í Skútuvogi

**Bílddælingar voru vanir að geta gengið til vinnu sinnar enda er þorpið lítið og fámennt. Því er ekki þannig farið með Jón Hákon Ágústsson, sem þarf að ferðast 384 kílómetra til vinnu sinnar í Skútuvogi í Reykjavík.**



**BÍLDUDALUR** Vonast er til að atvinnuástandið batni á staðnum.

„Það er ekkert gaman að þessu en maður lætur sig hafa það,“ segir Jón Hákon Ágústsson, sem búsettur er á Bíldudal en starfar sem vaktstjóri og aðstoðarrekstrarstjóri í Húsasmiðjunni í Skútuvogi. Það er að segja 384 kílómetrum frá heimili sínu.

„Sem betur fer búa móðir mín og bróðir hérna í bænum og ég hef fengið herbergi hjá þeim. Þetta væri nú varla hægt ef maður þyrfti að leigja hérna. Venjulega kemst ég heim aðra hvora helgi með því að skipta, þá legg ég í hann á fimmudagskvöldi og svo legg ég í hann aftur frá Bíldudal um miðjan dag á sunnudegi.“

Jón Hákon ólst upp á Bíldudal eins og kona hans, Guðbjörg J. Theódórs, en þau fluttu til Reykjavíkur þegar komið var að framhaldsskólanámi. Árið 2003 héldu þau aftur vestur og Jón Hákon opnaði veitingastofu í gamla Kaupfélaginu en hún hártískuhúsið Centrum. „Svo var fólksfækkunin orðin svo mikil að það var ekki nokkur grundvöllur fyrir því að reka veitingastofuna áfram svo ég skellti bara í lás. Ég leitaði að vinnu fyrir vestan en það var enga vinnu að fá. Þegar mér bauðst svo þessi vinna í sumar hjá Húsasmiðjunni tók ég því með glöðu geði enda ekkert annað að gera eins og staðan var.“

Það er rífandi gangur hjá Guðbjörgu á Centrum en vissulega unir hún þessum hag þeirra illa. „Þetta er náttúrlega ekkert skemmtilegt en maður lætur sig hafa það,“ segir hún. „Reyndar var faðir minn sjómaður og var því oft fjarverandi þannig að ég þekki þetta,“ segir hún. Dætur þeirra hjóna, Veroníka sem er sex ára, og Sylvía Björt sem er tíu ára, hafa þurft að búa við þetta fyrirkomulag frá því í sumar. „Þetta er ekkert auðvelt fyrir þær,“ segir Guðbjörg meðan hún klippir viðskiptavin sem kominn er frá Tálknafirði til að láta hana fara höndum um hár sitt. „Þau eru líka þung skrefin fyrir mig þegar ég þarf að hafa mig af stað suður,“ segir Jón Hákon.

Þótt vestfirskir sjómenn hafi mátt búa við álíka örlög heila ævi á árum áður ætla þau hjúin ekki að una þessu lengi. „Ég er að vonast til að atvinnumálin vænkist á Bíldudal, þá fer ég vestur alveg um leið. Nú fer kalkþörungaverksmiðjan að fara á fullt svo vonir manns glæðast vissulega við það. Nú, ég tala nú ekki um ef af olíuhreinsunarstöðinni verður. Eflaust þyrfti þá Húsasmiðjan útibú á Bíldudal, þá er ég með lausnina við því,“ segir hann og hlær. „Ef ekkert gerist í þeim atvinnumálum þá kemur Guðbjörg með stelpurnar suður þegar skólanum lýkur, það er ekkert annað að gera.“



**GUÐBJÖRG J. THEÓDÓRS** Í hártískuhúsinu Centrum á Bíldudal.

Þessir 384 kílómetrar sem skilja heimili hans frá vinnustaðnum eru síður en svo greiðfarnir. „Ég held ég sé búinn að eyðileggja fjögur dekk á þessu,“ segir hann og hlær við. Og nú er sá tími genginn í garð að það þykir ekkert sjálfsagt að fært sé yfir Klettsháls eða aðrar heiðar á leiðinni vestur og því ekkert sjálfgefið að Jón Hákon komist heim til að njóta frídaganna þegar að þeim kemur.

Jón Hákon er alls ekki eini Bílddælingurinn sem þarf að ferðast til vinnu sinnar. „Það eru nokkrir sem vinna í vegavinnu í Kollafirði og svo er það einn sem hefur verið að róa frá Grindavík í árafjöld,“ segir Jón Hákon.

En hvar svo sem Jón Hákon sækir vinnu í framtíðinni og hvar sem þau hengja hattinn er alveg víst hvert vilji þeirra stefnir. „Við viljum eiga heima hér á Bíldudal,“ segir Guðbjörg. jse@frettabladid.is

Bílaútsala Hertz hjá Toppbílum Klettháls 2

# Komdu áður en þeir fara!

## Gerðu frábær kaup á notuðum bíl frá Hertz



VERÐDÆMI

**Suzuki Grand Vitara**

Árgerð: 2005 — Sjálfskiptur
Ekinn: 47.000 — Ásett verð: 2.080.000
**Tilboð: 1.570.000** — Afsláttur: 510.000



VERÐDÆMI

**Suzuki Grand Vitara**

Árgerð: 2006 — Beinskiptur
Ekinn: 65.000 — Ásett verð: 2.190.000
**Tilboð: 1.690.000** — Afsláttur: 500.000



VERÐDÆMI

**Suzuki Liana**

Árgerð: 2005 — Sjálfskiptur
Ekinn: 40.000 — Ásett verð: 1.390.000
**Tilboð: 990.000** — Afsláttur: 400.000



VERÐDÆMI

**Suzuki Jimny**

Árgerð: 2006 — Beinskiptur
Ekinn: 34.000 — Ásett verð: 1.470.000
**Tilboð: 1.090.000** — Afsláttur: 380.000

- Ótrúlegt verð!
  100% lán frá TM
- Toppbílar
  Klettháls 2
  Sími: 587-2000
- Takmarkað magn
  Komdu strax!
- Sölutímabil:
  Föstudagur 7. des. Opið 10-18
  Laugardagur 8. des. Opið 12-16
  Mánudagur 10. des. Opið 10-18

**Hvers vegna notaðan bílaleigubíl frá Hertz?**

Hertz er alþjóðleg keðja sem leggur mikinn metnað í öryggi og gæði.
Öflugt viðhald er á bílunum og eru þeir yfirfarnir fyrir hverja leigu.

TOPPBÍLAR bílasala

TM

Hertz

# SANGEAN

SANGEAN eru hágæða útvarpstæki.
Frábær hljómgæði, skemmtileg hönnun
og vandaður útvarpsmóttakari.



FM/AM útvarp
Innbyggt loftnet – tengi fyrir aukaloftnet
Aux inngangur
Tengi fyrir heyrnartól
Faánlegt í viðarlit, Silfur eða svart

SANGEAN-WR-1 · *Verð: 13.900,- kr.*



FM/AM útvarp
Innbyggt loftnet – tengi fyrir aukaloftnet
Aux inngangur
Tengi fyrir heyrnartól
Faánlegt Silfur eða svart
Aðskilin bassa & diskant stilling
Fjarstýring

SANGEAN-WR-2 · *Verð: 22.500,- kr.*



FM/AM útvarp
CD / MP3 / USB
20 Stöðva Minni
Innbyggt loftnet - tengi fyrir aukaloftnet
Aux inngangur / Minniskortalesari
Tengi fyrir heyrnartól / Fjarstýring
Aðskilin bassa & diskant stilling

SANGEAN-WR-3 · *Verð: 49.900,- kr.*



FM/AM útvarp
Vatnsvarið
10 Stöðva Minni
Innbyggt loftnet
Klukka

SANGEAN-H201 · *Verð: 13.500,- kr.*

## JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA
Mest selda leikjatölva veraldar




VERÐTRYGGING!!
**Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON**

*Ómótstæðilegt leikjasafn!*

SAMSUNG

**MERGJUÐ HLJÓMGÆÐI**
**Tónlistarbankinn þinn**
*Leggðu inn að vild og njóttu ávaxtanna!*



· 3 litir og 3 stærðir
· Tónlistarspilari með útvarpi.
· Rafhlaðan endist í 25 klst.

***Samsung** YPK3F*
***Verð :***
***1 GB: 11.900,-***
***2 GB: 14.900,-***
***4 GB: 17.900,-***

CELESTRON
Astromaster 70AZ
Stjörnusjónauki

MESTA ÚRVAL LANDSINS
AF STJÖRNUSJÓNAUKUM
*í Ormsson Smáralind*



Listaverð kr. 12.900,-
***Tilboðsverð kr. 9.900,-***

OLYMPUS



**OLYMPUS E-510 SLR-Double Zoom Kit**
· 10.0 milljón pixlar
· Live View á 2,5" skjá
· Hristivörn í vél
· "Dust Reduction System" rykfríar myndir
· Depth of field Preview
· Lokarahraði 1/4000—60 sec, Bulb
· Innbyggt flass. Hægt að bæta við auka Olympus flassi.
· 18 mismunandi programstillingar.
· Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
· Jpeg og RAW skráarsnið
· 3 ára ábyrgð

EISA AWARD Best Product 2007-2008 CONSUMER CAMERA Olympus E-510

**TVÆR LINSUR:**
**14-42mm & 40-150mm**
*Verð: 89.900,- kr.*

*Myndavél sem hefur fengið frábæra dóma.*

# HÁTÍÐ ER Í BÆ



Solis
OF SWITZERLAND

Mínútugrill fyrir mikla matgæðinga – 2 stærðir.

Fyrir mikla og rosamikla matgæðinga



Solis
OF SWITZERLAND

Nýr og flottur blandari frá svissnesku snillingunum í SOLIS.

1200W

ZWILLING



Úrvals hnífar - vönduð matargerð.



AEG

Sterkur blandari. Ómissandi í matargerðina.



AEG

Expresso kaffivél sem bjargar deginum! Frábær vél á góðu verði.



AEG

AEG AT260 Einfaldlega klassísk brauðrist sem endist lengi. Verð kr. 5.990,-

TEFAL



KLASSÍSKAR OG ÖFLUGAR HITAKÖNNUR
- úr stáli

KYNNIÐ YKKUR ÚRVALIÐ!

TEFAL



EÐAL POTTAR OG PÖNNUR FRÁ JAMIE OLIVER OG TEFAL
Jólaverð frá kr. 5.600,-




AEG UPPÞVOTTAVÉLAR
JÓLAVERÐ:
Kr. 89.900 Stál · Kr. 79.900 Hvít

TEFAL



TEFAL privilege
POTTAR OG PÖNNUR Í MIKLU ÚRVALI

TEFAL



Traust mínútugrill frá TEFAL.
Jólaverð frá kr. 8.990,-



Emile Henry
Poterie culinaire
FRANCE

Þú býrð vel með Emile Henry.
Komdu og kynntu þér þér úrvalið
í þessari fallegu vöru.



brabantia
solid company

HÖNNUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA

Emile Henry
Poterie culinaire
FRANCE




Emile Henry Flame

FRÁBÆR FRÖNSK LEIRVARA
*Eftirsótt um alla Evrópu.*

# ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

## Svona erum við

> Spá um mannfjöldaþróun á Íslandi




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** LANDSNET HF.

# *Sér um flutning rafmagnsins um landið*



Félagið Landsnet hf. á og rekur allar megin flutningslínur rafmagns á Íslandi. Til svokallaðs stofnulínukerfis telast allar rafmagnslínur sem eru með 66 kílóvatta spennu og hærri auk 33 kílóvatta.

**Hvert er hlutverk Landsnets?**
Hlutverk Landsnets er að annast flutning á raforku um landið og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum raforkulaga frá því árið 2003. Félaginu er ekki heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum. Þó er félaginu heimilt að reka raforkumarkað. Stjórn félagsins á að vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

**Hverjir eru eigendur Landsnets?**
Langsamlega stærsti eigandi Landsnets, með um 68 prósenta hlut, er Landsvirkjun en aðrir eigendur eru RARIK, Orkuveita Reykjavíkur og Orkubú Vestfjarða. Félögin hafa lagt inn flutningsvirki sín sem hlutafé. Í ársbyrjun 2005 voru áætluð verðmæti flutningskerfis Landsnets um sjötíu milljarðar að stofnvirði en bókfært virði þeirra var um 32 milljarðar. Verðmætin eru að mestu leyti bundin í háspennulínum og tengivirkjum.

**Hvaða veitur eru tengdar Landsneti?**
Allar dreifiveitur og stórnotendur eru tengdar við flutningskerfi Landsnets hf. Allar virkjanir sem eru sjö megavött og stærri eiga að tengjast flutningskerfinu samkvæmt lögum.

## SPURT & SVARAÐ
**SJÁVARFALLAVIRKJANIR**

### *Áhrif á lífríki minni háttar*



**RÓBERT A. STEFÁNSSON**
Forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.

Uppi eru hugmyndir um að koma svokallaðri sjávarfallavirkjun fyrir í Breiðafirði. Róbert A. Stefánsson er forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.

**Hvernig virka sjávarfallavirkjanir?** Þær nota sjávarfallastrauma til að snúa hverflum og framleiða rafmagn. Þetta er frekar einföld eðlisfræði en Breiðafjörðurinn hefur helst verið nefndur þar sem sjávarfallastraumar hér eru sterkari en annars staðar.

**Hvaða áhrif hafa sjávarfallavirkjanir á lífríki sjávar?** Það er nú talið að áhrifin á lífríkið séu minni háttar, en það á eftir að skoða þetta betur. Ég veit í raun ekki um nein neikvæð áhrif.

**Eru þessar virkjanir sniðugar?** Ég veit ekkert um hagkvæmnina en menn telja að þetta sé möguleiki. Það sem ég hef mestar áhyggjur af eru landslagsáhrif, þá ræður mestu hvort menn sökkvi tækjabúnaðinum í sjó eða hafi hann uppi á landi og þá óttast ég sjónmengun af völdum virkjana af þessu tagi.

Kaupþing banki, kt. 560882-0419 hefur birt lýsingu vegna skráningar víxla bankans í OMX Nordic Exchange Iceland hf., fyrir árið 2008. Útgefnir voru víxlar að fjárhæð kr. 60.000.000.000 í 3 flokkum og var hver víxlaflokkur að hámarki kr. 20.000.000.000. Þann 7 desember 2007 verða þrír neðangreindir flokkar víxla skráðir en heildarverðmæti þeirra víxla sem skráðir verða er að fjárhæð kr. 5.080.000.000. Einingar víxlanna eru 5.000.000,- kr. Víxlarnir eru vaxtalausir og óverðtryggðir.

| Auðkenni | útgáfudagur | Gjalddagi |
|---|---|---|
| KAUP 08 1015 | 6. september 2007 | 15. október 2008 |
| KAUP 08 1114 | 6. september 2007 | 14. nóvember 2008 |
| KAUP 08 1215 | 6. september 2007 | 15. desember 2008 |

Lýsingu og þau gögn sem vitnað er til í henni er hægt að nálgast hjá Kaupþingi Banka hf., Borgartúni 19 Reykjavík í eitt ár frá skráningu lýsingar. Lýsingu er einnig hægt að nálgast á heimasíðum Kaupþings banka hf. www.kaupthing.com og www.kaupthing.is. Umsjónaraðili skráningar í OMX Nordic Exchange Iceland er Kaupþing banki hf.

Reykjavík, 7. desember 2007

KAUPÞING

# Flest tjón verða við aftanákeyrslur

**Flest tjón og slys í umferðinni verða á föstudögum. Hættulegustu gatnamótin eru við Kringlumýrarbraut og Miklubraut og sautján ára ökumenn ollu nær þriðjungi færri slysum en ökumenn sem eru einu ári eldri. Þeir stóðu sig einnig mun betur en nítján ára ökumenn.**

Föstudagur er í hugum margra dagur fagurra fyrirheita og margir halda heim úr vinnu fullir tilhlökkunar. Ströng vinnuvika er þá að baki en frídagar í faðmi fjölskyldu fram undan. Ef rýnt er í tölur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu má þó einnig sjá að föstudeginum fylgja fleiri slys og tjón í umferðinni en aðra daga svo vegfarendur skyldu varast það að láta óþreyjuna ná tökum á sér þótt heimferðin geti reynst seinfarin í dag.

Frá ársbyrjun og til nóvemberloka hafa orðið 852 slys í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu. Þar af hafa 146 komið upp á föstudegi, eða sautján prósent. Flest slysanna verða milli klukkan fjögur og fimm síðdegis enda eru þá flestir á leið úr vinnu.

Ef miðað er við gögn frá Sjóvá Forvarnarhúsi um slys og tjón er það sama uppi á teningnum; hvort sem tekið er höfuðborgarsvæðið eða landið allt verða flest slys og tjón á föstudegi.

### Gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar

Mesta slysagildran á landinu er gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Ef miðað er við gögn frá Sjóvá Forvarnarhúsinu um slys og tjón á síðasta ári kemur í ljós að átján prósent slysa og þrettán prósent tjóna verða á þessum gatnamótum. Hvað tjónum viðvíkur verða þau flest við aftanákeyrslur. „Oft eru þetta tjón þar sem ekið er aftan á heiðarlega ökumenn sem stoppa á gulu ljósi en eru svo óheppnir að fá næsta bíl aftan á sig þar sem ökumaður hans á ekki von á því að ökumaður bílsins fyrir framan virði gula ljósið og ætlar sér meira að segja sjálfur yfir á rauðgulu ef svo mætti segja,“ útskýrir Einar Guðmundsson, forstöðumaður Sjóvár Forvarnarhúss. Ökumönnum er því hollast að fara sér hægt hjá umferðarljósunum og gera frekar ráð fyrir því að ökumaður í bifreiðinni á undan virði umferðarljós.

Hugmyndir hafa verið uppi um að leiða Kringlumýrarbraut og Miklubraut í stokk neðanjarðar en hafa hringtorg ofanjarðar þar sem ökumenn geti beygt út af þessum götum.

„Það voru því mikil vonbrigði að nýr meirihluti í borgarstjórn skyldi taka þessar framkvæmdir af dagskrá miðað við þann fjölda slysa sem á sér stað þarna,“ segir Einar. Einnig er hægt að draga úr hættunni sem leynast á hinum ýmsu gatnamótum með því að liðka fyrir umferð á nálægum stöðum. Til dæmis hefur slysum og tjónum stórlega fækkað á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar síðustu ár og spurning er hvort framkvæmdir við Mjódd sem liðkaði fyrir umferð þar eigi þátt í þeirri heillaþróun.

### Karlar valda fleiri slysum og tjónum

Þegar gögnin eru skoðuð út frá aldri og kyni þeirra sem verða fyrir slysum og tjónum kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Til dæmis eru það mun fleiri karlar sem verða fyrir slysum og tjónum á höfuðborgarsvæðinu, eða um 60 prósent, samkvæmt upplýsingum frá Forvarnarhúsinu. Það sem af er þessu ári hafa 15 beðið bana í umferðinni á landinu öllu en þar af eru aðeins tvær konur. 145 hafa orðið fyrir alvarlegu slysi; 95 karlmenn og 50 konur.

### Ökunámið skiptir meira máli en aldur ökumanna

Flestir skyldu halda að yngstu ökumennirnir yllu mestum skaða. Hugmyndir um að hækka ökuleyfisaldurinn hafa farið fjöllum hærra undanfarin ár. Gögn Forvarnarhúss benda hins vegar til þess að ökukennslan sjálf og aðgerðir sem beinast að nýjum ökumönnum hafa mun meiri áhrif en aldur ökumanna. Á síðasta ári voru langflestir tjónvaldarnir 18 og 19 ára. Hvor árgangur hafði valdið 129 þeim tjónum sem tilkynnt voru hjá Sjóvá. 17 ára nýgræðingarnir koma hins vegar langt á eftir með 79 tjón á samviskunni. En það þurfa heldur ekki allir að vera með ökuréttindi til að valda tjóni því 16 ára unglingar urðu valdir að 82 tjónum. Það er því ljóst að æfingaaksturinn tekur sinn toll en þó ber að geta þess að árangur yngri ökumanna hefur batnað með árunum en árið 1989 urðu 40 prósent nýrra ökumanna fyrir tjóni. Það sem er enn athyglisverðara er að þeir sem voru á 19. ári ollu 43 slysum í umferðinni af þeim sem eru einu ári yngri slösuðust ollu aðeins 17 eða næstum því þriðjungi færri.

„Undanfarin ár hafa 17 ára ökumenn verið valdar að langflestum slysum en svo hefur það hlutfall farið minnkandi en nú er svo komið, í fyrsta sinn, að þeir valda færri tjónum en hinir sem eru einu og tveimur árum eldri,“ segir Einar. „Hugsanlega er skýringuna að finna í ökumatinu sem sett var á í fyrra en það þýðir að ef ökumaður fær fjóra refsipunkta meðan hann er með bráðabirgðaskírteini fer hann í akstursbann og þarf því að fara á námskeið og taka prófið aftur. Hugsunin er sú að sá sem fær fjóra punkta svona skömmu eftir að hafa farið í gegnum ökunámið hafi hreinlega ekki verið að fylgjast með og hefur því þörf á að fara yfir þetta aftur. Ef þetta er ekki skýringin má velta því fyrir sér hvort þetta sé svona svakalega klár árgangur,“ segir Einar og hlær við.

35 ára ökumenn, sem ættu að hafa nokkuð góða ökureynslu, ollu 70 tjónum eða einungis níu færri en nýgræðingarnir. Eflaust gæti það reynst fleirum en nýgræðingum erfitt að sleppa við þessa fjóra punkta en það þarf ekki annað en að aka yfir á rauðu ljósi til að fá þá.

En hvað sem allri tölfræði líður þá ættu ökumenn að fara varlega í umferðinni í dag sem og aðra daga; af hvaða aldri og kyni sem hann nú er og sama hvaða gatnamót hann fer um.



**UMFERÐ UM KRINGLUMÝRARBRAUT** Umferðin um Kringlumýrarbraut getur verið þung og á henni er að finna mörg varasöm gatnamót. Það er því betra að passa sig í umferðinni í dag, föstudag, en flestu tjónin og slysin verða á þessum degi.

**FJÖLDI TJÓNA OG SLYSA EFTIR ALDRI**




**TÍÐNI UMFERÐARSLYSA EFTIR VIKUDÖGUM 2007**

**Hlutfall tjóna og slysa tilkynnt tryggingarfélögum eftir vikudögum á landinu öllu.**

| | Fjöldi tjóna | Fjöldi slasaðra |
|---|---|---|
| **Sunnudagur** | 9,0% | 16,7% |
| **Mánudagur** | 15,5% | 15,9% |
| **Þriðjudagur** | 15,3% | 12,3% |
| **Miðvikudagur** | 15,3% | 11,7% |
| **Fimmtudagur** | 15,9% | 14,2% |
| **Föstudagur** | 17,4% | 18,7% |
| **Laugardagur** | 11,6% | 10,6% |

Heimild: Forvarnarhús Sjóvár.



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is

Nýtt kortatímabil!

# Ódýrast í Hagkaupum

samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins 6. desember

OPIÐ TIL 22:00 föstudag og laugardag




## VERÐKÖNNUN Á BORÐSPILUM

| | Eymundsson | Hagkaup | Mál og menning | BT | Just4Kids | Toys R Us |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Party & Co. | - | 4.949 kr. | - | - | - | 4.999 kr. |
| Trivial Pursuit | 7.410 kr. | - | 7.410 kr. | 5.999 kr. | 5.498 kr. | 2.999 kr. |
| Scrabble | - | 2.999 kr. | 3.810 kr. | - | - | 2.999 kr. |
| Monopoly | 6.995 kr. | 5.795 kr. | 6.995 kr. | - | 5.798 kr. | 6.499 kr. |
| Draumaeyjan | 5.450 kr. | 3.970 kr. | 5.450 kr. | - | 3.974 kr. | 4.999 kr. |

Gildir til 11. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**Vefurinn:** StumbleUpon

Rápaðu um vefinn með hjálp StumbleUpon. Notendur mæla með síðum og birta tengla hingað og þangað á vefnum.

www.stumbleupon.com

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

**TÆKNISPJALL:** FJARSKIPTAFYRIRTÆKIÐ ICECELL UNDIRBÝR INNREIÐ SÍNA Á ÍSLENSKAN MARKAÐ

## *Stefna á að hefja starfsemina í júní*

Tvö ný fjarskiptafyrirtæki bætast í flóruna hér á næsta ári: IceCell og Amitelo. Þau koma bæði frá Sviss, og voru með bestu tilboðin þegar Póst- og fjarskiptastofnun bauð út rekstur tveggja GSM-kerfa fyrr á þessu ári. Ólafur Sigurvinsson, framkvæmdastjóri IceCell, segir undirbúningsvinnu ganga vel og stefnir á að hefja starfsemi í júní á næsta ári.



„Núna er í gangi undirbúningsvinna hjá okkur, og síðan förum við af krafti í uppbyggingu GSM-sendanna eftir áramót. Við vorum með þýskt uppsetningarteymi hjá okkur í vikunni að skoða aðstæður og þeim leist mjög vel á þetta,“ segir hann. „Uppbyggingin á netinu fer fram í febrúar og mars, svo taka við prófanir og slíkt, þannig að við erum að stefna á að hefja starfsemi í júní.“

Aðspurður hvaða áhrif innkoma Nova á fjarskiptamarkaðinn hafi á IceCell segir Ólafur að fyrirtækin leggi áherslur á mismunandi þjónustu. „Þeir eru að leggja áherslu á þriðju kynslóðina (3G), en við verðum með venjulega GSM-þjónustu á okkar eigin neti. Það verður samt keppt um viðskiptavini, það er alveg ljóst. Við erum ekkert feimnir við það.“

Ólafur segir að þrátt fyrir að IceCell verði ekki með 3G-þjónustu, í það minnsta ekki til að byrja með, muni fyrirtækið bjóða upp á þjónustu sem ekki hafi sést hér áður. Hann geti þó ekki farið nánar í útfærsluna. „Nokkrir hluthafar okkar koma frá Asíu þannig að við verðum væntanlega að horfa á módel sem eru í gangi þar. Það kemur bara í ljós þegar við ýtum úr vör, en þetta verður alveg glænýtt.“

Að lokum bætir hann við að næsta ár verði mjög áhugavert í farsímaþjónustubransanum. „Það er náttúrlega rányrkja í gangi á þessum markaði, en fjörið eykst eftir því sem fleiri fara í loftið. Það sem skiptir öllu máli er að á endanum er það neytandinn sem græðir.“

### TÆKNIHEIMURINN

**Activision og Vivendi saman**

Tölvuleikjaútgáfurnar Activision og Vivendi Games, sem á meðal annars Blizzard Entertainment, ætla að sameinast. Nýja fyrirtækið mun heita Activision Blizzard, og verður að meirihluta í eigu Vivendi. Sameinaða fyrirtækið verður eitt það allra stærsta í leikjaheiminum. Fullyrt er að sameiningin hafi engin áhrif á starfsemi Blizzard, sem gerði meðal annars leikina Warcraft, Diablo, Starcraft og World of Warcraft.

**Jobs talar á Macworld**



Steve Jobs, forstjóri Apple, mun flytja aðalfyrirlesturinn á Macworld-ráðstefnunni sem haldin verður í San Francisco í Bandaríkjunum í byrjun janúar. Búist er við að nýjar vörur verði kynntar á ráðstefnunni og er ný fartölvulína oftast nefnd í því sambandi.

**Mest leitað að iPhone**

iPhone var það leitarorð sem oftast var slegið inn í Google á þessu ári samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu. Facebook lenti í þriðja sæti og YouTube var í því sjötta. iPhone-síminn var fyrst kynntur í janúar á þessu ári, og kom út í Bandaríkjunum í júní.

**Facebook biðst afsökunar**

Stofnandi Facebook hefur beðið notendur afsökunar á því hvernig staðið var að nýju auglýsingakerfi samfélagsvefjarins. Kerfið fylgist með því hvað notendur kaupa í gegnum samstarfsvefi Facebook, og birtir síðan auglýsingar sem tengjast kaupum notenda. Eftir fjölda kvartana hefur Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook, nú beðið notendur afsökunar og boðið þeim að slökkva á auglýsingakerfinu ef þeir vilja.



**TRINITY** Grafíkin hefur verið stórbætt í nýju viðbótinni og fimm nýjum tegundum geimskipa hefur verið bætt við. MYND/CCP

# Ný EVE-viðbót breytti tölvum í bréfapressur

**Ný viðbót við íslenska fjölspilunarleikinn EVE Online kom út í fyrradag. Útgáfan gekk ekki snurðulaust fyrir sig því margir notendur lentu í því að geta ekki kveikt á tölvunni sinni eftir uppfærsluna.**

Trinity, nýrri viðbót við fjölspilunarleikinn EVE Online fylgdi meinleg villa sem gerði fjölmargar tölvur óstarfhæfar. Fyrsta útgáfa viðbótarinnar, sem sett var á netið í fyrradag, eyddi mikilvægri stýrikerfisskrá sem Windows XP þarf til að ræsa sig.

Fyrir vikið gátu þeir spilarar sem settu inn gölluðu útgáfuna, og nota Windows XP, ekki kveikt á tölvunni sinni eftir að slökkt var á henni. Til þess að komast aftur inn í Windows þurftu þeir að gera við stýrikerfið með sérstökum uppsetningardisk, eða hreinlega setja það upp aftur.

Gallinn var lagaður fljótlega eftir að hann kom í ljós, og er ekki til staðar í þeirri útgáfu Trinity sem er nú á vef EVE Online. Fjöldi spilara hafði þó náð í gölluðu útgáfuna, enda jafnan mikil eftirvænting eftir nýrri viðbót við leikinn.

Viðbótin er ókeypis eins og aðrar viðbætur við leikinn. Allt frá því leikurinn kom út í maí 2003 hafa fimm eiginlegar viðbætur komið út: Exodus, Cold War Edition, Red Moon Rising og Revelations I og II.

Sú nýjung sem helst er hampað í Trinity-viðbótinni er stórbætt grafík. Flikkað hefur verið upp á áferð og útlit geimskipanna í leiknum, sem eru til í yfir fimm hundruð stærðum og gerðum, þannig að þau virðast raunverulegri. Þess utan eru fimm nýjar tegundir geimskipa kynntar í viðbótinni, sem bætast við þær 25 tegundir sem fyrir voru í leiknum.

Engin svör fengust hjá forsvarsmönnum CCP varðandi gallann þegar Fréttablaðið leitaði eftir því. Á EVE-vefnum er notendum tilkynnt um gallann í frétt, og þeir beðnir að slökkva alls ekki á tölvum sínum sem settu upp gölluðu útgáfu viðbótarinnar. Þeir sem eiga nú tölvu sem virkar ekki eru beðnir innilega afsökunar.

salvar@frettabladid.is

Spirit náði loksins að losa sig:

## Fastur á Mars vikum saman



Spirit, geimbíll NASA sem staddur er á Mars, hefur loksins náð að losa sig úr jarðveginum sem hann hefur verið fastur í síðustu tvær vikur. Vísindamönnum á jörðu niðri tókst að losa bílinn með gamalkunnugri tækni: að juða honum fram og til baka þangað til hann komst af stað.

Ævintýrið er þó ekki úti enn því næsta mánuðinn þarf Spirit að keyra 25 metra yfir svipað torfæran jarðveg, til að komast í skjól áður en veturinn hefst á Mars. Þangað þarf hann að komast fyrir 1. janúar, enda eru orkubirgðir bílsins nánast uppurnar vegna ryks á sólarrafhlöðum hans. - sþs

Ætla að bæta við geimstöð:

## Atlantis bíður eftir geimskoti



Geimvísindastofnun Bandaríkjanna, NASA, hefur slegið geimskoti ferjunnar Atlantis á frest vegna bilunar í eldsneytistanki. Reynt verður að skjóta geimferjunni á loft í dag, en í ferðinni á að bæta við nýrri álmu í Alþjóðlegu geimstöðina.

Samkvæmt fréttavef Reuters er nýja álman, sem heitir Columbus, stærsta framlag evrópsku geimvísindastofnunarinnar, ESA, til geimstöðvarinnar. Upphaflega átti að setja hana upp fyrir fimm árum en Columbia-slysið, þegar geimferja sprakk rétt eftir að henni var skotið á loft, setti strik í reikninginn. - sþs




# SIÐMENNT - FÉLAG SIÐRÆNNA HÚMANISTA Á ÍSLANDI

**Undanfarna daga hafa ýmsir opinberir aðilar og einstaklingar á vefmiðlum og dagblöðum farið með rangt mál um stefnumál Siðmenntar. Félagið vill því koma eftirfarandi á framfæri:**

## ■ Frumvarp menntamálaráðherra til breytinga á grunnskólalögum er ekki árás á kristni eða kristið siðferði á Íslandi.

Lagafrumvarp háttvirts menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, er í samræmi við úrskurð Mannréttindadómstóls Evrópu í Strasbourg frá júní 2007. Dómurinn er fordæmisgefandi.

Tilgangur frumvarpsins er **að taka í burt trúarlegan merkimiða á siðferðislegt viðmið skólanna** og nefna þess í stað sjálf siðferðisgildin. Þannig er höfðað til almenns siðferðis sem góð sátt í þjóðfélaginu ætti að nást um. Engum yrði mismunað og ekki verður lengur hægt að nota lögin sem afsökun og ástæðu fyrir trúarlegri starfsemi og boðun í skólum landsins.

Mannréttindi barna ganga ekki út á spurninguna um **meirihluta- eða minnihlutahópa** foreldra þeirra, heldur að börnin fái faglega menntun og frið í skólastarfi frá hvers kyns utanaðkomandi starfsemi eins og trúboði og pólitískri innrætingu. Skólinn er fræðslustofnun, en ekki trúboðsstofnun.

Siðmennt vonar að um þetta frumvarp verði þverpólitísk samstaða og landsmenn lýsi yfir eindregnum stuðningi sínum við það hvarvetna. Það er mikið í húfi því hlutlægan, veraldlegan grunn menntakerfisins þarf að vernda og styðja - öllum til góða.

## ■ Siðmennt er ekki og hefur aldrei verið mótfallið kristinfræðslu í skólum

Siðmennt hefur alltaf stutt öfluga kennslu um trúarbrögð þar sem eðlilegt er að kristni og ásatrú fái aukna áherslu í ljósi sögu þjóðarinnar. Siðmennt mótmælir því hins vegar að trúboð og trúarlegar athafnir fari fram í opinberum skólum.

## ■ Siðmennt er ekki á móti því að haldið sé upp á litlu-jól í skólum

Því hefur verið haldið fram að Siðmennt vilji láta banna litlu-jólin í skólum. Því hefur enn fremur verið haldið fram að Siðmennt vilji banna jóla- og páskafrí. Allt er þetta rangt.

## ■ Siðmennt eru ekki „hatrömm samtök“

Þann 30. nóvember s.l. var hermt eftir biskupi Þjóðkirkju Íslands í frétt 24-Stunda að Siðmennt væru „hatrömm samtök“.

Þessi ummæli eru í hróplegu ósamræmi við þann orðstír sem Siðmennt nýtur sem siðsamt, málefnalegt og ábyrgt lífsskoðanafélag. Það hefur m.a. verið tilnefnt til verðlauna fyrir mikilvæg störf í þágu æskulýðsmála á landinu. Ummæli biskups eru ærumeiðandi og ósönn.

## ■ Siðmennt býður þeim 1/5 hluta þjóðarinnar sem er trúlaus[1] ásamt öðrum val um mikilvægar félagslegar athafnir fjölskyldunnar og berst fyrir jafnrétti lífsskoðanafélaga.

**Borgaraleg ferming** á vaxandi vinsældum að fagna og á næsta ári á hún 20 ára afmæli.

**Veraldlegar / húmanískar giftingar, útfarir og nafngiftir.** Með vorinu 2008 mun Siðmennt bjóða upp á þjónustu þjálfaðra athafnarstjóra fyrir þessar mikilvægu félagslegu athafnir fjölskyldunnar.

Siðmennt berst fyrir því að á Alþingi verði borið fram lagafrumvarp þess efnis að trúlaus lífsskoðanafélög fái réttindi og viðurkenningu til jafns við trúfélög. Með lífsskoðanafélagi er átt við félag sem aðhyllist ákveðna siðferðislega sannfæringu og býður upp á ofangreindar félagslegar athafnir fyrir fjölskyldur í landinu.

**Siðmennt óskar landsmönnum öllum gleðilegra hátíða og farsæls nýs árs!**

Auglýsingin var fjármögnuð með frjálsum framlögum meðlima í Siðmennt og er þeim hjartanlega þakkað fyrir.

[1] Skv. Gallup könnun á vegum Þjóðkirkjunnar árið 2004

**Nánari upplýsingar á sidmennt.is**




**1.617** kr/kg, áður 2.695 kr/kg
Ekta hangiæri, úrbeinað




**1.499** kr/kg, áður 2.527 kr/kg
Ísfugls kjúklingabringur




**1.257** kr/kg, áður 1.795 kr/kg
Ekta hangiframpartur, úrbeinaður




**97** kr/fl, áður 139 kr/fl
Egils appelsín, 2 ltr




**69** kr/ds, áður 99 kr/ds
Egils malt, 500 ml




**79** kr/ds, áður 115 kr/ds
Egils malt&appelsín, 500 ml

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 6.–9. desember eða á meðan birgðir endast
Upplýsingar um opnunartíma á www.netto.is




**898** kr/kg, áður 1.795 kr/kg
Ekta hamborgarhryggur




**871** kr/kg, áður 1.451 kr/kg
Ekta bayonneskinka




**197** kr/kg, áður 281 kr/kg
Matfugls vængir




**1.235** kr/kg, áður 1.764 kr/kg
Borgarness lambahryggur, léttreyktur

netto
Akureyri - Grindavík - Höfn - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
6.381 **-1,99%**

**Fjöldi viðskipta:** 613
**Velta:** 19.265 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIK BANKI** | 1,89% | **365** | 6,57% |
| **MAREL** | 1,45% | **FL GROUP** | 4,28% |
| **ATLANTIC PETROL.** | 0,83% | **KAUPÞING** | 3,29% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,00 +0,00% ... Bakkavör 58,40 +0,34% ... Eimskipafélagið 36,30 +0,00% ... Exista 22,45 -2,18% ... FL Group 15,65 -4,28% ... Glitnir 22,90 -1,29% ... Icelandair 27,50 +0,00% ... Kaupþing 852,00 -3,29% ... Landsbankinn 35,40 -1,39% ... Straumur-Burðarás 15,65 +0,00% ... Össur 99,20 -0,80% ... Teymi 5,90 -2,96%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Bannað að fara í ræktina

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, hugsar vel um heilsuna eins og fleiri í fjármálageiranum. Yfirstjórn Kaupþings á fastan tíma hjá einkaþjálfara klukkan 11 alla virka daga í World Class. Sé svigrúm hjá framkvæmdastjórunum nýta þeir þennan tíma til æfinga. Nýlega fór Hreiðar í ræktina eins og vanalega. Þar hitti hann marga af framkvæmdastjórunum, forstöðumenn og maura af viðskiptagólfinu. Eitthvað fannst forstjóranum skrítið að svo margir starfsmenn bankans væru í ræktinni á meðan markaðir voru að hrynja í niðursveiflunni. Sá hann ástæðu til að senda út leiðbeinandi tilmæli til starfsmanna um að ekki væri æskilegt að þeir æfðu á meðan markaðir væru opnir. Þegar Róm brennur eiga menn að slökkva elda en ekki spila á fiðlu.



### Einkaklúbbur auðmanna

Undanfarnir dagar hafa verið þrungnir spennu fyrir marga fjárfesta. Hlutabréf hafa fallið í verði og margir tapað háum fjárhæðum. Þá er nauðsynlegt að geta slappað af í rólegu umhverfi. Nú hafa efnaðir einstaklingar í íslensku viðskiptalífi opnað einkaklúbb við Nýbýlaveg í Kópavogi. Þar er útvöldum boðið að gerast meðlimir og þurfa að punga út hálfri milljón króna fyrir. Aðstaðan er til fyrirmyndar; golfhermir, ballskák, bar og sjónvarpstæki á veggjum. Allt til alls til að gleyma amstri dagsins stundarkorn. Þá eru þarna fundarherbergi til að ræða mikilvæg mál fjarri augngotum annarra. Efnaðir einstaklingar verða líka að fá að leika sér.

## MARKAÐSFRÉTTIR

Landsmenn verða 437.844 árið 2050 samkvæmt spá Hagstofu Íslands um mannfjölda fyrir tímabilið 2007 til 2050. Gert er ráð fyrir því að árleg fjölgun íbúa verði um 0,8% á tímabilinu.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings lækkaði í gær lánshæfismat hollenska bankans NIBC, sem Kaupþing er að kaupa, úr A í A- vegna langtímaskuldbindinga og úr F1 í F2 vegna skammtímaskulda.

Bankastjórn evrópska seðlabankans ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í fjórum prósentum. Englandsbanki lækkaði sína stýrivexti úr 5,75 prósent í 5,5 prósent.

# Evruskráning frestast

### Deutsche Bank vill ekki styðja Seðlabanka Íslands.

Ekki verður farin bráðabirgðaleið í skráningu hlutabréfa í evrum í Kauphöll Íslands. Þess í stað á endanleg lausn með aðkomu Seðlabanka Finnlands að vera tilbúin fyrir mitt næsta ár.

Þetta kemur fram í tilkynningu Verbréfaskráningar Íslands til Kauphallar í gær. Hér er lagaumhverfi túlkað svo að uppgjör með verðbréf megi ekki eiga sér stað nema fyrir tilstilli Seðlabanka Íslands. Til þess að hann geti annast slíkt uppgjör í evrum þarf bankinn fyrirgreiðslu evrubanka sem tryggt gæti honum aðgang að gjaldmiðlinum. Seðlabankinn leitaði til Deutsche Bank um slíka fyrirgreiðslu og hefur svars þaðan verið beðið um nokkurt skeið. Þaðan barst svo í gær afsvar. „Þessi niðurstaða veldur því að fyrirhuguð bráðabirgðalausn er fallin á tíma. Verðbréfaskráning mun nú einbeita sér að því að innleiða endanlegt fyrirkomulag til uppgjörs á verðbréfaviðskiptum í evrum. Gert er ráð fyrir að það verði tilbúið um mitt næsta ár. Endanleg dagsetning mun liggja fyrir um áramót," segir í tilkynningu.



Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins liggur skýringin á áhugaleysi Deutsche Bank helst í því að bráðabirgðalausn sú sem stefnt var að er nokkuð flókin og umfangsmikil vegna öryggiskrafna. Því hafi bankinn ekki viljað leggja í svo mikla vinnu við framkvæmdina.

**- óká**

# Erlent fé í Kauphöllinni á sér íslenskar rætur

**Fjörutíu prósent hlutafjár í Kauphöllinni eru erlent fé en ætla má að jafnvel þrír fjórðu hlutar þeirrar erlendu fjárfestingar séu í höndum íslenskra félaga sem skráð eru erlendis.**

Allt upp í helmingur eignarhluta sumra stærstu fyrirtækjanna í Kauphöllinni er í eigu erlendra félaga, sem aftur eru í eigu Íslendinga. Yfirleitt er íslenska eignin geymd í hollenskum félögum.

Stærsti eigandi Kaupþings er til dæmis hollenska félagið Exista B.V. Félagið á ríflega 23ja prósenta hlut í Kaupþingi, en þetta félag er aftur í eigu Exista sem er íslenskt félag. Næststærsta félagið er Egla Invest B.V. sem einnig er skráð í Hollandi. Félagið má rekja til Ólafs Ólafssonar, athafnamanns og stjórnarformanns Samskipa. Samanlagt eiga þessi félög 32,9 prósenta hlut í Kaupþingi.

Erlend félög í eigu Íslendinga eiga næstum helmingshlut í Landsbankanum. Samson eignarhaldsfélag á 40,73 prósenta hlut, en það félag er aftur í eigu Samson Global Holding, sem er í eigu Björgólfsfeðga. Landsbankinn í Lúxemborg er svo skráður fyrir 6,59 prósentum, en hann er í eigu Landsbankans sjálfs.

Svipaða sögu má segja af Bakkavör, en þar á Exista B.V. næstum fjörutíu prósenta hlut.

Í Glitni eiga hollensk félög í eigu FL Group ríflega þrjátíu prósenta hlut.

Langstærsti hluthafinn í Exista er svo aftur hollenska félagið Bakkabraedur Holding B.V. sem er í eigu bræðranna Lýðs og Ágústs Guðmundssonar.



**KAUPHÖLLIN** Mikið af því sem skráð er sem erlend fjárfesting reynist vera íslenskt fé.

| | |
|---|---|
| Kaupþing | 32,9% |
| Landsbanki | 47,32% |
| Bakkavör | 39,63% |
| Glitnir | 30,85% |
| Exista | 45,21% |
| Alfesca | 39,67% |
| Straumur | 57,04 |
| Icelandic | 20,22% |
| FL | 20,59% |

Hlutföll miðast við 29. nóvember.

Eins er með Alfesca. Þar er stærsti hluthafinn Kjalar Invest B.V. Félagið verður aftur rakið til Ólafs Ólafssonar.

Straumur Burðarás er í meirihlutaeigu Samson Global Holdings og hluta í vörslu Landsbankans í Lúxemborg.

Undantekningin í hópi stærstu félaga virðist vera Icelandic Group. Þar á Fjárfestingafélagið Grettir ríflega 28 prósenta hlut. Grettir er í eigu Hansa, sem skráð er hér á landi. Eigandi Hansa er Björgólfur Guðmundsson. Hins vegar á þýska félagið FAB rúm tuttugu prósent. Eftir því sem næst verður komist er félagið í eigu Finnboga Baldvinssonar.

Óljóst er hvernig hlutir skiptast í FL Group en þar var stærsti hluthafinn félag Hannesar Smárasonar, Oddaflug B.V.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, sagði í Fréttablaðinu í gær að erlend fjárfesting hefði aukist í Kauphöllinni.

Hún hefði numið 41 prósenti í september og hefði aukist töluvert frá sama tíma í fyrra. Aukningin væri merki um aukna erlenda fjárfestingu hér, en erfitt væri að komast að því hversu mikið væri í raun í eigu Íslendinga.

Friðrik Már Baldursson hagfræðiprófessor fullyrti að töluvert væri um þetta fyrirkomulag eignarhalds. Það yrði einkum rakið til skattamála.

**ingimar@frettabladid.is**







# Stofna hlutafélög um hús og verðbréf

„Það færist í vöxt að sérstök einkahlutafélög séu stofnuð um verðbréfaeign eða fasteignir," segir Skúli Jónsson, forstöðumaður Hlutafélagaskrár, í grein í Tíund, fréttabréfi Ríkisskattstjóra.

„Einkahlutafélög eru um þriðjungur félaga á skrá," segir Skúli, en frá og með árinu 2004 hafi tæplega tólf þúsund slík félög verið skráð. Enn sé einnig mikið um að einstaklingar færi rekstur inn í einkahlutafélög.

„Það stefnir í enn eitt metár í skráningu nýrra einkahlutafélaga," segir Skúli.

3.158 ný einkahlutafélög voru skráð á fyrstu tíu mánuðum ársins. Þetta eru næstum fimm hundruð fleiri skráningar en á sama tíma í fyrra.

**- ikh**



**HÚS Í BYGGINGU** Dæmi eru um að einkahlutafélög séu stofnuð um fasteignir einstaklinga.

**NÝSKRÁNINGAR EINKAHLUTAFÉLAGA**

| | |
|---|---|
| 2004 | 2.510 |
| 2005 | 2.942 |
| 2006 | 3.188 |
| 2007 | 3.158 |

# RAFMÖGNUÐ JÓL

PHILIPS



SanDisk

**MP3 SPILARI MEÐ ÚTVARPI**





PHILIPS

**Philips AJ210**
ÚTVARPSVEKJARI með VEÐURSTÖÐ og stafrænu útvarpi með stöðvaminnum, tveimur vekjurum, stórum skjá með baklýsingu, sýnir veðurspá með myndum, innri hitamælir, sýnir með litum hvernig veðri má búast við.

**VERÐ 7.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Philips AJ260**
ÚTVARPSVEKJARI með VEÐURSTÖÐ og stafrænu útvarpi með stöðvaminnum, tveimur vekjurum, stórum skjá með baklýsingu, sýnir veðurspá með myndum, innri hitamælir, sýnir með litum hvernig veðri má búast við. Inni og úti hitamælir. Innbyggður inni rakamælir.

**VERÐ 9.490**
FRÁBÆRT VERÐ

**SanDisk C250FM**
**2GB** Sansa MP3 SPILARI með FM útvarpi, microSD kortalesara, diktafóni og háhraða USB 2.0. Sýnir ljósmyndir. Spilar MP3 og WMA. Innbyggð hleðslurafhlaða sem endist í allt að 15 tíma í einu.

**TILBOÐ 11.990**
FULLT VERÐ kr. 14.990

**Philips DECT122**
Þráðlaus DECT sími með handfrjálsan möguleika, 30 númer í minni, 10 tíma hleðsla í notkun og 5 dögum í bið, endurvali í síðustu 20 númer og sýnir númer sem hringir.

**TILBOÐ 2.990**
FULLT VERÐ kr. 3.990

---





**6 MILLJÓN PUNKTA**



EISA Best Product

VERÐ-LAUNA VÉL



**10 MILLJÓN PUNKTA**

JVC

**JVC UXS11**
10w RMS Míkrósamstæða með MP3 geislaspilara, Bass Boost, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Auto Reverse segulbandi, Aux inngangi að framan, kukku, heyrnartólstengi og fjarstýringu. Spilar CD-R/RW.

**VERÐ 14.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic

**Panasonic DMCLS60**
Stafræn MYNDAVÉL með 6,0 milljón punkta upplausn, Venus Engine II, 5.8 - 17.4mm LUMIX DC Vario linsa með MEGA OIS hristivörn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, ISO 100-1250, 22 Scene Programmes, 2.0" LCD skjár, hágæða hreyfimyndataka og rauf fyrir SD/SDHC kort.

**TILBOÐ 14.990**
FULLT VERÐ kr. 16.990

JVC

**JVC GRD740**
Digital DV TÖKUVÉL með 2,7" LCD skjá með 1/6 CCD upptökuflögu með 800.000 dílum, 520 lína upplausn, 800x Digital Zoom, 34x Optical Zoom, DV útgangi, Snapshot möguleika og Digital ColorNightScope (myndar í myrkri).

**TILBOÐ 24.990**
FULLT VERÐ kr. 39.990

**Olympus E510KIT**
Digital SLR MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, hristivörn, Live View, Supersonic Wave Filter sem eyðir ryki, 14 - 42mm (35mm samb.: 28 - 84mm) linsa fylgir, 2,5" LCD skjár, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure ofl, tímarofa, USB 2.0. NTekur CompactFlash og xD kort. Skipta má um Digital linsur.

**VERÐ 79.990**
FRÁBÆRT VERÐ

---

Panasonic

**HEIMABÍÓKERFI**





19" DVD ÖRÞUNNT LCD



32"



42" HD ready ÖRÞUNNT LCD

**Panasonic SCPT450**
Öflugt HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara, 1000w (4x125w og 2x250w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive scan, 5 hátölurum og Bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarp með stöðvaminni, tónjafnara, hljóðinngangi (RCA), Scart, HDMI, Component tengi og fjarstýringu. Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG.

**VERÐ 39.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Dantax

**Dantax 19LCDDVDP3**
19" SJÓNVARP með 1440x900 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, innbyggðum DVD spilara, 500:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, kortalesari SD/MS/MMC, USB tengi, Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD - Spilar CD, CD-R/RW og JPEG.

**VERÐ 49.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Vreal Panasonic VIERA LINK

**Panasonic TX32LE7F**
32" HD 16:9 LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ 89.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990

UNITED

**United LTV42W42**
42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 30w Nicam Stereó hljóðkerfi, 3 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi og textavarpi.

**TILBOÐ 139.990**
FULLT VERÐ kr. 159.990

---

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**LANDSINS MESTA ÚRVAL MINNISKORTA OG -LYKLA!**

**STÓRKOSTLEGT ÚRVAL AF HÁGÆÐA JBL HÁTÖLURUM!**

JBL



Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

Nýtt kortatímabil!

# Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 500 titlar































* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði eða almennu verði.

**Gildir til og með 9. desember eða á meðan birgðir endast.**

Allir fást í Smáralind, Kringlu og Skeifu,
minna í öðrum búðum.



30-90%
afsláttur
af vinsælum bókum
TERRI APTER
AF HVERJU VIÐ RÍFUMST
AF HVERJU VIÐ ERUM AFBRÝÐISAMAR
OG AF HVERJU VIÐ ELSKUM HVOR AÐRA
ÞRÁTT FYRIR ALLT
SYSTRAFLÆKJAN
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.040kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
ALÍNA
Tönnin og töframátturinn
30%* afsláttur
TILBOÐ 1.670kr
Bókatíðindaverð 2.390,-
ENGINN MÁ SJÁ MIG GRÁTA
ARON PÁLMI
BARN Í FANGELSI
JÓN TRAUSTI REYNISSON
ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.280kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
Hnotið um hamingjuna
Daniel Gilbert
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.040kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
ÁST
í blíðu og stríðu
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.140kr
Bókatíðindaverð 4.490,-
DAUÐI TRÚÐSINS
ÁRNI ÞÓRARINSSON
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.270kr
Bókatíðindaverð 4.680,-
Björn Ingólfsson
VASAST í öllu
Endurminningar Sveins í Kálfsskinni
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560kr
Bókatíðindaverð 5.480,-
BÓKIN UM MARILYN
80%* afsláttur
TILBOÐ 590kr
Almennt verð 2.990,-
UNNUR JÖKULSDÓTTIR
HULDUFÓLK
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.140kr
Bókatíðindaverð 4.490,-
GUINNESS WORLD RECORDS 2008
LÝSA Í MYRKRI
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490kr
Bókatíðindaverð 4.990,-
OPIÐ TIL 22:00
fimmtudag, föstudag og laugardag
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Breytingar á þingsköpum Alþingis:

## Málþóf er tæki til virks aðhalds

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Eins og sást á umræðum á Alþingi um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið lokar þjóðin eyrunum þegar þingmenn fara í málþófsgírinn. Þetta er kannski ekki skrítið, því málþófsræður verða seint sakaðar um að vera skemmtiefni eða upplýsandi.

Nú liggur fyrir þingi frumvarp til breytinga á lögum um þingsköp, þar sem margt gott kemur fram til að styðja við þingmenn, og sérstaklega stjórnarandstöðuþingmenn, í starfi sínu. Eitt af því sem lagt er til er að ræðutími við aðra umræðu mála verði styttur, frá því að vera ótakmarkaður í að verða takmarkaður við fimm mínútur eftir fyrstu ræðu. Með öðrum orðum á að útiloka málþóf frá Alþingi og takmarka þannig réttmætt tæki stjórnarandstöðu til að sinna hlutverki sínu, þegar henni finnst meirihluti þings, eða ríkisstjórn, fara offari.

Málþóf er eitt helsta vopn stjórnarandstöðunnar gegn ríkisstjórninni, enda lítill munur á meirihluta Alþingis og ríkisstjórn hér á landi. Eins og þingmenn Vinstri grænna hafa réttilega bent á þarf lítil stjórnarandstaða nú enn fremur á því að halda að hafa einhver vopn.

Fulltrúar meirihlutans hafa blásið á gagnrýni Vinstri grænna, meðal annars með þeim rökum að málþófsræður séu svo leiðinlegar, eða lítið upplýsandi. Í þessu felst reginmisskilningur á eðli málþófs, eða hótana um málþóf. Það er ekki tilgangur málþófs, hvorki hérlendis né á erlendum þingum, að standa í rökræðu. Tilgangurinn er að nota eitt af fáum vopnum sem stjórnarandstaðan hefur til að fá meirihlutann til að gera breytingar á umdeildum lögum, eða jafnvel að draga frumvörp til baka. Langar ræður og málþóf eru ekki vísbending um að alþingismenn séu ekki starfi sínu vaxnir, heldur einmitt að þingmennirnir séu að nota þá kosti sem lýðræðið býður upp á til að standa í fæturna þegar nauðsyn krefur.

Málþóf er ekki ýkja oft notað tæki stjórnarandstöðu til að neyða meirihlutann að samningsborði. Á síðasta þingi voru málin tvö; vatnalög og lög um Ríkisútvarpið ohf. Bæði frumvörpin urðu að lögum, en færð hafa verið fyrir því rök að til að mynda lög um Ríkisútvarpið hafi tekið miklum breytingum vegna málþófs stjórnarandstöðunnar. Meðal annars hafi komið inn ákvæði um að upplýsingalög gildi um störf Ríkisútvarpsins.

Í umræðu um þessar lagabreytingar hefur mest farið fyrir málþófsumræðunni, sem skýrist af því að þingheimur er sáttur við aðrar breytingar sem lagðar eru til, en Vinstri græn hafa lagst gegn styttingu ræðutíma. Fulltrúar hinna stjórnarandstöðuflokkanna tveggja, Framsóknarflokks og Frjálslynda flokksins, eru hins vegar meðflutningsmenn. Það er skiljanlegt að þingmenn vilji nútímavæða störf þingsins, meðal annars með því að takmarka kvöld- og næturfundi.

En þægindi þingmanna eiga ekki að koma niður á lýðræði. Gott lýðræði snýst ekki bara um að verða við vilja meirihlutans, heldur einnig að leyfa fjölbreytileika skoðana og aðhald með þeim sem valdið hafa. Með skynsamlegri notkun á málþófi, eða hótunum um málþóf, er hægt að veita meirihluta Alþingis virkt aðhald.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hærri verðlaun

Höfundarnir sem tilnefndir eru til Íslensku bókmenntaverðlaunanna röbbuðu við Egil Helgason í Kiljunni á miðvikudag. Sigurður Pálsson hafði á orði að gefa mætti verðlaununum meiri vigt, til dæmis með því að hækka verðlaunaféð, og nefndi tíu milljónir króna í því sambandi. Það er engin ofrausn. Íslensku bókmenntaverðlaunin voru fyrst veitt árið 1989; handhafinn var aðeins einn og verðlaunaféð nam einni milljón króna. Árið síðar voru verðlaunin veitt í tveimur flokkum og sigurlaunin lækkuð í 750 þúsund krónur á verðlaunahafa og hafa verið óbreytt síðan. Hefði verðlaunaupphæðin verið bundin við vísitölu neysluverðs frá upphafi væru verðlaunin tvöfalt hærri í ár en árið 1990.



### Enginn bakhjarl

Þess ber að geta að enginn bakhjarl er á bak við Íslensku bókmenntaverðlaunin heldur stendur Félag íslenskra bókaútgefenda alfarið straum af kostnaði við þau, þar með talið dómnefndarstörfum og verðlaunagripum. Þeir sem leggja fram bók greiða 25 þúsund krónur fyrir hvern titil (12.500 fyrir barnabók). Sú upphæð hefur einnig verið óbreytt frá upphafi en 25 þúsund krónur frá 1989 eru á núvirði rúmlega 50 þúsund krónur. Eina framlag ríkisvalds bókaþjóðarinnar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna er að forsetaembættið lánar Bessastaði fyrir verðlaunaafhendinguna og býður upp á veitingar.



### Hvar eru bankarnir?

Félagi íslenskra bókaútgefenda til hróss má minna á að því hefur tekist að festa Íslensku bókmenntaverðlaunin rækilega í sessi og þótt þau séu umdeild er sannarlega mark á þeim tekið. En má ekki gefa aðeins í? Sjálfsagt getur það reynst tvíeggjað sverð að stóla á bakhjarla í þessum efnum, þeir láta sig gjarnan hverfa þegar harðnar á dalnum. Á hinn bóginn má líta á það sem svo að hér sé kærkomið tækifæri fyrir Björgólf Guðmundsson eða aðra velunnara listanna til að sýna að menningarlegur metnaður þeirra nái til lengri tíma en ekki styttri.

bergsteinn@frettabladid.is

# Skollaeyru samfélagsins



BRYNHILDUR ÞÓRARINSDÓTTIR

**Í DAG** | Lesskilningur

Niðurstöður PISA-rannsóknarinnar eru ekki ásættanlegar, eins og fram hefur komið í fréttum. Menntamálaráðherra segist hafa sérstakar áhyggjur af lesskilningi íslenskra nemenda. Þar séum við að dragast mest aftur úr. Niðurstöður PISA eru ekki bara vísbending um stöðu íslenskra barna í alþjóðlegum samanburði, þær eru ekki síður áminning um að mikilvægur þáttur þjóðmenningar okkar hefur setið á hakanum. Við höfum slegið slöku við í bókmenntauppeldinu, börn lesa sífellt minna sér til ánægju og samfélagið skellir við skollaeyrum.

Lestraráhugi og lesskilningur eru tengd órjúfanlegum böndum. Við getum ekki býsnast yfir slöku gengi í lesskilningi nema líta í eigin barm og hugleiða hversu oft við lesum fyrir börnin okkar og hversu oft við ræðum við þau um bækur. Þekkjum við uppáhaldshöfundana þeirra, fylgjumst við með þegar nýjar barnabækur koma út? Stöndum við í biðröð til að kaupa handa þeim bækur? Hvað gerum við sem samfélag til að efla áhuga barna á lestri? Er talað um barnabækur af virðingu og áhuga í fjölmiðlum? Fá bókaormar jafnmikla hvatningu til að sinna áhugamáli sínu og íþróttagarpar? Eiga barnabækur greiða leið inn í skólakerfið?

### Leggjum rækt við lestur

Ef við svörum þessum spurningum af hreinskilni komumst við aðeins nær skilningi á PISA-hrakförunum. PISA-rannsóknin hefur nefnilega áður leitt í ljós skýrt samband milli áhuga barna á bóklestri og árangurs í lesskilningi. Í erindi fulltrúa Námsmatsstofnunar á málþingi um lestur á sl. ári kom fram að mikilvægustu forspárþættir fyrir lesskilning íslenskra nemanda væru sjálfsmynd í námi, ánægja af lestri, menningarleg virkni utan skóla og fjöldi bóka á heimili. Það skiptir sem sagt meginmáli fyrir árangur í lesskilningi að börnin hafi alist upp við bækur og að bækur séu sífellt innan seilingar. Þrátt fyrir að þetta samband sé svona skýrt horfum við aðgerðalaus á að áhugi íslenskra grunnskólanemenda á lestri er áberandi minni en í þeim löndum þar sem lesskilningur jafnaldra þeirra er betri. Einungis 10% íslenskra 15 ára barna verja meira en klukkustund á dag í lestur sér til ánægju, 12% breskra og sænskra barna og 22% finnskra barna – en námsárangur Finna hefur vakið mikla athygli undanfarin ár.

Við þurfum augljóslega að grípa í taumana til að koma íslenskum krökkum ofar á blað – en við gerum það ekki eingöngu innan veggja skólanna. Við þurfum samstillt átak og getum þar litið til nágrannaþjóðanna. Lestrarátak í Danmörku hefur t.d. skilað góðum árangri og unnið gegn minnkandi bóklestri barna. Foreldrar verða jafnframt að vakna til vitundar um gildi bóka fyrir börn og gera bóklestur að föstum þætti í heimilislífinu. Það er ekkert sem kemur í stað lestrarstunda foreldra og barna, jafnvel þó að börnin séu orðin læs. Við lesturinn skapast náin tengsl og um leið tækifæri til samræðna um lífið og tilveruna sem byggja upp sjálfsmynd barnanna og ýta undir málþroska þeirra. Slíkar yndisstundir sitja lengi í minningunni og sögurnar sem lesnar eru lifa með hlustandanum langt fram á fullorðinsár.

### Börnin upplifi bókaflóðið

Hinn mælanlegi gróði er betri námsárangur við lok grunnskóla, því í PISA-rannsókninni koma fram tengsl milli þess að heyra sögur lesnar sem barn og standa sig vel í lesskilningi. Tíður kvöldlestur með fyrstubekkingum hefur jákvæð áhrif á íslenskukunnáttu þeirra síðar á skólagöngunni. Í danskri rannsókn hefur líka verið sýnt fram á tengsl milli þess að lesið sé fyrir börn í bernsku og að þau hafi áhuga á bóklestri þegar þau stækka. Lestrarstundir í bernsku, bókaáhugi og árangur í lesskilningi virðast því nátengdir þættir. Það er því vel hægt að draga þær ályktanir að lestur barnabóka leggi grunninn að farsælli skólagöngu barna.

Börmum okkur ekki yfir slöku gengi barnanna okkar þegar við getum gert eitthvað til að styrkja þau. Bóklestur er engin töfralausn heldur hefur sannanleg áhrif á árangur. Við þurfum að stuðla að því að börnin lesi bækur. Hér skiptir áhugi hinna fullorðnu á barnabókum sköpum. Börn þurfa að finna að bækur eru spennandi og eftirsóknarverðar. Á þessum árstíma streyma nýjar íslenskar barnabækur í verslanir. Nú er kjörið tækifæri til að hvetja litla lestrarhesta áfram og kenna öðrum að taka fyrstu skrefin. Leyfum börnunum að upplifa jólabókaflóðið; handfjatla, skoða og þefa af nýju bókunum. Þau finna án efa eitthvað sem þau langar að lesa eða heyra. Slíkar gjafir skila miklu meiru en skammtímaánægju við jólatréð. Fyrstubekkingar núna munu án efa standa sig vel á PISA árið 2017 ef við tökum bókmenntauppeldið fastari tökum.

*Höfundur er formaður SÍUNG, Sambands íslenskra barna- og unglingabókahöfunda og íslenskukennari við Háskólann á Akureyri.*

# Bæði sleppt og haldið

**UMRÆÐAN**

Lóðaúthlutanir



GUNNAR I. BIRGISSON

Það sem Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, skrifar ekki í grein sinni í Fréttablaðinu um lóðaúthlutanir í bænum er athyglisverðara en það sem hún skrifar.

Guðríður segir að fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn hafi einungis haft „nokkrar klukkustundir“ til að kynna sér tillögur okkar í meirihlutanum um úthlutun lóða í Vatnsendahlíð en tekur hins vegar ekki fram að hún baðst undan því til að byrja með að eiga hlut að máli.

Mér fannst það einkennilegt háttalag og ólíkt forverum hennar sem tóku fullan þátt í lóðaúthlutunum bæjarins og skoruðust ekki undan ábyrgð í því, meira að segja í þeim tilvikum sem félagsmálaráðuneytið fann að aðferðunum. En Guðríður þegir um hlutdeild minnihlutans þegar hún gagnrýnir vinnubrögð bæjarins við að úthluta lóðum til fólks.

Ef Guðríður hefði viljað vera algjörlega stikk frí í málinu hefði hún að sjálfsögðu afþakkað þessar „nokkrar klukkustundir“ líka sem reyndust nú ekki færri en svo að þær svara eins og einum vinnudegi. Minnihlutinn notaði tímann vel til að hafa bein áhrif á úthlutunina, gera eigin tillögur og leggja sitt huglæga og persónulega mat á umsóknirnar.

Úthlutunin var þar að auki samþykkt samhljóða í bæjarstjórn Kópavogs. Ákvörðunin og ábyrgðin er því sameiginleg.

Það verður ekki bæði sleppt og haldið.

Lokaorð Guðríðar Arnardóttur um að ekki megi treysta „huglægu mati og persónulegri skoðun pólitískra fulltrúa“ hitta hana sjálfa fyrir. Ég ber meira traust til kjörinna fulltrúa en svo og fullyrði að orð oddvita Samfylkingarinnar í Kópavogi eigi að minnsta kosti ekki við um meirihlutann í bæjarstjórn Kópavogs.

*Höfundur er bæjarstjóri í Kópavogi.*


MAX
Velkomin í
Holtagarða
og Kauptún
Tilboðin
verða bara
betri og betri
79.989kr.
Fullt verð 109.989
26
STYKKI
32 tommur
JVC
JVC LT32A80ZU
• 32" DynaPix LCD breiðtjaldssjónvarp
• Upplausn: 1366x768 punktar
• DynaPix - fjölgar línum og punktum
• HD Ready
• Skerpa 1.200:1 og svartími: 8ms
• Fullkomnar litstýringar
• 24w Nicam Stereó
• 3D Cinema Sound
• 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi
• Textavarp og fjarstýring
Gerið verð
samanburð
iPod Nano
4GB silfur
15.989kr.
Fullt verð 17.999
Já við
erum að
meina
þetta!
Opnunartími
Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
Fim
MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is
Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS
MAX
RAFTÆKI



**75 STYKKI**

# Disney poppari

**2.989 kr.**

Fullt verð ~~5.499~~

**Ariete 6065020300**
- Disney poppari
- Lokið má nota sem poppskál
- Hægt að nota smjör með



# Hárþurrka

**Philips HP4890**
- 2100w hárblásari
- ION tækni sem afrafmagnar hárið
- Keramik hluti sem ofþurrkar ekki hárið
- 9 hita og hraðastillingar
- Blæs köldu lofti

**2.989 kr.**

Fullt verð ~~4.989~~

**50 STYKKI**



**100 STYKKI**

# Philishave rakvél

**Philips HQ6646**
- Philishave rakvél
- Reflex action hnífar
- Super Lift & Cut
- Bartskeri

**3.489 kr.**

Fullt verð ~~5.989~~



# Brauðrist

**Exido 243028**
- 950w brauðrist
- Grind fyrir smábrauð
- 7 tímastillingar
- Mylsnubakki
- Burstað ál

**80 STYKKI**

**1.989 kr.**

Fullt verð ~~3.989~~



**30 STYKKI**

# Handryksuga

**DeLonghi XM48**
- Handryksuga
- Bæði fyrir blautt og þurrt
- 4,8volta með 19 mín. hleðslu

**2.489 kr.**

Fullt verð ~~4.999~~



**50 STYKKI**

# Rafkústur

**Exido 240100**
- Rafdrifinn kústur
- Léttur og þægilegur
- Má nota á öll gólf
- Þráðlaus með hleðslu
- Stillanlegt skaft
- Auðvelt að hreinsa

**2.489 kr.**

Fullt verð ~~4.989~~



# Ferðatæki

**Lenco SCD24**
- Ferðatæki
- Útvarp
- Geislaspilari

**3.989 kr.**

Fullt verð ~~5.989~~



**30 STYKKI**

# Rafstýrður örbylgjuofn

**Whirlpool MAX24HV**
Rafstýrður örbylgjuofn
Einstök hönnun sem passar vel í horn
3D örbylgjukerfi sem tryggir jafna hitun
Barnalæsing
Jet Defrost og Jet Effekt

**9.989 kr.**

Fullt verð ~~15.989~~



**Tvö bjórglös fylgja dælu!**
Ath. ekki er bjór í glösunum!

**OBHNordica 6502**
- Bjórdæla fyrir 5 lítra kúta
- Heldur bjórnum köldum
- Bjór er góður í 21 dag eftir opnun

## Bjórdælan vinsæla fylgir öllum sjónvörpum 37" og stærri um helgina!

MAX RAFTÆKI

## OPIÐ TIL KL. 22:00 alla daga til jóla

Tilboðin gilda til 12. 12. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.










visa euro
Ás accessories heildverslun
RISA LAGERSALA
opið Fimmtudaga 12-19 og laugardaga 11-16
FATNAÐUR • SKART • TÖSKUR • GJAFAVARA • HÚFUR • VETTLINGAR OFL.
ERUM BEINT FYRIR AFTAN KFC HAFNARFIRÐI
DALSHRAUNI 17 • 220 HAFNARF. • SÍMI 865-6774



Nýjar Tiltskóflur
Á betra verði!
Stærðir
Einn tjakkur
1000 mm. 1,8 - 2 tonn.
1200 mm. 2,5 - 3,5 tonn.
Tveir tjakkar
1500 mm. 5 - 8 tonn.
2000 mm. 13 - 16 tonn.
2000 mm. 17 - 24 tonn.





Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600
VÉLAVER HF
www.velaver.is




Thomas hefur verið gagnrýndur af kynbræðrum sínum fyrir að fella síðasta vígi þeirra í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Verkfræði í eldhúsinu

***Thomas Möller gaf nýlega út matreiðslubók sem er sérsniðin fyrir karlmenn.***

Árið 2004 sá Thomas Möller auglýsingu í blaði sem átti eftir að breyta lífi hans. Hann hafði verið að leita að matreiðslunámskeiði við sitt hæfi en konan hans rak verslun og var aldrei komin heim fyrr en seint á kvöldin. Thomas kunni ekkert til verka í eldhúsinu og var orðinn leiður á því að bíða eftir því að konan kæmi heim til að elda.

Auglýsingin umrædda var frá Námsflokkum Reykjavíkur þar sem boðið var upp á matreiðslunámskeið fyrir karlmenn. „Það var upphaflega hannað fyrir einstæða karlmenn í Reykjavík sem líður í félagsaðstoð en þó voru fleiri fjölskyldumenn í mínum sporum sem höfðu séð auglýsinguna,“ segir Thomas. „Þetta var skemmtileg upplifun og í dag get ég eldað úr hvaða hráefni sem er,“ bætir hann við.

Thomas ákvað svo að skrifa sögu í kringum námskeiðið og segja frá því helsta sem nemendurnir lærðu og kom bókin Eldaðu maður út í síðustu viku.

„Ég er verkfræðingur að mennt og nálgast matreiðsluna út frá verkfræðinni. Við karlmenn viljum einfaldar leiðbeiningar um hvernig á að gera hlutina og tekur bókin mið af því. Í bókinni er tiltölulega lítill texti og eru einungis nokkrar línur með hráefnum. Þau eru svo öll fáanleg í næstu búð. Einföldu uppskriftirnar eru fremst og þyngjast þær svo hægt og bítandi. Til samanburðar nefni ég dæmi um flókna rétti sem bera nöfn eins og ferskjuteskryddaður þorskhnakki með papajakóríandersalati og maltappelsínusírópi og skil ég vel að karlmenn forðist slíka matseld,“ segir Thomas. Í bókinni eru svo leiðbeiningar um þau áhöld sem þarf að hafa við höndina, hvernig á að snyrta hráefni, velja vín og fleira. „Ég vona að það skíni út úr bókinni hvað þetta er skemmtileg iðja og það er fátt eins gaman og að fá hrós fyrir góðan mat. Nú hafa karlmenn enga afsökun fyrir því að sniðganga eldamennskuna enda hef ég verið mikið gagnrýndur af kynbræðrum mínum fyrir að fella þetta vígi,“ segir Thomas kíminn.

*vera@frettabladid.is*


Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa
TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRIÐ
Stærri snertiflötur - aukið öryggi





Tvíhliða munstur Eykur gripöryggi og stuðlar að betri aksturseiginleikum við hemlun og í beygjum
Tennt brún Eykur gripöryggi
Bylgjótt mynstur Til að tryggja betra veggrip
Þríviðir gripkubbar Zik-Zak lóðrétt lögun kubbanna tryggir minni hreyfingu á þeim og aukna rásfestu
TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát
30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.
561 4110 NESDEKK Fiskislóð 30
TOYO TIRES Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.




**Sultur** og ýmiss konar niðursoðið meðlæti er vinsælt um jólin og fullkomnar oft girnilega matseld hátíðanna.








# Jóladrumbur Nönnu

*Í kökublaði Fréttablaðsins sem kom út sunnudaginn 2. desember skrifaði Nanna Rögnvaldardóttir pistil um jóladrumb sem hún bakar á hverju ári og skreytir með átta dvergum. Hér kemur uppskriftin að drumbinum.*



Nanna bakar jóladrumbinn á hverju ári.

**JÓLADRUMBUR – EÐA BARA HVEITILAUS RÚLLUTERTA**

**Svampbotn:**
**6 meðalstór egg, aðskilin**
**160 g sykur**
**1½ tsk. vanilludropar**
**¼ tsk. salt**
**50 g kakóduft**

Ofninn hitaður í 200°C og ofnskúffa klædd með bökunarpappír. Eggjarauðurnar þeyttar mjög vel með 110 g af sykrinum (5 mínútur í hrærivél, lengur með aflminni þeytara). Vanilludropum og salti þeytt saman við og síðan er kakóduftið sigtað yfir og blandað gætilega saman við með sleikju. Eggjahvíturnar hálfþeyttar, 50 g af sykri blandað saman við og þeytt áfram þar til hvíturnar mynda stífa toppa. Blandað gætilega saman við kakódeigið með sleikju og síðan er deiginu dreift jafnt í ofnskúffuna og botninn bakaður ofarlega í ofni í um 10 mínútur. Hvolft á bökunarpappírsörk og pappírinn sem botninn var bakaður á losaður gætilega áður en kakan kólnar alveg.

**FYLLING:**
**350 ml matreiðslurjómi**
**200 g sýrður rjómi (18%)**
**1 msk kakóduft**
**1 pakki Royal súkkulaðibúðingsduft**

Allt sett í skál og þeytt saman. Látið bíða í 1-2 mínútur, eða þar til blandan fer að þykkna. Þá er henni hellt á rúllutertubotninn, smurt jafnt yfir og síðan er tertunni rúllað upp frá annarri langhliðinni. Bökunarpappír vafið utan um og tertan kæld vel.

**SÚKKULAÐISMJÖRKREM:**
**150 g suðusúkkulaði**
**150 g smjör, lint**
**225 g flórsykur**
**4 eggjarauður**
**2 tsk. vanillusykur**



Súkkulaðið brætt í vatnsbaði og látið kólna dálítið. Smjör, flórsykur, eggjarauður og vanillusykur hrært vel saman og síðan er súkkulaðinu hrært saman við. Endarnir skornir af rúllutertunni á ská og festir á hana eins og kvistir með dálitlu smjörkremi. Síðan er kreminu smurt jafnt á tertuna (og kvistina) og gaffall dreginn eftir endilangri tertunni fram og aftur til að gera barkarmynstur. Skreytt eftir smekk og flórsykri ef til vill stráð yfir.













**Jóladagatölin** opnast nú smám saman eftir því sem nær dregur jólum. Það er líka hægt að telja niður dagana með því að brenna dagatalskerti og ef krakkarnir eiga súkkulaðidagatal er mikilvægt að muna eftir að bursta tennurnar!





Það er sannkallað jólahlaðborð sem boðið er upp á í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. MYND/UNNUR SIGURÞÓRSDÓTTIR

# Grýla sjálf er veislustjóri

***Einfaldir og ljúffengir réttir bjóðast börnum og fullorðnum af jólahlaðborði Fjölskyldu- og húsdýragarðsins í Laugardal um helgar. Grýla sjálf er veislustjóri.***

„Þetta er matur og skemmtun fyrir alla fjölskylduna,“ segir Unnur Sigurþórsdóttir, starfsmaður Fjölskyldu-og húsdýragarðsins, um jólahlaðborðin sem þar eru tvisvar á dag næstu tvær helgar, klukkan 11 og 14, bæði laugardaga og sunnudaga. „Fullorðna fólkið á kost á jólahlaðborðum á veitingastöðum og vinnustöðum og börnin í sínum skólum en hér eru aldurshóparnir saman,“ bendir hún á.

Óli Hermannsson er matreiðslumaðurinn í garðinum og þó að eldhúsið sé ekki stórt þá afkastar hann þar miklu. „Ég fæ síldarréttina tilbúna en annað laga ég mest sjálfur,“ segir hann og telur upp helstu rétti á borðinu. „Það er þetta hefðbundna eins og hamborgarhryggur, skorpusteik og hangikjöt. Einnig kjúklingur og djúpsteiktur fiskur, rækjur og reyktur og grafinn lax, alls konar kartöfluréttir, salöt og brauð. Svo erum við með möndlugraut, ávexti, ís og kökur í eftirmat. Þannig að það þarf enginn að fara héðan svangur,“ segir hann brosandi. Aðspurður segir hann kjötið áberandi vinsælast.

Unnur segir veislurnar alltaf hafa heppnast vel. Grýla sjálf sé veislustjóri og standi sig vel í því hlutverki. „Hún er kannski svolítið stríðin en reynir að halda aftur af sér. Einn af sonum hennar kemur alltaf með henni og þau gera sitthvað skemmtilegt með veislugestum.“

*gun@frettabladid.is*



Börnin syngja sjálf í veislunni og Grýla fylgist spennt með.

## Auð jörð

RAUÐ JÓL BÚA YFIR ÁKVEÐINNI MERKINGU SEM MÁ REKJA AFTUR TIL ÞJÓÐSAGNA JÓNS ÁRNASONAR.

Á vísindavef Háskóla Íslands er spurt af hverju snjólausum jólum er lýst sem rauðum jólum í stað til dæmis svartra jóla.

Svarið við því er að lýsingarorðið rauður hafi fleiri en eina merkingu og þar á meðal merkir orðið snjólaus og auður, eins og rauð jörð. Rauð jól merkja því snjólaus jörð um jólin.



Í framhaldi af því er bent á að í orðatiltækinu rauð jól, hvítir páskar, hvít jól, rauðir páskar felist sú trú manna að væri jörð auð um jól yrði snjór um páska og öfugt. Orðabók Háskólans á elsta dæmið um slíkt úr þjóðsögum Jóns Árnasonar (II:564), en líklegast er orðatiltækið eldra í munni manna.

Í því samhengi má nefna að svipað orðasamband er til á dönsku en þá er talað um græn jól sem hefur þá sömu merkinguna og rauð jól, samanber grøn jul bringer snehvid påske. Sjá www.visindavefur.is

*- rve*





















# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



Suzuki Boulevard 805cc. Árgerð 2006, ekinn 5 þ. km, 5 gírar. Verð 970 þús. Möguleiki á 100% láni. 690 6465.



Polaris Indy 700 SKS. Árgerð 2003, ekinn 5600 km, bakkgír, negld belti, 144mm. Verð 520 þús. 100% yfirtaka á bílasamning 12 þ. á mán. 690 6465.



Chevrolet Corvette C5 350 hö. Árgerð 2000, ekinn 95 þ. km, leður, hægt að taka toppinn af, head up display bose. Verð 4.4 millj. Áhv. 3,2 millj. Fyrsta greiðsla í feb. 690 6465.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
- Kletthálsi 2 -



MMC Pajero bensín V-6 24 V 3.5 árgerð '99. Ekinn 116 þ.km þúsund km. Verð kr. 1750.000

**Höfðahöllin**
**Kletthals 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

100 bílar bílasala



MMC Galant ES V6 árg. '03, ek. 61 þús. km. Leður, 17" krómfelgur, 200 hö. Verð 1900 þús. kr. Gott stgr. Tilboð. Stórglæsilegur bíll!!

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**




**X Motos Super Pit**
Mótorcrosshjól, 250cc, 5 gíra dirt bike, hæð sætis 90cm, hæð undir pönnu 32cm, upside down temparar stillanleg-ir. Verð 267.000



**Hippar**
Á afmælistilboði 298 þús. með götu-skráningu. 250 cc, með fjarstarti, þjófa-vörn, rollbar, töskum, litur: svart.



**Ítalskar vespur**
50cc með fjarstarti og þjófavörn, ABS bremsukerfi, breið dekk, 4 litir. Verð 188 þús. með hjálmi, götuskráningu og boxi að aftan.

**Mótor og sport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**www.motorogsport.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



VOLVO XC90 1/06 2,5 DISEL 185 hö ek 31 þ km Leður dráttarkrókur oliumiðstöð 18 álfelgur TOPPBÍLL. Verð 5.950.þ Áhv 5.180.þ Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 110858 S: 567 2700



AUDU Q7 QUATTRO árg 2007 4.2 350 hö ek 16 þ km Leður lúga 7 manna einn með öllu, Verð 7.900.þ Nánari Upplýsingar á www.arnarbilar.is rn:120424 S. 567 2700.

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

TOYOTA SELFOSSI



Toyota Land Cruiser 100 TDI (134602) 1/2005, dísel, ssk, ek. 45 þús km, grátt leður, sóllúga, dráttarkr, 33" dekk, ofl. Ásett verð 6.890 þús. Fæst á 6.500 þús.



Toyota Land Cruiser 100 TDI (134860) 1/01, dísel, ssk, ek 138 þús km, grátt leður, sóllúga, tems, dráttarkr, ofl. Ásett verð 3.690 þús.



Toyota Land Cruiser 120 GX (270193) 6/2006, dísel, ssk, ek. 48 þús km, cd magasín, cruise control, ofl. Ásett verð 4.530 þús.



Ford F350 Lariat (111506) 2005, dísel, ssk, ek. 87 þús km, leður, spoiler, plast í palli, króm á hliðum, ofl. Ath. VSK bíll. Ásett verð 3.490 þús. Tilboð 3.200 þús. Verð m/ VSK.



Ford F150 Lariat (134984) 2004, bensín, ssk, ek 121 þús km, leður, dráttarkr, lok á palli, plast í palli, ofl. Ásett verð 2.490 þús. Áhvílandi 2.200 þús.



Chevrolet Silverado 2500 (110572) 12/2003, dísel, ssk, ekinn 105 þús km, dráttarkr, 3" púst, filmur, cruise control, ofl. Ásett verð 3.450 þús. Áhv. 3.200 þús.



Toyota Rav4 (134779) 9/04, bensín, ssk, ek. 62 þús km, fjarst samlæs, dráttarkr, ofl. Ásett verð 1.990 þús. Áhvílandi 1.860 þús.

TOYOTA SELFOSSI



Toyota Rav4 EXE (110809) 7/01, bensín, ssk, ek. 129 þús km, leður, sóllúga, dráttarkr, ofl. Ásett verð 1.440 þús. Áhvílandi 1.250 þús.



Lexus IS200 (133963) 4/01, bensín, ssk, ek. 120 þús km, leður, cd magasín, filmur, loftkæling, ofl. Ásett verð 1.550 þús. Áhvílandi 1.520 þús.



Volvo S40 (111406) 2/99, bensín, 5 gíra, ek. 159 þús km, cd spilari, rafmagn í rúðum og speglum, ofl. Ásett verð 490 þús. TILBOÐ 400 þús.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

## Bílar til sölu



Dodge Ram 2500 Laramie Diesel 2007 ekinn 5Þ.Leður 6 manna Topplúga.35" Breyttur lok á palli.Einn með alveg öllu. S:898-2811




Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft, sparneytni og lægra innkaupsverði. 270 hö, 7,5L/100km. 2008 frá 4490þús. Einnig 2007 tilboðsbílar. Frá 3500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Til sölu Mazda 6 árg. '06, ek. 28 þús. ssk., vetrardekk. Uppl. í síma 868 4209.




Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! 2007/08 Dodge Grand Caravan frá 2500þús. Dodge Caliber frá 1990þús. Við gerum þér betra tilboð í fólksbíl, jeppa, pallbíl eða sendibíl. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



**Ath. öll skipti**
Cadillac Fleedwood árg '86, 4 dyra, innfluttur á þessu ári. Grár á litinn, pluss, rafmagn í öllu, ryðlaus bíll, ek. aðeins 67000 mílur frá upphafi, skoð. '08. ATH. ÖLL SKIPTI! VERÐ 1.150.000 kr. Uppl. í s. 861 7600.



WV Passart Comfortline 2,0 STW árg. '06. eK. 16 þús. Ssk, framhjóladrifin, reyklaus, bíll í toppstandi .100% lán, engin útborgun. Verð 2.850 þús. ( Í kaupauka fylgir 100 þús. Kr gjafabréf í kringlun ). Uppl. gefur Jón í síma 690 1074.



Nissan Primera árg. '01, 5 gíra, 1.6 vél, ek. 112 þús. S. 616 2597.



Bmw 545 2004, ekinn 72 þ. leður, lúga, þjónustubók. Vel búinn bíll. áhvílandi 4.9, tilboð óskast. S. 691 6318.



Dodge Grand Caravan SE árg. 2001, ek. 106 þús. Í mjög góðu standi. Góður stgr. afstláttur. Uppl. í s. 893 4363.



Nissan Terrano ll TDI 2,7 dísel. Ssk. Árg.'99. Ek. 130 þús. Topplúga, krókur, 33" dekk ofl. Einn eigandi frá upphafi. Uppl. í s. 892 8115 & 897 8115.



VW Golf 1.6 árg. '04, bsk. ek. 29 þús. Áhv. 880 þús. V. 1.460 þús. Afborganir 13 þús. Uppl. í s. 897 6537.



M. Benz 320 cdi. Nýr, kom á götuna fyrir 2 mánuðum, keyrður 2.000 með 2 ára ábyrgð hjá Öskju. Þessi er með öllu nema loftpúðafjöðrun. 19" felgur á heilsársdekkjum. Ásett verð 7.600.00 fæst á 7.100.00 staðgreitt. Tek ódýrari bíl upp í. Uppl. í s. 699 3040.



**Tilboð 299 þús.**
Skoda Octavia Station árg. 2000 ek. 160 þús. 5 gíra, krókur, ný nagladekk, smurbók. Uppl. í s. 845 0438.



Volvo XC70 árg. '04 Aldrifsbíll. Ek. 65 þ. Leður, lúga, Ssk. ný vetradekk. V. 3300 þ. 100% lán mögul. S. 824 1840 eða glja@eyjar.is



BMV árg.'97. Verð 550 þús. Uppl. í s. 893 1940.

Neon SRT4: ek. 18 þ. m. Rauður 2005 árg., tæp 300hö. Fallegur bíll. Verð. Tilboð. S. 848 9609.

Til sölu Benz jeppi ML270 dísel, árg. '01, ek. 80 þús. Topp eintak. S. 862 3415.

**Fæst á 30 þús.**
Subaro Impreza '97 1400cc. Tjónaður að framan. Ek. 170 þús. Fæst á 30 þús. Uppl. í s. 699 0983.

MMC Galant árg. '98 ek. 140 þ. V. 330 þ. Uppl. í s. 821 3854.

Mitsubishi Lancer árg. '98, ek. 130 þús., sk. '08. Vetrardekk og álfelgur, ssk. Mjög góður bíll. Tilboð óskast. S. 616 2597.

## 0-250 þús.

Höfum geymslupláss fyrir hjólhýsi, pallhýsi, tjaldvagnar og húsbíla. Erum stödd í Borgarbyggð. Upplýsingar í síma 895 9414 og 897 3514.

Skoda Felicia '98, 1600 vél, nýjar bremsur, nýsk., naglad. fylgja kr.195 þús. S. 861 1201.

Mitsubishi L300 D 8 manna, ekinn 255 þ. km. Gott eintak. Verð 190 þ. Uppl. í s. 892 2287.

## 250-499 þús.



Kia Sportage, árg. 1995, ek. 175 þ., upphækkaður. Ásett 350 þ. Uppl. í síma 692 4846.

# SIRKUS



Edda Björg Eyjólfsdóttir opnar heimili sitt

## VILL HAFA HEIMILIÐ PERSÓNULEGT

7. DESEMBER 2007 ■ Þorsteinn Guðmundsson er DJ Nova ■ Tinna Bergs pósar fyrir H&M ■ Gummi á Mojo selur glæsivillu sína

# fréttir

## Heyrst hefur

### „Vantar þig far?“



Það er hætt að vera töff að ferðast á Saga Class, allavega hjá auðmönnum þjóðarinnar, þar sem það er orðið jafn sjálfsagt að eiga einkaþotu og einkabifreið. Vinir auðmannanna hafa þó margir hverjir notið góðs af þessu því það þykir orðið arfasmart að fá „far“ með auðmönnunum þegar þeir ferðast landanna á milli. Íbúar miðbæjarins eru þó ekki jafn sáttir og sérstaklega ekki íbúar Þingholtanna því það er varla nú orðið svefnfriður fyrir einkaþotuumferð en auðmennirnir eru sjaldnast á ferðinni á skrifstofutíma og virðist það vera aðalstællinn að yfirgefa landið að næturlagi. Einkaþoturnar eru eins og lúxusíbúðir að innan og búnar helstu þægindum eins og sönnum auðmannslífi sæmir. Það vaknar enginn upp með bakverki eða aðra kvilla svo þægileg eru sætin. Ekki skortir heldur þjónustuna því þeir allra svölustu eru með sína eigin flugfreyju.



SiRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Bergþóra Magnúsdóttir
bergthora@frettabladid.is
**Forsíðumynd** Völundur
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000



FROSTASKJÓL 7 Guðmundur hefur lagt mikinn metnað í að gera húsið sem glæsilegast, en hjónin rifu nánast allt út úr því og flikkuðu upp á það. MYND/PJETUR

GUÐMUNDUR HALLGRÍMSSON EIGANDI HÁRGREIÐSLUSTOFUNNAR MOJO

# SELUR GLÆSILEGA EIGN SÍNA



Hárgreiðslumaðurinn Guðmundur Hallgrímsson og kona hans, Ása Ninna Pétursdóttir, hafa sett einbýlishús sitt að Frostaskjóli 7 á sölu en þau eru að flytja til Kaupmannahafnar. Húsið er rúmlega 180 fm á einni hæð og byggt 1966. Guðmundur og Ása Ninna keyptu húsið í byrjun ársins og hafa lagt mikinn metnað í að gera það upp.

„Þetta var ótrúlega mikil vinna. Ég var hérna öllum stundum þegar ég var ekki að vinna,“ segir Guðmundur sem mun kveðja húsið með trega enda hefur hann bundist því miklum tilfinningaböndum eftir alla vinnuna sem í það fór. Hann er nefnilega ekki bara flínkur í að setja strípur og permanent í fólk heldur kann hann líka að smíða. Húsið er innréttað eftir nýjustu húsbúnaðarstraumunum





NÝMÓÐINS ELDHÚS Eldhúsið er búið öllum nútímaþægindum, tveir bakaraofnar, innbyggð uppþvottavél og ísskápur.

með splunkunýju eldhúsi með korean-borðplötu, gegnheilu eikarplankaparketti, tölvustýrðu hitakerfi í gólfum og veggfóðruðu baðherbergi. „Ég á eftir að sakna hússins,“ segir hann og vill ekki gefa meira upp í bili en eitt er þó víst að ævintýrin bíða hinum megin við hornið og verður spennandi að sjá hvað Guðmundur tekur sér fyrir hendur í kóngsins Kaupmannahöfn.

*- mmj*

borgin mín | Einar Bárðarson umboðsmaður | LONDON

# Borðar hafragraut í morgunmat



**MORGUNMATURINN:**
**Það er alltaf gamli góði hafragrauturinn – ég og dóttir mín borðum hann af bestu lyst á morgnana enda er hann úr lífrænt ræktuðum höfrum af ökrum Bretadrottningar.**

**SKYNDIBITINN:**
**Hann er á undanhaldi hjá mér en í látunum er það oft bara það sem að kjafti kemur sem er algjörlega skelfilegt.**

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:**
**Það er margt hérna í London sem gagnast í rómantíkinni. Taman Gang er skemmtilegur veitingastaður við Park Lane og Marble Arch sem mér finnst gaman að bjóða konunni minni á.**

**LÍKAMSRÆKTIN:**
**Virgin Active er ræktin sem ég hef farið í hérna á Oxford street, rétt hjá höfuðstöðvum Believer Music í London.**

**BEST VIÐ BORGINA:**
**Það besta við London er náttúrulega það að hér er hjarta tónlistariðnaðarins í Evrópu ef ekki heiminum. Hér er gott að vera ef menn ætla að ná heimsyfirráðum. En sveitin hérna fyrir utan London er líka yndisleg og afslappandi þannig að hér er „best of both worlds“. Veturinn er líka ekki alveg eins myrkur hérna :-)**



**UPPÁHALDSVERSLUNIN:**
**Það er alveg sama í hvaða borg ég kem, alltaf finnst mér skemmtilegast að heimsækja Apple-verslanir.**



# The Laundromat Café og tískurisinn Louis Vuitton






Kaffihús þríeykisins Friðriks Weisshappel, Brynjólfs Garðarssonar og Ingvars Steinars „The Laundromat Café“ komst á dögunum í ferðahandbók tískurisans Louis Vuitton, yfir vinsælustu staðina í Kaupmannahöfn. Ferðabiblían kemur út árlega og er veglegt rit sem selt er í verslunum Louis Vuitton um allan heim. Í bókinni er heitustu borgir Evrópu útnefndar og fjallað er um skemmtilegustu staðina til að heimsækja í hverri borg. Kaffihús þeirra félaganna er sagt vera vinsælt, vinalegt og óvenjulegt og engu líkt. Lýðhylli „The Laundromat Café“ virðist engan enda ætla að taka því að í kjölfar útkomu ferðahandbókarinnar birtist heilsíðu umfjöllun um íslensk ættaða kaffihúsið í einu stærsta viðskiptablaði Damerkur, Börsen. „Mér líður eins og stoltum föður þessa dagana. Það er mikill heiður fyrir okkur félaga að jafn goðsagnakennt fyrirtæki eins og Louis Vuitton mæli með staðnum okkar. Við erum í skýjunum yfir allri jákvæðu umfjölluninni sem „The Laundromat Café“ hefur hlotið og þetta er mikil auglýsing fyrir okkur, sagði Friðrik Weisshappel í gleðivímu enda hefur hann fulla ástæðu að brosa út að eyrum miðað við alla þá hylli sem staður þeirra félaga nýtur. Áfram Ísland.

*bergthora@frettabladid.is*



# NOVA

## Stærsti skemmtistaður í heimi!

www.nova.is

**Gullpakkinn**
Internet í símann
~~900~~ kr./mán. fylgir
með á **0** kr./mán.

Gildir til 1. mars 2008.

DAGUR & STEINI




Það eina sem þú þarft að gera til að eignast þennan nýja farsíma á þessu frábæra tilboðsverði er að nota hann fyrir 3.000 kr. eða meira á mánuði.*

**NOKIA**
6120

**Frábær fyrir myndsímtöl, Internet í símann og MSN.**

**890 kr.**

á mánuði í 12 mán.

Tilboðsverð staðgreitt:
**9.900 kr.**

Fullt verð: ~~24.900~~ kr.

*Tilboðið felur í sér 6 mánaða þjónustusamning við Nova.
Tilboðsverð greiðsludreift: 890 kr./mán. í 12 mánuði og mánaðarleg notkun greidd með kreditkorti út samningstímann.
Tilboðsverð staðgreitt: 9.900 kr. Mánaðarleg notkun greidd í heimabanka eða með kreditkorti.

Nova | Verslanir Lágmúla 9 og Smáralind | Þjónustuver 5191919

## ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON ER DJ NOVA

# VAR HAFNAÐ AF GUS GUS

Ég hef aldrei skilið almennilega hvað það er sem plötusnúðar gera. Þegar ég var unglingur í Réttarholtsskóla þá var alltaf einhver í diskóbúrinu og ég fattaði aldrei hvað væri svona spennandi við búrið,“ segir Þorsteinn Guðmundsson leikari sem fékk á dögunum innsýn í heim plötusnúða. Þorsteinn bregður sér í gervi plötusnúðsins DJ Nova á heimasíðunni www.nova.is. „DJ Nova er plötusnúður á fullorðinsárum af sömu kynslóð og Björk og Gus Gus. Nova var hiphop-ari á gullaldarárum sínum og er enn þó að aldurinn sé farinn að segja til sín. Nova lifir í þeirri blekkingu að hann sé síungur og ferskur og langar ekki að verða stór. En það ekkert ósvipað hugsunarhætti kynslóðarinnar minnar, sem horfist ekki í augu við skalla og ístru og mun hlusta á hiphop fram í rauðan dauðann,“ segir Þorsteinn sem verður eflaust vel hresst gamalmenni. DJ Nova er hugarfóstur þeirra Þorsteins og Helga Svavars Helgasonar tónlistarmanns. „Ég geri tónlistina fyrir DJ Nova. Nova er kannski ekkert sérstaklega góður DJ en reynir hvað hann getur. Nova dreymdi um að spila með Gus Gus þegar hljómsveitin byrjaði en fékk ekki að vera með því það vantaði eitthvað upp á hæfileikana,“ segir hinn glaðbeitti Helgi Svavar sem augljóslega hefur gaman af DJ Nova. List plötusnúðsins felst þó ekki einungis í því að standa á bak við græjurnar og þeyta réttu skífunum eins og Þorsteinn komst að eftir kynni sín af DJ Nova. „Þetta gengur heilmikið út á það að vera í réttu fötunum,“ segir Þorsteinn sem er ekki beint þekktur fyrir að vera fórnarlamb tískunnar en fötin sem DJ Nova klæðist eru frá versluninni Nakta apanum á Laugavegi. „Ég fíla mig mjög vel í fötunum frá Nakta apanum enda eru þetta þægileg föt. Þetta er stíll sem mér líður vel í,“ segir Þorsteinn að lokum og hver veit nema Þorsteinn muni spóka sig um á Laugaveginum í fötum DJ NOVA á næstunni.

*bergthora@frettabladid.is*



**GOTT GENGI.** Helgi Svavar Helgason tónlistarmaður, Plötusnúðurinn Gísli Galdur og DJ Nova á góðri stundu.



Þorsteinn Guðmundsson í gervi DJ Nova.




Skemmtistaðurinn Nova þar sem hlutirnir gerast.

# Skífulistinn topp 20

## Vinsælustu titlarnir

### VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Mugison | ↑ | Mugiboogie |
| 2 | Ýmsir | ↑ | 100 Íslensk Jólalög á 5 CD |
| 3 | Hjálmar | ↓ | Ferðasót |
| 4 | Ýmsir | ↑ | 100 íslensk barnalög |
| 5 | Villi Vill | ↑ | Myndin af þér |
| 6 | Páll Óskar | ↓ | Allt fyrir ástina |
| 7 | Friðrik Ó. og Guðrún G. | ↓ | Ég skemmti mér um jólin |
| 8 | Sprengjuhöllin | ↑ | Tímarnir okkar |
| 9 | Ellen | ↑ | Einhversstaðar einhverntíma |
| 10 | Laddi | N | Jóla hvað? |
| 11 | Sigga Beinteins | – | Til eru fræ |
| 12 | Ýmsir | N | Pottþétt 45 |
| 13 | Dísella | ↓ | Solo Noi |
| 14 | Josh Groban | N | Noel |
| 15 | Garðar Thor Cortes | | Cortes 2007 |
| 16 | Pavarotti | ↑ | Pictures |
| 17 | Eagles | ↓ | Long Road Out Of Eden |
| 18 | Björgvin Halldórsson | N | Jólagestir 1-3 |
| 19 | Björgvin Halldórsson | N | Jólagestir 4 |
| 20 | Sigur Rós | N | Hvarf / Heima 2cd |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

### VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Simpsons The Movie |
| 2 | Astrópía |
| 3 | Shrek the Third |
| 4 | Mýrin |
| 5 | Pirates of the Caribbean 3 |
| 6 | Latibær Jólasveinninn |
| 7 | Harry Potter the Order of Pho |
| 8 | Evan Almighty DVD |
| 9 | DIE HARD 4 |
| 10 | Skoppa og Skrítla í Þjóðleikhúsinu |
| 11 | Latibær 5 |
| 12 | Simpsons Season 10 |
| 13 | Desperate Housewifes sería 3 |
| 14 | Grey's anatomy Sería 3 |
| 15 | Köld Slóð |
| 16 | Arthur og Minimóarnir |
| 17 | Fóstbræður Season 1 |
| 18 | Jungle Book - Ísl.tal |
| 19 | Planet Earth Box (5 discs) |
| 20 | Grettir í Raun |


1


2


3


8


9


11


12

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

SKÍFAN

Listinn gildir 7. til 14. des 2007

DELL MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA™ HOME PREMIUM



DELL XPS M1330™

GOTT FÓLK

## LANGAR ÞIG Í EINA?

- Intel® Core™2 Duo T7250 Santa Rosa örgjörvi
- 2,00GHz, 800MHz FSB, 2MB L2 Cache
- 2GB 667MHz Dual Channel DDR2 vinnsluminni (2x1024)
- 13,3” UltraSharp WXGA (1280x800) TrueLife skjár
- Innbyggð 2,0 mega pixel myndavél
- 128MB nVidia GeForce Go 8400M GS skjákort
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- 8X DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
- Innbyggt 10/100 netkort
- Dell 1505 þráðlaust netkort a/g/n
- Innbyggt TrueMobile 355 Bluetooth
- HD hljóðkort með hátölurum & hljóðnema
- 2x USB 2,0, IEEE 1394a FireWire, Infrared
- VGA, HDMI, ExpressCard tengirauf
- 8-1 minniskortalesari
- Windows Vista Home Premium
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

**Ein léttasta og þynnsta fartölva sem þú getur fengið. XPS M1330 er sérstaklega þægileg í meðförum og hentar því fullkomlega í skólann. Hún fæst í 2 frábærum litum; rauð og svört.**



**XPS M1330 KOSTAR 189.900,-***

*** FYRIRVARAR:** Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc. Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

www.ejs.is

**TINNA BERGSDÓTTIR ER AÐ GERA ÞAÐ GOTT Í FYRIRSÆTUHEIMINUM** Nýlega sat hún fyrir hjá sænska tískurisanum H&M.



TINNA BERGSDÓTTIR FYRIRSÆTA

# Situr fyrir í nýrri auglýsingu fyrir H&M

Ég tók þátt í fyrirsætukeppninni Face North fyrir þremur árum og bar sigur úr býtum en þá var ég 19 ára. Í kjölfar keppninnar fékk ég tækifæri sem mörkuðu upphaf ferilsins hjá mér," segir Tinna Bergsdóttir fyrirsæta. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Tinna náð langt í fyrirsætuheiminum og myndir af henni hafa birst í tímaritunum Elle, Marie Claire og Harpers Bazaar þótt fátt eitt sé nefnt. Fljótlega eftir Face North-keppnina var Tinnu boðið að starfa á vegum módelskrifstofunnar Eskimo Models á Indlandi. „Frá unga aldri hafði mig dreymt um að koma til Asíu og þurfti því ekki að hugsa mig tvisvar um þegar ég fékk þetta tilboð upp í hendurnar. Í upphafi ætlaði ég mér að vera 1-2 mánuði en var í tæpt ár." segir hún. Indlandsdvölin gaf henni ekki einungis dýrmæta reynslu því Tinna fann ástina á Indlandi. „Ég var nýkomin til Indlands þegar ég hitti Acquin kærastann minn. Við hittumst í partíi hjá Bjarneyju hjá Eskimo og upp úr því þróaðist samband okkar." Í dag búa þau Tinna og Acquin saman í London og starfa bæði við fyrirsætustörf. Tinna hefur náð langt í fyrirsætuheiminum þar úti og sat nýverið fyrir í auglýsingaherferð H&M. „Það er búið að vera rosalega mikið að gera hjá mér og ég er alsæl með lífið og tilveruna í London. Ég er nýkomin frá Þýskalandi, en þar sýndi ég á tískusýningu fyrir Burberrys," segir Tinna sem er bókuð langt fram í tímann. Tinna og Acquin taka sér þó frí frá fyrirsætustörfunum um jólin. „Við komum heim til Íslands 15. desember og hlökkum mikið til. Acquin var á Íslandi síðustu jól og var yfir sig hrifinn af landi og þjóð," segir að lokum ofurfyrirsætan Tinna sem á framtíðina fyrir sér.

*Bergthora@frettabladid.is*




**Brátt munu myndir af Tinnu prýða auglýsingar H&M.**

BALDUR RAFN OG SIGRÚN BENDER EIGA VON Á ERFINGJA

# KOMIN 16 VIKUR Á LEIÐ

Hárgreiðslumaðurinn Baldur Rafn Gylfason og fegurðardrottningin og flugmaðurinn, Sigrún Bender, eiga von á sínu fyrsta barni saman en fyrir á hann soninn Tristan Gylfa. Barnið á að koma í heiminn 22. maí en Sigrún er komin 16 vikur á leið. Parið er búið að vera saman í nokkur ár en þau trúlofuðu sig á Bahamaeyjum í fyrra. Baldur hefur getið sér gott orð sem einn af færustuhárgreiðslumönnum landsins en hann átti hárgreiðslustofuna Mojo ásamt Guðmundi Hallgrímssyni. Í fyrra seldi Baldur sinn hlut og keypti heildsöluna Árgerði sem flytur inn hársnyrtivörur ásamt Ástu Margréti Birgisdóttur en þau breyttu nafninu í Proact. Heildsalan er ekkert venjuleg en hún sérhæfir sig í því að kynna nýja tískustrauma fyrir hárgreiðslufólki á Íslandi. Proact hefur umboð fyrir merki á borð við Matrix, L'Oreal, Joico og Kerastase. Sigrún er við það að ljúka flugnámi en hún hefur starfað sem flugfreyja hjá Iceland Express og svo hefur hún verið flugkennari hjá Flugskóla Íslands. Þegar Sirkus náði tali af þeim voru þau mjög spennt yfir tilvonandi erfingja. *- mmj*



**BALDUR RAFN GYLFASON HÁRGREIÐSLUMAÐUR**



**TRÚLOFUÐU SIG Á BAHAMAEYJUM** Baldur Rafn og Sigrún eru yfir sig ástfangin. Nú hefur ástin borið ávöxt því þau eiga von á erfingja.







Framúrskarandi hönnun og fjölbreytt úrval hjá okkur í Skeifunni og í Leifsstöð

Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is




1 Fagurkerinn Edda Björg á heimili sínu þar sem smekklegheitin eru allsráðandi.
2 Útsýni yfir tjörnina. Úr borðstofunni sést í kaþólsku kirkjuna og tjörnina. Lampinn er úr versluninni Kisunni á Laugavegi.
3 Krúttlegt eldhús. Opnu hillurnar eru alveg í stíl við innviði íbúðarinnar en húsið var byggt um þarsíðustu aldamót.
4 Leikkonan hefði orðið arkitekt ef leiklistarbakterían hefði ekki heltekið hana. Hún hefur unun af því að búa til uppstillingar og hún er flink í því að blanda hlutum saman á skemmtilegan hátt.




EDDA EYJÓLFSDÓTTIR LEIKKONA

# ÆVINTÝRAVERÖLD Í MIÐSTRA

Leikkonan Edda Björg Eyjólfsdóttir hefur komið víða við á glæstum ferli og unnið ófáa leiksigra, bæði á sviði og í sjónvarpi. Þessa dagana er Edda Björg á fullu við æfingar á verkinu Vígkonur sem verður frumsýnt í janúar í Þjóðleikhúsinu. Jafnframt tekur hún þátt í leiksýningunni Konan ein sem sýnt er á Smíðaverkstæðinu. Þrátt fyrir mikið annríki gaf Edda Björg sér tíma til að opna dyrnar að undurfögru heimili sínu. „Við fjölskyldan fluttum hingað inn í nóvember árið 2005 og höfum jafnt og þétt verið að gera íbúðina upp," segir Edda Björg sem býr í gömlu fallegu húsi ásamt eiginmanni sínum Stefáni Má tónlistarmanni og syninum Kolbeini Daða.

Húsið stendur við Miðstræti, eina mest heillandi götu Þingholtanna. Húsið var byggt árið 1905 og er svokallað „katalóg"-hús sem flutt voru til landsins í kringum 1900. Fjölskyldan hefur lagt mikið upp úr því að leyfa upprunalega stílnum að halda sér og hefur unun af því að blanda saman gömlu og nýju og það er nostrað við hvert smáatriði. „Arkitektúr hefur alla tíð heillað mig. Á síðasta árinu mínu í Leiklistarskólanum íhugaði ég meira að segja að söðla algerlega um og byrja í arkitektanámi," segir leikkonan fjölhæfa þegar hún er spurð hvort hún hafi aldrei velt fyrir sér að læra hönnun frekar en leiklist. Hún hefur þó ekki langt að sækja hæfileikana því faðir hennar er arkítekt og bróðir hennar er í arkítektanámi. „Ég hef mjög mikinn áhuga á öllu sem tengist hönnun og arkitektúr. Ég gæti vel hugsað mér að vinna við að gera upp gömul hús og koma þeim í sitt upprunalega horf, þannig að þau fái notið sín sem best," bætir Edda Björg við. Henni finnst áberandi hversu stöðluð og keimlík íslensk heimili eru. „Svo virðist sem Íslendingar hafi mótað sér sama stílinn. Allt verður að vera hvítt og glansandi, engar myndir á veggjum og ekkert uppi á borðum."

Því fer fjarri að glansandi naumhyggjustílinn höfði til Eddu Bjargar. „Innanhússarkitektar virðast gera út á að setja upp sömu innréttingu og sama stíl inn í hvert einasta hús án þessa að taka tillit til þess hvenær húsið var byggt. Það ætti að vera skylda að skoða hvaða karakter húsið og íbúðin hafa að geyma áður en hafist er handa við breytingar. Ég hvet fólk að sigla móti hvítum glansandi naumhyggjustílnum sem er ríkjandi og finna sinn eigin stíl," segir Edda Björg og er mikið niðri fyrir. Íbúð Eddu er gott dæmi um heimili þar sem upprunalegu skipulagi og anda hefur verið leyft að halda sér án þess þó að íbúðin verði eins og antíksala. Hún er mikil safnari eins og heimilið ber vitni um. „Ég safna steinum og síðan er ég veik fyrir talnaböndum, krossum og íkonum. Það er einhver góður andi sem fylgir þessum hlutum," segir Edda Björg en hún leggur mikið upp úr að hafa hluti í kringum sig sem hafa tilfinningalegt gildi fyrir hana.




1 Stofan og hægindastóllinn er uppáhaldshúsgagn Eddu Bjargar.

2 Ævintýraleg uppstilling í eldhúsinu.

3 Borðstofan er eftirlætisstaður fjölskyldunnar í Miðstrætinu.

4 Rómantískt svefnherbergi Eddu Bjargar og Stefáns og forláta rúmfjölin.










Í borðstofunni og stofunni þekja gamlar ljósmyndir veggina í bland við nútíma myndlist, krossa og postulínsandlit og mynda skemmtilega umgjörð um rýmið. „Mér þykir rosalega vænt um málverkið eftir Húbert Nóa sem Stefán gaf mér í trúlofunargjöf." En málverkið er í borðstofunni sem er uppáhaldsrými fjölskyldunnar. „Stolt heimilisins og nýjasta fjárfestingin er þó málverk eftir Eggert Pétursson myndlistarmann. Okkur hafði lengi langað í verk eftir hann og létum verða af því að fjarfesta í einu slíku í haust." Málverkið, mynd af lúpínu sem virðist enn vera að vaxa á striganum, hangir fyrir ofan eldgamlan kirkjubekk á ganginum og tekur á móti gestum þegar gengið er í íbúðina. Lúpínan er vel í sveit sett í ævintýralegri íbúð Eddu þar sem allt virðist geta gerst.

Á heimilinu er fullt af skemmtilegum hlutum og húsgögnum sem eru hvert öðru fallegra. Í hjónaherberginu hangir gömul rúmfjöl yfir rúmgafli þeirra hjóna en Stefán gaf Eddu fjölina í jólagjöf. „Mig hafði lengi dreymt um að eignast gamla rúmfjöl. Ég hafði deilt þessum draumi með vinkonu minni Önnu Ringsted, eiganda verslunarinnar Fríðu frænku. Þegar Anna komst yfir gamla rúmfjöl rétt fyrir jólin hringdi hún í Stefán og tilkynnti honum að jólunum væri borgið. Hún væri komin með jólagjöfina handa mér sem væri þessi forláta rúmfjöl," segir Edda Björg um rúmfjölina sem vakir og sefur yfir þeim hjónum. Rúmfjölin er eflaust það elsta í íbúðinni en hún er frá árinu 1876 og bíður þess að fara í frekari greiningu á Þjóðminjasafninu. „Mig langar rosalega til að láta lesa út úr skriftinni á henni og komast að því hver eigandi hennar var," bætir Edda Björg við.

Það er margt sem fangar augað í

# tíska&fegurð

FÖSTUDAGUR 7. DESEMBER 2007



● HARA-SYSTUR

## Sungið í Bridget Jones nærbuxum

● JÓLAFÖTIN

## Fyrir alla, konur, börn og karla

● FYRIR HERRANA

## Frakkar eru málið

FRÉTTABLAÐIÐ




## Hönnuður




● **STELLA MCCARTNEY** Tískuhönnuðir eru yfirleitt einni árstíð á undan okkur hinum og þar er Bítladóttirin Stella McCartney engin undantekning. Meðan við skjálfum af kulda hérna á skerinu, dúðuð í ullarkápur og bryðjandi hálsbrjóstsykur, hefur McCartney sent frá sér vor- og sumarlínu næsta árs og er fremur spör á efnið eins og sjá má. Enda kannski frekar hugsað fyrir baðstrandarferð í steikjandi hita en jeppaferð upp á jökul. Við bíðum þess tíma með öndina í hálsinum.

## Ný hönnun en haldið í gamlar hefðir

Nú er verslun Lauru Ashley í Faxafeni 14 farin að selja kvenfatnað auk húsbúnaðarvörunnar sem er víðfræg.

„Þetta er dömuklæðnaður fyrir allan aldur og í miklu úrvali," segir Rósa Björg Óladóttir verslunarstjóri þegar hringt er í hana og forvitnast um vöruúrvalið í fatadeildinni. „Hér eru samkvæmiskjólar, aðrir kjólar, yfirhafnir og ullarpeysur, skyrtur, pils, bolir og allt mögulegt. Við erum með ilmlínu líka sem hentar vel til jólagjafa og svo má nefna tískuskartið, bæði fínlegt og gróft. Það er mjög vinsælt."



**Jólakjólar eru meðal þess sem Laura Ashley býður upp á.**

Rósa rifjar upp að Laura Ashley hafi verið með fatadeild á Snorrabrautinni fyrir nokkrum árum. Nú hafi verið ákveðið að prófa hana aftur. „Það gengur rosa vel," segir hún. „Laura Ashley er með flotta hönnun. Þar eru margar nýjungar auk þess sem haldið er í gamlar hefðir og eldri munstur eru endurgerð."

*- gun*

# Frakkar eru málið

●Sighvatur Halldórsson, verslunarstjóri í Herragarðinum í Kringlunni, hefur tískustraumana alveg á hreinu. Hann mælir með því að frakki sé notaður sem alhliða yfirhöfn í dag.

Frakkar eru það heitasta í ár að sögn Sighvats og ef verið er að hugsa um yfirhöfn þá er það frakki en ekki úlpa eða útijakki. Alveg sama hvort það er yfir gallabuxur eða jakkaföt. „Fyrir þremur til fjórum árum notuðu menn frakkana sína bara spari en nú eru þeir orðnir aðalyfirhöfnin í staðinn fyrir úlpuna, stutta jakkann eða annað slíkt," segir Sighvatur en tekur fram að það sé svo sem ekkert nýtt undir sólinni því auðvitað komi tískan alltaf aftur.

Sighvatur segir boli gjörsamlega vera á útleið og að skyrturnar komi inn í staðinn. „Þetta hefur verið þróunin síðasta árið að skyrtan hefur leyst bolina af hólmi," segir Sighvatur og tekur sem dæmi að í stað þess að vera í bol undir peysu með v-hálsmáli þá sé nú málið að vera í skyrtu undir peysunni. „Þá er auðvitað hægt að skella bindinu upp líka. Aftur á móti er það algjört bannorð að vera í bol undir skyrtunni. Menn sem vilja vera í bol undir skyrtunni hafa meira að segja rifið bolinn yfir bringuna til að ekki sjáist í hann," segir Sighvatur og bætir því við að tískan sé að verða fínni aftur.

Spurður hvað sé að gerast í bindatískunni, segir Sighvatur: „Það er allt að gerast í bindunum. Þau fara mjókkandi og gardínuefnin eru að koma inn aftur en við eigum auðvitað gríðarlegt úrval af bindum."

*- sig*



**Starfsmaður Herragarðsins skartar hér millisíðum frakka sem Sighvatur Halldórsson verslunarstjóri segir að sé aðalyfirhöfn herramannsins þessa dagana.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Rokkað um jólin

●Svarti liturinn er áberandi í fötum fyrir unglinga í vetur og jólafötin gætu því orðið svört og rokkuð. Svört föt eru þó notadrjúg þannig að jafnvel er hægt að endurnýta jóladressið í skólann eftir áramótin.



1





2

**1. Gallabuxur og stælleg skyrta** frá Zink í Smáralindinni. Buxur 5.990 krónur og skyrta 4.990 krónur.

**2. Tískan er dökk.** En þó má hressa upp á svarta litinn með skemmtilegum fylgihlutum og lífga upp á stemninguna. Rokkaður tjullkjóll með bleikum borða fer vel með bleikum skóm. Kjóllinn kostar 5.990 krónur í Debenhams og skórnir fást líka þar á 2.990 krónur.

**3. Svart er inni** en einnig er til mikið af fötum í bjartari litum. Í Debenhams geta ungir herrar fundið ljósröndótta skyrtu á 2.990 krónur og svo bláar sparibuxur við á 5.490 krónur.

**4. Svartir skór** eru ávallt klassískir og þægilegt að þurfa ekkert að reima. Svartir skór í Debenhams á 5.490 krónur.

**5. Svartar satínbuxur** við svartan topp með púffermum er einföld samsetning sem hægt væri að rokka upp með t.d bleikum skóm. Buxur 4.490 krónur og toppur 3.990 krónur úr Zink Smáralind.





3

4



5



heima

# HEIMA ER BEST!




HEIMA HÚSIÐ

mood heima Öndvegi BÚUM BETUR HÚSGAGNAVERSLUN

OPIÐ ALLA SUNNUDAGA TIL JÓLA KL. 13-16

Síðumúla 30 • Sími 568 4242 • www.heimahusgogn.is • heima@heimahusgogn.is

**OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16 SUNNUDAGA (til jóla) 13-16**




LEÐURHEIMUR



NÝ BÚÐ - NÝJAR VÖRUR
10% KYNNINGARAFSLÁTTUR TIL 15. DES









BARÓNSSTÍG 11A
GENGIÐ INN HJÁ ARGENTÍNU STEIKHÚSI




Hara-systrum, Hildi og Rakel Magnúsdætrum, finnst fátt skemmtilegra en að kaupa sér föt en sumum þeirra klæðast þær við opinber tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



„Ég keypti þennan kjól í Gyllta kettinum. Mér fannst vera einhver Siggu Beinteins í Eurovision-fílingur í honum," segir Rakel.



„Kjólinn keypti ég í Spútnik fyrir ári en ég kaupi mikið af fötum í verslunum með notuð föt og líka á eBay," segir Hildur.

# Syngur í Bridget Jones nærbuxum

● Hara-systurnar Rakel og Hildur Magnúsdætur eru önnum kafnar við að fylgja eftir nýrri plötu en þær segja flott föt órjúfanlegan hluta af sviðsframkomunni.

Rakel og Hildur Magnúsdætur, betur þekktar sem Hara-systur, hafa í nógu að snúast fyrir jólin meðal annars við að fylgja eftir útgáfu nýrrar plötu, Bara. Að eigin sögn er lagaúrvalið fjölbreytt á plötunni, allt frá diskó til kántrí svo allir ættu að finna þar eitthvað við sitt hæfi. Auk þess að leggja mikið upp úr góðu lagaúrvali, segja systurnar mikinn tíma fara í að velja réttu búningana til að koma fram í en valið ráðist oftast af tilefninu.

„Við erum alltaf í búningum á sviði. Það er algjör skylda. Við komum ekki öðruvísi fram," segir Rakel hress í bragði og tekur fram að Hildur ráði nú yfirleitt hverju þær syngja í. „Ég ræð hins vegar öllu öðru, hvað við syngjum og segjum hverju sinni, eða þar til Hildur missir sig í bröndurunum," segir hún.

Systurnar minnast þó atviks þar sem þessi yfirlýsta stefna fór þó eitthvað úrskeiðis, en það var á kántríhátíðinni á Skagaströnd þar sem gleymdist að hafa með kúrekahatta. „Við vorum alveg eins og asnar á sviðinu," rifjar Rakel upp og hlær. „En sem betur fer kom kona úr salnum hlaupandi og reddaði okkur sitthvorum hattinum."

Þær segja að búningarnar séu yfirleitt hugsaðir niður í smáatriði og Rakel eigi meira að segja sérstakar lukkunærbuxur sem hún komi fram í. „Þetta eru svona Bridget Jones-nærbuxur. Þú veist þessar stóru og þar af leiðandi passa þær kannski ekki við öll dress," segir Rakel og blaðamaður veit ekki alveg hvort hann á að taka hana alvarlega, enda systurnar þekktar fyrir hreint ótrúlegt skopskyn.

En að stórum nærbuxum frátöldum, hvernig skyldu þær lýsa eigin fatasmekk. Rakel verður fyrri til svars. „Mér finnst gaman að fara í „second hand"-búðir eins og Gyllta köttinn. All Saints er uppáhaldsbúðin mín sem fellur ekki í þann flokk og eins Next, þar sem afgreiðslustúlkurnar eru alveg hreint út sagt yndislegar. Fötin þar eru svolítið öðruvísi, en ég reyni að finna föt sem fáir eiga. Svo skiptir ekki síður máli að fötin séu þægileg en flott."

Hildur segist líkt og systir hennar sækja mikið í verslanir með notuð föt, annað kaupi hún á netinu. „Mér finnst ekkert skemmtilegra en að versla, en er samt ekkert að tapa mér," viðurkennir hún. „Oft finnst mér við ekki eiga neitt þegar við ætlum að skemmta, sem er í lagi því þá fer ég bara að versla."

Systurnar fá líka stundum föt lánuð hjá hvor hjá hinni, þótt Rakel leiti oftar í yfirfullan fataskápinn hjá Hildi, sem hún segir hafa sankað að sér fötum allt frá barnsaldri. „Það var tekin heil filma af henni tveggja til þriggja ára í rosalega pæjulegum fötum. Hún var eins og pínulítil kerling með varalit og hálsfesti. Við springum enn úr hlátri við að skoða myndirnar," segir Rakel, sem á sjálf ýmsar skrautlegar minningar um fatakaup, meðal annars þegar hún keypti sér forláta kjól sem reyndist vera skyrta.

En hverju skyldu systurnar ætla að klæðast um jólin? „Ég er búin að ákveða að klæðast rosalega flottum gömlum kjól, svörtum og bleikum, sem ég keypti í Spútnik fyrir fimm árum og notaði við útskriftina," segir Hildur. „Hann er sá allra flottasti sem ég hef séð."

Rakel virðist ekki jafn ákveðin. „Ég er ekki alveg búin að velja fötin, ætli það fari ekki svolítið eftir veðri og vindum. Svo fer það líka eftir því hvort ég hamast sjálf í eldhúsinu eða mamma verður hjá mér. Ef mamma eldar steikina þá fer ég í mitt fínasta púss." Ekki fylgir sögunni hvort skræpótti kjóllinn verði þá sóttur upp á háaloft.

- rve



HÁTÍÐARTILBOÐ!
kæliskápar frá SEVERIN
SEVERIN raftækin eiga sér yfir 50 ára sögu á Íslandi og eru þekkt fyrir gæði.
Hver þekkir ekki KA 5700 kaffivélina, sem seld hefur verið hérlendis í tugþúsundatali ?
Nú bjóðum við kæliskápa frá þessu þýska fyrirtæki á sérstöku kynningarverði!
Frá 49.876.-
KS 9850
Hæð 173 sm Hvítur
Frá 45.505,-
KS 9845
Hæð 145 sm Hvítur
Frá 35.910,-
KS 9840
Hæð 144 sm Hvítur eða silfurgrár
53.960,-
KS 9850
Hæð 173 sm Stál
29.925,-
KS 9883
Hæð 86,5 sm
Lægra gengi = lægra verð!
SEVERIN
23.560.-
KS 9817
Kælir 76 l, frystir 10 l Hæð 84
15.960.-
KS 9813 50 l
Hæð 51
www.ef.is
Öll verð miðast við staðgreiðslu
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • www.ef.is


DÉLICES DE Cartier
DÉLICES DE Cartier
The new feminine fragrance


EUROITALIA MONZA MI ITALY
VERSACE
THE NEW FRAGRANCE FOR WOMEN

# Enginn krakki í jólaköttinn

Ný spariföt fyrir jólin er hefð hjá mörgum og allir þekkja jólaköttinn sem hreinlega étur þá sem ekki fá að minnsta kosti eina nýja flík. Mikið úrval af fallegum barnafötum í búðunum nú fyrir jólin ætti að hjálpa til við að halda krökkunum frá kisa.



1

**1. Jólalegur flauelskjóll** með púffermum og fallegri slaufu frá Benetton kostar 5.495 krónur og logagylltir skór með slaufu eiga vel við. Þeir kosta 3.995 krónur, einnig hjá Benetton.



2

**2. V-hálsmáls peysa** í líflegum litum er sparileg á litlu herramennina og stællegar gallabuxur við. Peysan fæst í Debenhams á 2.990 krónur og buxurnar líka á 2.790 krónur.



3

**3. Þolinmæði** litlu strákanna til að vera í jakkafötum spari er misjöfn en það er þó alltaf mjög gaman að sjá pjakkana í fínum fötum. Flauelsjakkaföt frá Exit og kostar jakkinn 2.990 krónur og buxurnar 3.290 krónur. Svört skyrta á 2.490 krónur.



4

**4. Prjónakjólar** eru mikið í tísku og fá litlu stelpurnar eitthvað fyrir sig líka. Þessi kjóll úr glitrandi glimmergarni fæst í Debenhams fyrir 6.990 krónur.



5

**5. Prjónavesti og fín skyrta** við flauelsbuxur er mjög heppilegur jólafatnaður fyrir strák. skyrtan kostar 3.995 krónur og vestið 3.495 krónur og bláu flauelsbuxurnar 4.495 krónur.



6

**6. Eldrauður pífukjóll** fyrir litlar prinsessur og silfurskór eru falleg jólaföt. Kjólnum fylgir hvítur langerma bolur innan undir á 1.490 krónur og silfurskór 1.690 krónur frá Exit í Smáralind.











## Blómlegur de la Renta

Blómamunstur voru ríkjandi á tískusýningu hönnuðarins Oscar de la Renta sem haldin var í Park Avenue í New York í byrjun desember. Þar sýndi de la Renta sumartísku sína fyrir árið 2008.

Stór blómamunstur í sterkum litum eins og rauðum, grænum og gulum voru áberandi á annars nokkuð hefðbundnum kvenlegum kjólum í anda de la Renta. Skrautlegar krúsídúllur á borð við stóra plíseraða borða skreyttu satínskyrtur í líflegum litum og munstrum. Hnepptar peysur úr kasmírull voru frískandi í kóngabláum og fjólubláum litum en einnig mátti líta svartar settlegar peysur með útsaumuðum gullfjöðrum.

Dramatíkin náði hámarki í kvöldfatnaði de la Renta. Blómin voru ekki víðs fjarri enda kjólarnir íburðarmiklir með pilsum sem minntu á heilt blómahaf. Þó hafði hönnuðurinn tónað nokkuð niður munstrin og litadýrðina. - sg



# *JS Watch co.*

REYKJAVIK

## Gengur þú 8 km á hverjum klukkutíma?

Nei, líklega ekki, en það gera hins vegar úrin okkar. Þau verða nátengdari þér en þú heldur. Allar hreyfingar þínar halda úrinu gangandi! Hjarta úrsins eða óróaásinn nýtir orkuna, sem sjálfvindan framleiðir, og sveiflast fram og til baka og deilir þannig orkunni niður í sekúndur. Þetta gerist 28.800 sinnum á klukkustund sem jafngildir 8 kílómetrum eða 700.800 kílómetrum á 10 árum. Þrátt fyrir þetta er úrið enn að slíta barnsskónum.

- Gilbert úrsmiður
www.jswatch.com



GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100



JÓLAGJÖFIN FÆST Í SPORTLANDI

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

Mikið úrval af barnafötum st 68-164

- Better Bodies í ræktina
- Umbro í fótboltann
- Kempa fyrir handboltann
- Mizuno fyrir hlauparann

Toppmerki á toppverði!

SPORTLAND www.sportland.is

Ármúla 17, 108 Rvk s: 581-1212


# Skyldu það vera kjólajól

● Á jólunum gefst gott tækifæri til að skarta sínu fínasta pússi og um að gera að smella sér á flottan kjól í einni af mörgu verslunarferðunum sem við förum í fyrir jólin. Verslunarfólki ber saman um að fólk hafi verið tímanlega í fatainnkaupunum fyrir þessi jólin svo það fer hver að verða síðastur að ná sér í spariföt.

**1. Tískan** í dag einkennist af vönduðum flíkum og klæðilegum sniðum, gjarnan í anda Jackie Kennedy og ekki amalegt að setjast við jólaborðið í þessum satínkjól. Kjóllinn kostar 21.900 krónur í Coast í Smáralind.

**2. Frú Jackie Kennedy** varð síðar Jackie O og hefði sú síðarnefnda örugglega látið sjá sig í þessum kjól. Hann fæst í Benetton á 10.995 krónur.

**3. Marilyn Monroe** kemur óneitanlega upp í hugann. Það er eins og þessum græna tjullkjól hafi verið kippt út úr fataskápnum hennar. Kjóllinn kostar 29.900 krónur í Coast.





Fallegir samkvæmisskór

Einnig mikið úrval af samkvæmistöskum



Drangey

Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is



Frábær jólagjöf

Vatns og vindheldir Softshell flísjakkar frá finnsku Jahti Jakt og North Ice




Icefin • Nóatúni 17 • s:5343177

Opið í desember frá 10-18mán til fös 11-16 laug og sunnud

www.icefin.is


# Tvistað í támjóu um jólin

●Karlmennirnir vilja ekki frekar en aðrir lenda í jólakettinum. Þeir þurfa því að gera sér ferð í bæinn eftir sparifötum fyrir hátíðarnar eins og aðrir fjölskyldumeðlimir og úr nógu er að velja.




**1. Hlýlegar afapeysur** og jólaleg rauð bindi eiga vel við stemminguna á aðfangadagskvöld og svo er bara betra að rífa utan af pökkunum í þægilegri peysu. Peysan kostar 2.990 krónur í Dressmann og þar fást líka skyrtan á 3.990 krónur og bindið á 2.990 krónur.

**2. Herratískan** núna í skóm er támjó og á þessum skóm er hægt að tvista gegnum hátíðarnar með stæl. Skórnir fást í Jack og Jones í Smáralind, 10.900 krónur.




**3.Góð samsetning** er að smella sér í hvíta skyrtu undir töffaralegan jakka. Mjótt lakkrísbindi kórónar svo flottheitin og gallabuxurnar ganga við öll tækifæri. Svarti jakkinn kostar 26.900 krónur í Jack og Jones. Hvít skyrta, 4.990 krónur, bindið 1.990 krónur og gallabuxurnar 9.900 krónur, allt í Jack og Jones Smáralind.



Sívinsælar bækur um Láru og einhyrninginn hennar.




Og nú er **Galdurinn** kominn út aftur, fyrsta bindið.







**Spennandi og skemmtileg saga sem auðvelt er að lesa.**
Leggur þú í óvættaför með Tom og Elennu?

**Trúir þú því líka?**
**Tólf munnmælasögur á bók og diski – með myndum eftir tólf frábæra teiknara.**







Frábær og fyndin bók fyrir spæjara.
Þjófar eru komnir á kreik.
En það er Mæja spæja líka!







**Lokabindið í vinsæla ævintýraflokknum um Leynilandið –**

eftir Jane Johnson, áður útgáfustjóra Hringadróttinssögu.




Feiknaspennandi og fyndin saga. Fyrsta bindið í flokknum Á háskaslóðum – fer nú sigurför um heiminn.

Höfundur er nefndur til HC Andersen verðlaunanna 2008.

BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN




# ELDHEIT

Gerð: Jónína

Litir: Silfurrautt og svart

Efni: Ítalskt Tecnostretch

Verð: 10.990 kr.

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

3



**Uppáhaldsstaður í íbúðinni:**
✘ Borðstofan er uppáhaldsstaður fjölskyldunnar og þar eyðum við mörgum stundunum saman.

**Fyrsta sem þið keyptuð fyrir heimilið:**
✘ Eldavél og ísskápurinn. Noguchi-borðið og Ilse-hægindastólinn.

**Besta við staðsetninguna:**
✘ Miðstrætið er miðsvæðis og hér líður mér eins og í nafla höfuðborgarinnar.

**Versta við staðsetninguna:**
✘ Bílastæðaskorturinn.

**Besti tími dagsins:**
✘ Morgnarnir ef við höfum góðan tíma á virkum dögum, og hádegin um helgar eru heilög stund, en þá bökum við oft pönnukökur og njótum þess að vera saman.

**Mesta þarfaþingið á heimilnu:**
✘ Gamaldags ostarifskeri sem ég get ekki hugsað mér að vera án.

**Eftirlætishúsgagnið:**
✘ Hægindastóllinn okkar.

**Efst á óskalistanum:**
✘ Hvítur sófi frá Saltfélaginu og hjónarúm fyrir okkur skötuhjúin.

4



# ÆTINU





íbúð fjölskyldunnar í Miðstrætinu. Hæglega væri hægt að gleyma þar stund og stað við það eitt að skoða alla gersemarnar og hlusta á Eddu Björgu segja frá hlutunum sem hún hefur viðað að sér í gegnum árin. Heimili Eddu Bjargar er umvafið ást og hlýju, virðingu og væntumþykju fyrir því liðna og nútíðinni og skapar ævintýraveröld sem á sér engan líka.

*Bergthora@frettabladid.is*


## VÍSINDAHEIMURINN

**GLÆSILEGAR BÆKUR UM NÁTTÚRUFRÆÐI FYRIR BÖRN OG UNGLINGA**

Í fyrra komu fyrstu fjórar bækurnar í þessum flokki út og njóta þær mikilla vinsælda. Nú bætast þrjár við og snemma á næsta ári koma þrjár síðustu bækurnar út. Þær eru einkum sniðnar að þörfum 10-14 ára barna og eru gífurlegur þekkingarbrunnur sem allir geta haft gagn og gaman að. Glæsilegt myndefni og lífleg framsetning. Frábærar bækur handa fróðleiksþyrstum krökkum.




## HEIMSBÓKMENNTIR HANDA BÖRNUM




### OLIVER TWIST

Oliver Twist verður munaðarlaus um leið og hann fæðist og þau örlög virðast bíða hans að lifa eymdarlífi. Þótt ótrúlegt sé lifir hann af áralanga vanrækslu, sult og ofbeldi. Á áttunda afmælisdaginn er farið með hann á vinnuhælið og þá hefjast raunir hans fyrir alvöru. Hin frábæra skáldaga Charles Dickens birtist hér í myndasöguformi.

### LEYNDARDÓMAR SNÆFELLSJÖKULS

Það hefst allt með fornum skilaboðum á dulmáli. Þau leiða Lidenbrock prófessor og félaga hans til Íslands og niður um gíg Snæfellsjökuls ofan í iður jarðar. Þar bíður þeirra ótrúleg ævintýraferð. Hið sígilda ævintýri Jules Verne birtist hér í ljóslifandi og vel gerðri endursögn í myndasöguformi.

## HANDA YNGSTU KYNSLÓÐINNI

Bækur Todd Parr eru með vinsælustu bókum í Bandaríkjunum fyrir yngstu börnin. Þær eru fullar af gleði, mannlegum skilningi, umburðarlyndi og skærum litum, allt til þess fallið að gleðja og þroska börnin. Gyða Haraldsdóttir þýddi bækurnar.

**FRÁBÆRAR BÆKUR SEM ÖLL BÖRN ÞURFA AÐ KOMAST Í KYNNI VIÐ.**




**BÖRN ÞURFA BÆKUR!**

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

# Í PELS EINS OG DORRIT



SMART-HEITIN VERÐA EKKI TEKIN AF HENNI Jerry Hall kann að klæða sig. Hér er hún í



SKINN Í UPPÁHALDI Þjóðin dáist að klæðaburði Dorritar en hún mætti líka taka hana til fyrirmyndar þegar kemur að vali á eigin fatnaði.



TÍSKUDROTTNINGIN SJÁLF Fatahönnuðurinn Donna Karan er hér ásamt dóttur sinni Gabby.




Þegar veturinn gengur í garð er allt annað en smart að vera að deyja úr kulda. Þar sem dúnúlpur eru á dauðalistanum ættu þær sem vilja vera elegant í vetur að fjárfesta í skinnkápu, pelsum og keipum. Þjóðin ætti að taka forsetafrúna Dorrit Moussaieff sér til fyrirmyndar og nota skinn eins og hún gerir. Þetta er ekki bara smart heldur líka þrælhlýtt. Forsetafrúin er þó ekki sú eina sem veit að skinn eru elegant því stjörnurnar úti í heimi eru iðnar við að skarta skinnum og pelsum. Þótt skinnfatnaður sé oft í dýrara lagi má finna sér gamla notaða pelsa á hóflegu verði og svo má alltaf fjárfesta í skinnkeipum í Hvítlist eða litlum kanínuskinnum sem hressa upp á heildarútlitið og láta fötin úr Hjálpræðishernum líta út fyrir að vera rándýr.

*- MMJ*





SJARMERANDI Þessi kápa er frá franska lúxusmerkinu Ventcouvert og fæst í versluninni Kultur í Kringlunni. MYND/ANTON BRINK



HLÝ OG GÓÐ Þessi skinnkápa er úr versluninni Karen Millen í Kringlunni. MYND/ANTON BRINK



SKINN SEM SKRAUT Naomi Campell mætti með þennan skinnkeip í partí um daginn sem haldið var í Madríd á Spáni. MYND/GETTYIMAGES





ný vara

BOSS
HUGO BOSS

BOSS | KONUR | MENN
KRINGLUNNI 533 4242

Fókus

**sirkus STJÓRINN**

## Hverjir voru hvar?

Sirkusstjórinn var dreginn á Ölstofuna á föstudagskvöldið. Þar voru sjónvarpsstjörnurnar **Ragnhildur Steinunn** og Sigmar Guðmundsson og Ari Sigvaldason. Þar voru líka Arnbjörg Valsdóttir, Jón Ásgeir og Hallgrímur Helgason rithöfundur. Á laugardagskvöldið mætti Sirkusstjórinn í partí til Remax-drottningarinnar Önnu Karenar. Þar var listakonan Rakel Sverrisdóttir, Óli Boggi hárgreiðslumógúll, Sif Björnsdóttir innkaupastjóri í Pier og Lára Ómarsdóttir fréttakona. Eftir partíið var haldið á Organ þar sem dansstemningin var allsráðandi. Þar mátti sjá Bergþóru Laxdal, sálfræðing í New York og fyrrverandi fyrirliða Vals, ásamt vinum sínum, Kidda kanínu og frú og Gylfa Blöndal. Á Apótekinu sama kvöld mátti sjá Ara Edwald og grínarafélaga hans, Jónu Lárusdóttur flugfreyju, Ásgeir Kolbeinsson og fleiri skemmtanaglaða einstaklinga. Á B5 voru Sverrir sem oft er kenndur við Rex, Sigurður Kaldal, Oddgeir Einarsson lögmaður á Opus og **Ingibjörg Stefánsdóttir,** jógakennari og leikkona. Eftir skemmtilegt kvöld hélt Sirkusstjórinn heim í fyrra fallinu enda aldur og fyrri störf farin að segja til sín.







# Fögnuðu ákaft

Vinkonurnar Freyja Haraldsdóttir og Alma Guðmundsdóttir fögnuðu ákaft þegar bókin þeirra, Postulín, kom út. Bókin fjallar um líf og störf Freyju sem er fjölfötluð. Í stað þess að gefast upp tekur hún hverjum degi fagnandi og er jákvæðnin uppmáluð. Af því tilefni héldu þær skemmtilegt teiti í Iðu. Alma og Freyja kynntust þegar sú fyrrnefnda var með Freyju í liðveislu. Hún hreifst svo af jákvæðni Freyju að hana langaði til að fleiri fengju að njóta visku hennar.



**VINKONUR** Unnur, Berglind Eik og Nana voru hressar.

**FALLEG FJÖLSKYLDA** Freyja Haraldsdóttir með foreldrum sínum, ömmu og Ölmu Guðmundsdóttur vinkonu sinni sem skrifaði með henni bókina. MYND/VÖLUNDUR



**NYLON-FLOKKURINN** Alma fékk vinkonur sínar í Nylon til að taka nokkur lög í boðinu.



**TVEIR HARALDAR** Bæði pabbi og afi Freyju heita Haraldur.


www.papilla.is



Auður, Svanhildur, Unnur, Nanna og Birgitta

papilla hárgreiðslustofa

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Tímapantanir 551 7144

Laugavegi 25 • 2. hæð • 101 Reykjavík
sími: 551 7144 • papilla@papilla.is

zebra


FM957
TRANSFORMERS
JÓLALEIKUR
TRANSFORMERS
Nánari uppl. á www.fm957.is
ATH: Geymið miðann
TF319685
Komin á DVD
TAKTU ÞÁTT Í JÓLALEIK TRANSFORMERS
Límmiðinn á myndinni gæti fært þér 42 TOMMU PHILIPS PLASMA SJÓNVARP, Ipod, árskort í Sambíóin og margt fleira.
Nánari upplýsingar á www.fm957.is
FM957
SAM MYNDIR

# helgin

## 5 leiðir til að missa tökin í jólaundirbúningnum



**HÓ HÓ HÓ** Leyfðu jólasveininum í hjarta þínu að blómstra og fjárfestu í jólasveinahúfu sem getur nýst við öll tækifæri. Það verður þó að teljast ólíklegt að auðkenni sveinka kveiki áhuga hjá hinu kyninu.



**RÚDOLF MEÐ RAUÐA NEFIÐ** Ferð í IKEA getur hleypt jólahreindýrinu innra með þér af stað. Jólapappír, jólaskraut, jólasvuntur, jólaviskustykki og jólateppi hleypa heilli hreindýrahjörð af stað ef út í það er farið og tæma sömuleiðist budduna fyrir jólin.



**KLUKKURNAR DINGALINGLING** Kláraðu allan jólaundirbúning fyrir 10. desember. Hver veit nema jólunum verði varið á heilsuhælinu í Hveragerði?



**ILMURINN ÚR ELDHÚSINU ER SVO LOKKANDI** Bakaðu tíu smákökutegundir fyrir jólin, spesíur, hálfmána, vanillu-hringi, mömmukökur, piparkökur, sörur, kókostoppa, loftkökur, blúndur og súkkulaðibitakökur. Nýársheitið verður bókað að byrja í ræktinni og ganga í vinnuna.

**BLIKAR JÓLASTJARNA** Gerðu þitt eigið jólaþorp. Upplýst lítil hús með bómullarhnoðrum og krúttlegir „dverga“-jólasveinar færa jólaland Blómavals í stofuna til þín.





**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Verður upp á sitt besta 2009

Hannes Smárason er fæddur 25. 11. 1965 og er með lífstöluna fimm. Það gefur honum mikinn kraft og hann er mjög orðheppinn,“ segir spákonan Sigríður Klingenberg um Hannes Smárason, fyrrverandi forstjóra FL Group. „Margir prestar og predikarar með þá lífstölu hafa til dæmis komist langt í lífinu. Fimmurnar eru miklir húmoristar og vilja hafa glens og grín í kringum sig. Þess vegna er alltaf gaman að vera í kringum Hannes og alltaf stuð á honum. Það er alveg sama hvaða snúning fólk ætlar að taka á hann, alltaf mun hann vinna það tafl. Hann er líka þannig gerður að hann vinnur langbest ef hann er króaður af úti í horni og öfugt við marga aðra þá eflir streita hann milljónfalt. Hannes hefur mikla næmni á fólk. Hann vill að það sé skarpt en jafnframt létt og skemmtilegt. Hann hefur sérstaka færni í að velja starfsfólk og samverkamenn og hann þarf aldrei að kvíða því að hann fari á hausinn. Það verður aldrei gúrkutíð í kringum hann og blaðamenn eiga eftir að elska hann í framtíðinni. Innst inni finnst honum það dálítið skemmtilegt. Það er gaman að segja frá því að þar sem hann er nýbúinn að eiga afmæli þá er hann á nýrri árstölu. Það að öll ósköpin hafi gerst núna er honum í vil. Næsta ár verður töluvert á brattann að sækja. En þar sem hann er mikill göngugarpur verður það ekkert mál fyrir hann. Hann verður hins vegar í bestu orkunni sinni árið 2009 og þar á eftir svo bíðið þið bara. Hann á eftir að gera eitthvað stórkostlegt.“



**HEFUR GAMAN AF HASAR** „Það verður aldrei gúrkutíð í kringum hann og blaðamenn eiga eftir að elska hann í framtíðinni. Innst inni finnst honum það dálítið skemmtilegt,“ segir Sigríður Klingenberg um Hannes Smárason.

FJÓLA MARÍA ÁGÚSTSDÓTTIR LÉT DRAUMINN RÆTAST

# Hannar töfrandi tölvutöskur



**FJÓLA MARÍA ÁGÚSTSDÓTTIR** Lét drauminn rætast og hannaði sínar eigin tölvutöskur.

Þegar Fjóla María var í mastersnámi í viðskiptum og stjórnun í Skotlandi 2003 kviknaði hugmyndin að tölvutöskum sem væru smart en hefðu jafnframt notagildi. Hún klófesti hugmyndina og sleppti ekki takinu á henni fyrr en töskurnar voru komnar í framleiðslu.

Nú eru töskurnar komnar til Íslands og fást í Kraumi í Aðalstræti. Fjóla María hefur alltaf haft mikinn áhuga á hönnun og hefur unun af því að sauma og gera mósaík- og þófaverk.



**LÚXUSEFNI** Fjóla María notar íslenskt roð og ástralskt nautaleður í tölvutöskurnar. MYND/ANTON BRINK

„Þegar ég var í Skotlandi var ég með tölvuna mína með mér alla daga. Mig langaði til að hanna fallega tölvutösku fyrir konur, þar sem mjög lítið úrval er af slíkum töskum. Flestar þær töskur sem eru í boði eru úr svörtu gerviefni og hannaðar með karlmenn í huga og framleiddar af tölvufyrirtækjunum,“ segir hún. Hugmyndin varð svo að veruleika síðastliðið vor þegar hún komst í samband við framleiðanda í Kína en hún vann með honum í sumar. „Það er mjög gaman og lærdómsríkt að vinna með fólkinu úti þótt tungumálið sé smá vandamál en fólkið hefur mjög góðan enskumælandi túlk svo þetta hefur allt gengið vel, og það er mjög vandvirkt og duglegt. Ég hef einnig notið góðs af því að maðurinn minn á stundum leið um Kína og hefur búið þar og stofnað fyrirtæki og þekkir því ágætlega inn á viðskiptahættina.“

Töskurnar eru úr íslensku roði og áströlsku nautaleðri. „Roðið er ótrúlegt efni og sútunin er einstök í heiminum, þar sem þekkingin hér á sútun á roði og litun á engan sinn líka. Roðið er mjög sterkt og endingargott. Roðinu hefur stundum verið ruglað saman við snákaleður en það getur verið býsna líkt.“ Til að byrja með verður ein gerð af tölvutöskunum sett í sölu en strax eftir áramót koma fleiri á markað. „Tölvutöskurnar verða til í ellefu mismunandi litasamsetningum og úr nílarkarfa-, hlýra- og laxaroði.“ Þess má geta að töskurnar verða einnig fáanlegar á hönnunar- og handverkssýningu í Norræna húsinu 15.-16. desember.

martamaria@frettabladid.is

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR GÖNGU SINNI ÁFRAM. HANNES HEIMIR, TROMMULEIKARI HLJÓMSVEITARINNAR BUFF, HEFUR HALDIÐ ÞÉTT Á SPÖÐUNUM OG HEFUR ALLS UNNIÐ NÍU MÓTHERJA. HÉR REYNIR HANNES VIÐ DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON TÓNLISTARMANN Í HLJÓMSVEITINNI FLÍS.

1. Hvað heitir plata Tómasar R. Einarssonar sem kom nýverið út?
2. Hvaða íslendingur hefur leikstýrt þremur þáttum af spennumálaþættinum C.S.I: Miami?
3. Hvað heitir verslunin sem Edda Heiðrún Backman opnaði í tilefni 50 ára afmælis síns?
4. Á dögunum gaf Helga Möller út jólaplötu, hvað heitir platan?
5. Hvað rithöfundur sendi frá sér bókina „Sagan um Bíbí“?
6. Hver er landliðsþjálfari íslenska landsliðsins í knattspyrnu?
7. Hver ritstýrir tímaritinu Monitor?
8. Hvað heitir íslenska spennuþáttaröðin sem hefur göngu sína á Stöð 2 síðar í mánuðinum?
9. Hver leikstýrir áramótaskaupinu í ár?
10. Hver var valinn besti knattspyrnumaður Evrópu nú á dögunum?

Rétt svör 1. RommTommTechno 2. Egill Örn Egilsson, eða Eagle Egilsson. 3. Súkkulaði og rósir. 4. Hátíðarskap. 5. Vigdís Grímsdóttir. 6. Ólafur Jóhannesson. 7. Birgir Örn Steinarsson. 8. Pressa 9. Ragnar Bragason. 10. Brasilíumaðurinn Kaká.





## Hannes Heimir — 10 RÉTT SVÖR

1. RommTommTechno.
2. Eagle Egilsson.
3. Súkkulaði og jarðarber.
4. Hátíðarskap.
5. Vigdís Grímsdóttir.
6. Ólafur Jóhannesson.
7. Birgir Örn Steinarsson.
8. Pressa.
9. Ragnar Bragason.
10. Kaká.

## Davíð Þór — 3 RÉTT SVÖR

1. RommTommTechno.
2. Man ekki nafnið.
3. Backmann.
4. Möller Jól.
5. Sæunn eitthvað.
6. Hef ekki hugmynd.
7. Birgir Örn Mausari.
8. Í heljargreipum.
9. Ragnar Bragason.
10. Ronaldo.

„Buffið“ Hannes Heimir sigraði Flís-töffarann Davíð Þór Jónsson með glæsibrag. Hannes hlaut níu stig af tíu mögulegum á móti þremur stigum Davíðs. Davíð Þór skorar á Jóel Pálsson saxófónleikara til að binda enda á sigurgöngu Hannesar.



JÓLATILBOÐ
computer.is
www.computer.is
Acer fartölva
AS5720-4662/LX.ALF0X.009
Intel Dual-Core T2310
120 GB harður diskur
Vista Home Premium
1 GB vinnsluminni
15,4" skjár
79.900
Öflugt tölvutilboð
Omega tölva - ódýr, hljóðlát og áreiðanleg!
Intel Core 2 Duo E6320 örgjörvi
1 GB DDR2 vinnsluminni
250 GB harður diskur
Windows Vista Home Basic
Innbyggt skjá-, hljóð- & netkort
17" LCD 8ms
16x DVD skrifari
89.900
Acer 22" LCD skjár
Acer AL2216Wbd breiðtjaldsskjár
Skerpa: 700:1
Birtustig: 300 cd/m2
Svartími: 5ms
24.900
Stóra tölvuorðabókin
Þýðir á milli 9 tungumála.
Villules texta úr öllum Windows hugbúnaði.
9.900
Sjónvarpskort
König 713X MPEG PAL
Sjónvarps og útvarpskort með textavarpi og fjarstýringu.
Notast við PCI rauf.
4.900
Norton Antivirus 2008
(lausavara)
Ein áreiðanlegasta vírusvörn heims!
2.900
Sjónvarpsflakkari
Xpert PRO Edition
Settu 3.5" harðan disk í og tengdu við sjónvarpið.
Fjarstýring og stuðningur við flestar tegundir myndbandsskráa.
9.990
320 GB flakkari
iMicro hýsing + 320 GB harður diskur
IDE & SATA hýsing fyrir USB 2.0 ásamt 320 GB SATA hörðum diski
9.990
Logitech G7 þráðlaus leikjamús
2000 DPI
6.4 megapixlar/sec
6.900
Logitech
Video QuickCam Messenger
Vefmyndavél & skilaboðaskjóða
Tilvalið fyrir MSN
2.600
2 GB MP3 spilari
König MP3-PLAY21/2GB svartur
Flottur MP3 spilari með OLED skjá.
Tekur einnig SD-Micro minniskort.
6.900
Aflgjafi fyrir fartölvur í bílum
Sett í samband við sigarettukveikjaratengil.
Gengur fyrir allar fartölvur.
4.900
Sweex styrkmælir
Finnur sterkasta þráðlausa merkið.
Greinir allt þráðlaust net innan 150 metra.
2.990
USB 2.0 klippikort fyrir mynd og hljóð
Tilvalið til að koma myndbandsspólum í stafrænt form
4.900
USB heyrnartól
USB 5.1 margmiðlunar heyrnartól König
Með hljóðnema, styrkstilli og bassa
4.655
Þráðlaust netkort
Þráðlaust-N USB Dongle frá CNet (CWD-905)
300 Mbps!
Þráðlaus USB dongle - 6x hraðvirkari en G-staðallinn...
3.900
300 Mbps!
CNet CWP-905 Wireless-N PCI Adapter
Þráðlaust 802.11n
PCI netkort frá CNet
6x hraðvirkara en Wireless-G staðallinn
3.900
Skype sími
SWEEX USB netsími með skjá
Sími til að hringja í gegnum internetið að kostnaðarlausu eða í mesta lagi á innanlandstaxta.
3.900
Þráðlaust SCART
Þráðlaus SCART í SCART tengi
2.4 GHz sendir
5.605
Fartölvutaska
29 cm * 39,5 cm * 6,5 cm
Vönduð taska fyrir allt að 15 tommu fartölvur.
2.500
25x CD diskar
Fujifilm 52X CD diskar
700 MB
25 stk. hólkur
990
Þrýstiloftsbrúsi
Loftúðabrúsi með óeldfimu efni, 520 ml
Góður til að hreinsa viðkvæman hátæknibúnað eins og tölvur, lyklaborð, prentara, útvarps- og sjónvarpstæki, videótæki o.fl.
1.690
1 GB USB minnislyklar
Super Talent DG 1GB USB2.0
Mikið úrval af USB minnislyklum!
1.250
Fyrir bílinn
Geisladiskageymsla á sólskyggnið í bílnum!
Geymir 12 diska
950
www.computer.is
MUNDU AÐ PANTA FYRST Á WWW.COMPUTER.IS ÁÐUR EN ÞÚ SÆKIR :-)
Skipholt 50c · Sími: 582 6008



CASIO
Casio EXZ75
Stafræn MYNDAVÉL með 7.2 milljón punkta upplausn, BESTSHOT sem gerir einfalt að taka myndir við öll skilyrði og Antishake DSP hristivörn.
TILBOÐ
17.995
FULLT VERÐ 22.995
CASIO
SUPER LIFE BATTERY
YouTube CAPTURE MODE
Skelltu kvikmyndinni á YouTube með tveimur einföldum aðgerðum!
Casio EXZ77
MYNDAVÉL með 7.2 milljón punkta upplausn, EXILIM Engine 2.0, BESTSHOT, Face Detection function, Anti-Shake DSP, 2.6" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, You Tube Capture Mode, hreyfimyndatöku, 11.4MB innra minni, rauf fyrir SD/SDHC kort og rafhlöðu sem dugar 190 skot. Fæst rauð eða silfurlituð.
TILBOÐ
19.995
FULLT VERÐ 24.995
YouTube CAPTURE MODE
Casio EX1080
MYNDAVÉL með 10.1 milljón punkta upplausn, EXILIM Engine 2.0, BESTSHOT, Face Detection function, Anti-Shake DSP, 2.6" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 7.39 - 23.7mm linsu, You Tube Capture Mode, hreyfimyndatöku, Innovative H.264 Movies, 15MB innra minni, rauf fyrir SD/SDHC kort og rafhlöðu sem dugar 370 skot.
TILBOÐ
26.995
FULLT VERÐ 32.995
YouTube CAPTURE MODE
Casio EXS880
MYNDAVÉL með 8.1 milljón punkta upplausn, EXILIM Engine 2.0, BESTSHOT, Face Detection function, Anti-Shake DSP, 2.8" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 7.39 - 23.7mm linsu, You Tube Capture Mode, hreyfimyndatöku, Innovative H.264 Movies, 10.8MB innra minni, rauf fyrir SD/SDHC kort og rafhlöðu sem dugar 220 skot. Hleðsluvagga fylgir.
TILBOÐ
27.995
FULLT VERÐ 29.995
YouTube CAPTURE MODE
REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500
AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380
HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600
SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700
Heimilistæki
ht.is

## Ræstingar

**GLANS**

Glansandi gæði!!

Almennar ræstingar í sameignum og fyrirtækjum Teppahreinsun,gólfgónun, gluggaþvottur auk sérverkefna.

S. 8 600 601

## Garðyrkja

**Umhverfisprýði ehf**

25 ára reynsla
- Hellulagnir
- Vegghleðslur
- Sólpallar
- Túnþökulagnir
- Jarðvegsvinna

520 1220

prydi@umhverfisprydi.is
www.umhverfisprydi.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

## Húsaviðhald

**fagmenn.is**

5 52 53 54

Málari - Múrari
Rafvirki - Pípari
Smiður - Hönnuður
Parket/Flísalagnir
Sandspörtlun

### Húsaviðhald!

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

D&D Málari EHF sérhæfir sig í öllu sem við kemur málningarvinnu, skreytingum og þrifum. Uppl. í s. 691 7016.

Getum bætt við okkur flísalögnum bæði smá og stór verkefni. Tímav eða föst verð tilboð. S: 426 8010. Gsm: 897 8070 & 895 2446. mail: info@multikerfi.com www.Multikerfi.com.

### Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

## Tölvur

### Tölvuþjónusta

Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

## Spádómar

www.orlagalinan.is

**Örlaga línan**

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma

595 2001 & 908 1800

**Englaljós S. 908 5050 & 863 1987**

**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11-01.**

**Lára spámiðill. Visa/Euro.**

### Alspá 445 5000 & 823 8280

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Visa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

### Hanna 908 6040 & 555 2927

Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. Er við frá kl. 16-24. S. 555 2927 Visa/euro.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

## Skemmtanir

Hljóðkerfi fyrir ræður, diskótek, jólasveininn og hljómsveitir. Góð verð og uppsetning. S. 866 6386. Hljodkerfi.is. fender57@simnet.is

## Trésmíði

Getum bætt við okkur parketlögnum og/eða innréttingum fyrir jól. Vönduð vinna-vanir menn. S. 662 8242.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. Vélaverkstæði JS. Vesturhrauni 3. Garðbæ. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.




### AutoCleaner

Robot ryksugur fyrir öll gólf með fjarstýringu, aðeins 27.800 kr.

**Mótor og sport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**www.motorogsport.is**

Ódýri jólamarkaðurinn Ánanaustum 1, gegnt gamla Ellingsen húsinu. Opið alla daga fram að jólum. 20% afsláttur til öryrku og lífeyrisþega.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Eldavél á 5þ. Eldavélaháfur á 10þ. Flúorljós á 2þ. Ný borðuppþvottavél á 12 þ. 14" TV á 3þ. Þvottavél á 10þ. Glerskápur á 3þ. Barstólar á 3þ. Chicco barnavagn á 5þ. S. 896 8568.

## Hljóðfæri

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, RVK 824 7610 & Ak 660 1648

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örýrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tónlist

Á Aukamiða á Jólagesti Björgvins 8. des kl. 8 Seljast á 5000kr. Uppl. í s. 663 9769.

## Tölvur

**Hringiðan** Internetþjónusta

INTERNET tengingar
ADSL eða Ljósleiðari
Verð frá 3.990.- kr.
Hringdu núna 525 2400
www.vortex.is



### Umboðssala

Allt í umboðssölu - BMS-Tölvulausnir. Sími 565 7080, Suðurlandsbraut 8

PC Tölva til sölu AMD 64 3400+ 1gb DDR 466mhz Geforce 7600GS. Upplýsingar í síma 664 6452.

## Vélar og verkfæri




Viðarolíur og lökk Ásborg, vélar+verkfæri. Smiðjuvegi 11 Sími 564 1212



Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

270 bara háþrýstidæla til sölu. Bensín. Fín fyrir málarann. stgr. 120-130 þúsund. Ný kostar yfir 300.000. Uppl. í s. 695 2589.

## Verslun



### Tilboð!

Glæsilegt úrval af dömuskóm úr leðri. Margar gerðir og litir.Stærðir: 36 - 41Verð frá 8.300.- Misty skór, Laugavegi 178, sími 551 2070







INNIGOSBRUNNAR & STEINLAMPAR! Bjóðum fjölbreytt úrval af innigosbrunnum, saltsteina og eðalsteinsvörur. Fallegar og róandi gjafir! Gosbrunnar ehf - Langholtsvegi 109, á bakvið - s: 517 4232/695 4220.

# ÞJÓNUSTA

**Viltu láta dekra við þig í austurlensku umhverfi þar sem óspillt náttúran er á næsta leiti? Þá er þetta rétti tíminn!**



Laugardaginn 1. desember var opnuð glæsileg snyrtistofa á Hótel loftleiðum, Dong Fang Salon. Í boði eru snyrtimeðferðir og nudd.

**Verðum með glæsileg og spennandi opnunartilboð sem gilda til 15. desember:**

Gel á táneglur, verð 4.900 kr.
Dag og kvöldförðun, verð 3.500 kr.
Litun og plokkun, verð 2.900 kr.
Ásetning á nöglum, verð 5.000 kr.
Lagfæring á nöglum, verð 3.500.-

Opnunartilboð á nuddstofu: Allar tegundir nudds með 10% afslætti tl 15. des.

NUDDSTOFAN DONG FANG SALON

DONG FANG SALON

SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON

# FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

## Jólafundur Handarinnar

Jólafundur Handarinnar verður haldinn þriðjudaginn 11. desember klukkan 20.30.

Frummælendur eru Anna Sigríður Pálsdóttir, Dómkirkjuprestur, og Eva María Jónsdóttir, dagskrárgerðarmaður. Tuttugu konur úr Kvennakór Reykjavíkur syngja jólalög við undirleik Vignis Þórs Stefánssonar, stjórnandi er Sigrún Þorgeirsdóttir. Þráinn Bertelsson rithöfundur les úr nýútkominni bók sinni, Englar dauðans, og fundinum lýkur með jólahugvekju Margrétar Svavarsdóttur, djákna í Áskirkju. Fundarstjóri verður Helga Hallbjörnsdóttir. Fundurinn er í neðri sal Áskirkju. Kaffi og piparkökur og allir velkomnir í jólastemmninguna.





## Til bygginga

Ný mótaborð til sölu 1.545 kr./m2 m/vsk. Uppl. í s. 847 3798 Halldór og ulfurinn.is

## Ýmislegt

Til sölu 2 rúm 2x90, 2 sjónvarpsskápar. 28" TV, barnaskápur, málverk ofl. Uppl. í s. 699 8621.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Heilnudd. Uppl. í s. 857 1356.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Vegna flutninga er til sölu drapplitað sófasett 3+1+1 á 40 þ. Ikea hillusamstæða og sjónvarpsskápur á 25 þ. Billy hornhilla og lár bókaskápur á 4 þ. og rúm 140x200 á 15 þ. Uppl. í s. 565 6525 & 895 5637.

Borðstofusett til sölu 10 manna eikar borðstofusett frá Tekk-company ásamt 8 ljósum stólum frá Habitat verð. 50.000. Uppl. í síma 899 5264.

## Gefins

Sófasett fæst gefins gegn því að vera sótt. Uppl. í s. 896 5904.

## Dýrahald



BESTA VERÐIÐ Á HUNDABÚRUM OG BÆLUM Á ISLANDI SAMA VERÐ OG Í BANDARÍKJUNUM SKOÐIÐ ÞAÐ HÉR WWW.LIBA.IS

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



Cairn Terrier hvolpar til sölu. skr. hjá HRFI. Fyrsta got hér á landi. Uppl. í s. 663 8934.



Whippethvolpar til sölu ættbók frá HRFÍ frábærir fjölskylduhundar. Uppl. í s. 868 1293 og 123.is/alfadisar/

Vegna neyðarástands er ófrísk læða gefins inná nýtt, gott heimili. Uppl. í s. 898 7878.

Gullfallegir loðnir hvítir Chihuahua hvolpar til sölu. Heilsufarskoðaðir og ættbókafærðir frá Íshundum. Uppl. í s. 690 8091.

Af óviðr.aðst. er til sölu hreinr. Amerískur Cocker (rakki) f.11.3.06. S. 861 4401 eða gul@itn.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska



Hnakkar, taumar, múlar, höfuðleður, ábreiður ofl. Hestavörur á frábæru verði. Tito.is - Súðavogi 6.

## Ýmislegt

Hjólagrind fyrir tvö reiðhjól. Festist á dráttarkúlu bílsins. Sími 861 9204, verð kr 4000.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

4 herb. 100 fm íbúð á besta stað í Grafarvogi, 2. hæð sér inng. Laus STRAX. Uppl. í síma 694 2109 og 895 6935.

Til leigu íbúð í 101 Miðbæ Rvk. Íbúðin eru tæpir 100 fm. - 3 til 4 herbergja og leigist til langtíma - Laus strax. Áhugasamir hafi samb - agirb@simnet.is

**Laus strax!**
Flott 3ja herb. 114 fm íbúð í Fossvoginum. Leigist á 170 þús. á mán. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

**3ja herb. íbúð m. húsgögnum**
Mjög rúmgóð 72 fm íbúð. Fullbúin öllum húsgögnum. Leiga 150 þús. á mán. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

**Til leigu á Arnarnesi**
Falleg og rúmgóð 3ja herb. neðri sérhæð. Íbúðin er 121,6 fm með innbyggðum bílskúr 18,3 fm, samtals 139,9 fm. Leigist á 190 þús. á mán. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

**Íbúðir til leigu!**
Höfum nokkrar íbúðir lausar til afhendingar fljótlega , nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á heimasíðu Leiguliða www.leigulidar.is

Til leigu nokkur herbergi í góðu húsi í miðbæ Rvk. Aðgangur að sameiginlegu eldhúsi, wc og sturtu. Hentugt fyrir stúdenta. Verð frá kr. 40.000-. Fyrirspurnir sendist í tölvupósti á midbaer@gmail.com

Til leigu 150 fm. óinnréttað rými í góðu húsi í miðbæ Rvk. Hentar vel sem skrifstofa eða fyrir samhenta aðila til íbúðar. Fyrirspurnir sendist á midbaer@gmail.com

## Húsnæði óskast

34 ára fráskilin faðir með háskólamenntun óskar e. leigu á studio eða litilli 2 herb. íbúð til lengri eða skemmri tíma. Snyrtilegur, skilvís og fer vel með. Uppl. hjá Gunnari s. 861 5777.

## Fasteignir



Gótt verð, íbúð í Furugrund 70 Kópavogi. 73,6 fm. 3ja herb. á 5. hæð. 400 metrar í leikskóla, barnaskóla, verslanir og útivistasvæði. Laus strax. Verð 18,9 m. myndir og uppl. Valhöll.is eða í síma 825 1111.

## Bílskúr

Til leigu 23fm bílskúr í vesturbæ Kópavogs, 25 þ. pr. mán. S. 849 7209.

## Sumarbústaðir




## Atvinnuhúsnæði

210 fm iðnaðarhúsnæði við Skemmuveg til leigu, góð lofthæð. Laust strax. Uppl. í s. 898 0206.

Iðnaðarhúsnæði óskast. 30-120 fm. S. 692 6365.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**NK Kaffi Kringlunni**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk til afgreiðslustarfa og í sal í fullt starf.**
**Uppl. á staðnum og síma 568 9040 & 693 9091.**

**Bílstjóri - Lagermaður**
**Búr ehf óskar eftir að ráða bílstjóra sem einnig sinnir lagerstörfum. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 20 ára. Góð ÍSLENSKUKUNNÁTTA og kurteisi skilyrði.**
**Upplýsingar í síma 896 2836 Á SKRIFSTOFUTÍMA. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

**Vegamót**
**Veitingahúsið Vegamót óskar eftir uppvaskara í eldhús.**
**Upplýsingar á staðnum eða senda fyrirspurnir á: vegamot@vegamot.is**

**Smiðir og verkamenn**
**Óska eftir smiðum og verkamönnum í ýmis störf á höfuðborgarsvæðinu.**
**KA ehf. s. 660 4060. kaehf@internet.is**

Hressingarskálinn

**Hressingarskálinn Austurstræti**
**Langar þig til að vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem gott viðmót skiptir máli. Vantar aðstoðarmann í eldhús, þarf að geta hafið störf sem fyrst.**
**Upplýsingar á staðnum eða sendið upplýsingar á valdi@hresso.is**

# FASTEIGNIR

**Rauðavað**
112 Reykjavík
Stórglæsileg útsýnisíbúð.

Stærð: 117,70 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2005
Brunabótamat: 23.250.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Esja

Opið Hús



*OPIÐ HÚS 8/12,15:00-16:00 & 9/12, 15:00-16:00*

Verð: 33.900.000



REMAX Esja kynnir: Glæsileg útsýnisíbúð við Rauðavaði í Norðlingaholti alls 117.7 fm. Íbúðin er á efstu hæð í 3ja hæða húsi sem í eru sex íbúðir. Íbúðin er með eikarparketi á gólfum nema á baðherbergi sem er flísalagt í hólf og gólf, sem og flísalögð gólf í þvottahúsi og geymslu sem er innan íbúðar. Þrjú herbergi eru í íbúðinni og öll með góðum skápum. Baðherbergi er glæsilegt. Eldhúsið er með graníti í borðplötum og fylgir innbyggð uppþvottavél. Góð forstofa með skáp. Sérinngangur er í hverja íbúð hússins af flíslögðum svölum. Bílastæði í upphitaðri bílageymslu. Allar nánari upplýsingar veitir Hrannar 867-1058
*Ertu með eign sem þarf að selja? þá get ég gefið þér verðmat án skuldbindinga og þér að kostnaðarlausu.*

Hrannar
Sölufulltrúi
867 1058
hrannar@remax.is



Þorbjörn Pálsson
Lögg. fasteignasali
tp@remax.is



RE/MAX Esja - Laugavegur 170 - 105 Reykjavík - Sími: 4144600 - www.remax.is

# TIL SÖLU

**Jólagjöfin sem hittir í mark !**



Ryksugukerfi frá 146.400 kr.
Fyrir 400fm hús.



Gufustrauborð 78.400 kr.
60% styttri strautími.

Komið og kynnið ykkur frábærar vörur í sýningarsal SYRUSSON, hönnunarstofu

**Hamraborg 5 – neðanverðu, Kópavogi, laugardaginn 8. des. Kl. 12-16.**
Faglegir ráðgjafar á staðnum – Heitt á könnunni.

www.syrusson.is • www.rafheimilid.is • S. 588 4555.

Samasem



**Allt efni til innpökkunar fyrir verslanir og fyrirtæki.**

**Mikið úrval af körfum og glervösum.**

samasem@samasem.is
Samasem, Grensásvegi 22 S: 530 3500

Hressingarskálinn

**Hressingarskálinn Austurstræti**
**Are you interested in working in a fun restaurant where good attitude is important? We are looking for á person to assist in the kitchen and needs to be able to start work as soon as possible.**
**Info at Hressingarskálinn, Austurstræti or send E-mail to valdi@hresso.is**

Vantar starfskraft í kvöldvinnu og helgarvinnu. Einnig vantar pizzubakara. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

allt bílar
Alla laugardaga

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. fatlaðra. Góð sölulaun. S. 824 4768.

**Viltu vinna vaktavinnu? Viltu vinna með skóla ?**
Hlöllabátar Þórðarhöfða óskar eftir duglegu fólki í vaktavinnu. Hentar vel með skóla, mikið að gera. Uppl. í s. 892 9846.

**HENDUR.IS**
Vantar starfsfólk í jólavertíðinni??? Hjá okkur er fjöldi fólks á skrá. Uppl. á www.hendur.is

**Beitningamann vantar**
Vantar vanan beitningamann til vinnu í Reykjavík. Uppl. í s. 894 5454.

Handafl ehf óskar eftir að ráða vana mótasmiði, járnamenn og kranamenn. Uppl. í símum 661 4920 & 693 6634.

Vantar leigubílstjóra. Þarf að hafa passa frá Vegagerðinni. Uppl. í s. 892 2299.

## Atvinna óskast

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, bílstjórar, ræstingafólk o.fl. S. 845 7158.

53 ára kk óskar eftir framtíðarstarfi frá og með áramótum á smávörulager eða létt samsvarandi starf. S. 867 1400.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Rímingarsala frá föstudegi til sunnudags**
Er með rýmingarsölu á húsgögnum, mat, blóm, gullskáp og ýmislegt fl. Uppl. í s. 893 8886 & 861 4082.

## Einkamál

TANTRA
Erotísk verslun
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
WWW.TANTRA.IS

## Leikir

Nýr vefur: www.umsagnir.is Gefum helling af vinningum í opnunarleiknum okkar!

Auglýsingasími 512 50 50 - Mest lesið

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## TILKYNNINGAR

# ÞEISTAREYKJAVIRKJUN

## Allt að 150 MWe jarðgufuvirkjun í Aðaldælahreppi

### Drög að tillögu að matsáætlun

Þeistareykir ehf. kynna áform um að reisa allt að 150 MWe jarðgufuvirkjun á Þeistareykjum í Aðaldælahreppi í Þingeyjarsýslu.

Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Matsvinnan er hafin og eru drög að tillögu að matsáætlun til kynningar á heimasíðu Þeistareykja, www.theistareykir.is.

Hægt er að koma athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun til Árna Gunnarssonar verkefnisstjóra á netfangið arnig@lv.is með afriti til Auðar Andrésdóttur VGK-Hönnun hf. á netfangið audur@vgkhonnun.is.

Frestur til að gera athugasemdir er til **21. desember 2007.**

**Þeistareykir ehf.**
**Ketilsbraut 9, 640 Húsavík**

## KENNSLA

Landsvirkjun
**Kárahnjúkavirkjun**

## Útboð KAR-29 Kárahnjúkastífla, ýmis verk 2008 Kynning

Landsvirkjun undirbýr útboð á ýmsum verkþáttum og frágangi við Kárahnjúkastíflu samkvæmt útboðsgögnum KAR-29, Kárahnjúkastífla, ýmis verk 2008.

Verkið felst í aðalatriðum í því að ljúka frávatnsvirkjum í gljúfrinu neðan yfirfalls úr Hálslóni, frágangi í jarðgöngum undir Kárahnjúkastíflu og hrunvörnum í hlíðum Fremri Kárahnjúks, leggja nýjan vegarkafla og setja efra burðarlag og slitlag á þann kafla og eldri vegi á svæðinu, setja upp girðingar, handrið og vegrið, og koma fyrir forsmíðuðum handriðum m.a. á ölduvegg Kárahnjúkastíflu.

Hluti verksins fer fram í Hafrahvammagljúfri neðan Kárahnjúkastíflu. Gljúfurveggir eru þverhníptir og sums staðar allt að 120 m háir og ýtrustu öryggisráðstafana er krafist um framkvæmdir í þeim. Öryggisráðstafanir vegna framkvæmdanna er meðal þess sem boðið er út.

Útboðsgögn verða afhent í byrjun janúar 2008 og tilboðsfrestur verður um fimm vikur. Verkinu skal ljúka haustið 2008.

Landsvirkjun efnir til kynningar á útboðinu þann 12. desember n.k. klukkan 13:00 á skrifstofu Landsvirkjunar að Háaleitisbraut 68 í Reykjavík.

Verktakar eru hvattir til þess að mæta á þessa kynningu þar sem fulltrúar Landsvirkjunar og ráðgjafar munu lýsa verkinu og svara spurningum. Mögulegt er að halda fundinn með fjarfundabúnaði ef ósk um það kemur fram (sími 5159029).

## FASTEIGNIR

INNES EHF.
Heildverslun.

selecta, Haugen-Gruppen, Hunt's, Filippo Berio, Maarud, Gevalia, Chicago Town, Oreo, Freschetta, Maxwell House, Toblerone, Capri-Sonne, Swiss Miss, Anthon Berg, Daim, Ritz, Mills, Orville Redenbacher's, Tilda, Kraft

# INNNES ehf

## leitar að vönum starfsmanni í bókhald og almenn skrifstofustörf.

INNNES er ein af stærstu matvöruheildverslunum landsins. Flest vörumerki fyrirtækisins eru markaðsleiðandi á sínu sviði. INNNES, sem fagnar 20 ára afmæli í ár, hefur á að skipa samhentum hópi starfsmanna í framúrskarandi góðu starfsumhverfi við Fossaleyni í Reykjavík þar sem dreifingarmiðstöð og skrifstofur þess eru staðsettar. Lögð er áhersla á skýr markmið, starfshvatningu og gott samstarf milli deilda og starfsmanna.

Hjá INNNES starfar Selecta fyrirtækjaþjónustan. INNNES er stærsti eigandi Haugen Gruppen sem er matvælaheildverslun sem starfar í Danmörku, í Noregi og í Svíþjóð. Alls starfa um 100 manns hjá félaginu á Íslandi og um 170 manns erlendis.

Innnes leitar að starfsmanni til starfa við bókhald og almenn skrifstofustörf. Um er að ræða fjölbreytt starf og er vinnutími frá kl. 9 til 17 alla virka daga.

Starfssvið:

Almenn bókhaldsstörf, bókun reikninga, afstemmingar og færsla fjárhags og viðskiptamannabókhalds. Aðstoða samstarfsfólk við símsvörun, móttöku, innheimtu og gerð reikninga auk allra annarra verkefna sem til falla.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Haldgóð reynsla af störfum í bókhaldi og hæfni í mannlegum samskiptum. Þekking á Axapta æskileg. Góð kunnátta á Excel. Geta til að starfa sjálfstætt. Nákvæm vinnubrögð og stundvísi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Haraldur Jónsson, fjármálastjóri Innnes. Umsókn sendist á netfangið hj@innnes.is eða í pósti merkt Innnes ehf, Fossaleyni 21, 112 Reykjavík – Atvinnuumsókn

www.innnes.is

## ATVINNA

# Verslunarstjóri

**Við leitum að dugmikilli og jákvæðri manneskju í starf verslunarstjóra í Krónunni Bíldshöfða**

*Verslunarstjóri ber ábyrgð á stjórnun starfsfólks, vörumeðhöndlun, útliti og daglegum rekstri verslunarinnar. Verslunarstjóri hámarkar hvetjandi starfsanda og jákvæða upplifun viðskiptavina. Verslunarstjóri tekur virkan þátt í sölu og þjónustu.*



**Hæfniskröfur:**

- *Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af verslunar- eða sölustörfum*
- *Almenn tölvukunnátta*
- *Frumkvæði og metnaður í starfi*
- *Góð framkoma og rík þjónustulund*
- *Hæfni í mannlegum samskiptum*

*Sæktu um á www.kronan.is eða sendu umsókn til Krónunnar, b.t. starfsmannastjóra, Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 585-7000 eða með tölvupósti gudridur@kaupas.is.*

KRÓNAN

# Canon myndavél

20 STYKKI



**Canon PowerShot A460**
- 5.0 milljón punkta myndavél
- 4x optical og 16x stafrænt zoom
- Canon DIGIC II örgjörvi
- iSAPS sem greinir myndefni
- 12 tökustillingar
- VGA vídeóupptaka með hljóði
- Fimm punkta sjálfvirkur fókus
- 1csm Super Macro
- 2.0" LCD skjár

**8.989 kr.**
Fullt verð ~~16.989~~

# Canon EOS 400D

## 10.1 Megapixel



**Canon EOS 400D**
- 10.1 Megapixel upplausn
- EOS innbyggð rykvörn
- 2.5" LCD skjár
- 9 sjálfvirkar fókusstillingar
- Tekur 3 ramma á sekúndu
- Allt að 27 rammar í raðtöku
- DPP RAW hugbúnaður
- Með 18-55 og 55-200mm linsu





**4GB compact flash kort og 18-55mm auka linsa fylgir**

**74.989 kr.**
Fullt verð ~~109.989~~

20 STYKKI

# Fartölva ADSL



**Asus F3JC-AP092M**
- Fartölva með 15.4" TFT WXGA breiðskjá
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T5500 1.66GHz
- Nvidia GeforceGo 7300 Turbo Cache 256MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 100GB 5400rpm harður diskur
- 8x DVD+/-RW Dual Layer brennari
- Bluetooth
- Taska og lasermús fylgja

20 STYKKI

**69.989 kr.**
Fullt verð ~~109.989~~

**Með öllum tölvum hjá okkur fylgir frí ADSL 4 Mb tenging og fyrsti mánuðurinn er frír.**

# 500GB flakkari



**WD Essential 500GB USB 3.5**
- Western Digital My Book WDG1U5000E
- Flakkari með 500GB hörðum disk
- Slekkur á sér samhliða tölvu
- Háhraða USB 2.0

50 STYKKI

**14.989 kr.**
Fullt verð ~~19.999~~

# MP3 spilari



**Creative 70PF1923000Y5**
- 4GB Zen V MP3 spilari
- 1.5" OLED litaskjár (128x128 pixlar)
- Spilar MP3, WMA og IMA ADPCM
- Ca 1.000 lög / hundruð mynda
- Innbyggður míkrafónn
- Upptaka með line-in
- Þyngd 43,5g

30 STYKKI

**13.989 kr.**
Fullt verð ~~17.989~~

# Þráðlaust lyklaborð



50 STYKKI

**Logitech Comfort Laser**
- Tvískip þráðlaust lyklaborð
- Þráðlaus Laser mús

**4.989 kr.**
Fullt verð ~~8.999~~



**279.989 kr.**
Fullt verð ~~379.989~~

10 STYKKI

**37 tommur**

**Philips 37PFL9732D**
- 37" LCD Perfect Pixel HD sjónvarp
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- Upplausn: 1920x1080 punktar
- Perfect Pixel HD Myndtækni
- Ambilight Surround - Bakljós
- HD Ready
- Digital Natural Motion HD og Progressive Scan
- Skerpa: 8.000:1 og svartími: 3ms
- 100Hz Clear LCD - eykur skerpu
- Ljósskynjari og Active Control
- Innbyggður digital DVB-T móttakari
- 32w Nicam Stereó með wOOx bassa
- 2 Scart, 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Coax út og USB tengi

# Vefmyndavél

100 STYKKI



**Creative Live Cam Optia**
- 1,3 megapixel vefmyndavél
- Hámarksupplausn: 640x480 - 30fps
- 1.3 Mp kyrrmyndavél (m. hugb.)
- 270° snúningur á myndavél
- Háhraða USB 2.0 tenging
- Hugbúnaður fylgir

**3.989 kr.**
Fullt verð ~~6.999~~

# Stýripinni

**Logitech Extreme 3D Pro**
- Stýripinni fyrir USB
- 12 forritanlegir takka
- Nákvæmt snúnings grip
- 8-átta switch
- Vigtuð undirstaða
- PC eða MAC

30 STYKKI



**2.989 kr.**
Fullt verð ~~4.999~~


**Opnunartími**

| | |
|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 |
| Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Föstudaga | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI


Dúndur Disney TILBOÐ
1.289 kr.
Fullt verð 1.999
Verp pr stk.
Aðeins brot af úrvalinu!
2.989 kr.
Verp pr stk.
Seríur Á DVD
Fullt verð 4.999
Aðeins brot af úrvalinu!
2 diskar
1.489 kr.
Fullt verð 2.299
3 diskar
MYNDIN AF ÞÉR
1.689 kr.
Fullt verð 2.799
Gleðileg Jól
Ragga Bjarna
1.689 kr.
Fullt verð 1.999
3 diskar
JOLAGESTIR BJORGVINS
1.689 kr.
Fullt verð 2.399
MAX RAFTÆKI
OPIÐ TIL KL. 22:00 alla daga til jóla
Tilboðin gilda til 12. 12. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Þjóðverjar og varnir Íslands

**UMRÆÐAN**
Varnarmál

Í Fréttablaðinu 19. nóv. sl. skrifar Ingimar Jónsson grein undir fyrirsögninni og spurningunni „Þýskur her velkominn?“. Þar fjallar Ingimar m.a. um breytta stöðu Íslands í öryggis- og varnarmálum. En sem kunnugt er hafa íslensk stjórnvöld tekið upp nána samvinnu við Dani og Norðmenn í þessum málum eftir brotthvarf bandaríska hersins frá Íslandi. Þá hafa íslensk stjórnvöld átt í viðræðum við NATO og einstök ríki þess um aðkomu að vörnum Íslands.



GUÐMUNDUR JÓNAS KRISTJÁNSSON

Eitt þessara ríkja er Þýskaland og sem Ingimar Jónsson gerir furðulegar athugasemdir við. Nánast með afar ósmekklegum fordómum og tortryggni gagnvart þýskri þjóð. Það er því full ástæða til að mótmæla þessum furðulegu viðhorfum Ingimars hér og nú. Því ef einhver þjóð hefur sýnt Íslendingum óskoraða vináttu og virðingu gegnum tíðina þá eru það einmitt Þjóðverjar. Menningarleg tengsl Íslendinga og Þjóðverja hafa ætíð verið afar sterk. Hins vegar hefðu hin pólitísku tengsl þjóðanna mátt vera mun meiri, og ekki síst nú og í framtíðinni. Því Þjóðverjar gegna mörgum lykilhlutverkum, bæði í Evrópu og víðar. Þess vegna er það sérstakt ánægjuefni að Þjóðverjar hafi sýnt öryggis- og varnarmálum Íslands áhuga. Það gæti leitt til stóraukinna pólitískra samskipta Íslands og Þýskalands í framtíðinni, báðum þjóðum til mikilla heilla.

Þess má svo að lokum geta, að áður en bandaríski herinn yfirgaf Ísland voru þýskar herflugvélar sem næst komu þeim bandarísku með millilendingar á Keflavíkurflugvelli. Þýski herinn er einn af öflugustu herjum heims, og yrði því ómetanlegur fengur í því að Þjóðverjar, okkar besta vinaþjóð, kæmu að vörnum Íslands. Og það sem allra fyrst.

*Höfundur er bókhaldari.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






Blómstrandi mannlíf!
Viltu slást í hópinn?

AUSTURLAND
TÆKIFÆRANNA

www.austurat.is




# Kynjafræði í Þjóðarspegli

UMRÆÐAN
Kynjafræði


ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR

Í dag verður haldin árleg félagsvísindaráðstefna Háskóla Íslands, Þjóðarspegillinn. Fjölmargir áhugaverðir fyrirlestrar verða á dagskrá, þar með talin málstofa í kynjafræði auk þess sem kynjafræðilegar rannsóknir verða kynntar í fleiri málstofum. Meðan félagsvísindi eru þekkt hugtak meðal almennings er kynjafræðin minna þekkt. Kynjafræðilegt sjónarhorn er til innan flestra fræðigreina og felst í því að þverfræðilegu sjónarhorni er beitt til þess að skoða birtingarmyndir kyns í öllum sínum margbreytileika. Gagnrýnni nálgun er beitt á söguna og samtímann, mismunandi menningarsvæði og samfélög, tungumál og vísindi, og ekki síst fræðasviðið sjálft. Hraustleg sjálfsgagnrýni er eitt megineinkenni kynjafræðinnar og fræðingar takast þar á af miklum krafti.

Þetta kom glögglega í ljós á ráðstefnu Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræði 10.-11. nóvember sl. en það var glæsilegasta kynjafræðiráðstefna hérlendis fram til þessa.

### Útilokun og þöggun

Í upphafi snerust fræðin aðallega um útilokun kvenna og sjónarmiða þeirra frá þátttöku og hlutdeild í samfélaginu. Bríet Bjarnhéðinsdóttir var t.d. ásökuð fyrir „heimtufrekju“ þegar hún lagði til að 150 kr. yrði veitt í sundkennslu kvenna á sínum fyrsta bæjarstjórnarfundi árið 1908 en þá var 450 kr. þegar veitt í sundkennslu karla. Svipuð viðbrögð fékk þingfrumvarp Ingibjargar H. Bjarnason árið 1927 um að konur fengju sæti í nefndum á vegum ríkisins þar sem karlar voru einráðir. Frumvarpið var fellt og það sjónarmið heyrðist að með tillögunni væri verið að „gera konur rétthærri en karla“ (!!). Þá má nefna fyrsta íslenska kvendoktorinn, Björgu C. Þorláksson, sem bjó við ævilanga útilokun og þöggun. Formlegri útilokun af þessu tagi hefur verið hnekkt í okkar heimshluta en við hefur tekið undirskipun sem birtist í því að konur og það sem tengt er kvenleika er iðulega skör neðar í samfélagsstiganum en karlar og það sem tengt er karlmennsku.

Mikilvægur hluti kynjafræðinnar er menningar- og vísindarýni. Mörg dæmi eru um kynjaslagsíðu í vísindagreinum þótt þær líti á sig sem kynhlutlausar og styðjist við viðtekna aðferðafræði. Einn partur af því er myndmál og líkingar og þekktasta dæmið er líklega rannsókn mannfræðingsins Emily Martin á orðræðunni um sæðið og eggið. Hún lýsti hvernig fjallað er skáldlega um æxlunarkerfi karla með tungutaki eins og reðurhúfa, kóngur og þensluhólf, og mikið gert úr fjölda sæðisfruma, nýsköpun þeirra og framleiðslu. Æxlunarkerfi kvenna er hins vegar lýst sem náttúrugerðu og óvirku, engin upphafning aðeins slím, vessar, hrörnun og upplausn. Hjá konunum er heldur engin drottning, bara snípur og húðfellingar.

*Ráðandi hópar hafa löngum haft vald til að skilgreina sitt eigið sjónarhorn sem hina sönnu þekkingu en verið ómeðvitaðir um eigin slagsíðu og gildi. Þannig er saga stríðsátaka alla jafna saga sigurvegaranna.*

### Gagnrýnin skoðun

Annað stef í fræðunum er gagnrýnin skoðun á forsendum vísindanna og hugtakinu hlutlægni (í hversdagsmáli kallað „hlutleysi“). Skilgreining hefðbundinna vísinda er að sjónarhorn sem er félagslega staðsett sé „skoðun“ en til þess að verða „þekking“ verði sjónarhornið að vera óháð stað og stund, ómengað af hagsmunum og gildum. Róttæk fræði hafa bent á að þetta meinta „hlutlausa“ sjónarhorn byggi á hugmyndinni um hið alsjáandi auga en það sjónarhorn er vandfundið því enginn einstaklingur er hafinn yfir stund og stað. Þessu ætti ekki að afneita heldur skoða eigin staðsetningu gagnrýnum augum og takast á við slagsíðuna. Þetta gildir um vísindamenn en ekki síður um fjölmiðlamenn sem hafa það mikilvæga verkefni að upplýsa og fræða.

Ráðandi hópar hafa löngum haft vald til að skilgreina sitt eigið sjónarhorn sem hina sönnu þekkingu en verið ómeðvitaðir um eigin slagsíðu og gildi. Þannig er saga stríðsátaka alla jafna saga sigurvegaranna. Hóparnir með skilgreiningarvaldið hafa gjarnan verið hvítir, vestrænir, gagnkynhneigðir, ófatlaðir einstaklingar – karlar oftar en konur. Hversdagslegt tungutak sýnir þetta vel og gefur oft til kynna ómeðvitaða forréttindastöðu og aðgreiningu. Til dæmis þýðir hugtakið „litað fólk“ í daglegu tali hörundsdökkir, rétt eins og hvítt sé ekki litur. Orðið „maður“ á að ná til beggja kynja en útilokar oft konur, til dæmis er ekki hægt að segja „barna gengur óléttur maður eftir Tjarnarbakkanum“. Enginn tekur eftir kyni guðs fyrr en einhverjum dettur í hug að guð sé kona og fleira mætti telja.

### Að víkka sjóndeildarhringinn

Kynjafræði er hluti af fræðum margbreytileikans eins og fjölmenningarfræði, hinseginfræði, fötlunarfræði, o.fl. Sú afstaða byggist á því að hópar sem eru á jaðrinum í einhverri merkingu, vegna uppruna, fötlunar, kynhneigðar, aldurs eða annarra þátta, hafi annað sjónarhorn en þeir sem eru staðsettir í „miðju alheimsins“ með vald til að skilgreina og túlka heiminn. Leitast er við að skoða heiminn frá sjónarhorni jaðarhópa til þess að afbyggja valdakerfi og ryðja braut fyrir lýðræðislegra samfélag. Þetta kallast á við nýjustu hugmyndir í hagnýtu jafnréttisstarfi sem ganga út á jafnrétti í víðum skilningi, jafnrétti allra. Kynjafræði er því ekki stunduð í eiginhagsmunaskyni fyrir konur eins og sumir virðast halda. Þeir sem vilja kynna sér kynjafræði ættu endilega að koma á Þjóðarspegilinn í Háskóla Íslands á föstudag. Aldrei of seint að víkka sjóndeildarhringinn.

*Höfundur er doktor í félagsfræði og dósent í kynjafræði við Háskóla Íslands.*

# Gleðileg jól?

UMRÆÐAN
Skerðing á lífeyri


GYÐA RÁN ÁRNADÓTTIR

Það var í skyndi sem ég tók ákvörðun um að senda grein til Fréttablaðsins, í kjölfar greinar í 24 stundum miðvikudaginn 4. desember. Með þessari grein vil ég allra fremst vekja umræðu á skertum lífeyristekjum öryrkja þessi mánaðamótin.

Málin standa nú þannig að móðir mín er í þeirri stöðu að vera 75% öryrki og hefur verið það frá því ég var kornung. Tókst henni, með miklu fjárhagslegu erfiði, að koma upp þremur heilbrigðum þjóðfélagsþegnum sem einstæð móðir, og ofan á allt öryrki. Það tel ég vera aðdáunarvert.

Æskan mín einkenndist ekki af hljóðfærakennslu né mikilli íþróttaiðkun, þar sem allt slíkt krefst fjárútláta en í dag lítur út fyrir að þetta sé eitthvað sem allar fjölskyldur geti leyft sér. Hún hafði mikið fyrir að ná endum saman hver mánaðamót og jafnframt að láta okkur ekki finna fyrir að erfiðleikar voru til staðar. Jólin voru nú jafnframt haldin ár hvert, góður matur á borðum og pakkar undir trjánum, en alltaf eftir jólin féll maður í skuggann af vinum sínum þegar talið var upp hverjar jólagjafirnar voru. Þó svo að nýlega hafi móður minni verið tilkynnt að henni hafi verið ofgreiddar 3.000 krónur á mánuði í fleiri ár var samt alltaf þörf til að leita hjálpar mæðrastofnunar og kirkjunnar fyrir hver jól.

*Ég fyllist heiftarlegri reiði að sjá þjóðfélagið umbuna þegnum sínum með eilífum tekjuskerðingum og þó sérstaklega núna, mánaðamótin fyrir jól. Flestir innan þessa þjóðfélagshóps sjá sér ekki fært að geta borið jólamat á borðin.*

Í dag er staðan allt önnur. Við dætur hennar þrjár erum allar uppkomnar, ein búsett í Danmörku, ein nýútskrifaður kennari og sú þriðja, ég, stundar nám í sjúkraþjálfun í Háskóla Íslands. Og það tekur mikið á hana móður mína að hafa ekkert getað stutt okkur fjárhagslega á lífsleið okkar, heldur eingöngu getað verið okkur stoð og stytta þegar mikið reynir á tilfinningalega. Ég er að öllu þakklát fyrir að hafa átt svona góða manneskju að. Hún hefur staðið í endalausri baráttu við þjóðfélagið og látið vel í sér heyra, en þó virðist sem aldrei sé hlustað á þessar fáu raddir. En í dag horfi ég upp á hana niðurdregna og orkusnauða af endalausri baráttu um peningana, svo uppgefna á endalausum heimsóknum til hjálparstofnana og hefur í dag endanlega gefist upp, gráti næst. Ég fyllist heiftarlegri reiði að sjá þjóðfélagið umbuna þegnum sínum með eilífum tekjuskerðingum og þó sérstaklega núna, mánaðamótin fyrir jól. Flestir innan þessa þjóðfélagshóps sjá sér ekki fært að geta borið jólamat á borðin. Ég get bara hlegið að því hve kaldhæðnislegt það er þegar sagt er frá í fréttum að við höfum unnið Norðmenn í lífsgæðabaráttunni meðan ég veit, eins og eflaust fleiri, að staðan hjá sumum í þjóðfélaginu er ekki betri en þetta.

Í dag get ég ekki lengur á mér setið og hef ekki hjarta í mér að sitja bara og horfa á. Ég veit að til er fólk sem hugsar það sama og ég, en hvernig væri nú að gera eitthvað í málunum þannig að við getum með réttu átt fyrsta sætið á lífsgæðalista ríkjanna.

Ég óska engum því lífi sem ég hef í stuttu lýst, en væri þó til í að leyfa þeim sem ákvarða grunnlaun og tekjur öryrkja og ellilífeyrisþega, að lifa í hálft ár á þessum tekjum og sjá hvort þeim fyndist lífið ekki örlítið súrt.

*Höfundur er háskólanemi.*

# Páll Óskar
## í Hagkaupum

Holtagarðar föstudag kl. 15:30 - spilar og áritar
Smáralind föstudag kl. 18:00 - spilar og áritar
Smáralind laugardag kl. 14:00 - spilar og áritar
Holtagarðar laugardag kl. 17:00 - spilar og áritar

OPIÐ TIL 22:00
föstudag og laugardag




Nýtt kortatímabil!

Dagatalið "PÁLL ÓSKAR 2008" er komið út! Allir sem mæta í áritun fá dagatal í kaupauka.

EINSTÖK ENDURKOMA
***** FIMM STJÖRNUR

Arnar Eggert Thoroddsen, Morgunblaðið

ÆÐISLEG POPPPLATA
**** FJÓRAR STJÖRNUR

Steinþór Helgi Arnsteinsson, Fréttablaðið

SÁ EINI SEM GETUR ÞETTA
**** FJÓRAR STJÖRNUR

Ásgeir Jónsson, DV

SKÆRASTA POPPSTJARNA ÍSLANDS
75 %

Hildur Haraldsdóttir, Monitor

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**NOAM CHOMSKY MÁLVÍSINDAMAÐUR, HEIMSPEKINGUR OG RITHÖFUNDUR ER 79 ÁRA Í DAG.**



*„Ef við trúum ekki á málfrelsi þeirra sem við fyrirlítum, trúum við ekki á það yfirleitt.“*

***Chomsky er afkastamikill rithöfundur og fræðimaður. Af þekktustu ritum hans má nefna; Syntactic Structure, Deterring Demcracy og Manufactoring Consent.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 7. DESEMBER 1972

# *Síðasta mannaða geimferðin til tunglsins*

Þennan dag árið 1972 hélt Apollo 17-geimferjan til tunglsins en það var síðasti Apollo-leiðangurinn af sex sem farnir voru. Þetta er jafnframt í síðasta skipti sem menn hafa lent á tunglinu. Næsta mannaða ferð til tunglsins er ekki áætluð fyrr en árið 2019.

Á leið sinni frá jörðu tók áhöfnin á Apollo 17 fræga mynd af jörðinni sem er kölluð „The Blue Marble“, bláa marmarakúlan.

Apollo-leiðangrarnir voru farnir á árunum 1961-1975 á vegum geimferðastofnunarinnar NASA og var markmið þeirra að koma mönnuðum geimförum á tunglið. Það markmið náðist í fyrsta skipti árið 1969 þegar þeir Neil Armstrong og Buzz Aldrin stigu þar fæti en geimferja þeirra bar nafnið Apollo 11. Tvö afdrifarík mistök urðu í Apollo-leiðöngrunum. Hið fyrra leiddi til þess að þrír geimfarar fórust með Apollo 1 og í Apollo 13 leiddu sprengingar innanborðs til mikilla skemmda en þó ekki manntjóns.



## MERKISATBURÐIR

**1879** Jón Sigurðsson forseti andast í Kaupmannahöfn, 68 ára að aldri.

**1881** Minnisvarði um Jón Sigurðsson forseta er afhjúpaður á gröf hans í Hólavallakirkjugarði í Reykjavík.

**1936** Í Bjarneyjum á Breiðafirði rignir skyndilega síld og var talið að skýstrókur hefði náð að sjúga upp síldina er hann átti leið yfir sjó.

**1982** Charles Brooks Jr. er fyrsti maðurinn sem tekinn er af lífi með banvænni sprautu í Bandaríkjunum.

**1995** Geimferjan Galileo lendir á Júpíter rúmlega sex árum eftir að henni var skotið á loft.

## AFMÆLISBÖRN



**GUÐMUNDUR HALLVARÐSSON,** fyrrverandi alþingismaður, er 65 ára í dag.



**JÓHANN ÁRSÆLSSON,** fyrrverandi alþingismaður, er 64 ára í dag.



**ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR** leikkona er 45 ára í dag.



**JÓHANNA VILHJÁLMSDÓTTIR** sjónvarpskona er 37 ára í dag.

# Hlíðarfjall opið

Skíðavertíðin er hafin af fullum krafti í Hlíðarfjalli á Akureyri. Fjallið var opnað í fyrsta sinn í vetur fyrir almenningi í gær klukkan 17 og þá var boðið upp á lyfturnar Fjarkann, Auði og Stromplyftu. Aðrar lyftur verða opnaðar á næstu dögum eftir því sem snjóalög leyfa.

Opnunin er að öllu leyti að þakka hinu öfluga snjóframleiðslukerfi í fjallinu. Það er rekið með stuðningi Vina Hlíðarfjalls, sem er hópur fyrirtækja sem vilja með starfssamningnum renna styrkum stoðum undir rekstur skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli.



**SKÍÐAVERTÍÐIN HAFIN** Norðanmenn og aðrir gestir geta komist á skíði í Hlíðarfjalli um jólin.

Um helgina og næstu daga verður hefðbundinn opnunartími og gert er ráð fyrir góðu skíðatímabili yfir hátíðarnar. Sjá allar nánari upplýsingar: www.hlidarfjall.is



**HREIN OG FÍN** Að mati aðspurðra erlendra ferðamanna er Reykjavík einstaklega hreinleg og aðlaðandi borg.

# Reykjavík hreinust

Síðastliðið sumar var gerð samnorræn könnun þar sem erlendir ferðamenn voru spurðir um væntingar sínar til borganna sem þeir heimsóttu auk hreinleika. Reykjavík mældist hreinust þeirra borga sem tóku þátt og í ljós kom að bæði væntu ferðamenn þess að Reykjavík væri hrein borg og aðspurðir eftir að heim var komið reyndist borgin hafa verið enn hreinni en þeir höfðu gert sér hugmyndir um.

Hins vegar reyndist Kaupmannahöfn vera óhreinust að mati aðspurðra.

Auk Reykjavíkur og Kaupmannahafnar tóku þátt Stokkhólmur, Osló, Helsinki, Tallinn, Riga, Vilnius, Århus, Malmö, Uppsalir, Bergen, Tampere og Turku. Höfuðborgarstofa er fulltrúi Reykjavíkurborgar í verkefninu og hefur kynnt Reykjavík undir yfirskriftinni Pure Energy.

Sjá nánari upplýsingar www.reykjavik.is




**ÞEMAVIKA Á TÍMAMÓTUM** „Krakkarnir unnu söguverkefni í tilefni afmælisins og eitt það sem kom mest á óvart var að sundkennslan fór fram í sjónum fyrr á árum,“ segir Borgný Gunnarsdóttir, sem hefur lengstan starfsaldur við skólann. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON BB

## GRUNNSKÓLINN Á ÞINGEYRI: 110 ÁRA AFMÆLI FAGNAÐ Í VONSKUVEÐRI

# Fyrsti skólabekkur forsetans

Grunnskólinn á Þingeyri fagnaði 110 ára afmæli sínu í lok síðasta mánaðar.

Af því tilefni efndu nemendur skólans til þemadaga þar sem þeir viðuðu að sér upplýsingum um sögu skólans og buðu svo bæjarbúum til afmælisveislu.

Borgný Gunnarsdóttir hefur lengstan starfsaldur við skólann, en hún hóf þar kennslu árið 1974. Hún gekk sjálf í skólann frá árinu 1960 og þekkir því starfsemi hans og sögu býsna vel.

„Ég er búin að fylgjast með ýmsum breytingum á mínum ferli og má þar nefna lengda skólaskyldu í báða enda, einsetningu skóla, samræmd próf og samkennslu,“ segir Borgný, sem kennir handmennt ásamt því að vera bekkjarkennari og hefur einnig fylgst með talsverðum breytingum á skólahúsnæðinu hin síðari ár.

Skólastarfið hófst árið 1897 og voru það foreldrar í hreppnum ásamt hreppstjóranum Jóhannesi Ólafssyni, sem ákváðu að stofna skóla. Þá var ekkert skólahúsnæði og fór kennslan fyrsta árið fram í nýbyggðu heimahúsi. Svo var kennt í stúkuhúsi í nokkur ár en árið 1908 var ráðist í nýbyggingu.

„Lítið skólahús reis á einu sumri. Það er enn í notkun og köllum við það þinghúsið,“ segir Borgný og heldur áfram: „Þá erum við að kenna í viðbyggingu við það hús sem upphaflega var leikfimissalur. Árið 1980 var svo mikið byggt við skólann“.

Í þemaviku í tilefni tímamótanna unnu nemendurnir, sem í dag eru sextíu og þrír talsins,ýmis verkefni tengd sögu skólans.

„Nemendurnir settu upp tímaás þar sem meðal annars kom fram hvenær húsið var byggt og í hvaða húsum var kennt. Þá unnu þau ýmsar tölfræðiupplýsingar um nemendafjölda og gerðu sér í hugarlund hvernig framtíðar kennsluhættir yrðu. Svo hringdu þau í eldri nemendur sem höfðu útskrifast með ákveðnu árabili til að athuga hvað þeir væru að gera í dag. Þau könnuðu hvort nemendurnir hefðu farið í framhaldsskóla og hvaða störf um þeir gegndu í dag,“ útskýrir Borgný, sem segir að allir hafi haft sérstaklega gaman af einum fyrrverandi nemenda sem fannst í þessu grúski.

„Krakkarnir komust að því að forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson, byrjaði sína skólagöngu í skólanum tíu ára gamall. Þetta fannst þeim mjög merkilegt,“ segir Borgný og nefnir einnig sundkennslu fyrri ára. „Þeim fannst líka mjög áhugavert að komast að því að nemendum hefði verið kennt að synda í sjónum hér í kring. Þau fundu myndir af brosandi börnum með kollana upp úr ísköldum sjónum og fannst þau heldur hugrökk en hér er nú komin fínasta sundlaug og íþróttaaðstaða,“ segir hún.

Daginn sem haldið var upp á afmælið gerði vonskuveður í bænum en þó kom mikill fjöldi gesta. „Þau voru öll mjög fræðandi og skemmtileg enda eru þetta yndislegir krakkar. Og ég held að þau séu bara ánægð með skólann sinn,“ segir Borgný.

vera@frettabladid.is



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Gunnars Páls Ívarssonar,**

Norðurfelli 7.

**Jónína Ragnarsdóttir**
**Andrea Margrét Gunnarsdóttir**
**Katrín Sylvía Gunnarsdóttir** Gunnþór Jónsson
**Gunnar Páll Torfason**
**Heimir Páll Ragnarsson**



*Ástkær systir okkar,*

**Margrét K. Bjarnadóttir,**

Egerisvej 41, Skive, Danmörku,

lést 19. nóvember sl. á líknardeild sjúkrahússins í Skive. Útför hennar var gerð frá Egeriskirkju, Skive, 24. nóvember.

**Halldóra Bjarnadóttir**
**Svandís Bjarnadóttir**
**Guðrún Bjarnadóttir**
**Ingimar Bjarnason**



20%
AFSLÁTTUR

# Dagsljósalampi

**Frábær lýsing fyrir föndur, hannyrðir, fluguhnýtingar og lestur.**

**Ferðalampi með hleðslurafhlöðum og dagsljósaperu.***

Vörunúmer: Z179-E38007

**15.595 kr.**
Verð áður 19.495 kr.

*Lamparnir fást á Smiðjuvegi, Borgartúni, Ögurhvarfi og Ísafirði.

# Sköpunargleðin fær útrás



20%
AFSLÁTTUR

**27.890 kr.**
Verð áður 34.900 kr.

**Dagsljósalampi**
Vandaður gylltur standlampi.
Góð lýsing fyrir föndur, hannyrðir, fluguhnýtingar og lestur.*
Vörunúmer: Z179-D20270



2.550 kr.

**„Funny Minis" jóladagatal**
Föndraðu fallegt jóldagatal. Málaðu á striga og skreyttu með „Funny Minis" fígúrum. Festu svo litla pakka á dagatalið í þar til gerða hringi.
Vörunúmer: PD450823



Efni í 6 stk. 1.090 kr.

**Hjartasveinar**
Glaðlegir hjartalaga jólasveinar úr ullarflóka og frauðhjörtum. Fallegir á jólatréð.
Auðvelt að föndra, leiðbeiningar fylgja.
Vörunúmer: PD712165



Efni í 4 stk. 960 kr.

**Jólasveinar**
Flottir jólasveinar úr tré sem auðvelt er að búa til. Hefðbundnir með hvítt ullarskegg og gylltar jóla-bjöllur. Hæð 11 sm.
Vörunúmer: PD712172



Efni í 12 stk. 990 kr.

**Ullarhjörtu**
Falleg rauð ullarhjörtu með hvítum doppum.
Sóma sér vel á jólatrénu.
Auðvelt að föndra, leiðbeiningar fylgja.
Vörunúmer: PD712162

Borgartúni 29 + Höfðabakka 3
Glerárgötu 34 Akureyri + Smiðjuvegi 5
Ögurhvarfi 2 + Aðalstræti 27 Ísafirði
Pantanasími 585 0500

A4

## STUÐ MILLI STRÍÐA Á fætur um miðja nótt

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** VILL AÐ BÖRNIN FÁI AÐ SOFA LENGUR Á VETURNA



Nú er kominn sá tími þegar manni finnst dimmt nánast allan sólarhringinn og því ekkert sérstaklega gaman að vakna á morgnana. Verst finnst mér samt að þurfa að draga sex ára son minn á fætur eldsnemma dags sem er ekki einu sinni kominn og eiginlega finnst mér það bara ómanneskjulegt að pína lítil börn fram úr öruggu og hlýju rúmi út í kulda og kolniðamyrkur.

Þó að margir foreldrar þurfi ekki að mæta í vinnu fyrr en klukkan níu er ætlast til þess að börnin séu mætt í skólann klukkan átta eða hálfníu, það fer svolítið eftir skólum. Börnin þurfa því í mörgum tilfellum að hefja sinn vinnudag á undan þeim fullorðnu, sem er náttúrlega bara rugl. Ef ég mætti ráða sneri þetta alveg öfugt. Börnin þyrftu ekki að byrja sinn vinnudag fyrr en svona hálftíu, tíu og þau sem yrðu að vera mætt fyrr í skólann vegna þess að foreldrarnir væru komnir í vinnu fengju að vera á dýnum á gólfinu þar sem þau gætu kúrt undir teppi þangað til tímabært væri að hefjast handa.

Mér finnst það eiginlega alveg furðulegt að við skulum ekkert hægja á okkur á veturna þegar líkaminn hreinlega kallar á okkur að hvílast meira. Flest dýr taka því mun rólegar á veturna en á sumrin og sum leggjast hreinlega í dvala og sofa hann allan af sér. Okkur finnst hins vegar sjálfsagt að spretta á fætur klukkan sjö á hverjum morgni og hamast fram á kvöld eins og bjánar.

Enda skynja börnin alveg hvað þetta er vitlaust því þau eru, líkt og dýrin, í miklu betra sambandi við líkamsstarfsemi sína en við. Í fyrsta skipti sem ég gerði syni mínum þann óleik að fara með hann út klukkan átta að morgni að vetrarlagi var hann tæplega tveggja ára. Á leiðinni í leikskólann horfði hann líka á mig stórum augum eins og ég væri eitthvað mikið að ruglast og hló svo bara og sagði eins og ég hefði ekki hugmynd um það: „Mamma, það er nótt!“

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# Ríkulega myndskreytt, fróðleg og vel skrifuð bók um einn af okkar þekktustu og virtustu listamönnum



Á tilboðsverði í Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi til og með 11. desember.
**Fyrstu 50 eintökunum fylgir glæsileg grafíkmynd eftir Erró,** tölusett og árituð af höfundi.

**„Glæsilegt verk.“**
*Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan, RÚV*




**TILBOÐSVERÐ**
**kr. 4.180**
**TIL OG MEÐ 11. DES.**

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING
2007

**Gefin út í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur.**
**Fáanleg á íslensku, ensku og frönsku.**

**– opið til kl. 22.00 öll kvöld**

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

BT

# FYRIRTÆKI




## FARTÖLVA

**TOSHIBA SATELLITE PRO L40**
Intel Celeron M 530
1024MB DDR2 667 (2x512)
80GB SATA Harður diskur
Intel GMA X3100 skjástýring
1280 x 800 upplausn
15.4" WXGA skjár
Þráðlaust net 802.11 b/g
DVD Skrifari
36,5 x 26,95 x 3,68 cm
Aðeins 2.8 kg á þyngd
Windows Vista Home Basic

**49.999**



## FARTÖLVA

**TOSHIBA SATELLITE PRO A200**
Intel Pentium T2130
120GB SATA harður diskur
1GB DDR2 667 vinnsluminni
15.4" WXGA skjár CSV
Intel 943GM skjástýring
DVD skrifari
Þráðlaust net 802.11 b/g
Windows Vista Business

**89.999**



## FARTÖLVA

**FSC ESPRIMO MOBILE U9200**
Intel Core 2 Duo T7300
2GB DDR2-667 (2x1GB)
DVD skrifari
80GB SATA 5.4k
WLAN Intel 4965 a/g/n
Vista Business 32bit
Portreplicator + AC adapter

**149.999**



## PRENTARI

**HP COLORLASER 2600N**
Litageislaprentari
Prenthraði allt að 8 í svörtu og lit á mín
Prentar fyrstu bls.: 20 sek
Upplausn: 600x600 dpi
Tengi: USB og Fast Ethernet netkort.

**19.999**



## PRENTARI

**HP LASERJET 1018**
Hraði: 12 bls. á mín.
10 sek. í fyrstu síðu út
Örgjörvi: 234 MHz
Upplausn: 600x600dpi

**6.999**



## MÚS

**Toshiba Retractable laser mous**
Fartölvumús með
inndraganlegri snúru

**2.999**



## TASKA

**Toshiba NB Starter Kit**
Fartölvutaska, mús og
4-porta USB hub -
allt í einum pakka.

**6.999**



## VEFMYNDAVÉL

**Toshiba Web Cam**
Vönduð vefmyndavél frá Toshiba
Upplausn 640x480
30 rammar á sekúndu
24 bita litadýpt
USB tengi

**4.999**

FUJITSU SIEMENS · TOSHIBA · Panasonic · LINKSYS · logitech · hp

## FARTÖLVA



**MACBOOK 13”**
Intel Core 2 DUO 2.0 GHz
1GB DDR2 667MHz
80GB Serial ATA Harður diskur
Drif: CD-RW og DVD-ROM
13,3” Glossy WideScreen skjár
BlueTooth, GBLan, FireWire
Þráðlaust Net
Innbyggð iSight vefmyndavél
Mac OS X 10.4 Tiger og iLife

**99.999**

## BORÐTÖLVA



# Opnunartilboð
Aðeins brot af úrvalinu

**Apple iMac 20”**
Intel Core 2 Duo 2.0 GHz
1GB DDR2 667MHz
250GB Harður diskur
ATI Radeon
DVD skrifari
20” LCD WideScreen skjár
Þráðlaust net, BlueTooth,
Infrared
Innbyggð iSight vefmyndavél
Mac OS X 10.4 Tiger og iLife

**124.999**

## HARÐUR DISKUR



**LACIE 160GB MOBILE BIOMETRIC**
Útvær 2.5” harður diskur
Biometric fingrafaralesari
fyrir aukið gagnaöryggi
Tengi USB 2.0
Bus Powered
Styður 5 mismunandi notendur

**19.999**

## HARÐUR DISKUR



**LaCie 60GB Sam Hecht**
Passar í vasa
Einfaldur í notkun
Hannaður af Sam Hect
USB Powered
PC og Mac samhæfður
Aðeins 126gr á þyngd

**17.999**

## HARÐUR DISKUR



**LaCie 1TB Ethernet/USB2.0**
Nettengjanlegur harður diskur
Styður Windows®, Mac® og Linux
Einfaldur í uppsetningu
(DHCP client-compatible);
web-based management

**49.999**

## NETÞJÓNN



**PRIMERGY TX120**
Xeon® UP 3040 - 1,86GHz
1GB DDR2 ECC minni - Disklaus
Pláss fyrir 2x 2.5” SAS 36, 73 eða
146 Gbyte (hot-plug) diska
RAID 1 - iRMC
DVD Combo - 10/100/1000 Lan
Aðeins 340 x 99 x 399 mm á stærð

**129.999**

## VINNUSTÖÐ



**FSC Esprimo E5925**
Core 2 Duo E4400
1GB DDR2-667
DVD skrifari SATA
SATAII harður diskur
Vista Business

**89.999**

## VINNUSTÖÐ



**FSC ESPRIMO MOBILE Q5020**
Intel Core 2 Duo T7250
1GB DDR2-667
DVD Skrifari - Slot-in slim
HDD 80GB SATA 5.4k 2.5”
WLAN 802.11g 54Mpbs
Vista Business 32bit

**124.999**

SKEIFUNNI 17 • opið: 10:00 -18:00 mán. - föst. & 10:00 - 16:00 laug.

BT FYRIRTÆKI



**TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR** Framtakssamur ungur píanóleikari.

# Tinna leikur granít

Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari hefur sent frá sér geisladiskinn Granit Games. Á disknum má finna verk sem öll nema eitt voru samin sérstaklega fyrir Tinnu, enda hefur hún verið óhrædd við að panta sér verk frá íslenskum og erlendum tónskáldum. Verkin á disknum eru flest um tveggja ára gömul og voru frumflutt á Myrkum músíkdögum árið 2005. Þar var efnisskránni vel tekið og hefur Tinna ferðast um heiminn síðan og leikið verkin meðal annars í Berlín, Peking, Kaupmannahöfn, Bergen og á Ísafirði, svo einhverjir staðir séu nefndir.

Tónskáldin sem leggja til tónlist á diskinn eru fjölbreytilegur hópur. Má þar nefna Mist Þorkelsdóttur, en Tinna leikur verk hennar, Granit Games, Kolbein Einarsson sem er höfundur verksins Dínamít og Steingrím Rohloff sem samdi Ikarus. Á disknum má jafnframt heyra Fjögur stykki op. 2 eftir Jón Leifs, Sononymus – Meitlað í stein eftir Hilmar Þórðarson, Tvær tokkötur eftir Þorstein Hauksson og Fantasiestück eftir Áskel Másson. Í þremur verkanna fær Tinna sér meðleikara, sem er reyndar ekki af holdi og blóði heldur tölva.

Þetta eru fyrstu upptökur sem gerðar hafa verið af öllum verkunum, að verki Jóns Leifs undanskildu. Tinna heldur áfram að kynna íslenska tónlist erlendis, en fram undan eru tónleikar í París, Róm og San Francisco á hinu þekkta tónlistarmaraþoni Bang on a Can-hópsins.

Þetta er fyrsti einleiksdiskur Tinnu, en hann gefur innsýn í fjölbreytilegan heim íslenskra tónskálda á ólíkum tímum og spannar þannig allt frá þjóðlögum fortíðar til tónlistar sem samin er á fartölvu. **- vþ**

# Lærdómsrit á hljóðbók

Hið íslenska bókmenntafélag hefur látið hljóðrita upplestur úr tveimur ágætum Lærdómsritum Bókmenntafélagsins og fengið til lestrarins ekki lakari listamann en Hjalta Rögnvaldsson leikara. Fyrsta hljóðbók Lærdómsrita Bókmenntafélagsins er hið margrómaða rit Birtíngur eftir Voltaire, sem Halldór Laxness þýddi af mikilli orðsnilld og kímni. Forspjall að verkinu ritaði Þorsteinn Gylfason prófessor. Birtíngur er ein samfelld og skemmtileg háðsádeila gegn löghyggju 18. aldar um mannlegt eðli, þar sem allt hefur sinn jákvæða tilgang, sama hvað á dynur – heimurinn sé eins og best verður á kosið. Bjartsýnin er ávallt í fyrirrúmi og leiðir Birtíng um heiminn með skynsamlegum rökum.

Önnur hljóðbókin sem Hjalti les er Zadig eða örlögin, einnig eftir hinn franska Voltaire. Hefðbundin útgáfa verksins sem Lærdómsrits kom út í maí síðastliðnum. Zadig eða örlögin er bráðskemmtileg saga og lýsandi fyrir hugmyndaauðgi og ritsnilld höfundarins – hárfín ádeila á hégóma samtímans og stirðnaða hugmyndafræði. Þetta er saga manns í eilífri glímu við örlögin, bæði ljúf og grimm. Hið fagra og skemmtilega hefur sárar afleiðingar, hið sorglega er fyndið – tilveran virðist fullkomlega óútreiknanleg. Þetta er óborganleg satíra um mannlegt samfélag. Hólmgrímur Heiðreksson þýddi verkið, en inngangur er eftir Ásdísi R. Magnúsdóttur.

Hjalti mun lesa kafla úr þessum tveimur Lærdómsritum og einnig nokkrum öðrum í dag milli 16-17 fyrir framan Hagkaup í Kringlunni, 2. hæð, þar sem fram fer kynning á Lærdómsritum Bókmenntafélagsins með fremur óhefðbundnum hætti.



**MENNING** Hjalti Rögnvaldsson les texta Voltaire og fleiri í Kringlunni í dag.

Með þessum fyrstu hljóðrituðu útgáfum Bókmenntafélagsins er kynnt til sögunnar ný gerð á einu elsta Lærdómsritinu og einnig einu því yngsta. Hljóðvinnslan ehf. / Gísli Helgason sá um upptökur og fjölföldun hljóðbókanna og munu hljóðbækur Lærdómsrita Bókmenntafélagsins fást í helstu bókaverslunum og kosta eins og sömu verk prentuð, aðeins kr. 2.990.

Fyrir árslok verða útgefin Lærdómsrit Bókmenntafélagsins orðin 71 talsins síðan útgáfa þeirra hófst árið 1970. Virðulegri bókaflokkur er vandfundinn á Íslandi, enda er þar saman kominn mannleg hugsun ríflega 2.000 ára í sögu mannkyns. **- pbb**

CAFÉ PARIS



ÖLGERÐIN ÓSKAR EIGENDUM CAFE PARIS
TIL HAMINGJU MEÐ NÝJA STAÐINN
Í KRINGLUNNI




Gull
TUBORG
THE FUN STARTS HERE


Burberry
Filippa K
Patrizia Pepe
Sportmax
Calvin Klein
Annhagen
Rutzou
Stella Nova
Lee
Wrangler
Rosanna Julie
a pair
GK Reykjavík
GK JÒL
KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK
GK REYKJAVÍK 10ÁRA

# Ástarsaga innan gæsalappa

Saga Elísabetar Jökulsdóttur, Heilræði lásasmiðsins, fjallar um konu í álögum. Þetta er óvenjuleg bók, saga höfundarins af kynnum sínum af trommuleikaranum og hattagerðarmanninum Algea. Þetta er ástarsaga innan gæsalappa. Óvenjulegt par hittist í stórborginni New York þar sem sagan hefst og síðan berst leikurinn til Íslands, niður í miðbæ og upp á hálendi, yfir til Þingvalla og út um allt. Stelpa hittir strák, stelpa verður brjálæðislega yfir sig ástfangin, stelpan fær alls kyns efasemdir og óróa í sálina, strákurinn reynist vera óttalegur skíthæll, stelpan veit ekkert hvað hún á að gera, strákurinn lætur sig hverfa og stelpan lærir mikilvæga hluti um sjálfa sig.


**ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR SKÁLDKONA** Segir sögu af hinum undarlegu merkimiðum sem við hengjum á annað fólk.




**BÓKMENNTIR**
**Heilræði lásasmiðsins**
Elísabet Jökulsdóttir
★★★
Persónuleg bók ásta og áráttu.

Þessi saga ber sterk höfundareinkenni svo sem áberandi áherslur á tilfinningar, vísanir til stjórnleysis, töfra og þess líkamlega. Líkt og síðasta ljóðabók Elísabetar, Vængjahurðin, er þetta bók um langanir og að sumu leyti er Heilræði lásasmiðsins eins og skýringartexti fyrir önnur verk höfundarins, að minnsta kosti í ævisögulegu tilliti. Höfundurinn segir sögu sína á berorðan og óvæginn hátt, með blöndu af húmor og sársauka. Þau eru óneitanlega ólík – hún íslenskur rithöfundur með alls konar komplexa, hann framandlegur og frumstæður útlendingur en laghentur við kvenfólk og saumavélar. Samlíf þeirra var alls ekki dans á rósum og persóna Algea er ráðgáta alla bókina. Elísabet prófar hann við alls konar hlutverk svo sem flagarans, afætunnar og galdramannsins – hún veit ekki hvort hann er raðmorðingi eða maðurinn sem hún ætlar sér að giftast, djöfull eða draumaprins. Kynþáttahugmyndir koma mikið við sögu sem og hugmyndir um hið holdlega en hvort tveggja jaðrar við þráhyggju hjá sögukonunni.

Tilfinningar einmanaleikans eru líklega það sem sameinar þetta ólíka fólk, Elísabet er líkt og umkringd vinum – í aðra röndina á kafi í óskhyggju og sjálfsblekkingu en í hina svo fallega trúuð á hugsjónir ástarinnar og allt sem þeim fylgir. Hún fær ráð og ábendingar víða en lásasmiðurinn rammar inn frásögnina. Höfundur notar býsna sniðugar líkingar og myndmál í þessari sögu en margar þeirra vísa til hliða og hurða, þess að loka inni, læsa og þagga. Þetta er bráðskemmtileg frásögn á köflum þó að hún fjalli um grafalvarleg efni á borð við flótta, auðsveipni, andlegt ofbeldi og þessa undarlegu merkimiða sem við hengjum utan á annað fólk. Ég sveiflaðist milli þess að halda að sögukonan væri að segja mér óþægilega mikið og þess að vilja vita meira. Mikilvægasti lærdómurinn er samt líklega staðfesting þess hversu hættulegt það er að læsa sjálfa sig úti. **Kristrún Heiða Hauksdóttir**


**TÓNLIST** Auður leiðir fríða sveit nemenda sinna.

# VON103

**Ekki er það nafn á bát en fari: í félagsheimilli SÁÁ í Efstaleiti 7 verða tónleikar í hádeginu, og hefjast kl. 12.15, þeir þriðju í röðinni sem ber heitið hér að ofan. Þær Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari og Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari eru þar í aðalhlutverkum með sveit nemenda Auðar sér til fulltingis og flytja verk eftir Pachelbel og aðra barokkmeistara. Verður hin kunna Kanóna Pachelbels meðal annars leikin.**

**Röðin er samstarfsverkefni Rásar 2, SÁÁ og er Nína Margrét listrænn stjórnandi hennar. Veitingasala er á staðnum og gefst mönnum úr Háaleiti, Fossvogi og nærliggjandi hverfum hér tækifæri á yndislegri stund í hádeginu. Nærsveitamenn geta komið bílandi því nóg er af stæðum við Von og nálægar byggingar í Efstaleitinu. - pbb**

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is










Gefum góðar stundir
Gjafakort Þjóðleikhússins er frábær gjöf fyrir fjölskyldu og vini.

KRINGLU KRÁIN
Stuðbandalagið
Gestasöngkona Mjöll Hólm
Mun kynna nokkur lög af
nýútkomnum diski sínum "Tónleikar"
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARÐARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Vesturport
í samstarfi við Vesturport
7. og 8. des uppselt
30. des
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



GERÐUBERG
www.gerduberg.is


**Allt í plati!**
Sýning úr söguheimi Sigrúnar Eldjárn
Frábær upplifun fyrir alla fjölskylduna!
Sýningarstjórarnir, Una og Anik,
taka á móti gestum á sunnudaginn kl. 14!


**Þetta vilja börnin sjá**
Myndskreytingar úr íslenskum barnabókum 2007
Dimmalimm-verðlaun ársins hlaut Sigrún Eldjárn fyrir bókina Gælur, fælur og þvælur!


**Einn og átta**
**Handgerðir jólasveinar, Grýla og Leppalúði**
Alíslensk jólasýning Sunnu Emanúelsdóttur,
alþýðulistakonu, í Kaffi Bergi


**Málverkasýning Togga**
Þorgrímur Kristmundsson, alþýðulistamaður, sýnir landslagsmálverk unnin í olíu og vatnslit í Boganum
Listamaðurinn tekur á móti gestum um helgina!

Sýningarnar standa til 13. janúar og eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16. Sími 575 7700.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# „FRÁBÆR BÓK.“

Sigmundur Ernir Rúnarsson / Mannamál, Stöð 2

## „Skemmtilegur krimmi sem aðdáendur sakamálasagna ættu alls ekki að láta fram hjá sér fara.“ ★★★★

Bjarni Thor Kristinsson / DV

„**Mjög skemmtileg** og **hörkuspennandi** bók með plotti sem gengur alveg upp.“

Erla Ragnarsdóttir / Helgarútgáfan, Rás 2

„Sennilega besta saga Árna til þessa ... **margslungin, vönduð** og **trúverðug** þétta ... **stórskemmtileg** bók.“

Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga

„Gamlir taktar úr fyrri bókum um Einar ylja dyggum lesendum um hjartarætur ... **lipurlega skrifaður** krimmi ... boðskapurinn er **skýr** og **þarfur.**“

Steinunn Inga Óttarsdóttir / Morgunblaðið

„Mjög **skemmtileg** persóna ... ólíkur hefðbundnum lögreglumönnum ... **mæli hiklaust með henni.**“

Katrín Jakobsdóttir / Mannamál, Stöð 2

„... **mjög góður** og **þottur krimmi** ... ráðgátan sjálf er **spennandi** og trúverðug ... betri en Tími nornarinnar.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan, RÚV

„**Algjör snilld!** Finnst Einar blaðamaður einstaklega skemmtileg persóna ... vona að ég geti lesið um ævintýri hans næstu áratugina!“

Guðríður Haraldsdóttir / gurrihar.blog.is




JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is



RAY DAVIES



BENNI HEMM HEMM

## > Í SPILARANUM

Ray Davies - Working Man's Café
ÓÓ Ingibjörg - ÓÓ Ingibjörg
Tómas R. Einarsson - Rommtommtechno
Jay-Z - American Gangster
Benni Hemm Hemm - Ein í leyni

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Systkini sameinast

Systkinin Óskar, Ómar og Ingibjörg Guðjónsbörn hafa gefið út sína fyrstu plötu saman sem heitir Ó Ó Ingibjörg. „Við erum fjögur systkinin en þrjú sem störfum í músík. Við bræðurnir höfum spilað mjög mikið saman, til dæmis í Jagúar og með Tómasi R. en það hefur alltaf legið í loftinu að gera eitthvað með systur okkar,“ segir saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson.

Lögin á plötunni eru gömul íslensk sönglög við ljóð eftir mörg af þekktustu skáldum Íslendinga. „Þessi lög eru þekkt í allt öðrum búningi heldur en við setjum þau í. Hún Ingibjörg kynnti okkur fyrir þessum lögum og þar græddi maður enn einn fjársjóðinn sem maður vissi ekki að væri til,“ segir Óskar.

Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða í Salnum í Kópavogi 20. desember. - fb



**SYSTKINI** Systkinin Óskar, Ómar og Ingibjörg hafa gefið út sína fyrstu plötu saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## > Plata vikunnar

Hjaltalín - Sleepdrunk Seasons

★★★★★

„Magnaðar lagasmíðar, framúrskarandi flutningur og frumlegar útsetningar gera þessa fyrstu plötu Hjaltalín að einni af bestu plötum ársins.“ TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Hvíl í friði, Stylus*

Þær sorgarfréttir bárust í lok október, algjörlega að óvörum, að tónlistarvefmiðillinn Stylus Magazine væri hættur störfum. Vefurinn hefur lengi þótt með mikilsvirtustu tónlistarmiðlum nútímans enda var hægt að finna þar daglega ógurlega flóru af alls kyns efni tengdu tónlist, og reyndar kvikmyndum einnig (Stylus hefur meðal annars birt stórar umfjallanir um Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík undanfarin tvö ár). Vefurinn birti vanalega fjóra plötudóma á hverjum virkum degi og hafði virkilega gott auga fyrir forvitnilegri tónlist af öllu tagi. Sem dæmi má nefna að Stylus birti í október dóm um plötu Sam Amidon, sem kemur út á vegum hins íslenskættaða plötufyrirtækis Bedroom Community. Sem er reyndar ekki í frásögur færandi nema fyrir þá staðreynd að platan kemur ekki út fyrr en í mars á næsta ári.



**LCD SOUNDSYSTEM** Sound of Silver er plata ársins að mati Stylus Magazine sem nú hefur lagt upp laupana.

Að þessu leyti má líkja Stylus við Pitchfork, þekktasta veftónlistarmiðil dagsins í dag, það er hvernig þessir tveir miðlar hafa bent manni á haug góðrar tónlistar sem maður hefði líklegast annars farið á mis við. Í tilfelli Stylus verð ég fyrir mitt leyti sérstaklega að nefna Todosantos frá Venesúela, Lindström frá Noregi og OOIOO frá Japan. Takk, Stylus.

Stylus-vefurinn er reyndar ennþá opinn og ég hvet alla til þess að kíkja á síðuna meðan enn gefst tækifæri til (www.stylusmagazine.com). Þar má líka finna helling af alls kyns uppgjöri. Fyrir þá sem hafa einmitt aldrei kíkt á Stylus en sjá eftir því er til dæmis hægt að skoða „best of“ Stylus. Þar sést líklegast best hversu víðtækt og gott Stylus Magazine var.

Stylus reið líka á vaðið og birti lista yfir bestu plötur ársins enda ekki ástæða til annars. Efst þar á blaði var platan Sound of Silver með LCD Soundsystem og skyldi engan undra. Someone Great með sömu sveit var einnig í efsta sæti yfir bestu lög ársins. Árslisti Stylus gefur að mörgu leyti tóninn fyrir komandi árslista, sem eru reyndar farnir að hrannast inn. Þó má setja nokkur spurningarmerki við árslistann hjá Stylus. Hvar er til dæmis Beirut-platan? Eða Jens Lekman? Af hverju eru Battles- og of Montreal-plöturnar ekki ofar á lista? Og hvernig komust Miranda Lambert og Lil Wayne inn á topp tíu? Hvað svo sem því líður getur maður ekki annað en þakkað Stylus Magazine fyrir vel unnin störf. Það er því með söknuði í hjarta sem maður kveður Stylus af yfirborði netsins.

# Langþráð endurkoma

**Um fátt er meira talað í tónlistarheiminum í dag en endurkomu Led Zeppelin. Trausti Júlíusson skoðaði málið og kynnti sér nokkrar nýjar útgáfur með sveitinni.**



**LED ZEPPELIN** Endurkomutónleikar á mánudaginn, ný safnplata og mikið endurbætt útgáfa af tónleikamyndinni The Song Remains the Same.

Eins og kunnugt er kemur breska ofurrokksveitin Led Zeppelin saman og spilar á tónleikum til minningar um Ahmet Ertegun, stofnanda Atlantic plötufyrirtækisins, í London á mánudaginn. Það er Jason Bonham, sonur John Bonham, fyrrum Zeppelin-trommara, sem lést árið 1980, sem tekur sæti föður síns við settið og spilar með þeim John Paul Jones, Jimmy Page og Robert Plant.

Nokkrar ástæður eru fyrir endurkomunni. Sveitin vill gjarnan heiðra minningu Ahmets sem lést 14. desember í fyrra, en þeir félagar dáðu hann og dýrkuðu. Það kemur líka fram í viðtölum við Jimmy Page að sveitin var síður en svo ánægð með frammistöðu sína á hinum tveimur endurkomutónleikunum, Live Aid árið 1985 og 40 ára afmæli Atlantic Records 1988. Nú á að gera þetta almennilega. Sveitin hefur æft síðan í sumar og bæði Plant og Page eru sammála um að eldmóður Jasons og brennandi áhugi hafi kveikt neistann í „þremur önugum gamlingjum“ eins og Plant orðar það í viðtali við Mojo. Upphaflega stóð til að Zeppelin spilaði í klukkutíma á endurkomutónleikunum, en nú er talað um að minnsta kosti 90 mínútur …

### Móðurskipið

Seldir voru 18.000 miðar á tónleikana á mánudaginn, en talið er að yfir tuttugu milljónir hafi reynt að ná í miða. Þeir Zeppelin-aðdáendur sem ekki fengu miða geta þó glaðst yfir nýjum útgáfum með sveitinni sem eru nýkomnar í verslanir. Fyrst skal nefna nýja safnplötu sem spannar allan feril bandsins, Mothership, en þessi tvöfaldi diskur hefur að geyma 24 endurhljóðblönduð lög sem Jimmy Page, Robert Plant og John Paul Jones völdu. Hann er líka fáanlegur í viðhafnarútgáfu með níutíu mínútna DVD-disk með tónleikaefni. Mothership er unninn af hinu mikilsvirta endurútgáfufyrirtæki Rhino og allur frágangur og umbúðir eru sérstaklega flott. Í plötubæklingi er texti eftir Íslandsvininn og Jakobínurínuaðdáandann David Fricke, blaðamann Rolling Stone.

### Alræmd tónleikamynd

Mothership er frábær pakki fyrir þá sem ekki þekkja Zeppelin mjög vel. Hörðustu aðdáendurnir eru samt sennilega ennþá spenntari fyrir nýrri útgáfu tónleikamyndarinnar The Song Remains the Same. Kvikmyndin sjálf er nú endurútgefin með glás af aukaefni og tvöföld viðhafnarútgáfa með tónlistinni úr kvikmyndinni er nýútkomin með stórlega bættum hljómi og sex lögum sem ekki voru á upprunalegu útgáfunni. Í textabókinni er svo ritgerð eftir Cameron Crowe.

The Song Remains the Same kom upprunalega út árið 1976 og var tekin upp á þremur tónleikum sem sveitin hélt í Madison Square Garden í New York árið 1973. Myndin þótti ekki mjög vel heppnuð á sínum tíma. Jimmy Page var til dæmis hundóánægður með hana. Hann þykir hafa gert kraftaverk í endurhljóðvinnslu á upprunalegu upptökunum ásamt ofurhljóðmanninum Kevin Shirley.

### Tónleikaferð á næsta ári?

Stóra spurningin sem margir Zeppelin-aðdáendur spyrja sig þessa dagana er hvort hljómsveitin fari í tónleikaferð á næsta ári eða ekki. Ekkert er vitað fyrir víst um það ennþá, en sögusagnir um Glastonbury og bandarísku tónlistarhátíðina Bonnaroo hafa gengið að undanförnu. Eftirspurnin er gríðarleg, en þeir eru þó til sem vona að af tónleikaferðinni verði ekki. Plata Robert Plant og Alison Krauss, Raising Sand, þykir frábær og var nýlega valin plata ársins af Sunday Times. Sumir telja að það mundi bara skemma fyrir frekari tónlistarsigrum Robert Plant ef Zeppelin-endurkoman drægist á langinn …






# Hvar eru höggin Benny?

Lengi hefur verið beðið eftir fyrstu plötu Benny Crespo's Gang enda sveitin verið áberandi í íslensku rokksenunni um nokkurt skeið. Plata með sveitinni er því meira en lítið velkomin á matardisk íslensku þjóðarinnar.

Platan hefst líka með ofsafjöri. „It's the end of the universe / and we're going down with it“ er raunveruleikinn eins og hann blasir við manni í 123323, einu besta lagi plötunnar. Eftir næsta lag, Next Weekend, sem að mínu mati er með sístu lögum plötunnar, eru Muse-áhrifin strax orðin augljós. Aðrir og fleiri áhrifavaldar koma síðan upp á yfirborðið smám saman.

Annað sem kemur fljótt í ljós er hversu vandaður hljómur plötunnar er og hversu fagmannlega er að verki staðið. Alls kyns (ó)hljóð og framúrstefnulegar hljóðvinnslupælingar eru einnig fyrirferðarmiklar við fyrstu hlustanir en síðan spyr maður sig hvort þau leiði mann eitthvert. Og þá vandast málið. Helst finnst mér nokkrar hljóðgervlapælingar koma vel út, sérstaklega bassahljóðgervlarnir.

Helsti galli plötunnar er nefnilega sá að nær allan tímann er eins og maður standi á miðju Klambratúni um miðja nótt, einn gegn fjórum, með spennta magavöðva, lokuð augun og bíði eftir að höggin dynji á manni en ekkert gerist. Áþreifanlegur slagkraftur er þess vegna það helsta sem plötuna vantar.

Margt gott prýðir hins vegar plötuna. Útvarpsslagararnir Shine (sem er reyndar lengt um helming af, svo virðist vera, óútskýranlegum ástæðum) og Johnny's Got a Baby standa fyrir sínu og lag eins og Numb Face gæti einnig gert góða hluti á öldum ljósvakans. Í Conditional Love finnst mér BC'S Gang sýna best mátt sinn og megin, þó að margir gætu sagt lagið hljóma einum of líkt einhverju með Mars Volta. BC's Gang er samt greinilega komin til að vera og sannar sig sem ein af betri rokksveitum landsins.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**



**TÓNLIST**

**Benny Crespo´s Gang**

Benny Crespo´s Gang

★★★

Skilur mann ekki eftir í andköfum en sem meginstraumsrokkplata virkar hún meira en ágætlega.

## NÝJAR PLÖTUR



**Bloodgroup**
**Sticky Situation**
★★★★
Skemmtilega samsett og dansvæn rafpoppplata sem einkennist af flottum lagasmíðum, góðu sándi og umfram allt miklu stuði. TJ

**Páll Óskar**
**Allt fyrir ástina**
★★★★
Æðisleg poppplata um allar hliðar ástarinnar. Páll Óskar sannar sig sem einn hreinskilnasti, einlægasti og sannasti tónlistarmaður þjóðarinnar. SHA

**Birgitta Haukdal**
**Ein**
★★★
Þetta er ljúft og notalegt popp borið uppi af smekklegum útsetningum og góðum söng. Og Birgitta sýnir að hún er efnilegur lagasmiður. TJ

**Regína Ósk**
**Ef væri ég...**
★★
Bakslag frá síðustu plötu og líður helst fyrir óspennandi laga- og textasmíðar og útþynntar útsetningar. SHA

**Hjálmar**
**Ferðasót**
★★★
Þrátt fyrir frábær lög inni á milli detta gæðin svolítið niður á milli toppanna á þessari þriðju plötu Hjálma. Ekki vond plata, en stendur fyrri plötunum nokkuð að baki. TJ

**Mugison**
**Mugiboogie**
★★★★★
Stórvirki sem drepur víða niður fæti í tónlistarsögunni, en einkennist öðru fremur af flottum lagasmíðum, kraftmiklum og skapandi útsetningum og tilþrifamiklum flutningi. TJ

**For a Minor Reflection**
**Reistu þig við, sólin er...**
★★★
Farið er eftir öllum formúlum og klisjum síðrokksins en samt sem áður er útkoman snyrtilegur, fagmannlegur og spennuþrunginn frumburður. SHA

**Mr. Silla & Mongoose**
**Foxbite**
★★★
Þrátt fyrir að vera of löng og á köflum ómarkviss er Foxbite athyglisverð plata frá efnilegu tvíeyki. Mr. Silla sýnir að hún er ein af bestu söngkonum landsins. TJ

# Hraun færir dómnefndinni Ástarsögu

Hljómsveitin Hraun, sem tekur á sunnudag þátt í úrslitum hljómsveitakeppni breska ríkisútvarpsins, BBC, ætlar að gefa dómefndinni bókina Ástarsaga úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur.

Lagið sem Hraun flytur í keppnin heitir einmitt Ástarsaga úr fjöllunum og er byggt á þessari sígildu barnabók. „Við ætlum að taka með okkur eintök af bókinni og gefa dómnefndinni eftir að hún hefur tilkynnt úrslitin,“ segir söngvarinn Svavar Knútur, sem er mikill aðdáandi sögunnar. „Þetta er bók sem ég las fram og aftur þegar ég var barn. Lagið er samið vegna þess hve Guðrún Helgadóttir afgreiðir tröllkarlinn svolítið ódýrt. Við karlar erum engin fífl og við erum ekki tilfinningalausir,“ segir hann í léttum dúr.

Alls taka fimm hljómsveitir þátt í úrslitunum og mun sigurvegarinn spila á stórum tónleikum 15. desember í tilefni af 75 ára afmæli BBC. Svavar er ekkert allt of hrifin af því að hampa sigurlaunum því árlega jólatónleika Hrauns ber upp á sama dag. „Við erum ánægðir með þann árangur sem við erum búnir að ná og viljum ekkert láta einhverja heimsfrægð skemma jólaundirbúninginn. Það er gaman að fá þetta tækifæri en það sem mér finnst mest spennandi af þessu öllu er að fá að hitta hina tónlistarmennina. Það er miklu meira gaman en tal um heimsfrægð og tónleikaferðir,“ segir Svavar. - fb



**HRAUN** Hljómsveitin Hraun tekur þátt í úrslitum hljómsveitakeppninnar á sunnudaginn. MYND/MARÍNÓ THORLACIUS







> TEKUR SÉR FRÍ

Leikkonan Liv Tyler hefur ákveðið að taka sér hlé frá kvikmyndaleik til að einbeita sér að uppeldi tveggja ára sonar síns, Milo. „Ég get ekki beðið eftir því að vera heima, elda og eyða tíma með syni mínum,“ segir Tyler, sem vill einnig flytja með fjölskyldu sína burt frá New York og í hljóðlátari og barnvænni bæ.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Ófarir Winehouse skrifast á eiginmanninn

Faðir söngkonunnar Amy Winehouse hefur miklar áhyggjur af hrakandi heilsu dóttur sinnar og segir hana djúpt sokkna í heim áfengis og eiturlyfja. Faðirinn, Mitch Winehouse, segir enn fremur að dóttir sín hafi verið alfarið á móti hörðum eiturlyfjum, allt þar til hún giftist Blake Fielder-Civil fyrir hálfu ári. Blake þessi er þekktur vandræðagemlingur í Bretlandi og hefur verið ákærður vegna líkamsárásar.

„Amy notaði kannabisefni á árum áður og fór aldrei í felur með það. En hún var algjörlega á móti harðari efnum. Hún skildi aldrei hvernig fólk í tónlistariðnaðinum hafði það í sér að taka svona sterk örvandi efni. En hugarfar hennar breyttist eftir að hún giftist Blake. Hörðu fíkniefnin komu í kjölfarið á hjónabandinu,“ segir Mitch í viðtali við The Times í Bretlandi.

Mitch segir dóttur sína hafa náð ágætis tökum á áfengisfíkn sinni en að hún geti með engu móti losað sig við eiturlyfjadjöfulinn. Þá glímir hún á sama tíma við lotugræðgi, sem veldur því að heilsu hennar hrakar hratt. Og Mitch hefur miklar áhyggjur. „Við veltum því fyrir okkur hvar þetta muni enda. Sannleikurinn er sá að við vitum það ekki. En eins og ég hef alltaf sagt við Amy: Þegar hún ákveður að hætta í þessu rugli þá munum við fjölskyldan styðja hana af öllum mætti.“



**VAFASAMT PAR** Hjónakornin Amy Winehouse og Blake Fielder-Civil eru bæði djúpt sokknir eiturlyfjasjúklingar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Leynigestir á tónleikum Birgittu

**Söngkonan Birgitta Haukdal hélt útgáfutónleika á skemmtistaðnum Rúbín í tilefni af sinni fyrstu sólóplötu, Ein. Bæði Magni Ásgeirsson og Hreimur Örn Heimisson stigu á svið sem leynigestir og sungu með henni jólalög við góðar undirtektir viðstaddra.**

Níu manna hljómsveit spilaði með Birgittu á tónleikunum, þar á meðal Vignir Snær Vigfússon sem stjórnaði upptökum á plötunni. Hafa þau tvö starfað saman í fjölda ára í hljómsveitinni Írafár sem er í fríi um þessar mundir.

Tónleikarnir voru afar einlægir hjá söngkonunni. Aðeins 200 miðar voru seldir og var stemning góð.



**ÞRÍR FÉLAGAR** Félagarnir Magni, Hreimur Örn og Svali sátu saman.



**KRISTBJÖRG OG ÖRN** Þau Kristbjörg og Örn hlýddu á Birgittu syngja sín nýjustu lög.



**BROSMILDAR** Danielína og Erla Dan voru brosmildar á tónleikunum.



**Í GÓÐUM GÍR** Þær Vala Laufey og Íris, sem eitt sinn söng með Buttercup, skemmtu sér vel á tónleikunum.



**BIRGITTA OG MAGNI** Magni Ásgeirsson steig á svið með Birgittu og söng með henni jólalag.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


Jólatertur Myllunnar eru ómissandi

Jólatertur Myllunnar eru ómissandi þáttur í jólahaldi landsmanna.
Þú velur um þrjár vinsælar tegundir í öllum betri verslunum.

Nýjung!
Nú fást allar jólatertur Myllunnar bæði heilar og hálfar, með kremi, með sultu, og með sultu og kremi.




www.isam.is ÍSAM Merki ÍSAM tryggir íslenskum heimilum hagkvæmar og góðar vörur. Myllan er eitt af gæðavörumerkjum ÍSAM.

MYLLAN ALLTAF NÝ BAKAÐ

Það eru engin jól án gómsætu jólatertanna frá Myllunni.


# Með Björk í myndbandi

Tónlistarmaðurinn Antony Hegarty, sem spilaði hér á landi fyrir tveimur árum, lauk nýverið upptökum á tónlistarmyndbandi Bjarkar Guðmundsdóttur við lagið Dull Flame of Desire.



**ANTONY HEGARTY**

Antony og Björk syngja dúett í laginu, sem er að finna á nýjustu plötu hennar Volta. Þriðja plata hljómsveitarinnar Antony and the Johnsons hefur fengið nafnið The Crying Light og kemur út næsta vor. „Hún fjallar um landslag og framtíðina. Ætli ég sé ekki að hugsa mikið um þessa hluti þessa dagana, um landslag heimsins og landslagið inni í hverri manneskju,“ sagði Antony.

# Dansvænir og öðruvísi

Næsta plata írsku hljómsveitarinnar U2 verður að sögn söngvarans Bono afar dansvæn og ólík öllu öðru sem sveitin hefur gert áður. Sveitin hefur eytt undanförnum mánuðum í hljóðveri með upptökustjóranum og vini sínum til margra ára, Brian Eno, og hefur allt gengið að óskum.



**U2** Bono, söngvari U2, segir að danshrifin verði mikil á næstu plötu sveitarinnar.

„Venjulega þegar maður spilar lag með U2 tæmist dansgólfið. Það er ekkert víst að það gerist í þetta skiptið,“ sagði Bono. „Þarna eru „trans“-áhrif en auðvitað kemur The Edge með sinn kröftuga gítarleik. Þetta er ekki líkt neinu sem við höfum gert áður og okkur finnst þetta ekki heldur hljóma eins og neitt annað sem hefur verið gert.“



# „ÞETTA ER ENGINN VENJULEGUR KRIMMI!“

**Jón Yngvi Jóhannsson,
Ísland í dag, Stöð 2**

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING
2007

„... heimfærir Brennu-Njálssögu uppá nútímann, og **tekst barasta helvíti vel** upp ... Persónusköpun er sömuleiðis einn af mikilvægustu þáttunum í því sem gerir góða glæpasögu, svo ekki verður betur séð en að hér sé komið **brúðkaup aldarinnar**.“

Úlfhildur Dagsdóttir / bokmenntir.is

„Það eru ótrúlega margir boltar á lofti í þessari sögu, hún **skemmtir lesandanum á mörgum plönum, er spennandi, fyndin og alvarleg** allt í senn.“

Jón Yngvi Jóhannsson / Ísland í dag, Stöð 2






ÞÓRUNN ERLU-VALDIMARSDÓTTIR


JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Metsölulisti Eymundsson

**1. Harðskafi**
Arnaldur Indriðason



Nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar um lögreglumanninn Erlend rauk beint í efstu sæti metsölulistans.

**2. Guðni - af lífi og sál**
Guðni Ágústsson
Sigmundur Ernir



Dramatískt lífshlaup, skemmtilegar sögur, hatrömm átök. Hér fer einn vinsælasti stjórnmálamaður þjóðarinnar á kostum!

**3. Harry Potter og dauðadjásnið**
J.K. Rowling



Sjöunda og síðasta bókin í vinsælasta, skemmtilegasta og magnaðasta bókaflokki í heimi. Hvernig endar sagan?

**4. Óreiða á striga**
Kristín Marja Baldursdóttir



Stórbrotin og kröftug þroskasaga konu sem fer sínar eigin leiðir. Bókin er sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Karitas án titils.

**5. Aska**
Yrsa Sigurðardóttir



Mögnuð bók eftir drottningu glæpasögunnar en bækur Yrsu koma nú út um víða veröld við frábærar undirtektir.

**6. Tíu litlir kenjakrakkar**
Þórarinn Eldjárn
Sigrún Eldjárn



Tíu litlum kenjakrökkum fækkar jafnt og þétt þar til bara einn stendur eftir. Allt fer þó vel að lokum. Bráðsmellin bók eftir Sigrúnu og Þórarin Eldjárn.

**7. Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama?**
Þorgrímur Þráinsson



Vönduð og vekjandi bók sem endurspeglar skarpa sýn höfundarins á hjónalífið, kynlífið og lífið sjálft.

**8. Eldveggur**
Henning Mankell



Sögur Henning Mankell um Kurt Wallander rannsóknarlögreglumann hafa notið fádæma vinsælda um allan heim. Eldveggur er sú áttunda í röðinni.

**9. Hólmsteinn - Holaðu mig dropi**
Óttar M. Norðfjörð



Annað bindi í ævisögu Hannesar Hólmsteins Gissurasonar - einstakt afrek í íslenskri menningarsögu.

**10. Gælur, fælur og þvælur**
Þórarinn Eldjárn
Sigrún Eldjárn



Sextán stórskemmtileg barnakvæði eftir Þórarin Eldjárn á bók og geisladiski.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Í fangelsi yfir hátíðirnar

Leikarinn Kiefer Sutherland mun eyða jólunum og 41 árs afmælisdegi sínum í fangelsi í Los Angeles. Hann hóf í gær afplánun á 48 daga dómi sínum.



**KIEFER SUTHERLAND** Leikarinn góðkunni verður ekki í faðmi fjölskyldunnar um þessi jól.

Fangelsisdómur Kiefers var staðfestur í gær. Upphaflega ætlaði hann að afplána dóminn í tveimur hlutum en ákvað að drífa fangelsisvistina af. Kiefer var handtekinn fyrr á árinu fyrir ölvunarakstur. Var þetta í annað skiptið á þremur árum sem hann var tekinn fullur undir stýri og braut hann þar með skilorðið.

**Slagur við Jack Bauer**

Leikarinn óttast að samfangar sínir reyni að slást við sig í fangelsinu vegna hlutverks hans í spennuþáttunum 24. „Þeir eiga allir eftir að reyna að slást við Jack Bauer. Ég þarf að vera á varðbergi en ég er viðbúinn öllu," sagði Kiefer, sem hefur víst stundað stífa líkamsrækt að undanförnu.

Starfsmaður í fangelsinu segir að fangelsisvistin sé ekkert grín. „Þarna þýðir ekkert mont. Þessi staður er erfiður og menn þurfa að lifa eftir ákveðnum reglum. Þetta fangelsi er reyndar ekki eitt af þeim verstu en það er samt erfitt að afplána dóma þarna. Það getur vel verið að hann hafi stundað líkamsrækt en það skiptir suma þarna engu máli," sagði hann.

**Í þvottahúsi og mötuneyti**

Kiefer mun dvelja einn í litlum fangaklefa með tveimur rúmum, klósetti og annarri hreinlætisaðstöðu. Hann þarf að inna af hendi hefðbundin störf fanga, þar á meðal í þvottahúsinu og í mötuneytinu. Hann hefur einnig aðgang að útivistarsvæði og má fá tvær heimsóknir á dag.

**Stoltur af syninum**

Donald Sutherland, faðir Kiefers, segir að sonur sinn hafi hagað sér með miklum sóma síðan hann braut af sér. Sömu sögu sé ekki að segja af öðru fólki sem hafi hagað sér af algjöru virðingarleysi skömmu eftir atburðinn. „Það eina sem ég gert sagt er að hann er heiðarlegasti og ábyrgasti maður sem ég þekki og ég elska hann af öllu hjarta. Það eru önnur öfl í okkar samfélagi sem haga sér ekki eins vel en hann stóð sig með sóma."

**Engin íslensk áramót**

Margir muna eflaust eftir komu Kiefers hingað til lands fyrir tveimur árum þegar hann kom til að fylgjast með tónleikum vinar síns Rocco Deluca á Nasa. Meðal annars sást til leikarans á Dillon í miklu stuði með viskíflösku í hendi. Dvaldi hann hér yfir áramótin og heillaðist mjög af flugeldasýningu landsmanna.

Ljóst er að áramót hans verða ekki eins gleðileg í þetta sinn, því innan harðneskjulegra fangelsismúranna er engin miskunn sýnd.




# THE BODY SHOP

NÝTT KORTATÍMABIL

## Hvað á að gefa í jólagöf?



### Sigga litla systir mín

Lítil gjafakarfa sem inniheldur jarðarberja-sturtusápu, jarðarberja-húðnæringu og hjartalaga jarðarberja-sápustykki

***1530 kr.***



### Handa bestu ömmu í heimi

Stór gjafakarfa með ólífu-dekurvörum: "Body butter"-húðnæringu, hörundsskrúbbkremi, sturtusápu, sápustykki og baðhönskum

***5460 kr.***



### Kærkomin hressing í skammdeginu

Gerðarleg gjafakarfa sem inniheldur dekurvörur með upplífgandi mandarínu-ilmkjarnaolíu: Sturtusápu, húðnæringu og bað-og nuddolíu

***3990 kr.***



### Unaðslegur ilmur

Fallegt brennsluker, tvenns konar brennsluolíur og sprittkerti í snoturri öskju

***2990 kr.***



### Gleðileg jól, Geirþrúður mín!

Gjafakarfa (millistærð) með jarðarberja-dekurvörum: "Body butter"-húðnæringu, sturtusápu, hörundsúða, hjartalaga sápustykki auk hvítrar baðlilju

***3170 kr.***



### Handa uppáhaldsfrænkunni

Bakki með dekurvörum (sem innihalda rakagefandi, ilmgóða kókosolíu): "Body butter"-húðnæringu, kremkenndri sturtusápu, sápustykki auk hvítra skrúbbhanska

***3690 kr.***



### Ég elska þig!

Glæsileg askja með"White Musk®"-vörutegundum (sem færa hörundinu góðan ilm og gera það silkimjúkt): Húðnæringu, sturtusápu, ilmvatni, skrúbbkremi, freyðibaði auk baðlilju

***6990 kr.***



### Dekraðu við elskuna þína

Dekurvörur með róandi lofnarblóms-ilmkjarnaolíu (þ.e. "lavender"): Sturtusápu, húðnæringu og bað- & nuddolíu auk "twin ball"-nuddtækis og lítillar baðlilju – allt saman í fallegri öskju

***3690 kr.***



### Handa stóra bróður

Snotur kassi með "Of a Man"-ilmvatni og sams konar hár- & sturtusápu

***4290 kr.***

### Hátíðlegur farði

| | | |
|---|---|---|
| a | Askja með augnskuggum og kinnalit | ***2390 kr.*** |
| b | "Brush on shimmer"-púðurkúlur | ***2190 kr.*** |
| c | Kinnalitsbursti | ***1330 kr.*** |
| d | "Glimmer"-augnlínupenni *(4 litbrigði)* | ***1190 kr.*** *hver* |
| e | "Ultra glimmer"-varagljái *(2 litbrigði)* | ***1190 kr.*** |
| f | "Shimmer squares"-augnskuggar og -kinnalitur | ***2160 kr.*** |
| g | "High shine"-varagjái með"glimmeri" | ***1380 kr.*** |
| h | Gyllt snyrtibudda | ***1190 kr.*** |
| i | Tvær töskur saman *(önnur með blómamynstri, hin fjólublá)* | ***1890 kr.*** |




## KRINGLUNNI • SMÁRALIND • AKUREYRI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

AUKAKRÓNUR 7%




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| BEE MOVIE M/- Ensku TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 4D - 6D | L |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| BEOWULF DIGITAL 3D | kl. 8(3D) - 10:30(3D) | 12 |
| SIDNEY WHITE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5:30 - 8:30 | 16 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5:30 - 8:30 | VIP |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10:30 | 16 |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 3:40 | L |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30D - 6D DIGITAL | L |
| BEE MOVIE M/- Ensku TAL | kl. 8D - 10:10D DIGITAL | L |
| BEOWULF DIGITAL 3D | 5:30(3D)-8(3D)-10:30(3D) | 12 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 6 - 9 | 16 |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 3:50 | L |

| SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 8 | L |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 8 | L |
| BEOWULF | kl. 10 | 12 |
| EASTERN PROMISES | kl. 10:10 | 16 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| BEE MOVIE M/- Ensku TAL | kl. 6 - 8 | L |
| BEOWULF | kl. 10 | 12 |
| BEE MOVIE M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| SIDNEY WHITE | kl. 8 - 10 | L |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| BEE MOVIE M/- ÍSL TAL | kl. 6 - 8 | L |
| HITMAN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| BEOWULF | kl. 10 | 12 |
| ÍÞRÓTTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SAW IV | kl. 8 og 10 | 16 |
| BEE MOVIE - ENSKT TAL | kl. 4, 6 og 8 | L |
| BEE MOVIE - ÍSLENSKT TAL | kl. 4 og 6 | L |
| HITMAN | kl. 8 og 10 | 16 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA | kl. 4 | L |
| MR. WOODCOCK | kl. 6 og 10 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ LÚXUS | kl. 4 - 6 | |
| BEE MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 - 8 | |
| HITMAN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| HITMAN LÚXUS | kl. 8 - 10.10 | |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 8 - 10.15 | |
| WEDDING DAZE | kl. 3.40 - 5.50 | 10 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 4 | |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 10 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| SAW 4 | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR | kl. 8 - 10.40 | 14 |
| ÍTÖLSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 6.-12. DESEMBER AUKAKRÓNUR 5% | | |
| APNEA | kl. 6 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| ACROSS THE UNIVERSE | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| RENDITION | kl. 8 -10.30 | 16 |
| VEÐRAMÓT SÍÐUSTU SÝN. | kl. 5.40 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 - 8 | |
| SAW 4 | kl. 8 - 10* | 16 |
| HITMAN | kl. 6 - 10 | 16 |
| *KRAFTSÝNING | AUKAKRÓNUR 5% | |

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR


# Kristján til liðs við Latabæ

Kristján Kristjánsson, fyrrverandi Kastljóssmaður og forstöðumaður upplýsingasviðs Fl Group, er genginn til liðs við Magnús Scheving og félaga í Latabæ og mun þar gegna stöðu fjölmiðlafulltrúa fyrirtækisins. Útrás Latabæjar og velgengni hefur varla farið framhjá neinum en þættirnir voru nýlega tilnefndir, annað árið í röð, til bresku Bafta-verðlaunanna sem besta erlenda sjónvarpsefnið. Þar að auki er í burðarliðnum kvikmynd byggð á þáttunum og leiksýningar í nafni Latabæjar eru í fullum gangi úti um allan heim en Magnús er nýlega kominn heim úr mikilli reisu um Suður-Ameríku.

Kristján hefur að eigin sögn verið að sniglast aðeins þarna undanfarna daga. „Mér líst mjög vel á samstarfið við Magnús,“ segir Kristján í samtali við Fréttablaðið. Hann er eins og allir vita orkumikill og ákafur maður en hefur líka skemmtilegar og stórar hugmyndir sem verður gaman að fylgjast með,“ segir Kristján. - fgg



**ORKUMIKILL** Magnús Scheving hefur farið mikinn að undanförnu og er nýkominn heim úr mikilli reisu um Suður-Ameríku.



**KRISTJÁN** Hætti fyrir nokkru hjá FL Group og er nú genginn til liðs við Latabæ.

# Hægt að upplifa þyngdarleysi í nýrri heilsulind Ágústu

**Hægt verður að fá það sem jafngildir átta tíma svefni í fimmtíu mínútna meðferð heilsulindarinnar Blue Lagoon Spa, sem tekin verður í notkun í upphafi nýs árs.**

„Ég ráðlegg engum að koma til okkar einu sinni á dag og hætta að sofa. En þú ert talinn geta náð slíkri hvíld og slökun að það jafnist á við átta tíma svefn,“ segir líkamsræktarfrömuðurinn Ágústa Johnson, sem mun meðal annars bjóða upp á svokallaða fljótandi djúpslökun í nýrri og glæsilegri heilsulind sinni í Glæsibæ, Blue Lagoon Spa, sem opnuð verður á milli jóla og nýárs. Ágústa segir að um „magnað fyrirbæri“ sé að ræða sem notið hafi sívaxandi vinsælda úti um allan heim að undanförnu. Það hefur hins vegar aldrei staðið Íslendingum til boða – þar til nú.

„Þetta virkar þannig að þú liggur í lítilli laug með mjög söltu vatni sem gerir það að verkum að þú flýtur algjörlega. Þannig færðu þá tilfinningu að þú sért þyngdarlaus,“ segir Ágústa en þess má geta að NASA, geimferðastofnun Bandaríkjanna, notar klefann til að undirbúa geimfara sína fyrir þyngdarleysið sem þeir upplifa í geimnum. Þá hafa rannsóknir sýnt að meðferðin hefur góð áhrif á gigtarsjúklinga og þá sem þjást af óreglulegum blóðþrýstingi. „Með þessu næst algjör djúpslökun, sem getur verið mjög erfitt að ná í svefni. Þetta er því frábær leið til að minnka þessa streitu og ná góðri hvíld á skömmum tíma,“ segir Ágústa.

Eins og áður segir vill Ágústa ekki meina að djúpslökunin geti komið í staðinn fyrir svefn, en hún sé tilvalin fyrir þá sem stundi krefjandi og streitumyndandi atvinnu. Aðspurð segist Ágústa ekki hika við að senda manninn sinn, Guðlaug Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra, í klefann. „Honum veitir allavega ekki af því,“ segir Ágústa og hlær við. - vig




**ÞYNGDARLEYSI** Saltmagnið í lauginni litlu er það mikið að viðkomandi flýtur algjörlega. Tæknin er mikið notuð af NASA, bandarísku geimferðastofnuninni.

**Í KREFJANDI STARFI** Ágústa ætlar að senda Guðlaug Þór í djúpslökun við fyrsta tækifæri, enda í streitumyndandi starfi sem heilbrigðisráðherra.





**SPARA RÚV STÓRFÉ** Gísli Einarsson segir að hann og Ómar Ragnarsson spari RÚV stórfé í hárgreiðslukostnað á ári hverju.
ÓMAR RAGNARSSON

# Standa fyrir Hári og fegurð 2007

Sjónvarps- og fréttamennirnir Ómar Ragnarsson og Gísli Einarsson standa fyrir útgáfuteiti fyrir samstarfsmenn sína í Útvarpshúsinu í Efstaleiti á morgun. Tilefnið er útgáfa DVD-diska með efni úr þáttum þeirra, annars vegar Út og suður og hins vegar Stiklum. Yfirskrift teitisins vekur óneitanlega athygli, Hár og fegurð 2007.

„Það liggur í augum uppi,“ segir Gísli og hlær þegar hann er spurður um ástæðu þess að teitið var nefnt þessu nafni. „Við Ómar spörum RÚV til að mynda stórar fjárhæðir í hárgreiðslukostnað á hverju ári.“ Þetta er þriðji DVD-diskurinn sem gefinn er út með völdum viðtölum úr Út og suður síðustu þrjú árin. Diskurinn sem kom út fyrir síðustu jól seldist upp. Stikluefni Ómars er einnig áður óútgefið. Gísli telur ljóst að það sé fyrst og fremst fegurð þeirra félaga að þakka að þessar þáttaraðir séu gefnar út framar öðrum. „En svona í alvöru þá er það líklega vegna þess að efnið er klassískt og höfðar til þjóðarsálarinnar. Ekki síst vegna þess að við ræðum við fólk sem ekki er alltaf í fjölmiðlum, með fullri virðingu fyrir þotuliðinu. Auk þess fengu þættirnir báðir mjög gott áhorf og Ómar er náttúrulega til uppi í hillu á hverju heimili nú þegar.“

Ómar og Gísli svíkja ekki lit í teitinu og ætla þar að bjóða upp á þjóðlegar veitingar – kakó, kleinur og randalínur – auk þess sem hljómsveitin Hundur í óskilum tekur lagið. - sók

# Friðarsúlan leggst í dvala

**Slökkt verður á Friðarsúlu Yoko Ono í Viðey á morgun. Starfsfólk í Viðey segir súluna hafa verið mikla lyftistöng fyrir eyjuna.**


**MIKIÐ AÐDRÁTTARAFL** Vinsældir Viðeyjar hafa aukist mikið með tilkomu Friðarsúlunnar.

„Friðarsúlan hefur verið mikil kynning fyrir Viðey og reynst vera mikil lyftistöng fyrir reksturinn,“ segir Örvar Eiríksson, verkefnisstjóri Viðeyjarstofu, en á morgun verður slökkt á Friðarsúlu Yoko Ono í bili. Af því tilefni verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá í Viðey.

Eins og kunnugt er var Friðarsúlan tekin formlega í notkun 9. október síðastliðinn, sem hefði orðið 67. afmælisdagur Johns Lennon. Friðarsúlan hefur skinið skært allt síðan þá, en á miðnætti annað kvöld, þegar 27 ár eru liðin frá dánardegi Lennons, verður slökkt á súlunni. „Það verður kveikt á súlunni á ákveðnum dögum, til dæmis á áramótum og á Menningarnótt, en annars verður slökkt á henni þar til 9. október á næsta ári,“ segir Örvar, en búast má við að álagið á starfsmenn Viðeyjarstofu minnki nokkuð frá og með næstu viku.

„Það er búið að vera nóg að gera hjá okkur og við erum mjög sáttir með viðtökurnar sem Friðarsúlan hefur fengið. Við höfum tekið á móti mörgum hópum frá skólum landsins auk þess sem erlendir ferðamenn eru alltaf duglegir að gera sér ferð út í eyju. En um leið erum við sannfærðir um að þetta sé bara byrjunin, aðsóknin á bara eftir að aukast á næstu árum,“ segir Örvar.

Á meðal þess sem verður á dagskrá í Viðey á morgun er listasmiðja í Viðeyjarnausti auk þess sem Dómkórinn kemur fram. Þá verður Einar Ágúst Víðisson á staðnum og syngur Bítlalög. Fréttablaðið hefur staðið fyrir ljósmyndasamkeppni um bestu ljósmyndina af Friðarsúlunni síðustu vikur og verða vinningsmyndirnar birtar í Fréttablaðinu á morgun.

vignir@frettabladid.is


**YOKO ONO** Ekkja Johns Lennon verður ekki á staðnum þegar slökkt verður á Friðarsúlunni.







## > Ekkert gekk hjá Birgi Leifi

Birgir Leifur Hafþórsson átti ekki góðan dag á Alfred Dunhill-mótinu á Leopard Creek-vellinum í Suður-Afríku í gær en hann lék fyrsta hringinn á sjö höggum yfir pari og er aðeins í 130. sæti af 156 keppendum. Það eru því ekki miklar líkur á að Birgir Leifur komist í gegnum niðurskurðinn en hann komst ekki í gegnum hann á sama móti í fyrra. Birgir Leifur fékk skramba á fyrstu holu en vann sig nokkuð vel út úr því. Martröðin hófst fyrir alvöru á 8. til 14. holu þar sem hann tapaði átta höggum á þessum sjö holum. Það dugði Birgi því lítið að fá fjóra fugla á hringnum og hann lék einn sinn lakasta hring á Evrópumótaröðinni til þessa. Spilaðir eru fjórir hringir og 70 kylfingar komast áfram eftir 36 holur og leika tvo síðustu hringina.



# sport

sport@frettabladid.is

**KRISTINN JAKOBSSON DÓMARI:** DÆMDI LEIK EVERTON OG ZENIT Í EVRÓPUKEPPNI FÉLAGSLIÐA Í FYRRAKVÖLD

## *Maður gerir alltaf einhver mistök í þessum bransa*

Kristinn Jakobsson dómari var í eldlínunni í fyrrakvöld þegar hann dæmdi leik í Evrópukeppni félagsliða á milli Everton og rússneska liðsins Zenit á Goodison Park í Liverpool.

„Þetta var vitanlega ekki í fyrsta skiptið sem ég dæmi í Evrópukeppni félagsliða en það var óneitanlega skemmtileg stemning á leiknum og þarna voru saman komnir 40 þúsund áhorfendur sem létu vel í sér heyra,“ sagði Kristinn, sem þurfti að taka erfiða ákvörðun eftir hálftíma leik. Kristinn dæmdi þá vítaspyrnu á Nicolas Lombaerts, leikmann Zenit, fyrir meinta hendi innan vítateigs og leikmaðurinn fékk að líta rauða spjaldið fyrir vikið, en myndbandsupptökur frá atvikinu sýndu að dómurinn var rangur.

„Þetta var stór ákvörðun sem ég tók í samráði við aðstoðardómara, sem var Gunnar Gylfason í þessu tilviki, og við stóðum náttúrlega og féllum með henni. Fyrst ég mat þetta þannig að leikmaður



Zenit hefði handleikið knöttinn og um leið komið í veg fyrir mark, þá lá það í augum uppi samkvæmt reglum að dæma víti og gefa viðkomandi leikmanni rautt spjald. Ef ég hefði hins vegar séð atvikið frá öðru sjónarhorni, eins og ég sá á myndbandsupptöku eftir leikinn, þá hefði ég vitanlega hvorki dæmt víti né gefið leikmanninum rautt spjald. En maður gerir alltaf einhver mistök í þessum bransa og það er bara svoleiðis, en burtséð frá þessu atviki þá fannst mér ég dæma vel heilt yfir í leiknum,“ sagði Kristinn og kvað leikmenn rússneska liðsins hafa hagað sér með stakri prýði í leikslok.

„Þeir tóku þessu af mikilli fagmennsku þó svo að þeir hafi ef til vill verið ósáttir með vítaspyrnudóminn og rauða spjaldið og tóku í hendina á mér og þökkuðu fyrir leikinn,“ sagði Kristinn, sem bíður spenntur eftir komandi verkefnum.

„Næst fer maður að dæma í Fífunni og Egilshöll og það er bara fínt, en auðvitað er það gulrót fyrir okkur sem erum að standa í þessu að fá tækifæri til þess að taka þátt í stórum leikjum erlendis.“



**RAGNA INGÓLFSDÓTTIR** Í harðri baráttu um að komast á ÓL. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Heimslistinn í badminton:

## Ragna lækkar

**BADMINTON** Ragna Ingólfsdóttir lækkar um tvö sæti á nýjasta heimslistanum. Hún var í 55. sæti og er nú í 57. sæti.

50 efstu komast á Ólympíuleikana. - hbg






# Hef ekki fyrirgefið Vigni fyrir rauða spjaldið er hann ruglaði greiðslunni

**Logi Geirsson mun að öllum líkindum spila sinn fyrsta leik í vetur um næstu helgi. Hann er bjartsýnn á framhaldið eftir að hafa nánast ekkert spilað í vetur. Logi segir að hann muni hefna sín á Vigni Svavarssyni þegar hann kemur til Lemgo en Vignir fiskaði hann af velli í frægum leik Hauka og FH á sínum tíma.**

**HANDBOLTI** Veturinn hefur verið erfiður fyrir landsliðsmanninn Loga Geirsson. Hann er búinn að vera meiddur frá upphafi tímabils og hefur í raun ekki spilað alvöru leik síðan 17. júní. Hann er loksins orðinn leikfær á ný og mun spila gegn TuS N-Lübbecke, liði Birkis Ívars Guðmundssonar og Þóris Ólafssonar, um næstu helgi.

„Ég er allur að koma til og er klár í slaginn. Hef verið að æfa á fullu og setið á bekknum í síðustu leikjum. Ég fæ þó að spila gegn Lübbecke um helgina sem er mjög jákvætt,“ sagði Logi brattur í gær en honum gekk mjög illa að fá bót meina sinna og endaði með því að koma til Íslands í meðferð sem virðist hafa borið tilætlaðan árangur.

„Ég er ekki alveg 100% og er enn í meðferðum á fullu en ég er samt klár í að koma út á völlinn. Þetta er allt á réttri leið og ég er bjartsýnn á framhaldið. Það er búið að vera leiðinlegt að standa fyrir utan en ég hef reynt að vera jákvæður og duglegur.“

Logi hafði undanfarin ár notið



**Í HEFNDARHUG** Logi Geirsson ætlar að vanda valið þegar kemur að því að hefna fyrir rauða spjaldið sem Vignir Svavarsson fiskaði á hann á sínum tíma í leik FH og Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þess að hafa íslenskan félagsskap í Lemgo af Ásgeiri Erni Hallgrímssyni en hann ákvað að söðla um fyrir tímabilið og fara til GOG í Danmörku. Logi hefur því verið eini Íslendingurinn í Lemgo í vetur. Næsta vetur fær hann hins vegar annan Haukamann til félagsins en línumaðurinn Vignir Svavarsson er búinn að semja við félagið.

Þeir félagar elduðu grátt silfur saman fyrir nokkrum árum í leik Hauka og FH. Þá ruglaði Vignir greiðslunni hjá Loga, sem brást hinn versti við og danglaði aðeins í Vigni. Hann hefði betur sleppt því þar sem dómarinn rak hann af velli með rautt spjald í kjölfarið.

„Þetta rauða spjald situr enn í mér. Ég hefni mín á honum þegar hann kemur. Ég sagði í einhverju viðtali á sínum tíma að ég væri búinn að fyrirgefa honum en það var haugalygi. Ég mun hefna,“ sagði Logi léttur en hann sér strax fram á marga möguleika í þeim efnum.

„Hann kann enga þýsku og ég mun því eflaust kenna honum einhverja vitleysu. Svo verð ég kannski settur í að þýða fyrstu viðtölin við hann og það býður klárlega upp á ýmsa möguleika. Honum mun hefnast fyrir að rugla greiðslunni,“ sagði Logi hress en hann segir að öllu gríni slepptu verði gaman að fá Vigni til félagsins. henry@frettabladid.is






Keflvíkingurinn Anthony Susnara tjáir sig um veruna á Íslandi í ástrólsku blaði:

# Grófur körfubolti á Íslandi

**KÖRFUBOLTI** Anthony Susnara, miðherji toppliðs Keflavíkur í Iceland Express-deild karla, tjáði sig um dvölina á Íslandi í viðtali við ástralska blaðið Parramatta á dögunum.

„Ég bý á gamalli herstöð og það er svo mikið af skólakrökkum hér að það er eins og ég sé kominn aftur í háskóla,“ lýsir Susnara. Hann er sáttur með aðstæðurnar.

„Þeir skildu allt eftir enda nýfarnir af herstöðinni og hér hef ég risastórt herbergi, ísskáp, tvo skápa, internet, hægindastól, sjónvarp og DVD-spilara þannig að ég er mjög ánægður,“ segir Susnara. Susnara hefur spilað vel en þó verið í skugga þeirra Bobby Walker og Tommy Johnson sem hafa slegið í gegn með Keflavíkurliðinu í vetur. Ástralinn, sem hefur króatískt vegabréf, er með 7,2 stig og 6,6 fráköst á þeim 19,4 mínútum sem hann hefur spilað í leik.

„Ég þurfti að aðlagast körfuboltanum. Margir góðir skotmenn eru í deildinni en það er spilað fast og gróft,“ segir Susnara, sem sjálfur gefur ekkert eftir í boltanum en hann hefur fengið 36 villur í fyrstu níu leikjunum eða 4 villur að meðaltali í leik.

„Íþróttahúsin eru lítil en áhorfendurnir láta vel í sér heyra og það eru notaðar trommur og lúðrar á pöllunum,“ segir Susnara, sem hefur greinilega ekki kynnst handboltaáhuga þjóðarinnar enda búsettur í Reykjanesbæ.



**REYNIR SKOT** Anthony Susnara í leik gegn Hamri í vetur. VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

„Það er mikill áhugi á körfubolta í þessu litla landi og þetta er vinsælasta íþróttin fyrir utan fótbolta,“ segir Susnara sem kvartar yfir því að það sé dýrt að lifa á Íslandi.

„Það er mjög dýrt að lifa hér þar sem flestir hlutir eru fluttir inn. Bensínlítrinn kostar um 2,20 dollara svo ég keyri ekki mikið og er auk þess orðinn afbragðskokkur,“ segir Susnara, sem hefur því æft sig í eldhúsinu í stað þess að eyða stórum fjárhæðum í að borða úti. Susnara var stigahæsti leikmaður Parramatta Wildcats í tvö ár og staðarblaðið hefur því grafið upp hvað fyrrverandi stjörnuleikmaður Villikattanna er að gera hinum megin á hnettinum. - óój

erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E6750 - 4MB
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 8600GT
- 22" Acer widescreen 5ms

119.950

## UPPFÆRSLA B

Amd X2 4200+, MSI móðurborð, 1GB DDR2 minni, Geforce 6100 256MB skjástýring, hljóðk, netk. ofl.

15.950

## TURNUPPFÆRSLA 4

- Intel Core 2 Duo E6750
- 2GB DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB GeForce 8600GT

64.950

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

## ACER 19" AL1916WA

19" LCD Acer tölvuskjár með 1440x900 upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms svartíma

17.950

## ACER 22" AL2216WBD

Hágæða 22" LCD Acer tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms svartíma

25.950

## LOGITECH G9 MÚS

Logitech G9 er flottasta leikjamúsin á markaðinum í dag, stillanleg nœmni og þyng, útskiptanleg grip

8.950

## CREATIVE T3100

Öflugt 2.1 hátalarakerfi með tveimur 12W hátölurum og stóru 17W bassaboxi

5.750

## 500GB MARGMIÐLUNARSPILARI

ICY BOX

500GB IcyBox margmiðlunarspilari með LCD skjá, tengist við sjónvarp án tölvu, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

22.950

## MP3 SPILARI

Flottur 1GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

3.950

## WD 320GB MYBOOK

Glæsilegur utanáliggjandi diskur frá WD tengigst í USB2, tilbúin til notkunnar.

12.950

## ACER ASPIRE 7520G - 40

- 1.9GHz AMD Turion 64 X2
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 17" CrystalBrite skjár

109.950

## CANON IP4500

Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

10.950

## CANON LIDE 90

48 bita, USB2 skanni 2400x4800dpi upplausn Litill og nettur skanni sem hentar vel á öll heimili

9.950

## PAPPÍR Í MIKLU ÚRVALI

Prentaðu út jólakortin eða ljósmyndirnar sjálf/ur Pappír í miklu úrvali fyrir öll tilefni

## BLEK Í MIKLU ÚRVALI

Hjá okkur er mikið úrval af bleki á frábæru verði í flesta HP og Canon prentara

## 4GB MINNISLYKILL

Corsair 4GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

3.950

## SENNHEISER HD 202

Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól frábær hljómur frábært verð

2.750

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

# Frá næstu átta vikurnar

**Handknattleikskappinn Þórir Ólafsson meiddist illa á hægri öxl á æfingu síðasta miðvikudag. Hann fer í aðgerð vegna meiðslanna í dag en það er ljóst að hann æfir ekki handbolta næstu átta vikurnar hið minnsta.**


**HRIKALEGA SVEKKJANDI** Þórir Ólafsson verður skorinn upp vegna axlarmeiðsla í dag og hann æfir ekki næstu átta vikurnar. MYND/TUS N-LÜBBECKE

**HANDBOLTI** Þórir Ólafsson mun ekkert leika með félagi sínu, TuS N-Lübbecke, fyrr en eftir EM. Hann varð fyrir alvarlegum axlarmeiðslum á miðvikudag og leggst undir hnífinn í dag vegna þeirra. Læknar segja að hann geti byrjað að æfa í fyrsta lagi eftir átta vikur.

„Ég braut viðbeinið í fernt og öxlin er því í slæmu standi. Ég lenti mjög illa á öxlinni og þetta var frekar sárt,“ sagði Þórir við Fréttablaðið í gær en það var lán í óláni að hann skyldi meiðast á hægri öxlinni enda er Þórir örvhentur.

„Þetta er hrikalega svekkjandi. Ég get ekki neitað því. Ég missi reyndar ekki af nema sex leikjum þar sem það kemur EM-hlé en þrátt fyrir það dettur maður út og þarf því að vinna sig inn í liðið aftur,“ sagði Þórir sem hefur spilað þónokkuð í vetur og þar á meðal á miðjunni sem er nýtt hlutverk fyrir Þóri sem hefur hingað til haldið sig í horninu.

„Það hefur gengið ótrúlega vel miðað við að ég hef aldrei spilað miðju áður. Þjálfarinn vildi fá boltann til að ganga hraðar í sókninni hjá okkur. Ég skoraði kannski ekki mikið fyrir utan en meira úr gegnumbrotum. Ég skoraði samt nokkur fyrir utan en var kannski ekki beint að lyfta mér mikið upp í loftið,“ sagði Þórir sem hefur haft talsvert gaman af því að spila á miðjunni þó svo að hann geri ekki ráð fyrir að gera það að framtíðarstöðu sinni í handboltanum.

Meiðslin gera það að verkum að Þórir kemur ekki til greina í EM-hóp Alfreðs Gíslasonar en það truflar hornamanninn lítið enda átti hann tæplega von á því að vera valinn.

„Ég gerði mér ekki miklar vonir um að vera valinn miðað við hvernig hann hefur valið hingað til. Hann hefur ákveðið að nota aðra leikmenn og ég hef því verið að einblína á að spila fyrir mitt félag eins vel og ég get,“ sagði Þórir sem er að klára samning sinn við félagið í sumar. Hann segist enga ákvörðun hafa tekið um framhaldið en vill þó spila áfram í Þýskalandi.

„Við erum í mikilli fallbaráttu og það breytir miklu hvort við föllum eða ekki. Ég fer ekkert í að skoða þessi mál fyrr en í mars í fyrsta lagi. Ég hef þó ekkert verið að hugsa um heimferð og vil endilega halda áfram að spila í Þýskalandi,“ sagði Þórir Ólafsson.

henry@frettabladid.is


**FJÖR** Íslensku stuðningsmennirnir skemmtu sér vel á Parken á dögunum. MYND/MARTIN SYLVEST

Danski þjóðarleikvangurinn:

## Byrjað að rífa Parken

**FÓTBOLTI** Danski þjóðarleikvangurinn í Kaupmannahöfn, þar sem íslenska landsliðið tapaði 0-3 á dögunum, mun taka breytingum á næstunni því hin 51 árs gamla norðurstúka vallarins verður nú rifin.

Það eru þó engin tengsl milli þess og að flestallir íslensku stuðningsmennirnir hafi einmitt verið í þeirri stúku á landsleiknum á dögunum. Tveir leikmenn FC København, Jesper Grønkjær og Michael Gravgaard, voru í aðalhlutverki þegar byrjað var að rífa gömlu stúkuna á Parken í gær en í framtíðinni verður hægt að skipta vellinum í tvennt þegar honum er lokað.

Í nýju stúkunni verða ný búningsherbergi, 8.700 fermetrar af skrifstofuhúsnæði og fleiri betri sæti en áður. Framkvæmdirnar munu taka um 19 mánuði og á meðan munu aðeins 34 þúsund manns sjá heimaleiki Dana í undankeppni HM 2010.

Eftir byggingu nýju stúkunnar munu síðan aðeins 38 þúsund áhorfendur komast á Parken en hann tók 42.305 fyrir framkvæmdirnar. - óój


**ÞJÓÐRÆKINN** Arsene Wenger skaut létt á breska fjölmiðla. NORDICPHOTOS/GETTY

Wenger um enska landsliðið:

## Þjálfarinn á að vera enskur

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hefur ákveðnar skoðanir á því hvers lenskur eftirmaður Steve McClaren í starfi þjálfara enska landsliðsins eigi að vera.

„Að mínu mati verður enska knattspyrnusambandið að ráða enskan þjálfara, vegna þeirrar einföldu staðreyndar að þetta er enska landsliðið sem um ræðir. Það hryggir mig að ég sé þjóðrækinn en þið, fjölmiðlar, sem talið endalaust um Fabio Capello og José Mourinho,“ sagði Wenger á blaðamannafundi í kjölfar jafnteflis Arsenal gegn Newcastle í fyrrakvöld.

Wenger, sem er sjálfur stoltur af sínu franska þjóðerni, sagði einmitt á sínum tíma, þegar hann var spurður hvort hann væri til í að taka við enska landsliðinu, að hann gæti það ekki vegna þess að hann myndi ekki vita hvernig hann ætti að hegða sér. Til að mynda væri það vandamál ef hann þyrfti að mæta franska landsliðinu sem þjálfari þess enska og þjóðsöngvar þjóðanna væru fluttir fyrir leik, hvorum ætti hann þá að taka undir með. - óþ





**SPILA ÞEIR SAMAN?** Jason Kidd og LeBron urðu góðir félagar í bandaríska landsliðinu í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

Jason Kidd þreyttur á metnaðarleysi í New Jersey:

## Kidd fór í verkfall

**KÖRFUBOLTI** Jason Kidd er ekki sáttur með þróun mála hjá New Jersey Nets í NBA-deildinni og það vita allir innan félagsins að það var ekki mígrenikast sem hélt honum frá því að spila í 100-93 tapi gegn New York Knicks í fyrrinótt.

Fréttamenn í Bandaríkjunum hafa það eftir sínum heimildarmönnum að Kidd hafi farið í verkfall í þessum leik og muni hugsanlega heimta að vera skipt frá liðinu á næstunni.

Kidd er orðinn 34 ára gamall og er víst þreyttur á að bíða eftir meistarahringnum. Nets-liðið hefur aðeins unnið 9 af 19 fyrstu leikjum sínum á tímabilinu og það er fátt sem bendir til þess að liðið fari langt í vetur.

Kidd er víst einkum ósáttur við hvað leikmenn eins og Vince Carter eru veikgeðja og geta ekki spilað í gegnum svokölluð smámeiðsli en hann sjálfur hefur sýnt mikinn styrk og fórnað sér í ótal leiki þótt hann hafi verið eitthvað meiddur.

Kidd á aðeins tvö ár eftir af samningi sínum og beiðni hans um framlengingu á honum var hafnað á dögunum.

Skemmtilegustu sögusagnirnar eru samt um smáskilaboðin sem hafa gengið á milli Kidd og LeBron James síðan þeir léku hlið við hlið með bandaríska landsliðinu í sumar. Þar kemur einnig fram að Kidd vilji helst fara til James í Cleveland. Forráðamenn Nets eru víst farnir að tala um leikmannaskipti við Dallas Mavericks, Los Angeles Lakers og Cleveland en það munaði víst litlu að Kidd færi til Lakers í febrúar síðastliðnum.

Kidd átti mikinn þátt í að breyta Nets í eitt besta liðið á austurströndinni þegar hann kom þangað 2001 og hann er enn í hópi bestu leikstjórnenda deildarinnar. Kidd er sem dæmi annar í stoðsendingum í deildinni með 10,4 í leik og þá hefur hann náð fjórum þreföldum tvennum á tímabilinu. Hann er auk stoðsendinganna með 11,3 stig og 8,7 fráköst að meðaltali í leik. - óój


BT
JÓLIN ERU AÐ KOMA
VERÐSTRÍÐ
ALLA DAGA!
LEGO STAR WARS THE COMPLETE SAGA
PS3
4.999
PlayStation 2
BEE MOVIE GAME
PS2
2.999
Games for Windows
KANE & LYNCH DEAD MEN
PC
2.499
LÁTTU EKKI PLATA ÞIG!
BT ÓDÝRARI Í 11 ÁR
MEET THE ROBINSONS
DVD
999
Ótextað
TEKiNN
DVD
1.499
bratz
DVD
1.499
LUXOR
CD
999
Pottþétt 45
CD
999
nylon
CD
999
Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

## ÚRSLIT

*N1-deild kvenna:*

**Fram-Stjarnan 21-20**
**Mörk Fram (skot):** Stella Sigurðardóttir 6 (15), Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 3 (4), Þórey Rósa Stefánsdóttir 3 (5), Ásta Birna Gunnarsdóttir 3 (6/1), Anett Köbil 3 (12), Karen Knútsdóttir 1 (1), Pavla Nevarilova 1 (1), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1 (3).
**Varin skot:** Kristina Kvedariene 17/1 (37/8) 45%
**Hraðaupphlaup:** 6 (Þórey 2, Guðrún, Stella, Ásta, Pavla) Fiskuð víti: 3 (Pavla 2, Sigurbjörg)
**Utan vallar:** 12 mínútur
**Mörk Stjörnunar (skot):** Rakel Dögg Bragadóttir 11/6 (18/7), Sólveig Lára Kærnested 3 (5), Birgit Engl 2 (3), Elísabet Gunnarsdóttir 2 (4), Ásta Björk Agnarsdóttir 1 (2), Alina Petrache 1 (7).
**Varin skot:** Florentina Stanciu 17/1 (38/3) 44%
**Hraðaupphlaup:** 5 (Rakel 2, Sólveg 2, Elísabet)
**Fiskuð víti:** 8 (Elísabet 2, Birgit 2, Rakel, Ásdís, Alina, Sólveig)
**Utan vallar:** 8 mínútur

*UEFA-bikarinn:*

| | |
|---|---|
| **Bayer Leverkusen-Sparta Prag** | **1-0** |
| **Spartak Moskva-FC Zürich** | **1-0** |
| **Aris Saloniki-Braga** | **1-1** |
| **Rauða stjarnan-Bolton** | **0-1** |
| - Gavin McCann | |
| **AaB-Getafe** | **1-2** |
| **Anderlecht-Tottenham** | **1-1** |
| Bart Goor - Dimitar Berbatov | |
| **Austria Vín-Panionios** | **0-1** |
| **Bordeaux-Helsingborg** | **2-1** |
| Ólafur Ingi Skúlason var í byrjunarliði Helsingborg. | |

Hatton-Mayweather:

## Rooney ekki til Las Vegas

**BOX** Wayne Rooney mun ekki standa í horninu hjá Ricky Hatton er hann mætir Floyd Mayweather á laugardag en Rooney stóð við hlið Hattons í síðasta bardaga.

Rooney spilar með Man. United gegn Derby á laugardag og ætlar ekki að leggja á sig að fljúga í kjölfarið til Vegas en mun þó fylgjast með í sjónvarpi og hvetja félaga sinn Hatton til dáða. **- hbg**




# Dómararnir eru bestu vinir þjálfara Fram-liðsins

**Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, vandaði dómurunum í toppslag Fram og Stjörnunnar ekki kveðjurnar eftir leik liðanna í gær. Leikurinn var spennuþrungin og Fram vann dramatískan sigur með marki á lokasekúndunni.**

**HANDBOLTI** Fram-konur eru komnar á topp N1-deildar kvenna í handbolta eftir að hafa lagt Íslandsmeistara Stjörnunnar í ótrúlegum leik í gærkvöldi, 21-20. Guðrún Þóra Hálfdánardóttir skoraði sigurmark Fram um leið og lokaflautan gall. Þjálfarar beggja liða fóru vægast sagt ófögrum orðum um dómara leiksins.

Liðin skiptust á að skora fyrstu mínúturnar en Rakel Dögg Bragadóttir fór mikinn og skoraði fimm af fyrstu sjö mörkum Stjörnunar. Fram leyfði Íslandsmeisturunum þó ekki að stinga sig af í sínu eigin húsi og jöfnuðu leikinn í 6-6.

Dómarar leiksins voru snöggir að missa tök á leiknum og með því fóru varamannabekkir beggja liða að æsa sig og áhorfendur með. Fram leiddi í hálfleik, 13-11.

Upphaf seinni hálfleiks snerist lítið um handbolta. Dómarar leiksins áttu nokkra dóma sem voru athyglisverðir í meira lagi og þjálfarar beggja liða voru hreinlega farnir að sleppa sér. Lítið var skorað en Fram hélt frumkvæðinu og náði í fyrsta skipti þriggja marka forystu, 15-12, með fallegu marki frá Anett Köbli.

Stjarnan jafnaði leikinn í 17-17 og upp frá því hófst ótrúleg spenna. Liðin skiptust á að skora og þegar 50 sekúndur voru eftir hafði Stjarnan boltann í stöðunni, 20-20. Sókn liðsins heppnaðist ekki og var dæmd á Stjörnuna leikleysa þegar ellefu sekúndur voru eftir og þá tók Einar Jónsson, þjálfari Fram, leikhlé. Hann stillti upp í síðustu sókn sem endaði með því að Guðrún Þóra Hálfdánardóttir skoraði úr horninu þegar lokaflautan gall. Fram-sigur, 21-10, í spennuþrungnum leik.

Þrátt fyrir sigurinn var Einar Jónsson allt annað en sáttur með dómgæsluna. „Ég er brjálaður yfir dómgæslunni í þessum leik. Þetta er orðið þannig að við þurfum að vera það góð að dómarrarnir geta ekki skemmt þetta fyrir okkur. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem við björgum okkur svona í lokin og þetta sýnir bara ótrúlegan karakter hjá stelpunum mínum," sagði Einar og brosti í gegnum reiðina.

Fram-konur fóru ekki strax inn á völl þegar síðasta leikhléið þeirra var búið og Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, var brjálaður og vildi fá boltann aftur. „Þau fá tveggja mínútna leikhlé undir lokin og eru lengur en tvær mínútur í því. Þá eigum við að fá boltann aftur," sagði Aðalsteinn, sem hafði ýmislegt að segja um dómara leiksins.

„Teljið bara skrefdómana og ruðningana sem við erum að fá á okkur í þessum leik og berið það saman við Fram. Hér í dag voru bara bestu vinir Einars Jónssonar, þjálfara Fram, að dæma. Dómararnir og Einar eru bestu vinir og sjást ótt og títt saman. Allir þessir rugldómar sem við fengum á okkur neyddu liðið mitt í að bakka undan því og því var mjög erfitt að ráða við þetta," sagði Aðalsteinn. **- tom**


**KOMIN Í GEGN** Landsliðskonan og Fram-stúlkan Þórey Rósa Stefánsdóttir átti ágætan leik í gær og skorar hér eitt af þrem mörkum sínum í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**ÁTÖK** Rakel Dögg Bragadóttir átti frábæran leik fyrir Stjörnuna en fékk oft að kenna á því hjá varnarmönnum Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**FRÆGUR** David Beckham er þekkt andlit. NORDICPHOTOS/GETTY

HM í knattspyrnu árið 2018:

## Kapphlaupið þegar hafið

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum BBC Sport mun enska knattspyrnusambandið líklega leita til David Beckham í sambandi við að vera andlit umsóknar Englendinga til að halda heimsmeistaramótið í knattspyrnu árið 2018.

Beckham er ekki alveg ókunnur kynningarstörfum sem þessum, eða fyrirsætustörfum yfir höfuð, þar sem hann hjálpaði til við að kynna umsókn Englendinga til að halda ólympíuleikana árið 2012. Sú umsókn var einmitt samþykkt, en England mun án vafa fá mikla samkeppni frá Ástralíu, Rússlandi, Kína, Bandaríkjunum, Hollandi og Belgíu sem hafa öll lýst yfir áhuga á að halda HM í knattspyrnu árið 2018. **- óþ**

Younes Kaboul, Tottenham:

## Er úti í kuldanum hjá Ramos

**FÓTBOLTI Younes Kaboul, varnarmaður Tottenham, hefur ekki átt sjö dagana sæla upp á síðkastið. Frakkinn ungi, sem Tottenham keypti frá Auxerre á tæpar átta milljónir punda síðasta sumar, hefur gert dýrmæt mistök í síðustu leikjum liðsins og fyrir vikið var hann ekki einu sinni í leikmannahópi Tottenham þegar liðið mætti Anderlecht.**

**Það er ef til vill ekki í frásögur færandi nema hvað að liðið á í miklum erfiðleikum með meiðsli og þá sérstaklega í vörn, þar sem Ledley King, Ricardo Rocha og Anthony Gardner eru allir frá vegna meiðsla. - óþ**




Ricky Hatton og Floyd Mayweather berjast í Las Vegas næstkomandi laugardag:

# Styttist óðum í bardaga ársins

**HNEFALEIKAR** Eftir mikinn fjölmiðlasirkus undanfarna daga í tengslum við stórbardaga Ricky Hatton og Floyd Mayweather sem fram fer í Las Vegas í Bandaríkjunum aðfaranótt sunnudags, reyndu hnefaleikakapparnir að halda aftur af sér í orðaskakinu á lokafjölmiðlafundi í fyrrakvöl.

„Það er tími til að hlæja og grínast eins og ég á að mér, en sá tími er liðinn núna þegar bardaginn er að skella á," sagði Hatton, sem stóðst þó ekki mátið að skjóta létt á Mayweather.

„Ég trúi ekki hvað munurinn er lítill á stuðlunum fyrir bardagann hjá veðbönkunum, miðað við allt sem Mayweather og hans menn voru að segja um að ég væri bara lítill feitur bjórþambandi Breti sem gæti ekkert. Nei, í sannleika sagt þá held ég að þetta eigi eftir að ganga fínt hjá þér Floyd," sagði Hatton í kaldhæðnistón.

Það ætlaði svo allt um koll að keyra á fjölmiðlafundinum þegar Hatton lagðist örlítið á Mayweather þegar þeir stóðu augnliti til augnlitis á fundinum og þeim var stíað í sundur í framhaldinu.

„Hann sagði snertu mig ekki og ef hann pirrast yfir svona smáræði þá veit hann ekki hverju hann á von á þegar hann kemur í hringinn," sagði Hatton en Mayweather kvaðst hins vegar vita nákvæmlega hverju hann mætti búast við frá Hatton.



**SPENNA** Gríðarleg eftirvænting hefur skapast fyrir bardaga Ricky Hatton og Floyd Mayweather eftir mikið orðaskak þeirra í fjölmiðlum undanfarið og talað er um bardaga ársins. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ég hef mætt öllum tegundum af hnefaleikaköppum og Hatton hefur ekkert fram að færa sem ég hef ekki séð áður. Ég verð samt tilbúinn og hef aldrei vanmetið einn né neinn. Ef ég á að vera alveg heiðarlegur þá virkaði Hatton frekar stressaður, en það er svo sem ekkert nýtt að mótherjar mínir hagi sér á þennan hátt þegar þeir eru að fara að mæta mér," sagði Mayweather af sinni alkunnu hógværð. **- óþ**

**Ford**Escape AWD

Nýtt tákn um gæði



**FORD ESCAPE XLS AWD**
**Verð 3.270.000 kr.***
2,3i 153 hö 206 Nm
Sjálfskipting
$CO_2$ losun 205 g/km
Eyðsla í blönduðum
akstri 9,9 l/100 km

*Jólatilboð Brimborgar*

# Ammrískur jólasveinn kemur við í Brimborg

Sveinki lækkar gengi dollars svo um munar. Ford Escape lækkar um tugi þúsunda íslenskra jólakróna. Komdu núna í Brimborg. Þú færð að auki 90.000 króna jólapakka í formi gæða vetrardekkja frá Nokian. Og sumardekkin í skottið. Verðmæti dagsins eru 170.000 íslenskar jólakrónur. Komdu og heilsaðu upp á jólasveinana í Brimborg.

**Tugir þúsunda íslenskra jólakróna í jólagjöf**
**Heilsaðu upp á jólasveinana í Brimborg**

**Jóladollarinn lækkar og lækkar:**
- Tugir þúsunda í verðlækkun: 80.000 íslenskar jólakrónur
- Finnsk gæða vetrardekk frá Nokian: 80.000 íslenskar jólakrónur
- Undir bílinn: 10.000 íslenskar jólakrónur
- Sumardekkin í skottið: verðmæti alls, tugir þúsunda

Skoðaðu jólasveinatilboðið á Ford Escape XLS AWD: 2,3 lítra, 153 hestafla, sjálfskiptan jólapakka á aðeins **3.270.000** íslenskar jólakrónur. Plús vetrardekkin. Var áður 3.350.000 kr. Verðmæti vetrardekkja **90.000** íslenskar jólakrónur.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL



brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Escape Limited. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## > Jon Voight

Jon er fæddur í Yonkers, útborg New York árið 1938. Faðir hans var atvinnukylfingur og móðir hans heimavinnandi. Jon var alinn upp í kaþólskri trú og sótti kaþólskan drengjaskóla. Hann útskrifaðist með BA-gráðu í listum frá The Catholic University of America og var fenginn til að skreyta körfuboltavöll skólans. Skreytingin er varðveitt í skólanum enn þann dag í dag. Á sjöunda áratugnum lék Jon í ýmsum sjónvarpsþáttum en árið 1969 túlkaði hann fylgdarsveininn Joe Buck í kúrekamyndinni Midnight Cowboy og varð við það að einum fremsta leikara sinnar kynslóðar. Jon leikur í A Dog of Flanders í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SEST NIÐUR Í VERSLUN

# *Hjónabandinu bjargað í Hagkaupum*

Jólin eiga að vera hátíð fjölskyldunnar. Þau eru hátíð sem hafa verið máluð með rómantískum og rauðum kóka-kóla lit og í öllum auglýsingum er það snjórinn sem lýsir upp annars svart skammdegið. Þorláksmessugangan á Laugaveginum er enn í minningu flestra hvorki mörkuð af mannþröng né fylleríi heldur kærkomnu tækifæri til að kasta kveðju á forna vini og ættingja sem verðskulduðu ekki jólakort.

En eins og flestum ætti að vera kunnugt eru skilnaðir ákaflega algengir hér á landi. Og jólin eru svo sannarlega ekki til að bæta úr skák enda þurfa þá hjónakornin að eyða tíma sínum saman. Hvergi eru flóttaleiðir enda allt lokað þegar klukkan slær sex og ekki bæta úr skák matarboðin með tengdafjölskyldum. Jólin reyna því virkilega á þolmörk hjónabandsins enda stundirnar með fjölskyldunni fleiri en góðu hófi gegnir.

Sennilega reynir nú samt mest á sambandið þegar komið er að verslunarleiðangrinum. Þegar kaupa á gjafir, mat, gos og vín. Fleiri tugum klukkutíma er eytt með makanum í að arka um verslunarmiðstöðvar og verslunargötur í örvæntingarfullri leit að hreindýrakjöti, gæs og jólagjöfum handa krökkunum, foreldrunum og frændum og frænkum.

En nú hefur verslun ein á höfuðborgarsvæðinu komið til móts við hjónabandsvandann sem blasir við yfir jólin. Og ef allt væri eðilegt ætti að að verðlauna hana fyrir tilraun sína til að bjarga fleiri tugum, ef ekki hundruðum hjónabanda. Þar er nefnilega herbergi þar sem eiginmennirnir geta sest niður og horft á kappakstur, kvikmyndir og knattspyrnu og neyðast því ekki lengur til að hanga með konunni sinni yfir jólaösina. Sjónvarpið er því ekki alltaf böl heldur getur einnig brugðið sér í líki bjargvættar. Allavega svona á þeim síðustu og verstu.



**ENGAR BIÐRAÐIR** Karlarnir þurfa ekki lengur að standa í röð heldur láta konurnar núna alfarið um að versla á meðan þeir hlamma sér niður í sófa og horfa á sjónvarpið.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00 Jersey Girl** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00 Charmed** SKJÁREINN



▶ **20.00 Logi í beinni** STÖÐ 2



▶ **20.10 Útsvar** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Shallow Hal** SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 07/08 bíó leikhús**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur** (56:65)
**17.55 Snillingarnir** (39:42)
**18.20 Svona var það** (12:22)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar**
▶**21.10 Flækingshundurinn** (A Dog of Flanders) Belgísk/bandarísk bíómynd frá 1999. Nello sem býr með afa sínum í útjaðri Antwerpen finnur illa útleikinn hund sem þeir taka að sér. Leikstjóri er Kevin Brodie og meðal leikenda eru Jack Warden, Jeremy James Kissner, Jesse James, Jon Voight og Cheryl Ladd.
**22.55 Taggart - Peningalykt** (Taggart: A Taste of Money) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Leikstjóri er Morag Fullarton og aðalhlutverk leika, Alex Norton, Blythe Duff, Colin McCredie og John Michie. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.10 Englar Charlies - Á fullu gasi** (Charlie's Angels: Full Throttle) Bandarísk hasarmynd frá 2003 um þrjá harðsnúna einkaspæjara sem eiga í höggi við óþjóðalýð. Leikstjóri er McG og meðal leikenda eru Cameron Diaz, Drew Barrymore og Lucy Liu. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.
**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 Adventures of Shark Boy and Lava Girl**
**08.00 Hackers**
**10.00 Jersey Girl**
**12.00 I´m With Lucy**
**14.00 Adventures of Shark Boy and Lava Girl**
**16.00 Hackers**
▶**18.00 Jersey Girl**
**20.00 I´m With Lucy**
**22.00 The 40 Year Old Virgin**
**00.00 Special Forces**
**02.00 Torque**
**04.00 The 40 Year Old Virgin**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (80.120)
**10.15 Commander In Chief** (7.18)
**11.15 Veggfóður** (8.20)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Wings of Love** (3.120)
**13.55 Wings of Love** (4.120)
**14.45 Lífsaugað III** (e)
**15.25 Bestu Strákarnir** (5.50) (e)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.35 The Simpsons** (16.22) (e)
▶**20.00 Logi í beinni** Gestir Loga eru Jón Gnarr , Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Egill Ólafsson söngvari og hljómsveitirnar Hjaltalín og Hvanndalsbræður.
**20.45 Stelpurnar** Stelpurnar snúa nú aftur í fjórðu þáttaröðinni hlægilegri en nokkru sinni fyrr. Bönnuð börnum.
**21.15 Tekinn 2** (13.14) Í þessum næstsíðasta þætti sýnir Auddi best heppnuðu hrekkina. 2007.
**21.50 Derailed** Hörkuspennandi ástríðutryllir með Jennifer Aniston og Clive Owen. Þau eru bæði gift þegar þau hittast í neðanjarðarlest og hefja framhjáhald. Harðsvíraður glæpamaður kemst að framhjáhaldinu og reynir að kúga út úr þeim fé, en þá taka þau til sinna ráða. Aðalhlutverk: Clive Owen, Vincent Cassel, Jennifer Aniston. Leikstjóri: Mikael Håfström. 2005. Bönnuð börnum.
**23.35 Field of Dreams** Sígild og áhrifarík bíómynd með Kevin Costner um bónda sem telur sig heyra raddir og fær þá köllun að breyta kornakri sínum í hafnarboltavöll. Fjölskyldan skilur ekki hvað hann er að vilja þar til í ljós kemur að allt hefur sinn tilgang. Aðalhlutverk: Kevin Costner, Burt Lancaster. 1989. Leyfð öllum aldurshópum.
**01.20 Flawless**
**03.05 Van Wilder**
**04.35 Tekinn 2** (13.14)
**05.05 Stelpurnar**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.40 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Anderlecht - Tottenham** Evrópukeppni félagsliða
**10.35 Heimsmeistarakeppni félagsliða** Bein útsending frá leik Sepahan og Waitakera Utd í Heimsmeistarakeppni félagsliða en mótið fer fram í Japan.
**17.10 Anderlecht - Tottenham** Evrópukeppni félagsliða
**18.50 Gillette World Sport 2007**
**19.20 Heimsmeistarakeppni félagsliða**
**21.00 Spænski boltinn - Upphitun**
**21.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn.
**22.00 Heimsmótaröðin í póker**
**22.55 Heimsmótaröðin í póker 2006**
**23.50 Mayweather vs. Hatton 24/7** Hitað upp fyrir bardaga ársins sem fer fram hinn 8. desember næstkomandi þegar Floyd Mayweather og Rick Hatton mætast. Skyggnst á bak við tjöldin og fylgst með undirbúningi þeirra fyrir bardagann mikla.
**00.25 NFL - Upphitun**
**01.00 Detroit - Chicago NBA körfuboltinn** Bein útsending frá leik Detroit Pistons og Chicago Bulls í NBA körfuboltanum.

## SÝN 2

**17.30 Blackburn - Newcastle** Útsending frá leik Blackburn og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 1. desember.
**19.10 Newcastle - Arsenal** Útsending frá leik Newcastle og Arsenal í enskur úrvalsdeildinni sem fór fram miðvikudaginn 5. desember.
**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi.
**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
**21.50 PL Classic Matches** Leikur Liverpool og Arsenal var fín skemmtun þar sem Paul Ince skoraði tvö mörk fyrir Liverpool.
**22.20 PL Classic Matches** Stórbrotinn leikur á Riverside og fengu áhorfendur heldur betur eitthvað fyrir sinn snúð. Kanu og Anelka fóru mikinn hjá Arsenal í leiknum.
**22.50 1001 Goals**
**23.50 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**

## SKJÁREINN

**07.30 Game tívî** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**14.00 Vörutorg**
**15.00 Ungfrú Heimur** (e)
**17.00 7th Heaven** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Game tívî** (e)
**19.00 Friday Night Lights** (e)
▶**20.00 Charmed** (17.22)
**21.00 Survivor: China** (12.14) Þetta er 15. keppnin og nú fer hún fram í Kína. Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.
**22.00 Law & Order. Criminal Intent** (19.22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum. Goren og Eames rannsaka morð á menntamanni sem finnst fljótandi í Hudson-ánni. Þau komast að því að hann var spilafíkill sem lagði allt undir í fljótandi spilavíti undan ströndum New York.
**22.50 Masters of Horror** (11.13) Leikstjórinn að þessu sinni er Stuart Gordon (Re-Animator og Dagon). Sagan kallast The Black Cat og aðalsöguhetjan er rithöfundurinn Edgar Allan Poe. Hann er með ritstíflu og vantar peninga. Svartur köttur gerir honum lífið leitt en kötturinn mun annað hvort eyðileggja líf hans eða veita honum innblástur í eina af hans frægustu sögum.
**23.50 Backpackers** (23.26) Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn.
**00.15 Law & Order** (e)
**01.05 Allt í drasli** (e)
**01.35 C.S.I. Miami** (e)
**02.35 World Cup of Pool 2007** (e)
**03.30 C.S.I.** (e)
**04.15 C.S.I.** (e)
**05.00 Vörutorg**
**06.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA\9071368

# -4kr.

afsláttur af eldsneyti í Njarðvík í dag!

# Jólastöð

## ÓB NJARÐVÍK

Jólasveinar munu koma færandi hendi á ÓB-stöðina í Njarðvík í dag, föstudag, milli kl. 16 og 18 og útdeila gjöfum, s.s. Nokia-símum, DVD-myndum, afsláttarbréfum Ellingsen og mörgu fleira.

2 kr. aukaafsláttur með ÓB-lyklinum.

ÓB ódýrt bensín
www.ob.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.50**

### Derailed



Hörkuspennandi og ástríðufullur spennutryllir með Jennifer Aniston úr Friends og Clive Owen í aðalhlutverkum. Þau leika hamingjusamlega gift framafólk sem fellur hvort fyrir öðru í neðanjarðarlest og hefur ástarsamband sem á eftir að hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér. Harðsvíraður glæpamaður kemst að framhjáhaldinu og reynir að kúga út úr þeim fé, en þá taka þau til sinna ráða.

**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**

**Masters of Horror**

**Skjár einn kl. 22.50**

Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. Leikstjórinn að þessu sinni er Stuart Gordon. Sagan kallast The Black Cat og aðalsöguhetjan er rithöfundurinn Edgar Allan Poe. Hann er með ritstíflu og vantar peninga. Svartur köttur gerir honum lífið leitt en kötturinn mun annað hvort eyðileggja líf hans eða veita honum innblástur í eina af hans frægustu sögum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Tímakornið
**21.10** Flakk
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**15.25 Þristurinn**
**16.00 Hollyoaks** (74.260)
**16.30 Hollyoaks** (75.260)
**17.00 Skífulistinn**
**17.50 Totally Frank**
**18.15 Live From Abbey Road** (5.12) (e)
**19.00 Hollyoaks** (74.260)
**19.30 Hollyoaks** (75.260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**20.00 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**20.50 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra. 2005.
**21.15 Live From Abbey Road** (5.12) (e)
**22.00 Shallow Hal** Gamanmynd, uppfull af rómantík og dramatík. Hal Larson er vel uppalinn og fylgir ráðum föður síns og fer bara á stefnumót með gullfallegum konum. Dag einn hittir hann andlegan leiðtoga og er dáleiddur. Upp frá því fer Hal bara á stefnumót með konum sem búa yfir innri fegurð. Hann hittir svo Rosemary og sér einn fegurð hennar. En hvað gerist ef dáleiðslan hættir að virka? Aðalhlutverk: Jack Black, Gwyneth Paltrow, Jason Alexander. Leikstjórar: Bobby Farrelly, Peter Farrelly. 2001. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.50 Þristurinn**
**00.25 Hollywood Uncensored**
**00.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Hrafnaþing** Gestir Ingva Hrafns Jónssonar skoða málefni líðandi stundar með liðna viku sem útgangspunkt.
**21.00 Mér finnst** Ólína Þorvarðardóttir stýrir spjallinu. Gestir Ólínu eru konur sem ræða á skeleggan hátt um málefni líðandi stundar.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** D¢dens detektiver **12.55** Rabatten **13.20** VQ - Videnskabsquiz **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Tjenesten - nu på TV **14.30** Boogie Listen **15.30** Robotboy **15.45** Max **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Kim Larsen på turne **20.00** TV Avisen **20.30** Dobbeltspil **22.10** Girlfight **23.55** Boogie Listen

## NRK 1

**10.20** V-cup skiskyting: Sprint 10 km menn **11.50** Skiskyting 50 år **12.20** V-cup skiskyting: H¢ydepunkter fra mennenes 10 km **13.00** V-cup skiskyting: Sprint 7,5 km kvinner **14.30** ¥ya **15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Gaven **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.05** Detektimen: Dalziel og Pascoe **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Detektimen: Dalziel og Pascoe **23.10** Gasolin **23.55** Star Stories: George Michael **0.20** Country jukeboks med chat **3.00** Dansefot jukeboks

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Bakom kulisserna på zoo **11.55** Solens mat **12.25** Videokväll hos Luuk **13.10** Skidskytte: Världscupen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Anslagstavlan **16.35** Hos Musse **17.00** Hotell Kantarell **17.25** Räkna med skägg **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Djungelpuls **17.50** Meka med Knäck **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Alpint: Världscupen Aspen **21.00** Om ödet får bestämma **22.30** Rapport **22.40** Kulturnyheterna **22.50** Svensson, Svensson **23.20** Grotesco **23.50** Het puls





Rétturinn verður einnig á boðstólunum hjá okkur yfir hátíðirnar og áramótin. Hægt er að panta hann tímanlega hjá **Gallerí Kjöt** á Grensásvegi í síma 515 8666.

Opið er á laugardögum í eftirtöldum verslunum Gallerí Kjöts og Fiskisögu
**Grensásvegi - Búðarkór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Höfðabakka**

GALLERÍ KJÖT

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Við reynum að stilla á 96,7 til að fá dálítið af þessum gömlu jólalögum. Eitt lag sem ég heyri oft og er stoltur af að hafa verið hluti af er Hjálpum þeim. Ég var í kórnum sem söng lagið og það verður á hverju ári sterkara í mínu hjarta.“*

Jakob Ragnar Garðarsson hárskeri.

# Erró gefur listaverk fyrir fimm milljónir

Þeir fimmtíu fyrstu sem kaupa nýja bók um listamanninn Erró fá óvæntan glaðning. Þeir fá nefnilega grafíkþrykkt verk eftir listamanninn sem eru bæði árituð og tölusett en herlegheitin fara fram í bókabúð Máls og Menningar á Laugaveginum á laugardaginn um leið og búðin er opnuð. Umrædd bók heitir Erró í tímaröð – líf hans og list og er eftir Daniellu Kvaran. Sigurður Pálsson þýddi bókina sem í vikunni hlaut tilnefningu til íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðirita.



**KEMUR EFTIR JÓL** Erró er víst ákaflega leiður yfir því að komast ekki til að árita bókina fyrir jól en ætlar að mæta galvaskur eftir hátíðarnar.

„Erró er mjög ánægður með bókina en ákaflega leiður yfir því að geta ekki komist til að árita fyrir jólin. En hann ætlar að koma eftir jól,“ segir Bryndís Loftsdóttir, vörustjóri íslenskra bóka í Máli og menningu, sem tók á móti listaverkunum og var ákaflega hissa en glöð yfir gjafmildi listamannsins. Bryndís segist ekki óttast að þarna eigi eftir að myndast örtröð og telur að bókabúðirnar séu vel mannaðar nú þegar jólaösin nálgast óðum hámarkið.

Og það eru eflaust ansi margir sem hugsa sér gott til glóðarinnar og gætu vel þegið að slá tvær flugur í einu höggi. Áætlað er að verðmæti listaverksins sé í kringum hundrað þúsund krónur. - fgg



**VERK ERRÓS** Þetta grafíkþrykkta verk verður gefið með fimmtíu fyrstu bókunum um Erró en það er bæði tölusett og áritað af listamanninum.



**LÁRÉTT**
**2.** teikning af ferli **6.** kusk **8.** spíra **9.** svelg **11.** berist til **12.** kryddblanda **14.** stoðvirki **16.** nafnorð **17.** eyða **18.** erlendis **20.** gangþófi **21.** sjúkdómur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ljómi **3.** slá **4.** hvítingi **5.** flík **7.** æðibunugangs **10.** dýrahljóð **13.** þakhæð **15.** fara aftur **16.** nudda **19.** ryk.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** graf, **6.** ló, **8.** ála, **9.** iðu, **11.** bt, **12.** karri, **14.** grind, **16.** no, **17.** sóa, **18.** úti, **20.** il, **21.** asmi.

**LÓÐRÉTT: 1.** blik, **3.** rá, **4.** albínói, **5.** fat, **7.** óðagots, **10.** urr, **13.** rís, **15.** dala, **16.** núa, **19.** im.

„...fyrst á visir.is“

visir.is
...ég sá það á visir.is

BJARNI HARÐARSON: VÍFILL SVER SIG Í ÆTTINA

# Bróðursonur alþingismanns pantaði símafund með Bush

„Svona óþekkt, ef svo má kalla, hefur löngum verið þekkt í okkar fjölskyldu. Það má segja að hún sé mönnum inngróin og Vífill sver sig því vel í ættina,“ segir Bjarni Harðarson, alþingismaður og föðurbróðir hins 16 ára gamla Vífils Atlasonar, sem komst í sviðsljósið í gær fyrir símahrekk sem hann gerði á Hvíta húsinu um síðustu helgi.

Vífill var andartökum frá því að ná beinu sambandi við sjálfan forseta Bandaríkjanna, George Bush, eftir að hafa farið í gegnum hin ýmsu skiptiborð Hvíta hússins undir þeim formerkjum að hann væri Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. Eftir að hafa svarað fjölda spurninga um Ólaf Ragnar og Ísland með hjálp alfræðivefjarins Wikipedia náði Vífill loks sambandi við einkaritara Bush. Sá bókaði símafund forsetanna sem átti að eiga sér stað klukkan 19 á mánudaginn var. Upp komst um gabbið í tæka tíð og fékk Vífill þess í stað heimsókn frá lögregluyfirvöldum á mánudag.

Atli Harðarson, faðir Vífils, sagði við Fréttablaðið í gær að sonur sinn hefði ávallt átt auðvelt með að láta fólk hlæja. Hann viti þó ekki alveg hvað hann eigi að segja við þessu nýjasta uppátæki hans. „Móðir hans ræddi við hann eftir að lögreglan hafði samband. Hún hló ekki, en við tökum þessu uppátæki hans nú ekki svo alvarlega,“ segir Atli.



**HREKKJALÓMUR** Það kom Vífli Atlasyni mikið á óvart hversu auðvelt það var að ná beinu sambandi við einkaritara George Bush. FRÉTTABLAÐIÐ/SKESSUHORN

Yfirvöldum í Bandaríkjunum er mikið í mun að komast að því hvernig leynilegt númer forsetaskrifstofunnar gat komist í hendur unglingspilts á Íslandi. Aðspurður segist Vífill ekki muna hvar honum áskotnaðist símanúmerið umrædda en hann staðfestir að hann hafi ekki fengið það frá Bjarna frænda sínum. „Enda gat það ekki verið. Það næsta sem ég hef komist Hvíta húsinu var þegar ég gekk þar framhjá í sumar sem ferðamaður,“ sagði Bjarni og hló.

Lögreglan á Akranesi er með símahrekksmálið á borðinu hjá sér en hæpið er að einhver eftirmál verði af því. „Ég get allavega ekki séð að það sé saknæmt að gera léttan símahrekk. Ég var ekki dónalegur og var ávarpaður sem „herra forseti“ af starfsmönnum Hvíta hússins, trekk í trekk. Þessi læti hafa öll verið vel þess virði,“ segir Vífill.

vignir@frettabladid.is



**BJARNI HARÐARSON** Er ánægður með uppátækjasemi frænda.



**FORSETARNIR** George Bush hafði ekkert á móti því að eiga símafund með Ólafi Ragnari Grímssyni, án þess að vita nokkuð um erindið.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikil traffík hefur verið inn á síðu **Egils „Gillzeneggers“ Einarssonar**, gillz.is, eftir að **Drífa Snædal** vakti athygli lögreglu á ósæmilegum skrifum hans um fjórar konur sem m.a. hafa látið í sér heyra í tengslum við aukin réttindi kvenna. Í kjölfarið hélt Egill því fram í Fréttablaðinu að **Ásgeir Kolbeinsson**, fjölmiðlamaður með meiru, væri í raun ábyrgur fyrir skrifunum sem fréttastjóri síðunnar. Ásgeir reiddist þeim yfirlýsingum Egils mjög og hefur nú verið birt leiðrétting á síðunni þar sem segir að Ásgeir sé módel gillz.is en ekki fréttastjóri og hafi ekkert með skrifin að gera. Hin umdeilda færsla var fjarlægð en var svo sett inn á nýjan leik með breyttu sniði. Síðdegis í gær hafði Egill svo tekið færsluna út að nýju.





Mentor **Reynis Traustasonar**, ritstjóra DV og forveri, **Jónas Kristjánsson**, tekur í hnakkadramb lærisveins síns á blogginu jonas.is vegna leiðara sem Reynir skrifaði í vikunni. Þar fjallar Reynir af miklu vandlæti um kröfur vantrúaðra um að Lofsöngurinn skuli tekinn til endurskoðunar sem þjóðsöngur. „Aldrei hef ég lesið vitlausari leiðara,“ skrifar Jónas og segir Reyni rugla saman kristni og siðgæði í „ofstækisleiðara“. Jónas segir leiðara Reynis sýna hvar menn lendi þegar þeir rugli saman siðgæði og kristni.

- jbg








Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

Þú færð aðeins það besta hjá okkur

STÓR HUMAR, HÖRPUSKEL, LÚÐA
RISARÆKJUR, SKÖTUSELUR, LAX
NÝLÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA.



# Leikaraparið eignaðist dóttur

Leikaraparið Álfrún Helga Örnólfsdóttir og Friðrik Friðriksson eignaðist myndarlega dóttur 29. nóvember síðastliðinn. Fæðingin gekk eins og í sögu og þeirri litlu hefur þegar verið gefið nafnið Margrét í höfuðið á bæði systur Álfrúnar og bestu vinkonu hennar.

„Í augnablikinu sitjum við mæðgurnar bara saman og horfum á snjóinn út um gluggann. Maður er náttúrlega bara svífandi um á bleiku skýi og ekki alveg lentur ennþá,“ segir Álfrún og hlær. Eins og margir muna líklega var hún gestur Ragnhildar Steinunnar í Laugardagslögunum daginn sem fæðingin var áætluð, 17. nóvember. Áhyggjur af því að fæðingin yrði í beinni útsendingu reyndust algjörlega óþarfar. „Ég fór tæpar tvær vikur fram yfir settan fæðingardag og það stóð til að setja allt af stað daginn eftir að hún fæddist,“ segir Álfrún.



**BÚIN AÐ NEFNA** Dóttir leikaraparsins Álfrúnar Örnólfsdóttur og Friðriks Friðrikssonar hefur fengið nafnið Margrét.

Álfrún segir að Friðrik standi sig með prýði í pabbahlutverkinu en meðfram því æfir hann nýtt leikhlutverk þar sem hann mun fara með eitt aðalhlutverkið í Vígaguðinum, frönsku leikriti eftir Yasminu Reza sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu um miðjan janúar. Álfrún segist hins vegar ekki enn hafa gert upp við sig hversu langt frí hún muni taka sér frá leiksviðinu en reiknar með að það verði að minnsta kosti sex mánuðir. „Ég ætla bara að sjá til hvað ég nenni lengi að stara á barnið og gefa brjóst,“ segir Álfrún. „Í augnablikinu get ég ekki hugsað mér að gera neitt annað.“

- sók

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Sími: 552-1900 Vesturgata 6-8
Veitingahúsið Kínamúrinn
Veisluþjónusta - Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð
**Stór glæsilegur útsölumarkaður af Jólagjafavörum 11:30-18:30 þri.-sun.**
Allar nánari upplýsingar á **Greatwall.is**





**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur


## *Prinsessu-væðingin*

Það fæðast ekki lengur börn á Íslandi. Nú tala allir um nýfædd kríli sem prinsa eða prinsessur enda duga fátækleg orð eins og drengur og stúlka varla til að lýsa þeim börnum sem fæðast á besta landi í heimi (samkvæmt nýjustu útreikningum Sameinuðu þjóðanna).

**ÉG** get ekki að því gert en mér finnst þetta prinsa- og prinsessutal ferlega væmið. Þar að auki er ég komin með nóg af prinsessuæðinu sem gegnumsýrir alla barnamenningu. Fyrir öskudaginn auglýsa leikfangaverslanirnar Harry Potter- eða Spiderman-búninga fyrir strákana meðan „hetjur“ stúlknanna eru uppstrílaðar prinsessur sem hafa fátt unnið sér til frægðar annað en að vera sætar og góðar.

**PRINSESSUÆÐIÐ** hefur náð slíkri fótfestu að bókabúðir eru fullar af nýjum bókum um prinsessur. Litlar telpur geta lesið um Lilju prinsessu, Sóleyju prinsessu, Rósu prinsessu og prinsessuna Rósalind sem lendir í alls konar ævintýrum. Svo má glugga í Disney-bókina Prinsessur bregða á leik og Dagbók prinsessu. Eftir grófan lestur Bókatíðinda reiknast mér svo til að í kaflanum „þýddar barna- og unglingabækur“ séu fimmtán titlar með orðinu prinsessa. Þá eru ótaldar bækurnar um Mjallhvíti og Öskubusku og bókin um Þyrnirós og hvolpinn sem er, eins og segir í Bókatíðindum, tilvalin lesning fyrir litlar prinsessur.

**EIN** þeirra bóka sem koma út fyrir þessi jól heitir Svona eiga prinsessur að vera. Í Bókatíðindum stendur að bókin kenni „ungum stúlkum allt sem þær þurfa að vita til að verða prinsessur, til dæmis hvernig eigi að vera falleg.“ Mér þykir boðskapurinn jaðra við að vera jafn ósmekkleg tímaskekkja og sagan um negrastrákana tíu.

**HVAÐ** er svona spennandi við að vera prinsessa og ganga um í stífum kjólum með kjánalega kórónu á höfðinu sem þvælist bara fyrir þegar maður er úti að leika? Má ég þá heldur biðja um fyrirmyndir á borð við Línu Langsokk eða Ronju Ræningjadóttur.

**ÍSLENSKAR** stelpur geta orðið hvað sem er þegar þær verða stórar en prinsessur verða þær fæstar. Þrátt fyrir allt prinsa- og prinsessutalið á fæðingardeildinni er nefnilega ekkert íslenskt barn konungborið og álitlegir erlendir konungssynir eru óvíða á lausu. Af jafnréttisumræðunni að dæma virðist líka lítil þörf á að innræta stúlkum prinsessuhegðun. Bók með titlinum Svona komast stelpur í stjórnir stórfyrirtækja ætti betur við.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 7. desember, 341. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.00 | 13.19 | 15.38 |
| Akureyri | 11.11 | 13.04 | 14.56 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


